

Sumarliði R. Ísleifsson

Tvær eyjar á jaðrinum

Ímyndir Íslands og Grænlands
frá miðöldum til miðrar 19. aldar

HÁSKÓLAÚTGÁFAN
SAGNFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
Reykjavík 2015

Til minningar um föður minn Ísleif Sumarliðason skógarvörð 1926–2015

Kápu mynd: Athanasius Kircher, 1688. *Tabula Fluxus et Refluxus, rationes in Mari Anglico cæteris que circumjacentibus Litoribus exhibens*. Landsbókasafn Íslands.
Kápuhönnun: Magnús Valur Pálsson.

© Sumarliði R. Ísleifsson 2015

Allt efni í þessu riti er verndað af ákvæðum höfundalaga. Ef ekki er til að dreifa samþykki NN er sérhver eintakagerð og dreifing efnisins óheimil nema til komi lagaheimild eða heimild í samningi við Fjölís, samtök réttihafa höfundaréttar.

Notkun, sem brýtur í bága við lög eða samninga, getur haft bóta- og refsiaðbyrgð í för með sér.

ISBN 978-9935-23-095-9

Ágrip

Þessi bók, *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, fjallar um ytri ímyndir eða framandleika Íslands og Grænlands, frá því um 1100 og fram um 1850. Ímyndafræðin fjalla ekki síst um það hvernig ímyndir landa og þjóða verða til, hverjir eru helstu áhrifavaldar við þróun þeirra, hvernig framanleikinn birtist og hvaða áhrif þættir og hugtök eins og vald, miðja og jaðar, eyjar, útópíur og norðrið hafa haft á þróun og birtingarform ímyndanna, með öðrum orðum hvernig orðræðan hefur mótast. Það eru þessi atriði sem fjallað er um í þessu verki.

Helstu aðferðir sem verkið byggir á eru í fyrsta lagi hefðbundnar aðferðir sagnfræðinnar, að endurgera tiltekinn „veruleika“ sem er byggður á margvíslegum heimildum; sá „veruleiki“ sem hér er einkum verið að rannsaka eru hugmyndir um tiltekin lönd og fólkið sem í þeim býr. En einnig er beitt aðferðum ímyndafræða, *imagology*, og þá er mikið stuðst við rannsóknir á nýlendustefnu og nýlenduhyggju og þau fræði notuð til þess að kanna margvíslegar hugmyndir um Ísland og Grænland. Heimildirnar eru einkum rit höfunda frá Vestur-Evrópu, mest frá Bretlandi en einnig Þýskalandi. Heimildaflokkarnir eru tveir. Í þeim fyrri eru almenn yfirlitsrit um löndin tvö en í þeim síðari eru frásagnir sjónarvotta um Ísland og Grænland. Kannað er hvort og hvernig ímyndir landanna tveggja birtist á ólíkan hátt í þessum tveimur flokkum.

Framandleiki þessara tveggja landa hefur oft einkennst af því að þau væru talin undarleg og furðuleg; undur voru hluti algengrar orðræðu um framandi svæði til forna og á miðöldum og sú hefð var einnig vel þekkt eftir að komið var fram á nýöld. Hefðin um það hvernig bæri að lýsa Íslandi og Grænlandi var iðulega full af andstæðum, svo mótsagnakennd að margir textar virðast vera furðulega samsettir, sambland af dystópiu, útópiu og ef til vill einnig „venjulegum“ aðstæðum. Þau voru frumstæð, siðlaus, bernsk, eksótísk, villt, grimm, blíð og svo má áfram telja. Þannig var stór hluti lýsinga um bæði löndin á þessu tímasteiði. Þegar greitt hefur verið úr þeirri flækju má þó sjá skýra drætti í lýsingum á löndunum tveimur á tímabilinu.

Einn meginþátta í ímyndasköpun á eyjunum tveimur í norðri getum við kallað frumstæða útópiu. Þessi þráður var greinanlegur í elstu lýsingum frá Íslandi. Hann var spunninn áfram á næstu öldum og hvað Ísland varðar er hann sjáanlegur allt til loka þess tímabils sem hér er til umfjöllunar. Á 17. og 18. öld tengdist hann hugmyndum um hinn göfuga villmann sem voru nátengdar orðræðu nýlenduhyggjunnar. Á þeim tíma urðu þessar hugmyndir algengar í orðræðu um Grænland og var svo allt til loka tímabilsins. Orðræða um Ísland og Grænland sem sælueyjar, jafnvel eins konar fjársjóðseyjar, var einnig vel þekkt. Að hluta til tengdist hún íbúunum en slík stef voru einnig greinileg að því er varðar löndin tvö, náttúru og umhverfi.

Samhliða voru neikvæðar og dystópískar hugmyndir algengar um þessi lönd. Samkvæmt þeim var iðulega lýst samfélagi grófra villimanna sem voru í litlu frábrugðnir dýrum. Löndunum var þá lýst sem óbyggilegum sökum kulda og myrkurs þar sem vart nokkurt líf gæti þrífist. Stundum vörðuðu hinar neikvæðu hugmyndir þó aðeins fólkið í löndunum tveimur en ekki löndin sjálf.

Þarna á milli gátu svo verið margvísleg blæbrigði en segja má að hinar andstæðu hugmyndir hafi lengst af tímabilinu kristallast í hugmyndum um annars vegar hið illa norður en hins vegar hina góðu eyju. Eiginlega má segja að þessar andstæður hafi virkað eins og segull þar sem kraftarnir, eyjan og norðrið, toguðu til sín frásagnir af ólíkum toga, neikvæðar og jákvæðar. Þetta leiddi til þess að oft lék vafi á því hvers konar svæði Ísland og Grænland væru. Neikvæð umræða var lengi algeng en þegar tímar liðu, undir lok tímabilsins, voru jákvæðar ímyndir orðnar algengari. Andstæðar hugmyndir voru þó ætíð skammt undan og oft eða oftast voru lýsingar á eyjunum tveimur í norðri blanda af þessu tvennu.

Hér birtist því tvíhyggja sem er hluti af mótun sjálfsmynda allra samfélaga sem spegla sig í öðrum samfélögum. Þessari orðræðu, sem segja má að hafi verið algengust um Ísland og Grænland og íbúa þessara landa fram um miðja 18. öld, svipar mjög til ríkjandi orðræðu í evrópskum menningarheimi til annarra framandi svæða, bæði svæða á „jöðrum“ álfunnar, t.d. Írlands og landa sama í norðri, og orðræðunnar um aðra heimshluta. Hún er þekkt frá fornu fari en varð síðar einn þáttur í orðræðu nýlenduhyggunnar. Kynþáttahygga var hluti hennar og áhrif hennar mjög vaxandi eftir því sem leið á umfjöllunartímabilið. Orðræðan birtist skýrt á þeim samlíkingum sem voru algengar um bæði löndin og íbúa þeirra. Algengt var að líkja þeim við Afríkubúa eða frumbyggja Ameríku en einnig við aðrar þjóðir lengst í norðri, t.d. sama og samoyeda.

Samhliða þessari orðræðu var einnig gert ráð fyrir að við lýði væri einhvers konar samsemd á milli Íslands og Grænlands og hinnar siðmenntuðu Evrópu, einkum á það þó við fyrrnefnda landið. Fyrir kom að þeim væri lýst sem „venjulegum“ og varð algengt um Ísland eftir miðja 18. öld. Mikilvægara var þó að sú hefð varð til, þegar á miðöldum, að lýsa Íslandi sem miðstöð menningar. Þessi umfjöllun varð áhrifamikil á 16. öld. Síðar varð hún hluti hinnar þjóðernissinnuðu og kynþáttatengdu orðræðu og mikilvægur hluti af framandleika Íslands á 19. og 20. öld; hann birtist í hugmyndum um yfirburðasamfélag miðalda, Hellas norðursins.

Hér er vitaskuld verið að fjalla um meginlínur en í stórum dráttum voru ímyndir Íslands og Grænland svipaðar fram um miðja 18. öld, jafnvel lengur. Ekki er þó unnt að líta fram hjá því að ímyndir Íslands voru fjölbreyttari og meiri vafi lék á því hvers konar svæði það væri, meiri óvissa var um einkenni og eðli landsins heldur en þegar rætt var um Grænland. Að því kom að þessi lönd áttu ekki lengur samleið er komið var fram á 19. öld. Orðræðan um Ísland varð líkari umfjöllun um hin Norðurlöndin sem þá voru komin í hóp „siðmenntaðra“ landa heldur en orðræðunni um Grænland.

Þarna skildi því á milli þó að líkindi í lýsingum á löndunum tveimur hafi alls ekki horfið.

Orðræðan um Ísland og Grænland var lengi í öllum megindráttum svipuð og orðræðan um jaðarsvæði og áhrifasvæði helstu ríkja Vestur-Evrópu, og bæði löndin voru talin utan siðmenningar, utan „Evrópu“. Þess vegna er brýnt að slíta umfjallanir um Ísland – og líka Grænland – ekki úr samhengi heldur fjalla um þær sem hluta af miklu stærri heild. Á þann hátt fæst skilningur á því hvers eðlis þær eru. Þetta rit er hugsað sem liður í því verkefni.

Abstract

The present book, *Islands on the Edge: Images of Iceland and Greenland from the Middle Ages to the mid-19th Century*, considers external images of Iceland and Greenland from around 1100 until around 1850, particularly in terms of their perceived ‘otherness’. The study focuses on how images of these two countries and nations originated, the main influences on their development, the nature of their alterity, and the effects that notions such as power, centre and periphery, islands, utopias, and the North have had on perceptions of their evolution and representation; or, in other words, how the discourse on the two islands has been shaped over time.

The main methodologies informing this dissertation are, firstly, the traditional ones of historical study. These are augmented by approaches deriving from imagology or image studies. Thirdly, postcolonial studies are invoked in order to explore particular ideas about Iceland and Greenland. The principal sources drawn on are published writings by Western European authors, mostly from Britain but also from Germany, and consist of two groups: first, general reports about Iceland and Greenland, and, second, travelogues relating to the two countries. The extent to which images of the two countries appear differently in these two discursive categories will be investigated.

The otherness of these two countries has often been characterized in terms of their being considered wondrous and peculiar; ‘wonders’ were part of the general discourse on exotic lands in antiquity and in the Middle Ages, and such conventions and motifs were also much in evidence in more modern times. The conventions that developed for the depiction of both Iceland and Greenland were often full of disparities and contradictions, causing many accounts to appear strange fusions of utopias, dystopias and more everyday phenomena. The inhabitants were seen to be primitive, amoral, innocent, exotic, barbaric, vicious, gentle, and so on. However, analysis reveals clear contradictions and contrasts in descriptions of the two countries during this period.

One of the dominant themes in the alterity of these two northern islands is what might be called primitive utopia. This motif is discernible in the earliest accounts of Iceland and persists into the centuries that followed; indeed, in respect of Iceland, it is identifiable up to the end of the period under discussion in the present study. In the 17th and 18th centuries the idea was linked to that of the noble savage, which in turn was closely associated with the discourse of colonialism. These concepts were prominent in representations of Greenland until the end of the period. The representation of Iceland and Greenland as paradisaic islands—or even treasure islands—was also familiar. This related both to the inhabitants and to the two countries themselves, their nature and environment.

Alongside these positive perceptions, negative and dystopian ideas were also common. There were frequent descriptions of societies whose crude barbarian inhabitants were hardly distinguishable from animals. The countries were described as uninhabitable due to the cold and darkness in which scarcely any life was sustainable. Sometimes, however, these ideas concerned the residents of the two countries rather than the countries themselves. Accordingly, an element of dualism is clearly important in the process of identity formation for these two islands.

Though numerous variations can be found between these representational extremes, it may be said that for most of the period in question the opposing conceptions crystallized into contrasting notions of the Evil North and the Good Island. Indeed these opposites seem to have acted like magnets, where the forces of ‘the Island’ and ‘the North’ attracted stories of all sorts, both positive and negative. As a result, there were often doubts as to what kind of places Iceland and Greenland actually were. Negative discussion was long dominant but over time positive images found fuller expression. Yet conflicting ideas were never far away, and descriptions of the two northern islands were frequently a blend of the two.

The most common discourse concerning Iceland, Greenland, and their inhabitants up to the middle of the 18th century reflects the dominant colonial discourse of the European cultural world concerning other exotic lands, whether these were peripheral European regions—for example, Ireland and the northern regions inhabited by the Sami—or areas in other parts of the world. This becomes clearly apparent in the comparisons used for the two countries and their inhabitants: the latter were routinely compared with Africans or Native Americans, as well as to other nations in the far north, such as the Sami and Samoyedic peoples. Racism was a part of this discourse, and its influence developed strikingly during the period under discussion.

Alongside this discourse was the belief that there was some kind of affinity between the inhabitants of Iceland and Greenland and those of civilized Europe, particularly in the case of the former country. Occasionally the two lands would be described as ‘normal’; this became a commonplace for Iceland after the middle of the 18th century. More importantly, however, was the tradition that emerged in the Middle Ages of describing Iceland as a centre of culture. This notion became a recognised part of the discourse of nationalism and racism and a significant feature of Icelandic otherness in the 19th and 20th centuries; it finds particular expression in ideas about the superiority of medieval Icelandic society, the Hellas of the North.

Images of Iceland and Greenland had much in common until the middle of the 18th century and even later. However, images of Iceland were certainly more diverse: there was more confusion and uncertainty about its characteristics than was the case with Greenland. In the 19th century the discourse on Iceland increasingly diverged from that involving Greenland, as the idea gained traction that Iceland resembled the other Nordic countries, which were in turn seen as having joined the community of

“civilized” nations. That said, similarities in the presentation of Iceland and Greenland did not disappear entirely.

In essence, and historically, the discourse on Iceland and Greenland reflects that of other marginal lands and territories most under Western European influence, though separated from the continental mainland. It is therefore critical not to remove discussions of Iceland—or of Greenland—from their context; they should be regarded as part of a much larger whole in order to better understand their character. This book seeks to contribute to that endeavour.

Efnisyfirlit

Ágrip	iii
Abstract	vii
Formáli	xiii
1 Inngangur	1
2 Hugtök og kenningar	13
2.1 Ímyndir	13
2.2 Þekking, orðræða, vald	23
2.2.1 Hvers konar valdatengsl?	29
2.3 Norðrið, útópíur og eyjar	32
2.3.1 Norðrið	32
2.3.2 Breytt afstaða til norðursins	38
2.3.3 Hið ysta norður	40
2.3.4 Norðrið á ofanverðri 18. öld og á 19. öld	43
2.3.5 Útópíur	44
2.3.6 Eyjan	47
2.3.7 Eyjan Írland	51
3 Ísland og Grænland í miðaldaritum	57
3.1 Thule og Ísland	58
3.1.1 Thule	58
3.1.2 Ísland í miðaldaritum	61
3.2 Grænland	74
3.3 Yfirlit	78
4 Ísland og Grænland 1500–1750	81
4.1 Ímyndir Íslands 1500–1750	85
4.1.1 Yfirlitsrit um Ísland	85
4.1.2 Hin illa eyja Ísland	87
4.1.3 Sælueyjan Ísland	94
4.1.4 Hin siðmenntaða eyja – Fyrirmyndaeyjan – Andsvör Íslendinga	100
4.1.5 Ferðalýsingar frá Íslandi fyrir 1750	107
4.2 Grænland frá 16.– 18. aldar	120
4.2.1 Ferða- og leiðangurslýsingar frá Grænlandi	121
4.2.1.1 Ferðaskröksögur frá Grænlandi	121
4.2.1.2 Landkönnuðir á Grænlandi á 16. og 17. öld	125
4.2.1.3 Hans Egede á Grænlandi	131
4.2.2 Yfirlitsrit um Grænland	136

4.2.2.1	Jacob Ziegler og Olaus Magnus um Grænland	136
4.2.2.2	Nokkur fræðirit um Grænland á 17. öld.....	138
4.2.2.3	Yfirlitsrit um Grænland á síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta 18. aldar.....	141
4.3	Johann Anderson um Ísland og Grænland	144
4.4	Yfirlit um tímabilið 1500–1750	150
5	Tímabilið frá 1750–1850 – Ímyndir á krossgötum	153
5.1	Ísland á tímabilinu 1750–1850.....	164
5.1.1	Ferðalýsingar frá Íslandi.....	164
5.1.1.1	Land og umhverfi í ferðalýsingum 1750–1850.....	168
5.1.1.2	Þjóð og menning	181
5.1.2	Ísland í yfirlitsritum.....	193
5.1.2.1	Fólkið og menning þess	193
5.1.2.2	Náttúra og umhverfi.....	201
5.2	Grænland 1750–1850.....	202
5.2.1	Trúboð og landkönnun, Grænland 1750–1850.....	205
5.2.2	Almenn yfirlitsrit um Grænland	213
5.2.3	Samanburður ímynda Grænlands og Íslands: An Historical and Descriptive Account of Iceland, Greenland, and the Faroe Islands eftir James Nicol.....	217
5.3	Yfirlit yfir tímabilið 1750–1850.....	220
6	Niðurstöður.....	225
6.1	Heimildir	225
6.2	Ímyndir og annarleiki	226
6.3	Frumstæð dystópía í norðri	227
6.4	Frumstæð útópía í norðri – sælueyja	230
6.5	Siðmenning hins ysta norðurs – Fyrirmyndasamfélög og venjulegt fólk	232
6.6	Lokaorð.....	234
7	Summary.....	237
7.1	Images and otherness	237
7.2	Primitive dystopia in the north	238
7.3	Primitive utopia in the north – Island paradise.....	239
7.4	Civilization of the farthest north – Model communities and ordinary folk.....	240
7.5	Final words.....	242
7.6	Sources	243
	Myndaskrá.....	247
	Heimildir.....	251

Formáli

Ágæti lesandi.

Þetta verk á sér nokkurn aðdraganda; undir lok síðustu aldar skrifaði ég bókina *Ísland framandi land* þar sem gefið er yfirlit um viðhorf til Íslands í erlendum ritum frá öndverðu til loka 19. aldar. Mér var alveg ljóst þá að þeirri sögu væri ekki lokið og hafði hug á að vinna þetta verk áfram, og þá út frá öðrum forsendum. Í því skyni innritaði ég mig í doktorsnám við Háskóla Íslands og hóf vinnu við þetta verk. Sá ferill varð þó ekki langur í það skiptið, snúið reyndist að fjármagna það og þegar buðust önnur stór viðfangsefni sem tryggðu afkomuna var þetta verk lagt til hliðar um sinn.

Ég hélt þó áfram að vinna að þessu viðfangsefni, sótti ráðstefnur, hélt fyrirlestra og skrifaði greinar. Ég tók líka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Þar má nefna *Den europæiske konstruktion af Norden 1700–1820: Fra dystopi til utopi*. Þá leiddi ég, ásamt Daniel Chartier prófessor við Québec háskóla í Montréal í Kanada, alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem fékk öndvegisstyrk frá Rannís, *Iceland and Images of the North*, en verkefnið hafði aðsetur í Reykjavík Akademiunni sem var vinnustaður minn í rúman áratug. Þar einbeittu um 20 innlendir og erlendir fræðimenn sér að rannsóknum á ýmsum hliðum á ímyndum Íslands, bæði sögulega og í samtíma. Verkefninu lauk með útgáfu bókar með sama titli árið 2011 sem höfundur þessara lína ritstýrði.

Þar kom að ég tók aftur til við vinnslu þessa verks fyrir nokkrum misserum innan sagnfræði- og heimspekideildar við Háskóla Íslands. Ég var svo lánsamur að fá doktor Önnu Agnarsdóttur prófessor sem leiðbeinanda. Hún gat miðlað af víðtækri reynslu og þekkingu á þessu efni. Með henni í doktorsnefndinni voru doktor Andrew Wawn prófessor og doktor Einar Már Jónsson.

Sú gerð sem hér birtist er lítið breytt frá doktorsritgerðinni; eiginlega er bara hnikað til orðum á stöku stað og leiðréttar villur sem komu í ljós. Sá kostur var því valinn að láta verkið standa að mestu óbreytt en vinna ekki að nýju riti.

Ég er þakklátur fyrir margvíslegan stuðning sem ég hef fengið til þess að vinna þetta verk, frá Rannsóknarnámssjóði, Rannís, frá Hagþenki og Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðarsonar. Hann kom sér sannarlega vel. Öflugasti stuðningurinn kom þó úr heimahúsum; ef ekki hefði komið til liðsinni og hvatning konu minnar, Þóru Sigurðardóttur, hefði ekki tekist að ljúka þessu verki.

Það er bæði gefandi og krefjandi að takast á hendur svona verk. Ég vona að það skipti máli í umræðum um það hver við erum og hvers vegna.

1 Inngangur

In Iceland (as I have read and heard), spirits in the likeness of one's father or mother, after they are deceased, do converse with them as naturally as if they were living. Other spirits like rogues they have among them, destitute of all dwelling and habitations, and they chillingly complain ... that they are going unto Mount Hecla to warm them. That Mount Hecla a number conclude to be hell-mouth, for near unto it are heard such yellings and groans as Ixion, Titius, Sisyphus and Tantalus, blowing all in one trumpet of distress, could never conjoined bellow forth.¹

Þennan texta samdi enska skáldið Thomas Nashe (1567–1601) og birti í verki sínu, *Terrors of the Night* árið 1594. Hér er Íslandi sannarlega lýst sem undraveröld þar sem andar birtast fólki eins og hverjar aðrar manneskjur. Þar er líka að finna inngang vítis þar sem heyrast skelfingaróp og óhljóð. Nashe vísar til forngrískra sagnapersóna til þess að gera hugmyndir sínar um Ísland skiljanlegar. Samkvæmt þeim tengingum er Ísland illur staður, staður vitfirringar og refsinga. Hugmyndir Nashe um Ísland eru því býsna skýrar. Getum við dregið einhverjar víðtækari ályktanir af þessum texta? Er hann dæmigerður fyrir umfjallanir um Ísland frá því í kringum 1600 eða eru líka til lýsingar af öðrum toga? Enn má spyrja: Hvernig er þessi frásögn tilkomin? Hverjar eru rætur hennar og hvaða tilgangi þjónar hún? Þessar spurningar leiða hugann að rannsóknarefni þessa rits sem er að fjalla um hugmyndir um fólk og þjóðir, séð að utan, hvers eðlis þessar hugmyndir oft eru, hvernig þær eru byggðar upp og hvernig þær birtast.

Titill bókarinnar, *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, gefur til kynna hvernig viðfangsefnið er afmarkað. Þar verður fjallað um hugmyndir fólks í Vestur-Evrópu um tvær eyjar nyrst í Evrópu, Ísland og Grænland, og gerður samanburður á viðhorfum til þeirra.² Þær hugmyndir sem hér er fjallað um eru kallaðar ímyndir eða þjóðarímyndir. Aðallega verða kannaðar ytri ímyndir þessara tveggja landa og þjóðanna sem þar búa þó að óhjákvæmilegt verði einnig að ræða eitthvað um sjálfsmýndir þeirra.

Meginrannsóknarspurningar þessa verks eru hvernig ytri ímyndir Íslands og Grænlands hafi orðið til og hver séu helstu einkenni þeirra. Erú ímyndir þessara tveggja landa svipaðar eða ef til vill af andstæðum toga? Hvað sameinar og hvað aðgreinir og hvers vegna? Hafa hugmyndir um þessi lönd ef til vill sérstöðu í

¹ Thomas Nashe, *Terrors of the Night*, bls. 13. Nashe nefnir hér til sögu persónur úr forngrískum sagnaheimi; Ixion var t.d. konungur Lapíþa en gekk af vitinu og lifði sem útlagi; Tityus var risi sem var dæmdur til eilífra þínsla í undirheimum; Sisyphus og Tantalus voru báðir dæmdir til harðra refsinga fyrir illvirki sín.

² Stjórn málalega og menningarlega er Grænland hluti Evrópu en landfræðilega er það þó fremur tengt Norður-Ameríku.

samanburði við önnur lönd í norðri og ef svo er þá hvers vegna? Ísland er í forgrunni rannsóknarinnar en Grænland er tekið til samanburðar. Nú má vitanlega gera margs konar samanburð við Ísland en niðurstaðan varð sú að velja í því skyni það land sem er næsti nágranni Íslands, einnig eyja í norðri, en samt um margt öðru vísi. Sú ástæða er einnig fyrir þessu vali að oft hefur verið fjallað um þessi lönd í sömu andrá á umliðnum öldum og gerir það samjöfnuðinn nærtækan.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að þessi lönd eru ólík þó að þau séu grannar. Grænland hefur verið kallað stærsta eyja veraldar og er um 20 sinnum stærra en Ísland. Landið er hálent og að mestu hulið ísi. Það er afar fámennt. veiðimennska einkennið atvinnulífið langt fram eftir 20. öld og þéttbýli þekktist vart, a.m.k. ekki sambærilegt við flest Evrópulönd.³ Í nær fimm aldir, frá ofanverðri 10. öld og fram á þá 15. bjuggu þar norrænir menn í afmörkuðum byggðum en annars bjó þar fólk með menningu eskimóa, aðallega inúítar á því tímabili sem hér er fjallað um. Þeir eru taldir hafa komið til Grænlands í upphafi annars árþúsundsins.⁴ Fólk af norrænum uppruna var kristið en það voru inúítarnir ekki fyrir en á 18. öld.

Ísland er á hinn bóginn eldfjallaeyja, einnig alllangt í norðri en miklu minni en Grænland. Stórir hlutar landsins eru óbyggilegir, enda er það hálent að stærstum hluta og víða gróðursnautt, svipað og Grænland. Í samanburði við önnur nálæg lönd hefur landið einnig verið fámennt en þó hafa mun fleiri búið þar en á Grænlandi og atvinnulíf byggðist á kvikfjárrækt og sjósókn. Í landinu hafa búið norrænir menn frá níundu öld og samfélagið líktist á margan hátt öðrum norrænum samfélögum þó að hér á landi væri byggð mun dreifðari en víðast annars staðar, atvinnulíf einhæfara og samfélagsgerð að sumu leyti á annan veg.

Margt er því ólíkt með Íslandi og Grænlandi en þó er líka margt skylt. Eyjarnar tvær eru báðar langt í norðri og fjarri „miðju“ Vestur-Evrópu. Þessi lönd lutu lengi erlendum yfirráðum á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, fyrst Noregs og síðar Danmerkur. Yfirstjórn helstu mála var því í höndum útlendinga og efnahagsstjórn fór í aðalatriðum eftir þeim boðum sem stjórnvöld í Danmörku settu. Lengi voru eyjarnar tvær svo langt frá „miðju“ Vestur-Evrópu að það tók því varla að tala um þær og þá jafnvel helst sem áfangastað á leið eithvað annað, ekki síst fyrir þá sem voru að leita siglingaleiðar í norðri til Austur-Asíu. Samgöngur voru lengi strjalar til landanna, sérstaklega til Grænlands en þar féllu þær að mestu niður á 15. og 16. öld. Ísland, og einkum þó Grænland, voru svo

³ Hér má þó nefna að sagnfræðingurinn Thorkild Kjærgaard hefur bent á að allt að fimmtungur fólks í Grænlandi hafi búið í „þéttbýli“ í upphafi 19. aldar, í „kólóníum“ þar sem íbúafjöldi var um eða rúmlega 100 manns. Hafa þarf í huga að um þetta leyti bjuggu einungis um 6000 manns í Grænlandi. Sjá „A Forgotten Urban Revolution“, bls. 152.

⁴ Finn Gad, *Grønlands historie I*, bls. 37. – Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 9. – Andras Mortensen, Sverrir Jakobsson, Alf Ragnar Nielsen og Claus Andreasen, „Opdagelsen af landene i Vestnorden“, bls. 49 og áfram. Inúítar komu í kjölfar svokallaðra paleo-eskimóa en menning hinna síðarnefndu lét smám saman undan síga og eru þeir taldir horfnir með öllu á 15. öld.

„afsíðis“ að þau voru vettvangur landkönnuða, svipað og mörg önnur „jaðarsvæði“ og nýlendur annars staðar í heiminum.

Orðspor landa og þjóða fer ekki eingöngu eftir því sem tölfræðin segir um þau, svo sem um mannfjölda, breiddargráðu, stærð og legu lands. Þess háttar upplýsingar koma þó vitaskuld við sögu í greiningunni sem hér fer á eftir en fyrst og fremst er hún hugmyndasöguleg. Til þess að geta skýrt tilurð og þróun ímynda Íslands og Grænlands verður ekki síst kannað hvort og þá hvernig tilteknir þættir hafi haft áhrif á lýsingar á þessum löndum? Slíkir þættir eru m.a. hugmyndir sem tengjast legu landanna langt í norðri, um eyjar almennt, um jaðarinn – þ.e. svæði sem er fjarri áætlaðri menningarlegri og efnahagslegri valdamiðju – um smæð og stærð, vald og valdaleysi, og loks um kynþátt og uppruna. Spurt verður hvort og hvernig hugmyndir tengdar þessum þáttum hafi haft áhrif á lýsingar á löndunum tveimur. Koma þær fram á svipaðan hátt á Grænlandi og á Íslandi eða á ólíkan máta? Hafa þær komið fram á jákvæðan eða neikvæðan hátt? Og hvernig hefur máttur „þekkingarinnar“ og hefðarinnar mótað hugmyndir útlendinga um þessi lönd? Og loks: Hafa ímyndirnar reynst stöðugar eða síbreytilegar eða kannski hvort tveggja?

Tímabilið sem fjallað verður um nær frá fyrstu erlendu lýsingum frá Íslandi og Grænlandi á ofanverðri 11. öld til 1850. Það er því ljóst að hér verða dregnar „langar línur“. Ekki þótti fært að fara nær okkur í tíma en til 1850 vegna þess að þá hefði þessi rannsókn orðið of umfangsmikil en þá verða líka mikilvæg skil, a.m.k. að því er Ísland varðar. Um miðja 19. öld tóku samgöngur til landsins mjög að batna og ferðamannastraumur jókst. Ferðamönnum fjölgaði eftir miðja öldina og ráðandi ímyndir landsins breyttust.⁵ Hér má einnig segja að verði nokkur skil að því er varðar Grænland. Þeir sem fjölluðu um Grænland höfðu lengi borið þá von í brjósti að tækist að finna afkomendur norrænna, kristinna manna í landinu. Talið var að endurreisa mætti mannlíf og menningu sem þar hefði verið fyrrum og endurheimta lífsgæði þeirra tíma. Þegar leið á 18. og 19. öld dvínuðu þessar vonir og hurfu síðan er ljóst varð að einu íbúar landsins voru inúítar, fyrir utan fólk af dönskum uppruna. Hinir fornu norrænu íbúar reyndust með öllu horfnir.

Grunnhugtök þessarar rannsóknar eru nokkur. Fyrst er að nefna hugtakið ímynd sem getur haft margs konar merkingar. Hér verður það ekki notað um myndir almennt eða myndlíkingar heldur um hugmyndir um aðra og líka hugmyndir um eigið sjálf.⁶ Þær ímyndir sem hér er fjallað um eru ímyndir af þjóðum, af framandleika, *otherness*, þessara þjóða og hvernig er rætt um þær sem *the other*; taka ber fram að þegar hugtakið ímynd er notað í þessu verki er ekki eingöngu átt við ímyndir af þjóðum í nútímamerkingu þess orðs heldur er notkunin víðtækari. Í þessu samhengi verður hugtakið einnig notað um etníska hópa á öllu tímabilinu, löngu fyrir daga þjóðríkja

⁵ Sumarliði R. Ísleifsson, „Icelandic National Images in the 19th and 20th Centuries“, bls. 149–158.

⁶ Manfred Beller, „Perception, Image, Imagology“, bls. 3–4.

og raunar mun stærri heildir, jafnvel íbúa heimsálfa, enda ekki völ á öðru hugtaki í íslensku.⁷

Þegar rætt er um ímyndir og framandleika eru nokkur grunntök sem eru afar mikilvæg. Þar skipta t.d. miklu máli hugtökin vald og valdaleysi sem svo eru nátengd hugtakaparinu miðja-jaðar. Framandleikinn verður einnig ræddur í ljósi nokkurra annarra mikilvægra hugtaka. Má þar einkum nefna hugtökin norður-suður og enn eitt mikilvægt hugtak er eyjan. Í vestrænni hugmyndasögu hefur hún lengi haft ákveðið innihald og m.a. notað um það hugtakið *islandness*. Algengt var og er, að eyjalýsingar tengdust hinu exótíska. – Hugtökin útópía-dystópía eru einnig nátengd eyjahugtakinu og í raun vart unnt að skilja það frá þeim.⁸

Helstu aðferðir sem verið byggir á eru í fyrsta lagi hefðbundnar aðferðir sagnfræðinnar, að nýta sér heimildir úr ýmsum áttum til þess að endurgera tiltekinn veruleika eftir því sem unnt er, sá „veruleiki“ sem hér er einkum verið að rannsaka eru hugmyndir um tiltekin lönd og fólkíð sem í þeim býr. Hér má sérstaklega benda á að heimildir í þessu verki eru yfirleitt ekki nýttar sem frásagnarheimildir. Það kemur til af því hvers eðlis þetta verk er og hver meginmarkmið höfundar eru: Að rannsaka hugmyndir á ákveðnum tíma og hvernig þær birtast í textum og myndum á því tímabili sem fjallað er um. Markmiðið er sem sagt ekki að kanna sannleiksgildi staðhæfinga eða að endurgera tiltekið sögulegt ferli nema að afmörkuðu leyti. Af þessu leiðir að vel má kenna þetta verk við hugmyndasögu, sem fyrr getur, vegna þess að megináherslan er á hugmyndasöguleg ferli. En hér má einnig nefna fleiri greinar og aðferðir. Mikilvæg eru ímyndafræðin sem fjalla um einkenni landa og þjóða í víðum skilningi eins og þau birtast í bókmenntum, myndum og öðru efni. Þá hefur einnig mjög verið stuðst við rannsóknir á nýlendustefnu og nýlenduhyggju og aðferðir af því tagi notaðar til þess að draga fram hvers eðlis margvíslegar hugmyndir um Grænland og Ísland hafa verið. Um þessi efni verður fjallað nánar síðar í inngangskafli ritsins.

Heimildir sem nýttar eru í þessu verki eru einkum frá Vestur-Evrópu. Aðallega er byggt á efni sem á uppruna sinn í Bretlandi og Þýskalandi, enda mest af heimildum til frá þessum löndum. Einnig er notað efni frá Norðurlöndunum, sérstaklega þegar þær heimildir urðu kunnar utan Norðurlanda, og í einhverjum mæli líka frá Suður-Evrópu. Augljóslega er ekki unnt að kanna alla texta þar sem rætt hefur verið um þessi lönd. Ef aðeins er litið til Íslands fylla einungis titlar á bókum og greinum þar sem fjallað hefur verið um land og þjóð á umliðnum öldum heila bók.⁹ Svipað gildir einnig um Grænland.

⁷ Guðmundur Hálfðanarson hefur fjallað ítarlega um þessi hugtök, *Íslenska þjóðríkið*, m.a. bls. 25–28. – Sjá einnig Lorenz Rerup, „Hovedtræk i nationalismeforskninger“, bls. 21–25.

⁸ Um öll þessi hugtök verður fjallað nánar síðar í fyrsta meginkafla verksins.

⁹ Haraldur Sigurðsson, *Ísland í skrifum erlendra manna um þjóðlíf og náttúru landsins*.

Það efni sem um er að ræða er fjölbreytt, handrit, ferðabækur og frásagnir, lýsingar sögulegs og landfræðilegs eðlis, bókmenntatextar og umræða um bókmenntir, landshagi og náttúru. Svo má áfram telja. Vegna þess að hér er verið að rannsaka ímyndir er efnið sem hefur verið valið til umfjöllunar einkum textar og myndefni af ýmsu tagi þar sem hugmyndir og viðhorf um aðra birtast skýrt og hefur verið miðlað til hópa lesenda. Þessi afmörkun útilokar skýrslur af ýmsu tagi og nákvæmar kannanir á efnahag, jarðfræði, uppbyggingu tungumáls eða hvaða viðfangsefni sem er sem tengist þessum löndum. Ástæðan er sú að þar er fremur verið að fást við einstök fræðileg eða tæknileg efni þar sem þjóðarímyndir koma lítið við sögu. Fremur er valið efni þar sem þjóðarímyndir birtast skýrt, t.d. í ýmsum ferðabókum og ritum um sögu og landafræði fyrr á öldum, stundum einnig í blaða- og tímaritsgreinum og skáldsögum. Þær koma líka oft vel fram á myndum, í myndskreytingum og á landakortum á meðan þeim var einnig ætlað að birta ýmsar upplýsingar um náttúru, atvinnulíf og þjóðhætti. Þetta efni sem hér er nefnt er ærinn stafli. Enn frekari afmörkun er fólgin í því að binda umfjöllunina fremur við útgefin verk sem fá einhverja dreifingu en óútgefin, auk þess sem óútgefin verk miðla síður stöðluðum hugmyndum sem er ætlað að geðjast væntingum ætlaðra lesenda en útgefin verk. Það er vegna þess að höfundur verks sem ætlað er til útgáfu hefur tilhneigingu til þess að nýta sér staðalmyndir í umfjöllun sinni sem hann telur að lesendur þekki. Loks má nefna að mögulegt hefði verið að nýta skáldsögur, sem hafa Ísland og Grænland sem vettvang, sem heimildir og rannsaka þær ímyndir sem þar birtast. Það verður þó ekki gert að þessu sinni, enda yfrið nóg af öðru efni.

Þessi rannsókn verður einkum byggð á tveimur heimildaflokkum. Í fyrra lagi eru almenn yfirlitsrit um löndin tvö. Höfundar slíkra verka á umfjöllunartímabilinu byggðu verk sín oft upp á textum sem þeir tóku úr öðrum verkum og umorðuðu að meira eða minna leyti. Með því að fara yfir rit af þessu tagi frá öllu tímabilinu, vitaskuld þó aðeins sýnishorn, má ætla að fáist gott yfirlit um ráðandi hugmyndir á hverjum tíma og hvernig ímyndir þessara landa hafa þróast og breyst. Þessi yfirlitsrit eru margvísleg. Algengast er þó að þau fjalli um landafræði og sögu á einhvern hátt og oft hvort tveggja í senn, t.d. Saga norrænna þjóða, *Historia de gentibus septentrionalibus* eftir Olaus Magnus (1490–1557) sem kom út í Róm árið 1555. Umfjöllun um Ísland og Grænland í þess háttar ritum var oft afar ágrípskennd, iðulega aðeins nokkrar línur en stundum nokkrar blaðsíður. Frá þessu eru þó mikilvægar undantekningar þegar á öndverðri 17. öld. Um og eftir miðja 18. öld varð umfjöllun um Ísland, Grænland og önnur lönd lengst í norðri umfangsmeiri og fjölbreyttari en verið hafði og því úr meiru að spila. Til dæmis fóru að birtast í vaxandi mæli rit sem helst voru ætluð börnum og unglingum og fjölluðu um þessi efni. Kjörrið er að athuga slík rit vegna þess að í þeim eru oft dregnar upp einfaldar og skýrar myndir.¹⁰

¹⁰ Otto Holzapfel, „Das Bild des „Deutschen“ in dänischen Kinderbüchern“, bls. 175 og áfram.

Í síðara lagi eru frásagnir sjónarvotta um Ísland og Grænland, oft ferðasögur og sögur landkönnuða en einnig frásagnir fólks sem dvaldi í öðru hvoru landinu af ýmsum ástæðum, stundum jafnvel langdvölum. Ferðalýsingar eða ferðasögur hafa verið til frá fornu fari og þar birtast iðulega skýrt andstæðurnar á milli þess sem er þekkt og kunnuglegt annars vegar og framandi hins vegar. Samhliða má þó minna á að vissulega má lesa margt annað úr þessum verkum og þau geta einnig verið ágætir vitnisburðir um sögulega framvindu á mörgum öðrum sviðum. Með landafundum jókst ritun ferðalýsinga en þessi bókmenntagrein blómstraði á 19. öld. Þær verða ekki skilgreindar auðveldlega, enda nátengdar öðrum greinum, t.d. endurminningum, og er þá ljóst að sumar frásagnir af dvöl sem hér er stuðst við teljast fremur endurminningar en ferðasögur. Þær eru líka nátengdar skáldsögum, og eru þá ferðaskáldsögur – frá 18. öld eru t.d. vel þekktar *Ferðir Gúllívers* eftir ensk-írsku höfundinn Jonathan Swift (1667–1745) og *Róbinson Krúsó* eftir enska höfundinn Daniel Defoe (1660–1731). Hér má líka bæta við ferðaskróksögum og almennt má segja að mörkin á milli ferðasögu og skáldsögu séu ekki skýr. Þá má einnig nefna leiðabækur pílagraíma, ferðahandbækur, bækur sem eru á mörkum þess að vera alfræðirit og ferðasaga, og svo má áfram telja. Það er því mikilvægt að hafa í huga að mörkin á milli ferðasagna og annarra greina eru óljós en til einföldunar verður hugtakið ferðalýsing eða ferðasaga notað um allar frásagnir sjónarvotta – og ætlaðra sjónarvotta – sem koma til umræðu í þessu verki.¹¹ Ferðasögur um Ísland og Grænland eru ekki margar til fyrir 1600 en þeim fjölgar smám saman, einkum eftir að komið er fram á 19. öld. Þegar þangað er komið verður að velja úr fjölda verka og hefur verið fylgt því leiðarhnoða að taka sem dæmi verk sem annars vegar gefa til kynna þær breytingar sem verða en miðla hins vegar ólíkri sýn á þessar norðlægu eyjar.

Auk þessara tveggja heimildaflokka eru myndir og landakort nýtt í rannsókninni og birt nokkur sýnishorn. Fyrstu myndskreytingar úr bókum sem tengja má löndunum tveimur eru frá miðri 16. öld og öðru hvoru birtust myndskreytingar þar sem fjallað var um þessi lönd fram um 1800. Eftir 1800 varð meira framboð á myndefni, enda jókst þá útgáfa sem tengdist Íslandi og Grænlandi, og greinar og myndir fóru að birtast í tímaritum af margvíslegu tagi. Vinsæl tímarit urðu m.a. vettvangur fyrir myndir frá fjarlægum og framandi svæðum.¹² Í umfjöllun um fyrri hluta tímabilsins eru landakort einnig notuð en kortaútgáfa varð mjög öflug þegar á 16. öld í kjölfar rannsóknarleiðangra og nýlenduvæðingar. Hafa verður í huga að kort frá þeim tíma voru oft ólík því sem síðar varð, einkum vegna þess að á þeim birtust oft myndir og textar um fyrirbæri og aðstæður á þeim svæðum sem kortin lýstu. Þau gefa því oft glögga mynd af algengum þjóðarímyndum og birta skýrt hugmyndir um það hvaða

¹¹ Hugtök og heiti í bókmenntafræði, bls. 83–84. – Kim Simonsen, *Literature, Imagining and Memory in the Formation of a Nation*, bls. 53–56, 125–126.

¹² Hér má m.a. nefna *The Illustrated London News*.

staðir eru taldir siðmenntaðir og hverjir framandi og jafnvel bústaðir skrímsla og hálfmennskra vera.¹³

Í þessu riti verður því í aðalatriðum byggt á almennum yfirlitsritum, ferðabókum í víðum skilningi og loks í nokkrum mæli myndskreytingum og landakortum. Með því að samþætta þessar heimildir ætti að takast að draga fram bæði hið einstaka og hið almenna. Þessi samþætting er einnig leið til þess að kanna í hve miklum mæli almennar klisjur eigi greiða leið inn í ferðabækur og um leið að athuga hvort og í hve miklum mæli einstakir höfundar treysta sér til að byggja á eigin dómgreind og setja fram sjálfstæðar skoðanir í stað þess að fylgja straumnum. Þessi aðferð ætti jafnframt að tryggja að dregið sé fram hvenær og hvers vegna ímyndir breytast en að baki mikilvægum breytingum á ímyndum landa og íbúa þeirra liggja oft grundvallarrit, fræðirit eða lýsing landkönnuðar/ferðasaga, rituð í anda vaxandi eða ráðandi hugmyndastrauma á viðkomandi tímaskeiði.

Frumgerðir þeirra verka sem eru heimildir verksins eru ritaðar á mörgum tungumálum, m.a. á latínu, arabísku, frönsku, þýsku, ensku, dönsku, tékknesku og hollensku. Nú er það svo að ekki eru öll þessi tungumál höfundi tóm og ekki væntanlegum lesendum ritsins heldur. Því var ákveðið að fara þá leið að nota enskar samtímabýðingar texta væru þær aðgengilegar, höfundi, lesendum og öðrum fræðimönnum til hægðarauka, enda alltaf nokkuð um beinar tilvitnanir í textana. Að auki er mikilvægt að vísa í texta á tungumáli sem er fræðaheimi samtímans aðgengilegt, hafði verulega útbreiðslu og átti þar með greiða leið í mikilvæg yfirlits- og alfræðirit sem höfðu mikil áhrif.¹⁴

Höfundi er ljóst að vel má gagnrýna þessa aðferð, enda alþekkt að merking geti breyst og brenglast við þýðingu. En hafa ber í huga að hér er verið að fást við hugmyndir og ímyndir og áhrif þeirra og því er æskilegt að nýta fremur útgáfur frá stórum málsvæðum en litlum. Þessi leið er því farin þrátt fyrir að á henni séu vankantar og var talin vænlegri en að byggja ævinlega á og vísa í frumgerðir og þýða jafnframt alla slíka texta á íslensku; þess má geta að frumgerðir sumra þeirra verka sem ég nota geta verið vandfengnar, jafnvel ófáanlegar. Þegar enskar útgáfur eru notaðar hef ég ekki talið þörf á að þýða tilvitnanir á íslensku nema einstöku torskilín orð eða hugtök en stundum er textamerking þó endursögð, einkum ef málið er mjög fornlegt. Nokkuð er um að vitnað sé til annarra tungumála en ensku og er það þá vegna þess að enskar þýðingar eru ekki til, og er merking þá yfirleitt endursögð. Stundum eru til seinni tíma þýðingar á íslensku sem þá eru notaðar; þó ekki ef fyrirfinnast samtímabýðingar á ensku.

¹³ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, 32.

¹⁴ Denis Diderot og Jean le Rond d'Alembert, *Encyclopédie*, sjá útgáfu frá 1780, bls. 106 og áfram. – *Encyclopædia Britannica*, 1856, 12. bindi, m.a. bls. 200, 203 en þar má sjá texta sem eru teknir beint upp úr enskri þýðingu á verki Unos von Troil, *Letters on Iceland*, frá 1780.

Hér má líka geta um útgáfur verka. Ekki er endilega gengið út frá því að skilyrðislaust beri að nota fyrstu útgáfu. Fyrir það fyrsta eru fyrstu útgáfur ekki alltaf fánlegar þegar um er að ræða mörg hundruð ára gömul verk og verður þá að notast við það sem er aðgengilegt. Svo þarf líka að hafa í huga að útgefendur fyrir á öldum voru alveg ófeymni við að breyta verkum fyrir nýja útgáfu, stundum mikið, enda þurftu þeir ekki að hafa neinar áhyggjur af höfundarrétti. Þetta sést t.d. vel þegar skoðaðar eru útgáfur á heimslýsingu þýska landfræðingsins Sebastians Münster (1488–1552) en þær eru taldar hátt á fimmta tug á mörgum tungumálum. Umfjöllun um Ísland og Grænland er snubbótt í fyrstu útgáfunum en mun ítarlegri eftir að komið er fram á 17. öld og þá birtast þar jafnvel myndir sem eiga að sýna aðstæður á Íslandi. Hér er því að ýmsu að hyggja og brýnt að hafa í huga að þetta verk sem hér birtist fjallar aðallega um hugmyndasögu. Það er sú nálgun sem hefur því úrslitaáhrif á hvaða heimildir og útgáfur eru valdar en ekki nákvæmlega hvenær viðkomandi rit kom fyrst út.

Sem fyrir segir verður lögð áhersla á að rannsaka þær þjóðarímyndir sem birtast í þeim textum sem kannaðir eru. Hugmyndirnar eru meginviðfangsefnið, ekki hinn efnislegi veruleiki. Markmiðið er því ekki að skoða hvort þær lýsingar sem um er fjallað séu í samræmi við viðurkenndar staðreyndir eða ekki þó að stundum kunni að verða vikið orðum að því. Þessi nálgun er ólík þeirri sem oft hefur verið tíðkuð af fræðimönnum er heimildir í þessa veru hafa verið kannaðar, a.m.k. héraendis. Á það t.d. við um ferðasögur útlendinga um Ísland. Sú tilhneiging hefur verið algeng að nýta þær aðallega sem frásagnarheimildir og leggja dóm á þessi verk með hliðsjón af því hvort þau segi satt og rétt frá eða ekki. Þau sjónarmið birtast t.d. í *Landfræðissögu Íslands* sem kom fyrst út í áföngum kringum aldamótin 1900. Höfundurinn, Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921), fjallar ítarlega um mikinn fjölda verka þar sem rætt er um Ísland frá öndverðu og fram á ofanverða 19. öld. Hann er upptekinn af því að lýsa og bregðast við skoðunum erlendra höfunda um land og þjóð, leggja mat á þær, og andmæla, enda séu þær oft eða yfirleitt rangar og villandi. Sérstaklega á hann við eldri ritin þar sem Ísland kemur við sögu, frá 16. og 17. öld, en telur að yngri ritin, frá miðri 18. öld séu annars konar eins og hann segir: „seinna tókst mönnum með skynsamlegri athugun og röksemdaleiðslu að leggja grundvöll þekkingarinnar og auknar samgöngur brugðu birtu yfir fjarlæg lönd. Það er mjög eptirtektavert og fræðandi að athuga þessa framsókn þekkingarinnar í öllum greinum.“¹⁵ Það má skilja á Þorvaldi að vanþekking hafi ráðið mestu um þessa framsetningu í eldri ritum og jafnvel illvilji en síðar, með meiri upplýsingu, hafi farið að birtast rit þar sem minna var um rangfærslur og óhróður. Það mat sem beri að leggja á Íslandslýsingar er því einkum hvort þær séu réttar eða rangar.

¹⁵ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* I, bls. iii.

Margir sem hafa fjallað um þessi efni síðar hafa tekið undir skoðanir Þorvaldar. Til dæmis birtast þessi viðhorf í nýrri þýðingu á bókinni *Nachrichten von Island* eftir Johann Anderson borgarstjóra í Hamborg (1674–1743) þar sem útgáfa verksins er rökstudd í formála með því að þrátt fyrir að margt í verkinu sé „ýkjukennt og skrumskælt“ geymi það „umtalsverðan fróðleik“ og sé auk þess til vitnis um þá mynd sem hafi verið dregin upp af Íslandi um miðja 18. öld. Í inngangi bókarinnar koma fram svipuð viðhorf og bent á að sumt í verkinu sé „fráleitt“ en „annað betra“. Með þýðingunni eru jafnframt birtar Íslandsfrásagnir þeirra Göries Peerse og Dithmars Blefken frá síðari hluta 16. aldar og öndverðri 17. öld og má ráða af titli ritsins hvaða mat umsjónarmenn útgáfunnar hafa á verkum þeirra: *Frásagnir af Íslandi ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð*.¹⁶

Fáar tilraunir hafa því verið gerðar til þess að greina erlendar umfjallanir um landið, nema þá um afmörkuð efni, og skýra hvernig á þessum meinta illvilja standi og hvers vegna stöðugt var verið að skrifa „bábyljusögur“, „þvætting“ og „sjómannaþvaður“ um landið, eins og Þorvaldur Thoroddsen orðar það.¹⁷ Það leiðir af viðfangsefnum þessa verks að því verði svarað og leitað orsaka fyrir „þvaðrinu“. Var þekkingarskortur ástæðan eða var ef til vill ekki við öðru að búast en að fjallað væri um landið á þennan hátt?

Aðferðin sem hér er beitt er ólík þeim viðhorfum sem getið er um hér að framan vegna þess að heimildirnar eru einkum nýttar sem vitnisburður um hugsun og hugmyndir á tilteknum tíma, þar sem áhersla er lögð á að tengja þær við ákveðna hugmyndastrauma, hagsmuni og hefðir. Hér er m.a. farið í fótspor svissneska sagnfræðingsins Urs Bitterli.¹⁸ Ólafur Rastrick sagnfræðingur er einnig á svipuðum slóðum í verki sínu *Háborgin*.¹⁹ Svo tekið sé dæmi til skýringar þá sagði Albert Krantz frá Hamborg (1450–1517) í 16. aldar króniku sinni að á Íslandi byggi fólk og fénaður saman undir einu þaki.²⁰ Í þessu riti verður sjónum ekki beint að því hvort staðhæfing hans sé rétt eða röng heldur spurt hvers vegna hún er sett fram, hvaða markmiðum slík orðræða þjónar, hvernig fullyrðingin tengist öðrum svipuðum lýsingum frá þessum tíma og hvernig þeir, sem svo var lýst, brugðust við.

¹⁶ Guðni Th. Jóhannesson, „Formáli“, bls. 15–16. – Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson, „Inngangur“, bls. 36.

¹⁷ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* I, bls. iii og II, bls. 346.

¹⁸ Bitterli segir m.a. um þetta efni: „The principal subject of my account is not the historical reality of events and states of affairs to which a particular source-text may refer; what appeals to me is the reality of the mental activity manifested in the travel narratives and scientific treatises of the time.“ Þessi þýðing á texta Bitterlis úr verki hans, *Die Entdeckung des schwarzen Afrikaners: Versuch einer Geistesgeschichte der europäisch-afrikanischen Beziehungen an der Guineaküste im 17. und 18. Jahrhundert* birtist í Ritchie Robertson, „Introduction“, bls. 1.

¹⁹ Ólafur Rastrick, *Háborgin*, bls. 18–20.

²⁰ Albert Krantz, *Chronica und Beschreibung der dreier Königreich* [bókarhluti um Noreg með sjálfstæðu blaðsíðutali], bls. v.

Hér er einnig við hæfi að spyrja hverjir settu fram þau viðhorf og skoðanir á löndunum lengst í norðri sem við höfum aðgang að? Við verðum að hafa í huga að við getum ekki hlustað á spjall sjómanna eða kraftmiklar sögur á krám í enskum, þýskum eða dönskum höfnum þó að til séu vitnisburðir um slíka skemmtan.²¹ Þær heimildir sem við höfum sýna að mestu hugmyndaheim menntaðs fólks úr efri lögum samfélagsins, þó að undantekningar séu frá því. Samskipti fólks af ólíku þjóðerni voru einkum bundin við ákveðna hópa menntamanna, t.d. sendimenn erlendra ríkja og einstaklinga í þjónustu kirkjunnar, en einnig kaupmenn, farmenn, pílagríma og hermenn. Allur þorri fólks, alþýða manna, hafði lítil samskipti eða kynni af framandi löndum og þjóðum, nema ef til vill sem hermenn og sjómenn. Þeir sem gerðu grein fyrir reynslu sinni voru í hópi hinna lærðu og þeir sem lásu slík verk tilheyrðu sama hópi. Undantekningarlítið voru þetta karlmenn úr borgum Evrópu eða höfðu að minnsta kosti bakgrunn þar og langflestir tilheyrðu hinum betur settu í samfélaginu, voru menntaðir og tengdir valdastéttunum.

Frá því á 18. öld stækkaði smám saman sá hópur sem ferðaðist og rit um fjarlæg lönd og eyjar náðu með auknu læsi einnig til ört vaxandi millistétta, bæði karla og kvenna. Konur fóru jafnvel að ferðast á eigin vegum og skrifa bækur um reynslu sína. Meðal hinna fyrstu í Vestur-Evrópu var austurríska ferðakonan, Ida Pfeiffer (1797–1858), undir miðja 19. öld sem fjallað er um síðar í verkinu.²² Ferðasögur urðu meðal vinsælustu bókmenntagreina á 19. öld og urðu smám saman hluti af daglegu lífi og reynslu fólks.²³

Á undanförnum árum hafa ýmsir rannsóknarhópar og fræðimenn unnið að rannsóknum á ímyndum Íslands og fleiri landa í norðri. Um árabíl, frá síðustu aldamótum, var t.d. starfandi við háskólann í Kiel í Þýskalandi rannsóknarverkefni sem var nefnt *Imaginatio borealis: Perception, Rezeption und Konstruktion des Nordens*. Innan þess var unnið að margvíslegum rannsóknum sem tengdust ímyndum norðursins, t.d. sögulega, tengt stjórnmálum, bókmenntum og menningu. Sjaldgæft

²¹ Jón Ólafsson Indíafari er dæmi um höfund sem hefur miðlað þjóðarímyndum eins og þær birtust meðal almennings á 17. öld. Í bók sinni greinir hann frá veru sinni á veitingahúsi í Kaupmannahöfn: „Einn hvatorður maður, sá eð var múrmeistari, sat þar á meðal annarra og lést kunna að segja hegðan og háttalag fólks í mörgum löndum, á meðal hverra var Íslands innbyggjarar, sem aumlega sáu út í hans texta og óvandaðri útlekkingu. ... Ég stend svo fyrir framan mitt borðið og tala ég til þessa manns, er svo lastlega hafði þessa lands fólki titalað, og til ályktunar hafði sagt að þetta fólk mætti ekki fólk heita, heldur sem svívirðilegustu kvikindi. Ég segi: „Vinur, ég heyr þú ert víða um lönd kunnugur og kannt dáfallega frá mörgu að skýra, og hvað mig ei síst undrar, að þú um Íslands háttalag ert vís orðinn, eður hefur þú siglt þangað?“ Hann bað Guð sig þar frá varðveita, og segir Óðinn [merkir hér djöfulinn] mætti það gjöra, en hann aldrei. Í því bili lét ég honum tvær gildar eyrnafíkjur [kjaftshögg] ríða. *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara*, bls. 55.

²² Ida Pfeiffer kom til Íslands árið 1845 en nánar er fjallað um frásögn hennar í ritinu á bls. 176–177 og 187–190.

²³ Karen Klitgaard Povlsen, „Eighteenth Century Stereotypes of the North: An Introduction“, bls. 11–12. – Klaus Roth, „Erzählen und Interkulturelle Kommunikation“, bls. 63.

var þó að þessar rannsóknir tengdust beint Íslandi eða Grænlandi.²⁴ Á hinum Norðurlöndunum hefur einnig verið unnið að rannsóknum á þessu sviði, aðallega sögulega. Þar má t.d. nefna *Den europæiske konstruktion af Norden 1700–1820: Fra dystopi til utopi*, sem var stjórnað frá háskólanum í Árósum í Danmörku (2001–2007). Frá árinu 2005 var rannsóknarverkefnið *Arctic Discourses* starfrækt við háskólann í Tromsø í Noregi. Svipaðar rannsóknir hafa einnig farið fram við háskólann í Umeå í Svíþjóð þar sem rannsóknarverkefnið *Foreign North* var rekið um árabíl. Fæst þessara rannsóknarverkefna hafa þó beint sjónum sínum að Íslandi eða Grænlandi en þær hafa verið höfundur þessa verks hvatning til þess að sinna rannsóknum á þjóðarímyndum Íslands og Grænlands. Slíkar athuganir fóru fram innan rannsóknarverkefnisins, *Iceland and Images of the North*, þar sem um 20 innlendir og erlendir þátttakendur einbeittu sér að rannsóknum á ýmsum hliðum á ímyndum landsins, bæði sögulega og í samtíma. Rit, undir sama heiti, þar sem rannsóknarmíðurstöður voru birtar kom út árið 2011 en höfundur þessara lína var jafnframt annar verkefnisstjóra verkefnisins og ritstjóri bókarinnar.²⁵ Þá má loks geta þess að nú er í gangi rannsóknarverkefnið *Denmark and the New North Atlantic* þar sem danskir, færeyskir, grænlandskir og íslenskir fræðimenn beina sjónum að innri og ytri ímyndum Íslands, Grænlands og Færeyja í samtímanum, með hliðsjón af sögulegri þróun þessara hugmynda.²⁶

Ýmsir fræðimenn, bæði innlendir og erlendir, hafa kannað einstakar hliðar á viðhorfum til Íslands. Þar telst *Landfræðissaga Íslands* (1896–1902) eftir Þorvald Thoroddsen sem fyrr er getið enn vera grunnrit, glæsilegt verk og til vitnis um ótrúlega elju og ástríðu fyrir efninu; höfundurinn hefur einfaldlega kynnt sér flest verk þar sem getið er um Ísland fram á ofanverða 19. öld og verður ekki miklu við bætt.

Hér má einnig geta um nokkur önnur mikilvæg verk, einkum frá ofanverðri 20. öld, en þau fjalla yfirleitt um tiltekna þætti. Þar er markverðast: Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands I–II* (1971 og 1972); einnig Frank Ponzi, *Ísland á 18. öld*, (1980) og *Ísland á 19. öld* (1986); í þeim verkum er rætt um hvernig Ísland var kynnt í erlendu myndefni á ofanverðri 18. öld og á 19. öld. Þýski fræðimaðurinn, Julia Zernack, fjallaði um viðtökur á Íslendingasögnum í Þýskalandi í rannsókn sinni *Geschichten aus Thule: Íslendingasögur in Übersetzungen deutscher Germanisten* (1994). Óskar Bjarnason hefur fjallað um líkt efni í greininni „Þegar Íslendingar urðu forfeður Þjóðverja. Eddur, Íslendingasögur og þjóðmenntastefna Diedrichsforlagsins 1911–1930“ (1999). Þá gaf höfundur þessa verks út bókina *Ísland, framandi land* (1996) þar sem gefið er yfirlit um

²⁴ Undantekning er rit Karinar Schaer, „...dette hidindtil saa lidet, dog mangesteds urigtig bekiende Land“. *Die Umdeutung des Islandbildes in Eggert Ólafssons Reise igiennem Island und ihr Einfluss auf die Konstruktion einer isländischen Identität im 18. Jahrhundert*.

²⁵ Sumarliði R. Ísleifsson og Daniel Chartier (ritstj.), *Iceland and Images of the North*.

²⁶ <http://tors.ku.dk/forskning/forskningpaafagene/minoritetsstudier/denmarkandthenewnorthatlantic/>, sótt í nóvember 2013.

viðhorf til Íslands frá miðöldum og til loka 19. aldar. Breski bókmenntafræðingurinn Andrew Wawn hefur rannsakað ítarlega viðtökur á íslenskri og norrænni menningu á 19. öld í Bretlandi og er þekktasta framlag hans á þessu sviði, *The Vikings and the Victorians* (2000); einnig eru margar fræðigreinar eftir hann um sama efni. Bandaríski sagnfræðingurinn Karen Oslund hefur fjallað um hvernig ímyndir Íslands, Grænlands og annarra svæða í norðri breyttust fram á 19. öld í bók sinni *Iceland Imagined. Nature, Culture, and Storytelling in the North Atlantic* (2011). Aðrir fræðimenn sem hafa fjallað um þessi efni á undanförunum árum eru m.a. Anna Agnarsdóttir, t.d.: „This Wonderful Volcano of Water“, *Sir Joseph Bank. Explorer and Protector of Iceland 1772–1820* (2004); einnig „In search of ‘a distinct and peculiar race of people’: The Mackenzie Expedition to Iceland 1810“, *Global Encounters and European Identities* (2010). Þá má geta um nokkur greinasöfn, t.d. *Images of the North, Histories, Identities, Ideas* í ritstjórn Sverris Jakobssonar (2009). – Þá hafa nokkrir höfundar fjallað um mótun sjálfsmýnda Íslendinga og má hér m.a. geta um *Íslenska þjóðríkið* eftir Guðmund Hálfðanarson (2001); *Hinn sanni Íslendingur* eftir Sigríði Matthíasdóttur (2004); *Við og veröldin* eftir Sverri Jakobsson (2005), *Kryptokoloniale landskaber* eftir Ann-Sofie Nielsen Gremaud (2012); *Háborgin* eftir Ólaf Rastrick (2013) og *Ódáinsakur* eftir Jón Karl Helgason svo nefnt sé eitt af verkum hans á þessu sviði (2013).

Nokkrir fræðimenn, einkum danskir, hafa kannað ýmsar hliðar á þjóðarímyndum Grænlands á undanförunum áratugum en þær rannsóknir hafa þó einkum náð frá ofanverðri 19. öld til samtímans. Mikilvirkust hefur fræðimaðurinn Kirsten Thisted verið. Eftir hana má m.a. nefna „The Image of Greenland in Danish Literary Narratives“, í *The Northern Space* (1996). Einnig „Eskimoeksotisme – et kritisk essay om repræsentationsanalyse“, í *Kult 3: Jagten på det Eksotiske* (2005); einnig „„Gj’r du en øl dansker“, Kim Leine og de danske stereotyper om Grønland“, í *Reiser og ekspeditioner i det litterære Arktis* (2011). Lill Rastad Bjørst hefur einnig fjallað um ímyndir Grænlands, m.a. í *En anden verden – fordomme og stereotyper om Grønland og Arktis* (2008). Enn má geta um Karen Langgård, „John Ross and Fr. Blackley – European Discourses about Inuit and Danes in Greenland 1700–1850“, *Northbound. Travels, Encounters and Constructions 1700–1830* (2007), svo nokkrar greinar séu nefndar. – Hér er loks einnig við hæfi að geta um danska sagnfræðinginn Finn Gad og yfirlitsrit hans, *Grønlands historie*, sem kom út í þremur bindum frá 1967–1976 en það verk er grunnrit um sögu Grænlands.

2 Hugtök og kenningar

2.1 Ímyndir

Andre, formeget indtagne af deres eget lands skik og moder, finde alt andet selsomt og latterligt, som strider derimod. Saaledes hvad som udi et land kaldes sømmeligt, kaldes udi et andet usømmeligt; hvad som en spanier kalder ærbarhed og gravitet, kalder en anden Nation hofmod og affectation, hvad som udi Frankrige heder artighed og fripostighed, kalde andre usømmelighed og flygtighed.²⁷

Þessi gagnrýnu orð norsk/danska prófessorsins og rithöfundarins Ludvigs Holberg (1684–1754) frá því á öndverðri 18. öld eru dæmi um algengt sjónarhorn og afstöðu fólks til annarra hópa og þjóða.²⁸ Holberg nefnir bæði að viðmið fólks geti verið afar ólík og að þeir sem séu mjög uppteknir af eigin sjálfi telji aðstæður annarra skrýtnar og hlægilegar. Holberg er hér í raun að fjalla um það hvernig þjóðarímyndir geta birst.

Hugtakið ímynd er eitt grundvallarhugtaka þessarar rannsóknar sem fyrr segir.²⁹ Hér er hugtakið ekki notað um myndir eða myndlíkingar heldur sem

the mental silhouette of the other, who appears to be determined by the characteristics of family, group, tribe, people or race. Such an *image* rules our opinion of others and controls our behaviour towards them. Cultural discontinuities and differences (resulting from languages, mentalities, everyday habits, and religions) trigger positive or negative judgements and images.³⁰

Þannig skilgreinir ítalski fræðimaðurinn Manfred Beller í stuttu máli ímyndahugtakið, hvaða hlutverki ímyndir gegna og á hverju þær byggja: Aðgreiningu í „okkur“ og „hina“. Sú aðgreining er meginþáttur ímynda í þessum skilningi og er innbyggð í öll menningarkerfi, stór og smá. Fólk og samfélög líta á sig sem miðdepil en staðsetja „hina“ annars staðar, sem framandi að meira eða minna leyti; oft á eins

²⁷ Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse* (1. útg.) bls. 2.

²⁸ Ludvig Holberg var fæddur í Bergen í Noregi en fékk háskólamenntun sína í Kaupmannahöfn og varð síðar prófessor við skólann. Hann ferðaðist víða á yngri árum og er þekktastur fyrir bókmenntaskrif sín. Hann var þó einnig afkastamikill höfundur fræðiritra. H. Ehrencron-Müller, *Forfatterlexicon*, 10. b., bls. 1 og áfram.

²⁹ Ímyndafræði eiga grunn sinn í samanburðarbókmenntum en hefur verið lýst svo að þau séu „a viable and fruitful approach to neighbouring specialisms (from cultural studies to postcolonial studies, and from social psychology and anthropology to art history), while at the same time signalling the profit that imagology itself can derive from exchanges with these neighbours.“ Manfred Beller og Joep Leerssen, „Foreword“, bls. xv. – Rannsóknir í þessa veru hafa eflst á nýjan leik á ofanverðri 20. öld eftir að hafa verið í öldudal um hríð. Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 9–10.

³⁰ Manfred Beller, „Perception, Image, Imagology“, bls. 4.

konar jaðri, jafnvel sem barbarar.³¹ Á ensku eru notuð hugtökin *otherness* eða *alterity* um þessar hugmyndir.³² Aðgreining í þessa veru hefur verið kunn frá því sögur hófust en varð sérstaklega áberandi á nýöld með tilkomu nýlenduvelda í Evrópu. Þau voru hin upplýsta valdamiðja en allt sem var þess utan var menningarlegur og efnahagslegur jaðar.³³

Nefna má að í stað hugtaksins ímynd/ímyndir eru oft notuð önnur hugtök þó að þau hafi ef til vill ekki alveg sömu merkingu, t.d. klisjur, staðalmyndir (*stereotypes*) og fordómar. Þá eru hugmyndir af þessu tagi einnig náskyldar ritklifum, *topoi*.³⁴ Ímyndahugtakið er þó víðtækara, enda notað um heildstæðari fyrirbæri. Munur þarna á milli er þó óskýr og allur gangur á hugtakanotkun í þessu sambandi. Til dæmis er hugtakið *representations* oft notað í stað ímyndahugtaksins.³⁵ – Þess skal getið að í þessari rannsókn er hugtakið ímynd yfirleitt notað í fleirtölu, sem ímyndir, andstætt því sem er algengt í daglegri umræðu þegar talað er um ímynd Íslands og annarra landa eða þjóða. Það er í samræmi við þá afstöðu að yfirleitt sé ekki rétt að gera ráð fyrir því að aðeins ein hugmynd sé áberandi eða allsráðandi heldur sé staða mála yfirleitt flóknari og því megi greina hugmyndir af margvíslegum toga.³⁶

Þeir fræðimenn sem rannsaka þjóðarímyndir líta á þær sem hluta af viðhorfum fólks í daglegu lífi. Þær birtist alls staðar og séu mikilvægur hluti af þeim hugmynda- og samskiptaheimi sem við búum í, hugmyndaheimi sem oft byggist á löngum hefðum. Þær geti haft mikil áhrif á hvernig við skynjum heiminn, enda sé því yfirleitt ekki svo farið að við sjáum fyrst og skilgreinum svo, heldur öfugt. Þá er átt við að „fordómar“ fólks hafi mikil áhrif á hvernig það upplifir aðstæður og fyrirbæri.³⁷ Ímyndafræði eru því aðferð til þess að rannsaka hvernig staðalmyndir birtast í framsetningu á eigin menningu og annarra, uppruna, einkenni og birtingarform þeirra.

Sumir fræðimenn staðhæfa að þjóðarímyndir geti verið lýsandi eða „descriptive“ og kunnir því að innihalda mikilvægar upplýsingar um þau fyrirbæri sem eru til umfjöllunar.

³¹ Hugtakið barbari hefur verið notað um fólk allt frá í fornöld, lengst af sem andstæðu siðmenntaðs fólks. Upphaflega var hugtakið notað um alla þá sem ekki töluðu grísku en var síðan útvíkkað og notað um fólk sem væri „síðlaust“. Martin Beller, „Barbarian“, bls. 266–269.

³² Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 11–12. Nánari umfjöllun um þessi efni er á bls. 19–23.

³³ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 36–37.

³⁴ Manfred Beller, „Perception, Image, Imagology“, bls. 8. – Manfred Beller, „Stereotype“, bls. 431. – Einnig Eyvind Fjeld Halvorsen, „Retorikk“, dálkar 89–96. – Á íslensku er topos nefnt ritklif. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 219–220.

³⁵ Hér er í raun átt við „social representations“; „social representations are about processes of collective meaning-making resulting in common cognitions which produce social bonds uniting societies, organisations and groups.“ Birgitta Höijer, „Social Representations Theory“, bls. 3.

³⁶ Um fleirtölunotkun á hugtökum í þessu samhengi, Stuart Hall, „Introduction“, bls. 11.

³⁷ Þessi staðhæfing er höfð eftir bandaríska fræðimanninum Walter Lippmann á þriðja áratug 20. aldar en Lippmann var með fyrstu fræðimönnum til að velta fyrir sér hlutverki staðalmynda, Manfred Beller, „Perception, Image, Imagology“, bls. 4. – Walter Lippmann, *Public Opinion*, bls. 81: „For the most part we do not first see, and then define, we define first and then see.“

Þær séu einfaldanir sem geti verið nauðsynlegar til þess að skilja flókin fyrirbæri.³⁸ Hlutverki staðalmynda í þessu samhengi hefur verið lýst svo:

Perception, understanding and representation are all obliged to use stereotypes. Stereotypes are not falsehoods, but simplified models which are necessary if we are to cope with the multiplicity of experience. The error lies not in using stereotypes, but in supposing that stereotypes are fully adequate representations. In addition, it is an error to which the self takes refuge when threatened, creating crude oppositions of them vs. us, black vs. white. However, it is possible, though difficult, to use stereotypes in a critical and tentative manner, as frames within which the reality of the Other can be perceived and described with precision.³⁹

Vel má taka undir þessar skoðanir um ólíkt hlutverk staðalmynda, annars vegar tilraun til þess að skilja heiminn, hins vegar til þess að leggja dóm á hann. Þessi ólíku hlutverk staðalmynda eru höfð í huga í þessari rannsókn. En í þessu verki er það þó einkum síðarnefnda gerðin sem er til umræðu, svokallaðar *evaluative stereotypes*, gildishlaðnar staðalmyndir. Þær eru það viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar.

Ímyndir hafa tvær hliðar, sem fyrr segir, sem eru óhugsandi og merkingarlausar án hvor annarrar, og því órofa tengdar, enda verða þær til fyrir víxlverkan hvor á aðra, þær eru díalektískar. Þegar sjálfsmyndirnar (e. *self-images*, þ. *Auto-stereotypen*) mótast verða einnig til ímyndir af framandleikanum eða ytri ímyndir (e. *external images*, *images of the other*; þ. *Hetero-stereotypen*).⁴⁰ Hér er því um að ræða andstæðurnar „við og hinir“ en hinir standa fyrir það sem er framandlegt (*the other*).

Oft er því gengið út frá því að sjálfsmatið, sjálfsmyndin, sé jákvæð en ytri ímyndin neikvæð, enda sé eigið umhverfi álitid hið eðlilega og sjálfsagða en önnur samfélög framandi og (stundum) neikvæð, vegna þess að þau skera sig frá því sem er talið eðlilegt.⁴¹ Þessi viðhorf eru því oft sjálfhverf eða þjóðhverf, *ethnocentric*. Mörg dæmi eru þó einnig um að sjálfsmyndir séu neikvæðar en ímyndir af hinum jákvæðar og á það ekki síst við um sjálfsmyndir jaðarsvæða þegar þau eru borin saman við „miðjuna“. Í menningarsöggunni má sjá ótal merki um skiptingu af þessu tagi, milli ríkja og þjóða, t.d. Dana og Þjóðverja, innan ríkja, t.d. Skota og Englendinga, en líka innan landshluta

³⁸ Sjá m.a. Jaakko Lehtonen, „Stereotypes and Collective Identification“. Hann segir m.a. um þetta á bls. 67–68: „According to the standard definition, stereotypes are beliefs about the characteristics of members of a certain group. They can either refer to mental representations or real differences between the groups of “us” and “them”. Sometimes, indeed, stereotypes may be rather accurate representations of reality, but more usually the concept is used to refer to perceptions which are not understood to be true. Although stereotypes can be positive as well as negative, in everyday usage they are most often understood as irrationally based negative attitudes to a certain social group and their members.“ – Í *Collins Dictionary of Sociology*, <http://www.collinsdictionary.com/dictionary/english/stereotype?> eru staðalmyndir skilgreindar á eftirfarandi hátt: „a set of inaccurate, simplistic generalizations about a group that allows others to categorize them and treat them accordingly.“

³⁹ Ritchie Robertson, „Introduction“, bls. 7.

⁴⁰ Jaakko Lehtonen, „Stereotypes and Collective Identification“, bls. 69–70.

⁴¹ Edward Said, *Orientalism*, bls. 54. – Jan Nederveen Pieterse, „Image and Power“, bls. 201.

og borga og milli borga og bæja. Þar má merkja aðgreiningu í annars vegar það sem er okkur tamt, þar sem regla ríkir og hins vegar það sem er framandi, á jaðrinum, þar sem jafnvel óreiða er ráðandi. Á nýöld varð skipting í þessa veru nátengd nýlendustefnunni og segja má að Vestur-Evrópa hafi orðið að einhvers konar miðju en flest eða allt annað verið álitíð framandi.⁴² Í samhengi þessa verks er því ekki síður mikilvægt að horfa til þess að staðalmyndir af þessu tagi eru hluti heimsmyndar, hluti af viðhorfum vestrænna þjóða til annarra heimshluta, viðhorfa sem hafa einkennst af yfirburðahyggju. Samkvæmt þeim viðhorfum hefur oft verið litið á aðra sem óæðri, skemmra komna. Þetta hefur hinn þekkti jamaíski fræðimaður Stuart Hall kallað „the West and the Rest“ þegar hann ræðir um mótun hugmynda í vestrænum ríkjum um aðra heimshluta.⁴³

Þjóðarímyndir byggja að hluta til á aðstæðum sem erfitt er að breyta. Mikilvæg hugtakapör í þessu samhengi eru smæð–stærð, völd–valdaleysi, norður–suður, austur–vestur, svartur–hvítur, miðja–jaðar, eyja–meginland, svo nokkur pör séu nefnd. Þannig er talað um ákveðið regluverk í tengslum við ímyndasköpunina, „structural constants in the stereotypical imagination“.⁴⁴ Ímyndir eiga sér oft djúpar sögulegar rætur og einkennast af því að „historical facts, rhetoric, legends and intentional or unintentional misunderstandings are mixed in a seemingly chaotic way.“⁴⁵ Þær búa því oft við mikið langlífi, enda má rekja svipaðar hugmyndir um Ísland allt frá fyrstu erlendu lýsingum um landið á 11. öld til samtíma okkar eins og síðar verður nánar rætt um.

Á hverjum tíma eru yfirleitt virkar nokkrar eða jafnvel margar þjóðarímyndir um hvert land, byggðar á mismunandi hefðum. Þjóðarímyndir eru því ekki einföld fyrirbæri. Þær geta verið allt í senn, breytilegar og stöðugar, jákvæðar og neikvæðar, einsleitar og samsettar, sýnilegar og lítt sýnilegar. Þær eru því margbrotin fyrirbæri.

Svo sem getið var um hér að framan er gengið út frá því að þjóðarímyndir séu ekki einhvers konar staðreyndir heldur hugmyndir.⁴⁶ Þeir sem kanna þjóðarímyndir út frá þessu sjónarhorni líta því ekki svo á að einstakar þjóðir eða hópar hafi eðlislæg og nánast óbreytanleg einkenni heldur er gengið út frá því að menning og menningareinkenni séu fyrirbæri sem eru mörkuð af aðstæðum, sögu og samspili menningarheima.⁴⁷ Það er

⁴² Í póstkólóníal fræðum hefur framandleikahugtakið verið notað um „the colonized others who are marginalized by imperial discourse, identified by their difference from the centre“. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 170. – Einnig Dipesh Chakrabarty, *Provincializing Europe*, bls. 7, 45; hann talar um „a hyperreal Europe“ í þessu samhengi.

⁴³ Stuart Hall, „The West and the Rest“, m.a. bls. 206–207.

⁴⁴ Raymond Corbey og Joep Lerssen, „Studying Alterity: Backgrounds and Perspectives“, bls. xvi.

⁴⁵ Peter Stadius, „Southern Perspectives on the North“, bls. 1.

⁴⁶ Diana Petkova, „Cultural Identity in a Pluralistic World“, bls. 17, 44. – Einnig Ernst van Alphen, „The Other Within“, bls. 15: „not presences behind the self or the other, but changeable products of the ongoing process of constituting a self-image“. – Einnig Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin*, bls. 39, 130–131.

⁴⁷ Stuart Hall, „The Question of Cultural Identity“, bls. 613 og áfram.

einmitt helsta viðfangsefni þessa verks að kanna lýsingar á Íslandi og Grænlandi sem hugmyndir um „aðra“. Ætlunin er því ekki að kanna hvort þessar lýsingar eigi rétt á sér eða ekki, svipað og Arngrímur Jónsson lærði (1568–1648) vann m.a. að í ritum sínum á 16. og 17. öld og margir aðrir höfundar síðar. Þessi viðhorf eru því andstæð hugmyndum sem hafa verið kenndar við *essentialism* sem merkir að tilteknar þjóðir eða hópar hafi hina eða þessa eðlislæga eiginleika; slík viðhorf má rekja aftur til grárrar forneskju og voru vel þekkt í fornöld og á miðöldum eins og bandaríski fræðimaðurinn James S. Romm hefur bent á.⁴⁸



Mynd 1. *Líf Íslendinga kynnt í Nordisk Penning-Magazin árið 1850. Hér er dregin upp mynd af íslensku samfélagi um miðja 19. öld þar sem fólkid annast um búféð í kuldalegu umhverfinu; sem sjá má er sumt af sauðfénu þríhyrnt og því óvenjulegt útlits. Landið í baksýn virðist snævi þakið og eldfjall og goshverir eru sýnileg, einkennistákn Íslands um þetta leyti. Um aldir hafði tíðkast að staðhæfa að aðstæður á Grænlandi og Íslandi væru um margt svipaðar eins og hér má sjá af því að húsakynni landsmanna virðast vera snjóhús, líkt og stundum á Grænlandi*

Þrátt fyrir að hér sé gengið út frá því að þjóðarímyndir séu „ímyndanir“ hafa þær þó haft mikil áhrif í daglegu lífi fólks og leikið stórt hlutverk í stjórnmálum og efnahagslífi. Þær eru því síst minni þáttur í „veruleika“ fólks en hvers konar önnur reynsla sem tengist margvíslegum gildum og viðmiðunum í lífi hvernar manneskju.⁴⁹ Eitt augljósasta dæmi þessu tengt eru neikvæðar ímyndir af blökkumönnum og gyðingum um langt skeið í vestrænum samfélögum. Þær ímyndir hafa sannarlega haft áhrif á veruleika þess fólks svo

⁴⁸ Diana Petkova, „Cultural Identity in a Pluralistic World“, bls. 16–17. – Einnig Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 77–80. – James S. Romm, *The Edges of the Earth in Ancient Thought*, bls. 45 og áfram.

⁴⁹ Peter Stadius, „Southern Perspectives on the North“, bls. 1.

ekki sé dýpra í árina tekið.⁵⁰ Hér á landi og í nágrannalöndunum höfðu Tyrkir lengi þessa stöðu, sem fulltrúar hins illa.⁵¹

Helsta viðfangsefnið er einmitt að greina þjóðarímyndir og varpa ljósi á uppruna þeirra, einkenni, samhengi og tilgang. Þeir sem lengst ganga á þessu sviði líta á það sem verkefni sitt að afhjúpa það neikvæða hlutverk sem þeir telja að staðlaðar hugmyndir um aðra leiki einkum.⁵² Önnur sjónarmið hafa þó einnig komið fram hvað þetta varðar. Sumir fræðimenn hafa þannig bent á að einnig séu langar hefðir fyrir því að draga upp jákvæðar ímyndir af því sem er framandi og því gildi að varast einfaldanir á þessu sviði.⁵³ Líkur á neikvæðum staðalmyndum séu fyrst verulegar þegar einhvers konar valdabarátta eigi sér stað eins og mörg dæmi eru um úr sögu Evrópu. Bandaríski fræðimaðurinn Mary Louise Pratt hefur á hinn bóginn bent á að ef til vill skipti ekki meginmáli hvort tiltekna lýsingar séu með neikvæðum eða jákvæðum formerkjum; hinar jákvæðu lýsingar á nýlendum og jaðarsvæðum hafi oft yfir sér yfirbragð sakleysis eða *anti-conquest*, eins og hún nefnir það. En þrátt fyrir það gangi þær í raun út frá sömu viðmiðum og lýsingar þessara svæða almennt gera, forræði Evrópubúa, þar sem viðfangsefninu er lýst í samræmi við ráðandi hugmyndaheim þess sem segir frá.⁵⁴

Mikilvægur hluti þessarar rannsóknar felst því einnig í að kanna nánar orðræðuna um þessi efni og ímyndahugtakið. Einn liður í þeirri athugun er einmitt að athuga hvort jákvæðar og neikvæðar ímyndir af öðrum þjóðum séu ef til vill af sama meiði og gegni svipuðu hlutverki þó að þær virðist ólíkar.

Áður en lengra er haldið er ástæða til að ræða nánar framandleikahugtakið, *the other, otherness*; þýðingin nær ef til vill ekki að fullu merkingu þess. Grunnur hugtaksins er vitaskuld að það, sá eða sú sem um er rætt er annað/annar en maður sjálfur, er hinn. Það fornafn hefur þó ekki reynst nýtilegt til þess að búa til nothæft

⁵⁰ Peter Hoppenbrouwers, „Medieval peoples imagined“, bls. 54–55. – Einnig Veronika Görög-Karady, „Ethnic stereotypes and folklore“, bls. 114–126.

⁵¹ Sbr. orðið „hundtyrki“; einnig Ann Helene B. Skjelbred, „The Turks in Norway“, bls. 64–69. – Þorsteinn Helgason hefur fjallað um minningar um Tyrkjaránið hérlendis í doktorsritgerð sinni, *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins*, sjá m.a. bls. 341 og áfram.

⁵² Edward Said hefur bent á nauðsyn þess að taka upp baráttu gegn hugmyndum um „collective identities for large numbers of individuals who are actually quite diverse ... [they] must be opposed, their murderous effectiveness vastly reduced in influence and mobilizing power.“ Edward Said, *Orientalism*, Anniversary Edition, bls. xxviii–xxix. – Einnig Diana Petkova, „Images of the North from a Distance“, bls. 161. – Manfred Beller, „Perception, Image, Imagology“, bls. 12–13. – Sherrill Grace, *Canada and the Idea of North*, bls. 24. Grace segir m.a. að þjóðarímyndir séu „at best a necessary practice that mediates socially constructed images of the self and the world, while at its worst it can block the real by replacing it and directing our attention or desire away from complex lived experience of a heterogeneous reality towards a simulacrum.“

⁵³ Raymond Corbey og Joep Leerssen, „Studying Alterity: Backgrounds and Perspectives“, bls. vii. – Í þekktu verki frá fyrri hluta 20. aldar, *Primitivism and Related Ideas in Antiquity*, hafa bandarísku fræðimennirnir, Arthur Lovejoy og George Boas, bent á mörg dæmi í þessa veru. – Einnig Joep Leerssen, „Celticism“, bls. 13–14.

⁵⁴ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 9.

hugtak á íslensku. Hér verður ekki farið út í sögu þessa hugtaks og uppruna, aðeins rætt um merkingu og notkun þess í fræðilegri umræðu á síðustu áratugum og hvernig framandleiki hefur verið gerður skiljanlegur.⁵⁵

Breski fræðimaðurinn John Gillies segir að fjarlæg lönd – og hefur þá í huga forngrískan menningaheim – hafi annars vegar verið „represented as inversions of Hellas“ en hins vegar sem „mirror images of each other“.⁵⁶ Franski fræðimaðurinn François Hartog tekur undir þessar skoðanir og talar um „a problem of translation“ í þessu samhengi: „To translate the difference, the traveler has at his disposal the handy figure of inversion, whereby otherness is transcribed as anti-sameness.“⁵⁷ Með öðrum orðum er um það að ræða að lýsingar á fjarlægum svæðum eru speglaðar af einu svæði yfir á annað, af einu fyrirbæri yfir á annað, annað hvort með samlíkingu eða sem andstæðu.

Hjá Grikkjum og Rómverjum urðu smám saman til hefðir um það hvernig ætti að lýsa framandi fyrirbærum í þessum anda og þær hefðir urðu ráðandi á miðöldum og lengi síðan. Þegar forngrískri sagnaritarinn Heródótos lýsti fólki á fjarlægum slóðum dró hann upp skýrar andstæður: Það étur orma og slöngur, hráan fisk og kjöt, býr ekki fast á sama stað, viðhefur dýrslegar samfaravenjur, trúir ekki á guð og er jafnvel mannætur.⁵⁸ Þegar komið var fram á 11. öld ræddi Adam frá Brimum um annarlegar verur sem hann hafði heyrt um, t.d. um amazónur sem yrðu þungaðar af vatnsdrykk. Austar væru hundhöfðar, hinir eineygðu og einfættu sem stykkju um á einum fæti, og þar væru líka mannætur.⁵⁹

Adam frá Brimum notaði líka samlíkingar, ekki bara andstæður. Þegar hann fjallaði um lífshætti Norðmanna lýsti hann því svo að þeir hefðu búsmala sinn úti í eyðimörkinni eins og arabar.⁶⁰ Í gömlum Íslandsfrásögnum var stundum sagt að Íslendingar rýttu eins og svín þegar þeir syngju. Með þessari samlíkingu náðist tvennt, að líkja „söng“ við hljóð dýra sem margir þekktu og um leið var gefið til kynna að viðkomandi fólk væri á afar lágu menningarstigi en lengi hafði tíðkast að líkja framandi fólki við dýr. Þá var líka vel þekkt að líkja Íslendingum síðar við

⁵⁵ Hugtakið *alterity* er einnig notað í þessu samhengi, sem fyrr segir, og þá einkum innan ímyndafræða. Nokkur meiningarmunur er á þessum tveimur hugtökum; þannig er hugtakið *alterity* fremur tengt samanburði en valdi. Hugtakið *the other* og *othering* er á hinn bóginn fremur tengt nýlendustefnu. Hugtakanotkunin er þó óskýr og oft eru þau notuð sem samheiti. Ég mun því nota íslenska hugtakið framandleiki um bæði *alterity* og *the other* og eitt af viðfangsefnum verksins verður þá meðal annars að meta hvað það er sem einkennir þann framandleika sem hefur birst á Íslandi og Grænlandi á umliðnum öldum. Sjá Joep Leerssen, „Identity/Alterity/Hybridity“, bls. 335–341. – Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 11–12, 169–173.

⁵⁶ John Gillies, *Shakespeare and the Geography of Difference*, bls. 8–9.

⁵⁷ François Hartog, *The Mirror of Herodotus*, bls. 212–213.

⁵⁸ Jeffrey Jerome Cohen, *Of Giants*, bls. 86, 155. – Reinhold Bichler, *Von der Insel der Seligen zu Platons Staat*, bls. 120. – Wilfried Nippel, „Ethnic images in Classical Antiquity“, bls. 35–37.

⁵⁹ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 212–214, 220.

⁶⁰ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 224.

Afríkubjóðir með hliðsjón af því hversu ófærir þeir væru um að tileinka sér nútímalega tækni og hversu latir þeir væru.⁶¹

Af framansögðu má sjá að staðalmyndir af þeim toga sem hér er rætt um birtast oft sem andstæður. Framandleikinn, jaðarinn er kynntur sem andstæða miðjunnar og framandi jaðarsvæði eru spegluð hvert í öðru; með jaðri er átt við svæði sem oft er fjarlægð miðað við tiltekna miðju en ekki síður „fjarlægð“ með tilliti til virðingar og valds. Það er andstæða miðjunnar í flestu eða öllu tilliti.⁶² Lýsingar á jaðrinum eru einnig fullar af andstæðum, ýmist jákvæðar eða neikvæðar: Paradís eða djöflaeyja, göfugur villimaður eða siðlaus villimaður, gæska eða illska.⁶³ Indverski fræðimaðurinn Homi Bhabha hefur fjallað um þessi einkenni orðræðunnar á eftirfarandi hátt. Hann segir að það sé

recognizably true that the chain of stereotypical signification is curiously mixed and split, polymorphous and perverse, an articulation of multiple belief. The black is both savage (cannibal) and yet the most obedient and dignified of servants (the bearer of food); he is the embodiment of rampant sexuality and yet innocent as a child; he is mystical, primitive, simple-minded and yet the most worldly and accomplished liar, and manipulator of social forces. In each case what is being dramatized is a separation – *between* races, cultures, histories, *within* histories – a separation between *before* and *after* that repeats obsessively the mythical moment or disjunction.⁶⁴

Það sem Bhabha lýsir hér er það sem hefur verið kallað *stereotypical dualism* og er eitt þeirra megineinkenna sem fram koma í lýsingum á framandleika.⁶⁵ Stundum eru beinlínis fundnir fulltrúar þessara ólíku sjónarmiða og þeir nafngreindir en iðulega birtast andstæð sjónarmið af því tagi sem hér er lýst um einn og sama hópinn, jafnvel í sama texta. Mikilvægt einkenni á þessum frásögnum er einnig hversu lýsingar frá ólíkum svæðum eru svipaðar, öll eða flest sérkenni hverfa: „Frumstætt“ fólk og framandi var allt talið hafa lík eða sömu einkenni, án tillits til þess hvar það byggir.⁶⁶

⁶¹ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 85 en hún tekur dæmi af lýsingu enska landkönnuðarins Richards Burton á Íslendingum. – Einnig David Theo Goldberg, „Racial Knowledge“, bls. 166–167. – Anne McClintock, „The White Family of Man“, bls. 296.

⁶² Sjá m.a., Joep Leerssen, „Centre/Periphery“, bls. 278–281.

⁶³ Hugmyndin um hinn göfuga villimann er einkum rakin til 18. aldar, ekki síst franska hugmyndafræðinga, þar sem hún er sett fram sem andstaða við spillt og rotið samfélag Vesturlanda. Þessi viðhorf eru þó mun eldri og má rekja þau allt aftur til fornaldar. Sjá m.a. Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 217–219.

⁶⁴ Homi Bhabha, *The Location of Culture*, bls. 118.

⁶⁵ „split into two opposing elements“, Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 215–216.

⁶⁶ Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 212.



Mynd 2. Á þessari mynd úr Geographia Universalis frá því undir lok 17. aldar er kynnt sú hugmynd að samfelldur dagur sé í sex mánuði og nótt í aðra sex í löndum og eyjum langt í norðri; rómverski fræðimaðurinn Plíníus og fleiri fornaldarhöfundar héldu því fram að þannig væri ástandið í Thule og landi Hyperborea. Hér er þessi hugmynd yfirfærð á Ísland og fleiri lönd í norðri.

Hér er einnig mikilvægt að geta um að fornar lýsingar á framandi svæðum voru iðulega „speglaðar“ yfir á síðari tíma aðstæður og mannlíf á áður ókunnum svæðum, ekki síst yfir á „nýja heiminn“ og önnur „nýfundin“ lönd og svæði. Á þann hátt var reynt að gera aðstæður á þessum slóðum skiljanlegar. Í lýsingum frá Ameríku á 16. og 17. öld birtust þessi áhrif skýrt þar sem frásagnir fornaldar á furðuverum voru stundum yfirfærðar á frumbyggja Ameríku og gamlar hefðir lagaðar að nýjum aðstæðum.⁶⁷ Þannig var vel þekkt að indíánum í Ameríku, íbúum Suðurhafseyja og fólki á norðurhjara veraldar væri lýst á svipaðan hátt og Grikkir höfðu greint frá fólki á svæðum sem þeir töldu framandi og barbarísk á sínum tíma. Þá má geta þess að Ísland var lengi vel talið vera hið forna Thule og fornar Thulefrásagnir því fluttar yfir á Ísland þar sem þær lifðu góðu lífi í hundruð ára, til dæmis hugmyndin um að þar væri samfelld nótt í sex mánuði og samfelldur dagur í aðra sex. Þannig öðluðust þessar hugmyndir nýtt líf. Lýsingar á tilteknum svæðum og þjóðum gátu því auðveldlega „flotið“ á milli landa og þjóða, bæði í tíma og rúmi og orðið furðu langlífar.⁶⁸

Bæði François Hartog og John Gillies benda á að frásagnir sem fjalla um það sem er framandi verði helst að innihalda líka eitthvað sem er undarlegt, jafnvel hryllilegt.⁶⁹ Þá eru fyrirbærin sem lýst er stundum blendin, hvorki né eða bæði og, dýr og menn í sama fyrirbæri og því „óhrein“, hluti af veröld sem er í óreiðu.⁷⁰ Farið er yfir mörk þess eðlilega og leyfilega, t.d. hvað varðar stærð/smæð (risar, dvergar, pygmear), aldur (fólk lifir í margar aldir) og útlit (t.d. maður og hundur í einu og sama fyrirbæri, karlar og konur líta eins út, eða einfaldlega „villimannlegt“ útlit) og hegðan (t.d. mannát eða sífjaspell); þessi fyrirbæri eru með öðrum orðum *grotesque*.⁷¹ Framandleiki verður því líka réttlætning þess samfélags sem er með því að setja fram andstæðu þess: Hið undarlega, illa og djöfullega

⁶⁷ Mary B. Campbell, *The Witness and the Other World*, bls. 10. – Antony Pagden, *European Encounters with the New World*, bls. 54.

⁶⁸ Wilfried Nippel, „Ethnic images in Classical Antiquity“, bls. 42–43. – Einnig Götz Pochat, *Das Fremde im Mittelalter*, bls. 12–13: „die Vorstellungen des Fernen und Fremden im Mittelalter recht schematisch und konstant gewesen sind ... Die einmal geprägten Vorstellungen und Begriffe konnten ... über Jahrhunderte hinweg behaupten“.

⁶⁹ *Thoma* á grísku, *marvels, curiosities* á ensku. François Hartog segir ennfremur um þetta: „Thus accommodated by the narrative, *thoma* may be reckoned among the procedures by the rhetoric of otherness. Generally speaking, the impression it conveys is one of trustworthiness, for the narrator cannot fail to produce this rubric, which is expected by his public. To omit it would be, at a stroke, to ruin his credibility. ... Great beauty and extreme rarity are the constituents of *thoma*. In other words, *thoma* can be regarded as translating difference: one of the possible transcriptions of the difference between what is here and what is there, far away.“ *The Mirror of Herodotus*, bls. 231–232. – Einnig John Gillies, *Shakespeare and the Geography of Difference*, bls. 8. – Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, bls. 6.

⁷⁰ Mary B. Campbell, *The Witness and the Other World*, bls. 79–80. – Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, m.a. bls. 21, 36–38.

⁷¹ Jeffrey Jerome Cohen, *Of Giants*, bls. 10, 38. – Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, bls. 44 og áfram, 55–57; *grotesque* er dregið af *grotto* en á 15. öld fundust neðanjarðar í Róm skreyttar hvelfingar Neros keisara.

og það sem er bannað, *taboo*. Landfræðilega voru þessi fyrirbæri staðsett á jaðrinum, í skógum, óbyggðum, eyjum og útlöndum.

Rétt er að taka fram að þessi fyrirbæri gegndu einnig því hlutverki að vera einfaldlega til skemmtunar, það sem er hryllilegt og bannað hefur líka skemmtanagildi, og er enn svo. Sæskrímslin hafa t.d. gengið í endurnýjun lífdaga með sögunni um *Moby Dick* eftir Hermann Melville (1851) en líka í frásögnum af risahákörslum í samtímanum. Skrímsli eru því til á öllum tímum.⁷²

2.2 Þekking, orðræða, vald

Á miðöldum og lengi síðan byggðist þekking einkum á elstu textum vestrænnar menningar, fornum textum Grikkja og Rómverja og Biblíunni. Flestir eða allir sem menntuðust og skrifuðu bækur á miðöldum og síðar kynntu sér þessa texta. Lesnir voru klassískir höfundar, t.d. Hómer (8. öld f. Kr.), Virgill (70–19 f. Kr.) og Óvíd (43 f. Kr.–18 e. Kr.) en líka höfundar alfræðiritra eins og Plíníus eldri (23–79), og nokkru yngri höfundar slíkra rita, m.a. Sólínus (3. öld), nefndur *polyhistor* eða hinn lærði. Þá nutu ármiðaldahöfundar eins og Spánverjinn heilagur Ísidór frá Sevilla (560–636), Rómarbúiinn Jordanes (6. öld) sem ritaði um sögu Gota, og Englendingurinn Beda Venerabilis (672/673–735) mikillar virðingar, svo aðeins nokkrir séu nefndir. Mikið til sömu höfundar voru lesnir í flestum skólum. Saman mynduðu Biblían og verk nokkurra fornaldar- og miðaldahöfunda því grundvöll þeirrar þekkingar sem byggt var á, t.d. í landafræði, sögu og þjóðfræði.⁷³ Nemendur í skólum miðalda og fræðimenn, allt fram á 19. öld, – jafnvel lengur – tóku sér til fyrirmyndar þessa texta, bæði form og innihald.⁷⁴

⁷² Jeffrey Jerome Cohen, *Of Giants*, bls. 144, 166–167, 177. – Hermann Melville, *Moby-Dick; or, The Whale*. – Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, bls. 40–41, 58–59. Hún segir m.a.: „Perhaps just as every age needs knights in shining armour, so too it needs fire-breathing dragons. We share with our medieval ancestors many of the same fears: the dark, lonely wilderness, strangers, dangerous creatures, things that go bump in the night. So, too, do we share a desire to transform these fears into thrilling and terrifying tales, enjoying the cathartic thrill of cinematic horror as much as medieval people must once have enjoyed hearing of cannibals, vicious reptiles and cunning demons.“

⁷³ Rudolf Simek, *Altordische Kosmographie*, bls. 11 og áfram. – John Gillies, *Shakespeare and the Geography of Difference*, bls. 32. – Stuart Hall getur um fjóra meginþætti sem hafi verið uppspretta þeirra hugmynda, það „archive“, sem „Vestrið“ gat leitað í um „Restina“ („the West and the Rest“) eins og Hall orðar það. Hann hefur þá í huga hvernig vestrænir höfundar frá öndverðri nýöld og lengi síðan nýttu sér fornar heimildir til þess að lýsa „framandi“ löndum í samtíma sínum. Þessir þættir eru klassísk þekking og rit; trúarlegar og Biblíulegar heimildir; mýtur og loks frásagnir ferðalanga. „The West and the Rest“, bls. 206–207. Að mati höfundar þessa verks skipta tvær fyrstnefndu heimildirnar meginmáli, enda eru tveir síðarnefndu flokkarnir iðulega byggðir á þeim.

⁷⁴ Ernst Robert Curtius, *European Literature and the Latin Middle Ages* (1990), m.a. bls. 48–105. – Meðal þeirra höfunda sem hvað mest var vitnað til varðandi landafræði og framandi þjóðir voru Sólínus og heilagur Ísidór. Sá fyrrnefndi tók saman eins konar alfræði, *Collectanea rerum memorabilium*. Það varð undirstöðurit á sínu sviði í meira en þúsund ár. Sólínus byggði umfjöllun sína að miklu leyti á eldri höfundum, einkum Plíníus eldra en hefur verið sakaður um að mislesa, rangtúlka og hræra saman óskyldu efni. Það breytir þó ekki því að Sólínus varð eitt helsta átrúnaðargoð miðaldahöfunda, svo sem

Þeir sem gerðust rithöfundar studdust við reglur um það hvernig ætti að byggja upp texta og hvernig ætti að lýsa tilteknum fyrirbærum, t.d. framandi þjóðum eða eyjum. Afar mikilvægt er að hafa í huga þennan þekkingargrunn þegar rætt er um lýsingar á Íslandi og Grænlandi á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, enda litast orðræðan um löndin tvö mjög af honum.

Hér er nefnt hugtakið orðræða. Í almennri umræðu er hugtakið oft notað um framsetningu í máli. Í þessu samhengi er merkingin afmarkaðri og á við það hvernig fjallað er um tiltekin málefni, út frá hvaða sjónarhóli. Hlutverki hennar í því samhengi hefur verið lýst svo: „Discourse is important ... because it joins power and knowledge together. Those who have power have control of what is known and the way it is known, and those who have such knowledge have power over those who do not.“ Í raun hefur hugtakið oft verið notað sem samheiti fyrir hugmyndafræði.⁷⁵

Franski fræðimaðurinn Michel Foucault (1926–1984) er frumkvöðull að kenningum um orðræðu, *discourse*, sem farveg fyrir þekkingu án þess að hér verði farið nánar í umfjöllun hans.⁷⁶ Hér er hugtakið einkum tengt við nýlendustefnu sem orðræða nýlenduhyggjunnar, *colonial discourse*.⁷⁷ Á undanförunum áratugum hafa

Jordanesar, Beda og Dicuilusar (9. öld) svo nokkrir séu nefndir. Sjá m.a. *Der neue Pauly* 11. bindi, bls. 702. – Meðal þeirra sem studdust einnig við Sólínus má nefna Adam frá Brimum, *Adam of Bremens krönike*, m.a. bls. 214–215. – Einnig „Um alfræði“, bls. lxxii–lxxvii. – Jakob Benediktsson, „Innledning“, bls. xlv. – Í alfræði sinni, *Etymologiae*, reyndi heilagur Ísidór að gera grein fyrir flestum sviðum mannlegrar þekkingar. Verkið var byggt að miklu leyti á eldri heimildum, ekki síst Sólínusi. Sú samsuða átti síðan eftir að verða viskubrunnur fræðimanna allar miðaldir og undirstaða þekkingar í átta aldir, segir hinn þekkti þýski bókmenntafræðingur Ernst Robert Curtius, *European Literature and the Latin Middle Ages* (1990), m.a. bls. 455–456, 496. – Samlandi hans, sagnfræðingurinn Anna-Dorothee von den Brincken, staðhæfir að fyrst á 12. öld hafi komið fram verk sem rauf einokun Ísidórs hvað varðar fróðleik um sögu og náttúruvísindi: *Imago Mundi* eftir guðfræðinginn Honorius Augustodensis (1080–1154) sem naut geysilegrar hylli og hafði mikil áhrif á heimsmynd fólks og framsetningu fræðiritra um alla Vestur-Evrópu, einnig á Íslandi; Anna-Dorothee von den Brincken, *Fines Terrae*, bls. 68–69. – Á ármiðöldum komu til fleiri höfundar sem síðar urðu einnig mikils virtir, t.d. Beda munkur (um 700), sem síðar varð heimild við ritun Landnámu á 13. öld, *Íslendingabók – Landnámabók*, bls. 31.

⁷⁵ Sjá m.a. Ann Rigney, „Discourse“, bls. 313–315. – Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 72. – Stuart Hall hefur skilgreint orðræðu á efturfarandi hátt: „A discourse is a group of statements which provide a language for talking about – i.e. a way of representing – a particular kind of knowledge about a topic. When statements about a topic are made within a particular discourse, the discourse makes it possible to construct the topic in a certain way. It also limits the other ways in which the topic can be constructed.“ Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 201.

⁷⁶ Sjá m.a. Michel Foucault, *Power and Knowledge*, bls. 109–133; einkum á bls. 112 og 119.

⁷⁷ Orðræðu nýlenduhyggjunnar hefur verið lýst svo: „Colonial discourse is thus a system of statements that can be made about colonies and colonial people, about colonizing powers and about the relationship between these two. It is the system of knowledge and beliefs about the world within which acts of colonization take place. Although it is generated within the society and cultures of the colonizers, it becomes that discourse within which the colonized may also come to see themselves. At the very last, it creates a deep conflict in the consciousness of the colonized because of its clash with other knowledges (and kinds of knowledge) about the world.“ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies* bls. 42, 211.

rannsóknir á framandleika jaðarsvæða og -landa beinst mjög að tengslum orðræðu, þekkingar og valds. Mikilvægt er að gera þessu skil vegna þess að rök verða leidd að því síðar í þessu verki að orðræða sem tengist nýlenduhyggju hafi haft veruleg áhrif á umfjöllun um Grænland og Ísland, einkum fyrrnefnda landið.

Nýlendustefna og tengsl nýlenduvelda og nýlendna hafa verið mikið rædd um langt árabil meðal fræðimanna í anda póstkólóníalísma (*postcolonialism*).⁷⁸ Með því er átt við að fjalla um viðfangsefni með hliðsjón af því hvaða afleiðingar nýlenduvæðing hefur haft fyrir tiltekið samfélag. Jafnframt er fjallað um viðbrögð við nýlendustefnunni og gengið út frá því að áhrif hennar á menningarleg gildi séu afar langlíf og komi fram löngu eftir að pólitísk og hernaðarleg yfirráð eru liðin undir lok. Hugtakið og rannsóknaraðferðir tengdar því eru þó mjög víðtækar og hafa verið notuð um flest tengsl sem byggja á valdamisvægi tveggja eða fleiri samfélaga. Þær hafa því ekki eingöngu verið notaðar til þess að kanna tengsl nýlenduvelda og nýlendna heldur einnig svipuð tengsl innan ríkja, t.d. Englands við Írland, Skotland og Wales.⁷⁹

Orðræða nýlenduhyggjunnar einkennist af ójafnvægi, valdamisvægi á milli menningarheima.⁸⁰ Íbúar nýlendna og annarra fjarlæggra svæða voru taldir frumstæðir og barnalegir, á óæðra menningarstigi. Lífshættir þeirra væru staðnaðir eða forsögulegir. Stundum voru lýsingar „jákvæðar“ og fjallað um þessi svæði sem jarðneska paradís, eins konar gullöld; þar var óbrotið og frumstætt líf í skauti náttúrunnar, einföld samfélagsgerð; fagar konur, nekt, kynlíf án blygðunar. Fólk hagaði sér á margan hátt eins og börn og stjórnaðist ekki af skynsemi heldur af kenndum.⁸¹

En andstæðar lýsingar voru ekki síður algengar. Eftir að komið var fram á 16. öld var íbúum Afríku og Ameríku iðulega lýst þannig að þeir væru heiðingjar, gráðugir og drykkfelldir, lostafullir og þjófóttir, sóðalegir og stunduðu fjölkvæni, jafnvel mannát. Þá var oft getið um litaraft, augnsvip, að erfitt væri að greina á milli kynja; einnig galdur, að

⁷⁸ Póstkólóníalísma er hugtak sem hefur verið notað „by literary critics to discuss the various effects of colonization“. Það er notað „in wide and diverse ways to include the study and analysis of European territorial conquests, the various institutions of European colonialisms, the discursive operations of empire, the subtleties of subject construction in colonial discourse and the resistance of those subjects, and most importantly perhaps, the differing responses to such incursions and their contemporary colonial legacies in both pre- and post-independence nations and communities. ... It is clear ... that post-colonialism as it has been employed in most recent accounts has been primarily concerned to examine the processes and effects of, and reactions to, European colonialism from the sixteenth century up to and including the neo-colonialism of the present day.“ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 186–188.

⁷⁹ Talað er um *post-colonial reading* með hliðsjón af „inescapable effects of colonization on literary production, anthropological accounts; historical records; administrative and scientific writing. It is a form of deconstructive reading.“ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 192–193. – Einnig Michael Herzfeld, „The Absent Presence“, bls. 920. – János Riesz, „Postcolonialism“, bls. 400–403.

⁸⁰ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 7–9.

⁸¹ Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 209–210. – Winthrop D. Jordan, „First Impressions“, bls. 44–45. – Einnig Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 40–41.

fólk væri þjófótt, fyrir utan klæðnað og húsakynni.⁸² Sambærilegar lýsingar eru einnig vel þekktar frá svæðunum lengst í norðri, t.d. á 17. og 18. öld. Í bók sinni *A New Geographical and Historical Grammar* staðhæfði enski ferðasögu- og landfræðirithöfundurinn Thomas Salmon (1679–1767) eftirfarandi: „The human species of these cold and sterile climates seem very different from those to the Southward of them: the people ... are ill-shaped, with large heads, and short, scarcely exceeding in stature five feet; and their intellect very inconsiderable.“⁸³ Samkvæmt lýsingu Salmons var fólkíð dvergvaðið og illa gefið og hann tengdi lífshætti, útlit og greind við búsetu þess nyrst í heimi, kuldann og loftslagið.

Það var palestínsk-bandaríski fræðimaðurinn Edward Said (1935–2003) sem tengdi orðræðuhugtakið við rannsóknir á nýlendustefnu og setti fram kenningar um hvernig Vestrið mótaði mynd af Austrinu, *The Orient*, sem *the other* í samræmi við hagsmuni sína en án tillits til þess hvernig fólk á þessum slóðum leit á sjálft sig. Þessar kenningar varða það hvernig þekking, fræði og hugmyndir um nýlendur og önnur framandi svæði eru kerfisbundin í ákveðna gerð af orðræðu sem birtist alls staðar, í vísindaritum, ferðasögum og skáldverkum, blöðum og tímaritum, í skólabókum, á landakortum og í allri sjónrænni miðlun.⁸⁴ Um þetta hefur Said sagt m.a.:

My contention is that without examining Orientalism as a discourse one cannot possibly understand the enormously systematic discipline by which European culture was able to manage – and even produce – the Orient politically, sociologically, militarily, ideologically, scientifically, and imaginatively during the post-Enlightenment period.⁸⁵

⁸² Fræðimaðurinn Stuart Hall hefur fjallað um meintan þjófnad „frumbyggja“ frá aðkomumönnum á framandi slóðum, m.a. frá leiðangursmönnum í leiðangri Cooks á Tahiti á ofanverðri 18. öld. Í því samfélagi var ekki gengið út frá einkaeignarrétti, ólíkt samfélagi leiðangursmanna. Hinir fyrrnefndu gengu út frá því, eftir að leiðangursmenn höfðu ausið yfir þá gjöfum, að þeirra réttur gildi og fóru að „hjálpa sér sjálfir“. Þegar það vitnaðist voru þeir ásakaðir um þjófnad af Cook og áhöfn hans og fylgdu margvíslegir árekstrar í kjölfarið. Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 212. Mörg sambærileg dæmi er að finna, m.a. í lýsingum frá Grænlandi og Íslandi þar sem fjallað er um hversu þjófótt og svikult fólk í þessum löndum væri. – Stuart Hall hefur lýst þessari orðræðu svo: „Europe ... produced this new identity in the course of representing itself as a distinct, unique, and triumphant civilization, and at the same time marking its difference from other cultures, peoples and civilizations. These “Others” were incorporated into the West’s image of itself – into its language, its systems of representation, its forms of knowledge, its visual imagery, even its conception of what sorts of people did and did not have access to reason itself. This encounter with difference and the construction of “otherness” is sketched in relation to the European exploration and conquest of the Americas, Asia, Africa, and the Pacific between the fifteenth and nineteenth centuries.“ Stuart Hall, „Introduction“, bls. 7; einnig Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 219–221. – Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 43, 46–49.

⁸³ Thomas Salmon, *A New Geographical and Historical Grammar*, bls. 256–257.

⁸⁴ Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 203–205. – Einnig Henk van der Liet og Astrid Surmatz, „Indledning: Postkolonialisme og nordisk litteratur“, bls. 5–6.

⁸⁵ Edward Said, *Orientalism*, bls. 3. – Margir aðrir fræðimenn hafa starfað út frá svipuðum forsendum, t.d. Mary Louise Pratt, sem hefur rætt um „a large-scale effort to decolonize knowledge, history and human relations“ á síðustu áratugum 20. aldar. *Imperial Eyes*, bls. 3.

Mannfræðingurinn Brian Dolan hefur einnig unnið út frá svipuðum forsendum við könnun sína á skrifum vestur-evrópskra fræðimanna um „jaðarsvæði“ í álfunni. Hann staðhæfir til dæmis að ferðamenn sem fóru frá Vestur-Evrópu til Grikklands á 19. öld hafi einkum farið þangað í þeim tilgangi „to discover *classical* antiquity, not modern Greece, which was thought to hold value for illuminating Western values. Those born and bred in the East were irrelevant – almost transparent – in travelers’ accounts.“ Umfjöllun um landið í kjölfarið hafi því ekki tekið mið af aðstæðum í landinu og fólkinu sem þar bjó heldur hafi þær algjörlega verið á forsendum ferðalanganna og „sérfræðinganna“ um Grikkland sem lofuðu mannlíf, fræði og hetjuskap Grikklands hins forna. Í raun hafi markmiðin fyrst og fremst miðast við „national claims to superiority“ með því að benda á hve margt væri líkt með eigin landi og Grikklandi hinu forna. Saga þess og menning hafi því verið notuð til þess að byggja upp sjálfmyndir ríkja og þjóða í Vestur-Evrópu en samhliða hafi samtími Grikklands verið gerður ósýnilegur.⁸⁶

Með öðrum orðum þá eru textar sem innihalda lýsingar á öðrum þjóðum oft ekki það sem þeir sýnast vera. Þeir geta virst vera hlutlæg lýsing á framandi landi, þjóð eða þjóðflokki en eru oft í verunni annað hvort „starry-eyed exoticism“ eða „wholesale denigration and inferiorization“ eins og hollenski fræðimaðurinn Paul Voestermans hefur orðað það.⁸⁷ Danski bókmenntafræðingurinn, Kristen Thisted, hefur einmitt komist að svipaðri niðurstöðu varðandi það í hvaða hlutverk Grænland hafi verið sett í umræðum í Danmörku. Hún segir að landið hafi „symbolically and in reality – played the part of the Danes’ private wilderness, serving as an arena for all kinds of fantasies that cannot be realized in Denmark.“ Sú mynd sem hafi verið dregin upp af Grænlandi hafi því algjörlega verið á forsendum þeirra sem skrifuðu um landið í Danmörku.⁸⁸

Áður en skilið er við þessa umfjöllun er rétt að geta þess að þessar hugmyndir hafa verið gagnrýndar töluvert. Spurt hefur verið m.a. hvort innlendar framsetningar, sjálfmyndir, séu endilega réttari eða sannari en sjónarmiðin að utan og að baki sjálfmyndunum séu einnig hagsmunir og togstreita.⁸⁹ Því er til að svara að spurningin stendur e.t.v. ekki um það hvort sjónarmiðið sé réttara heldur um réttinn til að koma sjónarmiðum á framfæri og það að rétturinn sé ekki einungis hjá þeim sem hafa valdið til að miðla í sínum höndum.

Sumur fræðimenn hafa heldur ekki viljað gera eins mikið úr því að vald og yfirráð hafi áhrif á orðræðuna. Þeir telja að það hafi verið/sé fullkomlega eðlilegt að túlka hið óþekkt í ljósi þess þekkt; á þann hátt hafi orðið til þekking á óþekktum svæðum. Breski sagnfræðingurinn Robert Irwin tekur undir þessi sjónarmið og gagnrýnir

⁸⁶ Brian Dolan, *Exploring European Frontiers*, bls. 126, 179.

⁸⁷ Paul Voestermans, „Alterity/Identity“, bls. 221–222.

⁸⁸ Kirsten Thisted, „The Power to Represent“, bls. 335.

⁸⁹ Kirsten Thisted, „The Power to Represent“, bls. 328–329.

Edward Said harðlega, einkum fyrir þá afstöðu að telja að vald liti í stórum dráttum alla framsetningu um Austurlönd nær.⁹⁰ Annar sagnfræðingur, hin bandaríska Maya Jasanoff, prófessor í Harvard, tekur undir með Irwin hvað það varðar að margvíslegrar ónákvæmni gæti í bók Saids eins og margoft hafi verið sýnt fram á en metur framlag hans engu að síður mikils:

Said wanted to break down what he saw as a false 'distinction between pure and political knowledge'. Does that mean facts do not exist, or that evidence does not matter? Certainly not. But it does mean that scholars ought to be aware of the circumstances governing the kind of knowledge they produce and circulate ... So thank goodness for Orientalists like those profiled by Irwin, who have sought to reach across cultural divides and understand languages, histories and faiths other than their own. But thank goodness too for Orientalism, which has helped make scholars more conscious of the sources of their own perspectives and privileges in the first place.⁹¹



Mynd 3. Fólki úr suðri, norðri, austri og vestri, hinir suðrænu nánast klæðlausir en hinir norðlægu klæddir dýrafeldum; úr bókinni *Der Politische, Catholische Passagier frá 1721*. Fólkið og aðstæður þess er vissulega ólíkt en það átti framandleikann sameiginlegan, andstæðu menningar og háttu Evrópumanna.

⁹⁰ Rüdiger Joppien og Bernard Smith, *The Art of Captain Cook's Voyages*, bls. 8. – Robert Irwin hefur gagnrýnt rit og sjónarmið Edwards Saids harðlega og kallað *Orientalism* „a work of malignant charlatanry“. Röksemdir hans eru m.a. að verkið sé fullt af rangfærslum, höfundurinn sniðgangi arabíska fræðimenn, fræðilegur grunnur hans sé veikur og hann hafi enga tilraun gert til þess að leiðrétta augljósar villur þegar *Orientalism* var endurútféfin; þó séu í verkinu „some grains of truth“, sjá *For Lust of Knowing*, bls. 4, 282, 289–290, 299, 304, 309. Máli sínu til stuðnings vísar hann í annan þekktan breskan fræðimann, Ernest Gellner (1925–1995), sem hafi einnig gagnrýnt verk Saids.

⁹¹ Maya Jasanoff, „Before and after Said“, bls. 14–15.

Undir þessi sjónarmið má taka, varast ber að taka kenningar Sains of bókstaflega, enda getur það leitt til of einhliða túlkana á heimildum. En fram hjá því verður ekki litið að sjónarmið „miðjunnar“ og „valdsins“ eru oft eða oftast skýr og stundum allsráðandi í verkum vestur-evrópskra fræðimanna og ferðalanga um fjarlæg svæði og nýlendur Evrópumanna. Og það voru þessar hugmyndir sem urðu ráðandi; viðbrögð jaðarsins urðu – ef þau urðu þá nokkur – oftast en ekki þau að bregðast við sjónarmiðum að utan. Fólk í nýlendum og á margs konar jaðarsvæðum hafði ekki sömu tækifæri – og oftast engin tækifæri – til þess að draga fram sín sjónarmið og túlka fyrirbæri í samræmi við eigin reynslu.⁹²

Hugtakið óríentalismi sem Said kom á framfæri hefur síðar verið yfirfært, oft umbreytt, á önnur svæði, enda hefur umræðan verið svipuð, hvort sem hún tengdist hinu nyrsta norðri, fjarlægja austri, villta vestri, eða litið var til suðurs.⁹³ Það er einmitt eitt helsta viðfangsefni þessarar ritsmíðar að kanna hvort og hvernig megi greina í orðræðu um nyrstu svæði Evrópu sameiginleg einkenni, eins konar bórealisma, sem sé svipaðrar merkingar og óríentalismi og hafi svipað innihald.

2.2.1 Hvers konar valdatengsl?

Ef nýta á fræðilega umræðu um nýlendustefnu verður ekki hjá því komist að leita svara við þeirri spurningu hvort Ísland og Grænland hafi verið nýlendur. Hér á landi hefur verið tilhneiging til þess að hafna því að umræða um nýlendutengsl af einhverju tagi eigi við um sögu Íslands og hið sama á einnig við um fleiri lönd í svipaðri stöðu.⁹⁴

Snúum okkur fyrst að því hvað eru nýlendur. Þær eru afleiðing heimsvaldastefnu öflugra ríkja í Vestur-Evrópu síðustu fjögur til fimm hundruð árin. Lítum fyrst til formsins: Á því leikur enginn vafi með mörg lönd, raunar flest ríki í heiminum, að

⁹² János Riesz, „Colonialism“, bls. 304–305.

⁹³ Meðal þessara hugtaka má nefna *tropicality*. Það hefur verið notað um það þegar fólk af norður-evrópskum uppruna lýsir svæðum sem eru ólík með tilliti til loftslags, gróðurs og fólksins sem þar býr. Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur hefur rætt um *scandinavian orientalism* og á þá við orðræðu í Danmörku um Ísland á 19. og fyrri hluta 20. aldar. Samsvarandi hefur mannfræðingurinn Gísli Pálsson prófessor lagt til að ræða um *arcticity* þegar greind er orðræðan um Norðurheimskautssvæðið. Aðrir hafa viljað kalla viðhorf af þessu tagi *arctic orientalism*. Svo tíðkast einnig hugtakið bórealismi (*borealism*) um staðlaðar hugmyndir um hið ysta norður og á hvern hátt þær hafa birst. Einnig hefur verið stungið upp á hugtakinu *northernism* (*northernism*) í þessu samhengi. Michael Bravo og Sverker Sörlin, „Narrative and Practice – an Introduction“, bls. 14. – Jón Yngvi Jóhannsson, „Scandinavian Orientalism“, bls. 254–261. – Gísli Pálsson, „Arcticity: Gender, Race, and Geography“, bls. 276–277. – Hans Hauge, „Imperiet svarer også i Norden“, bls. 8. – Kristinn Schram, „Banking on Borealism“, bls. 310 og áfram. – Aaron Kallinen, *The Heroic North*, bls. 7. – Einnig Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 10. – Juha Ridanpää, „Conceptualizing the North“, bls. 16.

⁹⁴ Hér á landi hefur verið viðkvæmt að ræða um Ísland sem nýlendu eins og Jón Yngvi Jóhannsson ræðir í grein sinni „Af reiðum Íslendingum“. Sumir Íslendingar hafa talið mikilvægt að ekki væri litið á land þeirra í þessu samhengi, ólíkt t.d. Grænlandi og eyjum Dana í Vestur Indíum; bls. 135–151.

þau hafa verið nýlendur, t.d. öll ríki í Ameríku, langflest í Afríku, mörg í Asíu og svo Eyjaálfa. Í þessum löndum kom hið utanaðkomandi vald fram m.a. á þann hátt að það flutti fólk sitt á viðkomandi stað og varð ráðandi í efnahagslegum, menningarlegum og pólitískum efnum. Í sumum tilvikum var mannlífi sem fyrir var á staðnum eytt eða frumbyggjar urðu valdalaus vinnudýr. Samhliða varð menning og tunga hinna undirokuðu annars eða þriðja flokks.

Hvernig rímar þetta við Ísland og Grænland? Að sumu leyti vel en að öðru leyti miður. Bæði löndin voru lengi hluti annars ríkis og Grænland er það raunar enn að hluta til. Staða þeirra var þó ólík. Ekki fór svo að fjöldi Dana settist að hérlandis og myndaði yfirstétt sem öllu réði. Ekki er heldur um að ræða mjög afgerandi menningarmun á milli Íslands og næstu nágrannalanda, gjörólík tungumál, trúarbrögð eða kynþáttamun eins og einkenndi tengsl margra nýlenduvelda við nýlendur í Afríku, Asíu og Ameríku.⁹⁵ Þessi atriði eiga á hinn bóginn við Grænland.⁹⁶ Mikill munur var á menningu, tungumáli og trúarbrögðum frumbyggja Grænlands samanborið við nýlenduvelðið og Danir sáu um yfirstjórn á flestum sviðum. Ólíkur uppruni og útlit Inúíta og Dana hafði einnig mikil áhrif en kynþáttahyggi er nátengd nýlendustefnunni.



Mynd 4. Trúboðar fylgdu yfirleitt í kjölfar nýlenduherra. Svo var einnig á Grænlandi eftir að dönsk stjórnvöld sendu þangað fulltrúa sína á fyrri hluta 18. aldar. Þessi mynd sýnir

⁹⁵ Talað er um *settler colonies* þar sem innflytjendur verða meginstofn þeirra sem byggja landið og *colonies of occupation* þar sem mikill meiri hluti landsbúa er af upprunalegu þjóðerni en stjórnkerfinu er stjórnað af erlendum valdhöfum. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 211.

⁹⁶ Erland Viberg Joensen, Ole Marquardt og Jón Þ. Þór, „Erhvers- og næringsliv i tiden ca. 1550–1850“, bls. 168–169.

aðsetur reglubræðranna frá Mæri – nú í Tékklandi – en þeir fengu heimild til að fara til Grænlands árið 1733 og stunda þar trúboð.

Margt í samskiptum Íslands við umheiminn minnti þó á nýlendutengsl. Landið laut erlendu valdi sem hafði sitt fram í öllum meginatriðum, í landstjórn og viðskiptum. Sameiginlegt með nýlendum er sú niðrandi afstaða og sá fjarlægí framandleiki sem oft birtist í textum þegar fjallað var um Ísland í Vestur-Evrópu. En staða landsins í þessu samhengi er samt óljós, einhvers staðar „á milli“, hvorki né, eins og sést í mörgum lýsingum á Íslandi og Íslendingum frá 16., 17. og 18. öld.⁹⁷

Þetta er þó fjarri því að vera einsdæmi og þannig er oft og tíðum að veruleikinn fellur ekki alveg að kenningunni. Bandaríski mannfræðingurinn Michael Herzfeld hefur einmitt rætt þær breytingar sem hafa orðið á umræðu um þessi efni og álitur að fræðimenn séu í vaxandi mæli að hverfa frá því að skipta heiminum upp á einfaldan hátt í nýlendur og nýlenduvelði. Að hans mati eru valdatengsl ríkja og þjóða flóknari en svo að þessi einfalda skipting geti staðist til fulls, að minnsta kosti í sumum tilvikum.⁹⁸ Ástralski fræðimaðurinn Peter A. Jackson hefur rætt um stöðu þeirra landa sem líkjast nýlendum. Hann hefur bent á að þessa klemmu megi leysa með því að nota latneska forskeytið *semi-* eða hálf-. Með því að nota það er viðurkennt að tengslin á milli kenningar og viðfangsefnis séu óskýr, ófullkomin, þegar aðstæður líkjast því sem er í nýlendum, *colony-like relations*, en eru samt ólíkar. Markmiðið með slíkri greiningu er þá einnig að kalla á umræður um stöðu viðkomandi lands, á hvern hátt stöðu þess svipi til nýlendna og hvernig það tengist öflugum ríkjum og heimsveldum.⁹⁹ Hugtakið *internal colonialism* hefur einnig verið notað um nýlendulík tengsl í samskiptum miðju og jaðars innan sama ríkis þar sem kemur fram margvíslegt valdamisvægi, í viðskiptum, menningarlegum samskiptum og viðhorfum til þeirra sem búa á viðkomandi jaðarsvæðum. Dæmi um þetta gæti t.d. verið staða ítölsku eyjarinnar Sardiníu gagnvart Ítalíu.¹⁰⁰ Það er því boðið upp á ýmis hugtök til þess að lýsa tengslum landa og svæða sem líkjast nýlendum við valdamiðstöðvar innan eða utan ríkis.

⁹⁷ Sjá m.a. Patrick Gordon, *Geography Anatomiz'd*, bls. 230.

⁹⁸ Michael Herzfeld, „The Absent Presence“, bls. 922. Thailand hefur verið nefnt sem dæmi í þessu samhengi: Formlega sjálfstætt efnahagslega og menningarlega um langt skeið ólíkt löndunum umhverfis sem urðu öll nýlendur. Samt fylgdi Thailand um margt svipaðri braut og önnur lönd í Suðausturasíu og hafði lík tengsl við stórveldi og nýlenduvelði eins og um nýlendu væri að ræða, svo háð var landið erlendum stórveldum. Írland hefur einnig verið nefnt í þessu samhengi; gat land, svo nálægt miðju valdsins í Vestur-Evrópu, verið nýlenda? Sjá m.a. Dipesh Chakrabarty, „Foreword. The Names and Repetitions of Postcolonial History“, bls. vii–ix. – Einnig Peter A. Jackson, „The Ambiguities of Semicolonial Power in Thailand“, m.a. bls. 38. – Ann-Sofie Nielsen Gremaud, *Kryptokoloniales landskaber*. – Joep Leerssen, „Celticism“, bls. 10.

⁹⁹ Peter A. Jackson, „The Ambiguities of Semicolonial Power in Thailand“, bls. 39–43, 49; hann nefnir m.a. „cultural imperialism“, einnig „internal colonialism“ o.s.frv.

¹⁰⁰ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 19–20. – Einnig byggt á samræðum við fólk í bænum San Vito á Sardiníu í mars og apríl 2004.

Niðurstaða þessarar umræðu er sú að enginn vafi leiki á því að skilgreina megi Grænland sem nýlendu en það var Ísland ekki, fremur má flokka það sem fjarlæggt jaðarsvæði í danska ríkinu, ef til vill svipað og lönd sama í Norður-Noregi. Á hinn bóginn voru tengsl Íslands við umheiminn um margt lík tengslum nýlendu og nýlenduveldis og fram á 18. öld var umfjöllun um landið í mörgum erlendum verkum í þeim anda. Þess vegna má vel ræða tengsl beggja landa við umheiminn í þessu samhengi og er raunar nauðsynlegt í umfjöllun um þessi efni.¹⁰¹ Benda má á að löng hefð er fyrir því að ræða valdatengsl og valdamisvægi á milli landa á þennan hátt. Mary Louise Pratt hefur t.d. nefnt að þær valdaafstæður sem hún ræðir um í bók sinni, *Imperial Eyes*, séu líklegar til þess að birtast á svipaðan hátt, hvort sem er í Afríku eða Evrópu. Það hafi einmitt gerst þegar Norður-Evrópa (með því á Pratt við Bretland, Þýskaland og nálæg lönd) var orðin valdamiðja Evrópu að lýsingum höfunda frá þeim slóðum á svæðum sem nú voru talin jaðrar Evrópu, t.d. Ítalíu eða Grikklands, hafi svipað mjög til lýsinga á fjarlægum löndum og nýlendum, t.d. í Suður-Ameríku.¹⁰² – Hér er sem sagt lagt til að vel megi nýta fræðilega umræðu um nýlendustefnu þó að tiltekið land hafi ekki formlega verið nýlenda heldur jaðarsvæði innan stærra ríkis eða jafnvel verið sjálfstætt ríki, a.m.k. að forminu til.

2.3 Norðrið, útópíur og eyjar

Ástæða er til að ræða sérstaklega þrjú hugtök eða þrjá hugmyndasögulega þætti nánar og þá orðræðu sem þeim tengist vegna þess hversu mikil áhrif hún hefur haft á mótun ímynda um Ísland og Grænland, hinn grænlenka og íslenska framandleika. Þessir þættir eru norðrið, útópíur og eyjar.

2.3.1 Norðrið

Lýsingarorðið norður og nafnorðið norðrið virðast við fyrstu sýn ekki vera flókin hugtök og merkja einfaldlega eina af höfuðáttunum, andstæðu suðursins. En eitt af einkennum þess er að norðrið er aldrei sem það sýnist.¹⁰³ Það er nánast alltaf líka suðrið, enda yfirleitt alltaf annar staður til sem er enn norðar. Þessa hugsun orðaði skáldið Alexander Pope (1688–1744) svo á fyrri hluta 18. aldar:

Ask where's the North? At York 'tis on the Tweed;
In Scotland at the Orcades; and there,
At Greenland, Zembla, or the Lord knows where.¹⁰⁴

¹⁰¹ Geta má þess að færeyskir fræðimenn hafa rætt þetta efni töluvert í tengslum við sögu og stöðu Færeyja og hvort beita megi póstkólóníal aðferðum í þessu samhengi. Sjá m.a. Kim Simonsen, *Literature, Imagining and Memory in the Formation of a Nation*, bls. 260 og áfram.

¹⁰² Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 12.

¹⁰³ Juha Ridanpää, „Conceptualizing the North“, bls. 11–12.

¹⁰⁴ Alexander Pope, *Essay on Man*, bls. 44. York er í Norður-Englandi, áin Tweed er í Skotlandi, Orcades merkir Orkneyjar fyrir norðan Skotland, Zembla stendur fyrir eyrna Novaya Zemlya fyrir norðan Rússland.

Frá öndverðu hefur norðrið því haft dýpri merkingu en almennt hefur verið talið og margs konar aðrir þættir hafa tengst því nánnum böndum, t.d. hugtökin gott og illt. Eitt af fjölmörgum dæmum þess er lýsing danska fræðimannsins og prestsins Claus Christoffersen Lyschander (1558–1624) frá upphafi 17. aldar:

De gamle haffuer giort sig tancke oppaa,
At effter aldt ont kommer Norden fra,
Som tuinger all Verdens Rige:
Saturnus skal oc i den Norde leed,
Sin dyrebar Skatt haffue graffuit need,
Som faa eller ingen bygge.¹⁰⁵

Í þessum kveðskap kemur margs konar norður við sögu. Það er tengt hinu illa, allt illt kemur úr norðrinu. En norðrið tengist líka auði eins og tenging við hinn rómverska guð Saturnus bendir til. Svo eru þar líka draugar og andar en íbúar hins efsta norðurs eru taldir vera pygmear, hinir lituðu og smávöxnu.¹⁰⁶ Samkvæmt þessum texta Lyschanders er norðrið því sannarlega annarlegur staður: Það er allt í senn, framandi, eftirsóknarvert og fráhrindandi, jafnvel djöfullegt. Skyldu þessi viðhorf til hins norðlæga hafa verið almenn? Það er brýnt að kanna, enda hafa Ísland og Grænland óumdeilanlega verið talin tilheyra hinu ysta norðri.

Á Miðjarðarhafssvæðinu til forna, hjá bæði Grikkjum og Rómverjum og síðar kristinni kirkju var almennt litið svo á að norðrið væri neikvætt og þar ætti villimennska og fáfræði upptök sín. Vagga siðmenningar hefði staðið á suðrænum slóðum. Rómverski höfundurinn Óvíd ræddi m.a. á eftirfarandi hátt um norðrið: „Til er staður á ystu landamærum hins ískalda Skýþalands, drungalegt og hrjóstrugt

¹⁰⁵ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 143–144. – Saturnus var rómverskur guð, m.a. auðæfa og velsældar, en auk þess var hann talinn tengjast undirheimum.

¹⁰⁶ Framhald á texta Lyschanders hljóðar svo:

„Da skulle her være den Ø oc Stæd,
Vunder haardeste Himmel, som faa nu veed,
I Mørckens oc Nattens Skygge.
Huor vunderlig Aander oc Spøgerij,
De Hedenske Mechtige Genij,
(Som huer kallit da sin Skæffne)
Huiler, og skickis all Verden omkring,
Och driffuer iblant stoer mechtige ting,
Som Gud giffuer dem til Æffne.
Och for den Eye oc dyrbare Skatt,
Hen under de Klipper er nedersatt,
Vdi Ertz oc dybeste Aare,
Da haffuer de Gamle sig ladet forstaa,
De Jordisk' Pygmeer de boer der paa,
Som haffuer sligt Gods at vare.“

landsvæði, þar sem hvorki vex korn né trjágróður. Dofinn Kuldi ríkir þar og Fölvi, Ótti, og horuð Svengdin“.¹⁰⁷

Í elstu ritum kristinna manna og langt fram eftir öldum birtust einnig svipaðar hugmyndir um norðrið. Oft og tíðum var því lýst sem skelfilegu og hræðilegu og íbúum þess jafnvel sem afskræmdum. Þeir væru í raun fulltrúar hins illa í heiminum. Í Biblíunni kemur fram eftirfarandi lýsing: „Eg sé sjóðandi pott, og snýr hann framhliðinni að oss úr norðri. Þá sagði Drottinn við mig: Úr norðri mun ógæfan koma sjóðandi yfir alla íbúa landsins.“¹⁰⁸ Í norðrinu hefðu einmitt verið heimkynni Gogs og Magogs, erkifjenda guðs og kristni. Því hafði verið spáð að við lok heimsins ættu þeir eftir að ryðjast yfir veröldina og leggja hana í auðn. Síðar staðhæfðu kristnir fræðimenn á miðöldum að sumar norðlægar þjóðir væru afkomendur þeirra, t.d. Skýþar og Mongólar. Er hinir síðarnefndu ruddust vestur á bóginn á 13. öld töldu margir að nú væri lokastundin að renna upp þegar þessir villimenn nálgust. Um þá var fjallað sem skrímsli sem þyrsti í blóð og tættu allt lifandi í sundur.¹⁰⁹ Fólki á norðlægum slóðum var því oft lýst svo að það líktist fremur villidýrum en mönnum.¹¹⁰

Afstaða til norðursins til forna og á miðöldum, og mun lengur þó, tengdist náið loftslagskenningum fornaldar. Heiminum var skipt í loftslagsbelti, heit, köld og tempruð. Staðhæft var að beint samband væri á milli staðsetningar í heiminum með hliðsjón af þessum beltum og eiginleika samfélaganna og eðlis fólksins. Varðaði þetta bæði útlit og skaplyndi. Í tempruðu beltunum voru aðstæður bestar. Þar átti besta mannlífið að geta þrífist og þar var fólk best gefið, að því er talið var. Öfgar ríktu lengst í norðri og suðri. Þessar loftslagskenningar voru því afar þjóðhverfar (*ethnocentric*) enda voru þær m.a. notaðar til þess að réttlæta yfirráðastefnu og þrælasölu.¹¹¹

¹⁰⁷ Óvíd, *Ummyndanir*, áttunda bók, bls. 245. – Einnig François Hartog, *The Mirror of Herodotus*, bls. 17 og víðar.


¹⁰⁸ Biblía, Jeremía, 1. kafli, 13–15, bls. 701. – Einnig Götz Pochat, *Das Fremde im Mittelalter*, bls. 43. – Waldemar Zacharasiewicz, „The Theory of Climate and the North“, bls. 33–34. – Johan Schimanski, Cathrine Theodorsen og Henning Howlid Wærp, „Arktis som litterært prosjekt“, bls. 10.

¹⁰⁹ John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 72–73, 266–267. – Einnig Anna-Dorothee von den Brincken, *Fines Terrae*, bls. 167–168. – Götz Pochat, *Das Fremde im Mittelalter*, bls. 84.

¹¹⁰ Sams konar hugmyndir birtust einnig í arabískum ritum frá síðmiðöldum, t.d. hjá persneska höfundinum Al-Watwat (d. um 1318). Samkvæmt honum gátu aðeins hálfmennskar verur þrífist lengst í norðri. Á eyggi Nurwāga – væntanlega Noregi – í grennd við Thule væri t.d. fólk sem lifði á hnetum og byggi í gömlum trjám eins og villidýr. Þá hefði það engan háls heldur lægi höfuðið á öxlunum. Á annari eyju, einnig nálægt Thule, væru verur sem væru aðeins að hálfu leyti fólk en að hálfu sjávardýr, þær hefðu horn og lifðu naktar, nærðust á sjávardýrum og plöntum og drykkju sjó ef ferskvatn væri ekki fáanlegt. Harris Birkeland, *Nordens historie i middelalderen etter arabiske kilder*, bls. 111–112, einnig 61 og 106. Ein þessara heimilda sem Birkeland nefnir frá 14. öld getur þess að landsmenn í Thule búi í heitum böðum vegna kuldans.

¹¹¹ Mary B. Campbell, *The Witness and the Other World*, bls. 65–66. – Víða er um þetta fjallað í fornum ritum, m.a. Óvíd, *Ummyndanir*, fyrsta bók, bls. 30. – Sjá einnig umræðu um þetta í *Konungs skuggsjá*, bls. 61. – Ágætt yfirlit um loftslagskenningar er í Manfred Beller, „Climate“, bls. 298–304.

Hvað átt var við með hugtakinu norður eða norðri landfræðilega var á reiki og breytilegt í tíma og rúmi. Í Miðjarðarhafslöndunum var lengi litið svo á að allt sem væri norðan Alpafjalla teldist til norðursins en í suðri væri Afríka. En smám saman færðust norðurmörkin norðar á bóginn með breyttum valdahlutföllum í Evrópu, enda dró smám saman úr vægi Miðjarðarhafsvæðisins en vægi landa norðar jókst. Segja má að allt frá lokum miðalda og fram um 1800 hafi sú skoðun verið ráðandi í Evrópu að Skandinavía, ásamt Rússlandi og hluta Austur-Evrópu tilheyrðu norðrinu en á 19. öld varð hugmyndin um hið skandinavíska og germanska norður áhrifamikil, samhliða því að hugmyndin um Austur-Evrópu sem sérstakt svæði með tiltekna eiginleika varð til.¹¹²




Mynd 5. Sögukort kortagerðarmannsins Orteliusar sem birtist í *Theatrum orbis terrarum* árið 1595. Á kortinu eru sýnd loftslagsbelti jarðar. Mestur hluti Evrópu er talinn í tempraða beltinu en nyrsti hlutinn í zona frigida eða kuldabeltinu og óbyggilegur eða inhabitabilis. Innan þess svæðis var hluti Skandinavíu, Ísland og Grænland.

Þó að neikvæðni í garð norðursins hafi verið algengust þá þekktust líka hugmyndir af öðru tagi. Forngríkkir sögðu t.d. sögur af eins konar paradís í norðri, landi Hyperborea sem áttu að lifa í hinu efsta norðri í velsæld, eiginlega handan norðanvindsins. Hyperborear voru kynntir sem nánast heilagt fólk, urðu afskaplega gamlir, og voru þekktir fyrir ýmis undur. Fólkíð naut lífsins í friði fyrir spillingu og illsku heimsins og lifði í samræmi og sátt við náttúruna, í allsnægtaútopíu. Saman fór gott loftslag, vellíðan og að mjög lítið þurfti að hafa fyrir lífsnauðsynjum. Lífið fólst eiginlega í því að njóta, enda var sagt að guðinum Appolló þætti hvergi betra að vera en hjá Hyperboreum.¹¹³

¹¹² Hendriette Kliemann-Geisinger, „Mapping the North“, bls. 70.

¹¹³ Peter Davidson, *The Idea of North*, bls. 23–25. – James S. Romm, *The Edges of the Earth in Ancient Thought*, bls. 60–65. – Einnig *Realexikon für Antike und Christentum*, 16. bd., bls. 967 og áfram. – Pliny, *Natural History* II, bls. 187–189. Plíníus lýsti landi Hyperborea svo, í enskri þýðingu: „It is a genial region, with a delightful climate and exempt from every harmful blast. The homes of



Mynd 6. Líf Hyperborea eins og því er lýst í bók Olofs Rudbeck, *Atlantica, en verkið kom í mörgum bindum á ofanverðri* 17. öld. Sem sjá má þarf lítið fyrir lífinu að hafa, það felst aðallega í því að njóta.

Það sem er ekki síst athyglisvert við hugmyndina um Hyperborea í samhengi þessa verks er að þeim er ætlaður staður á jaðrinum en njóta samt allra gæða „miðjunnar“

the natives are the woods and groves; they worship the gods severally and in congregations; all discord and all sorrow is unknown. Death comes to them only when, owing to a satiety of life, after holding a banquet and anointing their old age with luxury ... Those who locate them merely in a region having six months of daylight have recorded that they sow in the morning periods, reap at midday, pluck the fruit from the trees at sunset, and retire into caves for the night.“ – Einnig Solinus, *The Excellent and Pleasant Work*, cap. 25.

og voru jafnvel taldir vera æðri Grikkjum.¹¹⁴ – Löngu síðar veltu menntamenn í Norður-Evrópu fyrir sér hvar land Hyperborea hefði verið að finna og gerðu sænskir fræðimenn sérstakt tilkall til þess á 17. öld. Þeir staðhæfðu að Svíþjóð væri Hyperboria.¹¹⁵ Geta má um sænska fræðimanninn Olof Rudbeck (1630–1702) í þessu sambandi sem vildi sveipa þjóð sína dýrðarljóma með því að setja hana í samband við hina horfnu borg/ey Atlantis en tengdi þessar útópísku hugmyndir jafnframt við frásagnir af landi Hyperborea og sagnir úr Biblíunni.¹¹⁶ En einnig má greinilega sjá líkingar með ýmsum lýsingum frá Íslandi og Grænlandi og fornum lýsingum á landi Hyperborea sem komu á ný fram í dagsljósið á 15. og 16. öld. Útópískar hugmyndir um norðrið hafa því lengi verið þekktar.

Nátengt viðhorfum um eins konar paradís í norðri eru þær hugmyndir að þar væri víða að finna mikil auðæfi. Því var þó einnig oft haldið fram að fólk eða verur á þeim slóðum kynni ekki að hagnýta sér þessa auðsuppsprettu.¹¹⁷ Svo dæmi sé tekið þá greindi Adam frá Brimum frá því að á eyju einni í Norðurhöfum væri að finna mikið af gulli og gerssemum en íbúar eyjunnar, sem reyndust vera gríðarstórir kýklópar, virtust ekki hafa nema takmarkaðan skilning á gildi þess.¹¹⁸ Síðar nefndu margir að á þessum slóðum væri einnig að finna margs konar önnur verðmæti. Til dæmis væri nyrst í Skandinavíu „a great variety of wild beasts, which afford the inhabitants abundance of rich *Furrs*, for which they have such provisions of as they have occasion of.“ Þetta staðhæfði enski höfundurinn Richard Blome (1635–1705) á ofanverðri 17. öld.¹¹⁹ Þá væri þar líka mikið af fiski, sel, hvölum og jafnvel dýrmætum málmum og allt til loka þessa tímabils gengu miklar sögur af þeim auðæfum sem sjómenn frá ýmsum þjóðum Evrópu drægu úr hafinu lengst í norðri.¹²⁰ Og svo var vonin um gull aldrei langt undan. Í fyrstu ferðunum til Grænlands á 16. og 17. öld var það meðal annars gullþorstinn sem rak á eftir, eins og síðar verður nefnt.¹²¹

¹¹⁴ James S. Romm, *The Edges of the Earth in Ancient Thought*, bls. 66–67.

¹¹⁵ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 36.

¹¹⁶ David Kirby segir m.a. um þetta: „The Gothic legend reached its apotheosis in Olof Rudbeck’s *Atlantica*, a vivid portrayal of ancient Sweden as a land blessed by nature, drawing to it the descendants of Noah and, as the *vagina gentium*, the vagina of the peoples, releasing these valiant Goths to civilise the rest of the world.“ David Kirby, „Imperial Sweden, Image and Self-image“, bls. 34–36. – Einnig Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 36. – Anna Walette, *Sagans svenskar*, bls. 127 og áfram.

¹¹⁷ M.a. Tacítus, *Germanía*, bls. 123.

¹¹⁸ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 233–234.

¹¹⁹ Richard Blome, *A Geographical Description of the Four Parts of the World*, bls. 87.

¹²⁰ Melissantes [Johann Gottfried Gregorii], *Cosmographia Novissima*, bls. 966. – Einnig [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 68.

¹²¹ David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 274–275, 278. – Einnig Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. xl. – Þýski trúboðinn David Crantz lýsti hugmyndum landkönnuða um þessi efni svo um miðja 18. öld, bls. 273: „The desire of discovering new lands was every where roused, because adventurers flattered themselves with the hopes of gold and silver mines in every new discovered country. There was the same sanguine expectation from the unknown northern countries.“

2.3.2 Breytt afstaða til norðursins

The Northerne parts of the World have ever beene held to be Officina Gentium & velut Vagina Nationum, Natures Shop and Store-house of Men, better furnished then any other part of the Earth ...¹²²

Pungamiðja Evrópu var að færast norður á bóginn á síðmiðöldum og allar götur síðan. Orðræðan um norðrið fór að breytast. Fræðimenn áttu sinn þátt í þessum breytingum, t.d. sænski biskupinn og fræðimaðurinn Olaus Magnus (1490–1557) á 16. öld og síðar franskur heimspekingurinn Charles Louis de Secondat de Montesquieu (1689–1755); sá fyrrnefndi með bók sinni um sögu norræna þjóða, *Historia de gentibus septentrionalibus* frá 1555, en sá síðarnefndi með riti sínu, *De l'esprit des lois* frá 1748. Þeir, og margir aðrir á 17. og 18. öld, áttu sinn þátt í að orðræðan um norðrið og Norðurlönd var smám saman endurskoðuð.

Í riti sínu um sögu Norðurlanda reyndi Olaus Magnus að bregðast við þeim hugmyndum að á norðurslóðum byggju eingöngu siðlausir villimenn með því að sýna fram á að aðstæðum í suðri og norðri svipaði að mörgu leyti saman þrátt fyrir allt. Hann var því að svara hugmyndum sem voru algengar um norðrið á þessum tíma í sunnanverðri Evrópu. Í norðrinu byggju einnig menningarþjóðir sem þó lifðu að sumu leyti annars konar lífi en gert væri sunnar í álfunni. Vissulega væru þær að nokkru marki villtar og með hráslagalega siði. En sumt hefðu þó þeir sem byggju norðarlega jafnvel fram yfir aðra jarðarbúa. Til dæmis væri norrænt fólk mjög lofað fyrir margvíslega mannkosti, m.a. gestrisni sína.¹²³

Staða norðursins styrktist enn er líða tók á 18. öld og viðhorf upplýsingarinnar efldust. Um það leyti varð sú afstaða æ algengari í mið- og norðurhluta Vestur-Evrópu að líta á hið vestur-evrópska norður sem harðgert og lýðræðissinnað, andstætt suðrinu sem vissulega gæti verið fagurt og aðlaðandi en væri jafnframt veiklynt, íhaldssamt, einræðissinnað, spillt og hvíkul. Jafnvel má segja að eins konar menningarbylting hafi orðið á þessum tíma. Hún kom fram í því að norrænn menningararfur var víða settur á þann stall sem sá grísk-rómverski hafði lengi haft.¹²⁴ Viðhorf af þessu tagi komu t.d. skýrt fram í ritum Montesquieus og margra fleiri fræðimanna af sama skóla. Montesquieu staðhæfði t.d. að frelsið ætti uppruna sinn í norðrinu:

The Goth Jordanes has called northern Europe the manufactory of the human species. I shall rather call it the manufactory of the instruments that break the chains forged in the

¹²² Thomas Edge, „A briefe Discoverie of the Northerne Discoveries of Seas, Coasts, and Countries [etc]“, bls. 4. – Hér vísar höfundurinn, án þess að nefna það, í rit Jordanesar, *De origine actibusque Getarum* [Um uppruna og dáðir Gota] frá 6. öld, sjá kafla IV, 25; „Officina Gentium & velut Vagina Nationum“, verkstæði og eða móðurlíf mannkyns.

¹²³ Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* I, bls. 202. – Um þetta efni einnig Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 14.

¹²⁴ Astrid Arndt, „North/South“, bls. 388.

south. It is there that are formed the valiant nations who go out of their own countries to destroy tyrants and slaves and to teach men that, as nature has made them equal, reason can make them dependent only for the sake of their happiness.¹²⁵

Þessi viðhorf voru byggð á ritum klassíkrar fornaldar (m.a. Aristótelesar) og miðaldahöfunda en Montesquieu var líka í pólitík. Með skrifum sínum var hann m.a. að gagnrýna franska einveldið en lofa enska stjórnarhætti.¹²⁶ En breytt viðhorf til norðursins vörðuð ekki einungis stjórnsmál heldur einnig fræði og vísindi eins og skýrt kom fram hjá Ludvig Holberg nokkru eftir 1700. Hann var þeirrar skoðunar að svo virtist sem

videnskaber og boglige konster velte sig fra et land til et andet, og stedse meere mod Norden. Udi ældgamle tider florerede de udi Ægypten, Chaldæa og Jødeland, siden væltede de sig derfra til Grækenland og fra Grækenland til Italien ... og derimod nu omstunder have ligesom sæde udi Frankrig og Engeland, og derfra sprede sig ud til de nordligste parter af Europa ...¹²⁷

Samkvæmt þessum hugmyndum var það því ekki aðeins sköpunarkrafturinn sem átti upphaf sitt í norðri heldur leituðu einnig vísindi og fræði á þær slóðir; Holberg byggir hér raunar á miðaldahugmyndum um *translatio studii*, um tilfærslu menningar og þekkingar frá einum stað til annars, frá Aþenu til Rómar og þaðan til Parísar.¹²⁸ Holberg sér fyrir sér að þaðan leiti þekking og listir svo í norður. Norðlægar þjóðir voru á þessum tíma að styrkja sjálfsmynd sína sem fullgildir – en ekki óæðri – meðlimir í samfélagi ríkja og þjóða og samhliða voru byggðar upp hugmyndir í þessa veru.¹²⁹

Í almennum yfirlitsritum og ferðalýsingum frá 17. og 18. öld varð því æ algengara að sjá staðhæfingar þess efnis að fólk sem byggði á Norðurlöndum væri vel gefið og

¹²⁵ Charles Louis de Secondat de Montesquieu, *The Spirit of the Laws*, bls. 283. – „Le Goth Jornandés a appelé le nord de l'Europe la fabrique du genre humain. Je l'appellerai plutôt la fabrique des instruments qui brisent les fers forgés au midi. C'est là que se forment ces nations vaillantes, qui sortent de leurs pays pour détruire les tyrans et les esclaves, et apprendre aux hommes que, la nature les ayant faits égaux, la raison n'a pu les rendre dépendants que pour leur bonheur.“ *De l'Esprit des lois*, bls. 291.

¹²⁶ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 41–43. – Einnig Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 128.

Þessar hugmyndir, um norðrið sem uppruna frelsisins en suðrið sem hlekk þess, endurómuðu síðan í fjölda verka þar sem fjallað var um fólk á Norðurlöndum, t.d. hjá svissneska fræðimanninum Paul Henri Mallet (1730–1807) sem birti kafla Montesquieus um þetta efni óbreyttan í þekktu riti sínu um sögu Danmerkur. Paul Henri Mallet, *Northern Antiquities*, bls. xxxviii. – Kenneth Olwig, „Den europeiska nationens nordiska natur“, bls. 161. – Einnig Margaret Omberg, *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 53, 94–95. – Waldemar Zacharasiewicz, „The Theory of Climate and the North“, bls. 42.

¹²⁷ Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse*, bls. 30.

¹²⁸ Ernst Robert Curtius, *European Literature and the Latin Middle Ages* (1973), bls. 29.

¹²⁹ Johan Schimanski, Cathrine Theodorsen og Henning Howlid Wærp, „Arktis som litterært prosjekt“, bls. 11.

liti vel út.¹³⁰ Franski ferðalangurinn og rithöfundurinn Pierre Martin de la Martinière (1634–1690) lofaði t.d. norska smábændur – og ekki síður eiginkonur þeirra – í ferðalýsingu sinni frá síðari hluta 17. aldar og væru þeir „remarkable for their simplicity and hospitality. The women, who are very handsome, though red-haired, are fond of strangers; they look after the cattle, of which there is great plenty; they are likewise excellent house-wives.“¹³¹ Þessi Noregslýsing La Martinières er því til vitnis um breytt og jákvæðari viðhorf en verið hafði.¹³² Kannski væru siðir þessa fólks enn að vissu leyti grófir, lítt fágaðir og jafnvel frumstæðir en aðalatriðið var að þeir líktust öðrum siðmenntuðum þjóðum, t.d. að því er varðar trúarbrögð, tungumál og lærdóm.¹³³ Sænski Íslandsfarinn og síðar erkibiskupinn, Uno von Troil (1746–1803), orðar þessa viðhorfsbreytingu varlega í bók sinni *Letters on Iceland frá 1780*: „The history of antient times shews us that our ancestors did not despise arts and sciences, though they peculiarly distinguished themselves by valour and heroic deeds.“¹³⁴ Norðurlandþjóðirnar höfðu því smám saman færst nær „siðmenningunni“ og töldust, a.m.k. hinn syðri hluti þeirra, til siðmenntaðra landa á 18. öld þó að minningar um „villimennsku“ fólks í norðri væru einnig seiglífir: Allt fram undir lok 18. aldar mátti sjá lýsingar þar sem rætt var um Norðurlandabúa og fólk í norðurhluta Þýskalands sem „those swarms of barbarians, who, for several ages, under the name of *Danes* and *Normans*, ravaged the different countries of Europe.“¹³⁵ En Norðurlandþjóðirnar urðu smám saman hluti „miðjunnar“, þó í jaðri hennar ef svo má segja. Og þegar komið var fram á 19. öld var í æ meira mæli fari að líta á þessi lönd sem framfarasinuð, menntuð og tæknilega þróuð, svipað og tíðkast enn þann dag í dag.

2.3.3 Hið ysta norður

Farðu norður og niður

Til er sú saga, að einhverju sinni sem oftari reri maður fyrir norðan. En þegar hann ætlaði í land, kom vindur á móti honum sunnan, og rak hann undan landi ... Loksins bar hann að landi, festi bátinn og gekk á land, en þegar hann greip höndum í fjöruna, því ekkert sá hann, var mölin tóm aska og kol. Nú fór honum ekki að lítast á. Hélt þó áfram í norður ... og kom loksins að miklu báli, sem ekki sá út yfir. En það undraði hann, að í bálinu úði og

¹³⁰ Alain Manesson Mallet, *Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses* IV, bls. 18.

¹³¹ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 422.

¹³² Í *Historio-Political Geography: Or, A Particular Description Of the Several Countries in the World* frá 1726 var staðhæft að Danir væru „tall, handsome, straight, and of fair Complexion; they are also great Lovers of Learning, but generally greater Lovers of Excesses whether in Drinking or Eating, especially the former.“ Þeir voru því greinilega fjarri því að vera fullkomnir en áttu samt greiða leið inn í samfélag siðaðra manna, að minnsta kosti þeir sem bjuggu í borgum þessara landa. Reverend Mr. Paschoud, *Historico-Political Geography*, bls. 178.

¹³³ Thomas Salmon, *A New Geographical and Historical Grammar*, bls. 255. – Sömu hugmyndir birtast í William Guthrie, *A New System of Modern Geography*, bls. 59–60.

¹³⁴ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 153.

¹³⁵ Alexander Adam, *A Summary of Geography and History*, bls. 584.

grúði af einhverju lifandi eins og mor eður mý. En fyrir framan bálið stóð hræðilegur jötunn með óttalegan járnogg í hendinni, skaraði í bálið og sópaði til, að ekkert kvikt kæmist út ... Því er það sagt, þegar menn óska ills, að sá og sá, eða það og það, skuli fara norður og niður, að menn þykjast vita af þessari ferðasögu, að þar sé víti.¹³⁶

Þegar í fornöld var gerður greinarmunur á germönnum annars vegar og þeim sem norðar bjuggu t.d. Finnum.¹³⁷ Adam frá Brimum gerði á 11. öld líka skarpan greinarmun á Dönum og Svíum annars vegar og Þjóðunum nyrst í Skandinavíu og Finnlandi hins vegar. Um Sjáland og Sjálendinga sagði hann til dæmis að eyjan væri kunn af frjósemi og þar byggi hraust fólk en herskátt.¹³⁸ Öðru máli gegndi um þá sem höfðust við lengst í norðri, t.d. skriðfinna. Þá kvað hann stunda galdra, þeir klæddu sig í villidýraskinn og ætu kjöt af villtum dýrum. Þá hlypu þeir hraðar en sjálf dýrin og konum yxi skegg. Ekki töluðu þeir mannamál en nístu þess í stað tönnum. „Tungumál“ þeirra var því dýrslegt en ekki mannlegt. Í framsetningu Adams er hið ysta norður sannarlega annarlegur staður.¹³⁹ Adam gerði því ráð fyrir að minnsta kosti hálfsiðmenntuðu norðri annars vegar á Norðurlöndunum og hins vegar villimannlegu norðri þar sem voru undarlegar verur, líkt og mátti sjá í fornum ritum Grikkja og Rómverja um framandi slóðir.

Svipuð viðhorf má greina allt fram á 19. öld. Norðurlöndin, þ.e. syðri hluti þeirra, urðu smám saman hluti af „siðmenntuðu“ norðri, eins og drepið var á hér að framan. En annað gildi um þá sem bjuggu lengst í norðri heldur en íbúa í borgum sunnar í Skandinavíu, t.d. sama, og raunar Finna yfirleitt, Íslendinga og Grænlandinga. La Martinière fullyrta t.d. eftir miðja 17. öld að samar væru „stupid and brutal people, without the last notion of religion, and have very disagreeable features.“¹⁴⁰ Svipuð viðhorf voru algeng til loka þess tímabils sem hér er fjallað um.

Hið ysta norður var því litið öðrum augum en hin siðuðu eða hálfsiðuðu Norðurlönd. Álitid var að þar væri tæplega lífvænlegt sökum hinnar harðneskjulegu náttúru og mannlífid gat samkvæmt mörgum lýsingum vart talist mennskt. Siðleysi í kynferðismálum, galdur, dýrslegt útlit (m.a. sökum klæðnaðar) og kynjaruglingur (vegna þess að kynin voru áþekkt í útliti að því er talið var), smæð í vexti, ólykt og tungumálið – eða skortur á því vegna þessa að talið var að sumt að þessu fólki tjáði sig

¹³⁶ *Þjóðsagnabókin*, bls. 306–307. Höfundur er ekki kunnugt um aðrar íslenskar sagnir sem gefa til kynna að víti sé í norðri og norðrið þar með tengt við það fyrirbæri.

¹³⁷ Tacitus, *Germanía*, bls. 125–126.

¹³⁸ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 203–204.

¹³⁹ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 219, 225–226. – Svipuð mynd er dregin upp í norrænum heimildum frá hámiðöldum, t.d. í *Historia Norwegiae*. Þar er m.a. greint frá því að lengst í norðri séu Þjóðir sem séu enn „undirgefnar heiðindómi“, svo sem „Kirjalar og Kvenir, Hornfinnar og tvennir Bjarnar“. Og enn norðar var að sögn „risavaxið fólk svo og land meyja, sem sagt er að fá getnað af vatnsdrykk.“ „Lýsing Noregs“, bls. 31. – Einnig Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum fyrir 1200 og hafsvæði þess“, bls. 489–490.

¹⁴⁰ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 431. – Einnig Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 6.

aðeins með hljóðum eins og dýr – voru meðal þeirra atriða sem hvað oftast var bent á.¹⁴¹ – Samhliða þessum lýsingum þrífust þó einnig aðrar hugmyndir um hið ysta norður. Sumar þeirra tengdust fornum hugmyndum um Hyperborea sem áður hefur verið minnst á en síðar varð algengt að yfirfæra hugmyndir um göfuga villimenn á hið ysta norður.¹⁴² Útnorðrið var því ekki eingöngu sýnt í neikvæðu ljósi.



Mynd 7. Samoyedar, eins og franski höfundurinn Pierre Martin de la Martinière túlkaði þá eftir miðja 17. öld. Að hans mati var þetta fólk tæpast mannlegt, leit út eins og dýr og hegðaði sér eins og dýr. Svipað átti við um sama að hans áliti.

¹⁴¹ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 46; í ferðalýsingu sinni frá 1834 sagði höfundurinn m.a. um samakonu er hann hitti: „She was, without exception, the ugliest creature, in the shape of human being, that I ever set eyes on.“ Sjá einnig umfjöllun um sama á næstu síðum þar á eftir. – Bókmenntafræðingurinn Anne McClintock hefur bent á að þeir þættir sem hér eru nefndir eigi sér langa sögu í umfjöllunum um Afríku. *Imperial Leather*, bls. 22–23.

¹⁴² Waldemar Zachariasiewicz, „The Theory of Climate and the North“, bls. 39–41. – Einnig Johann Rauwen Meimbressense, *Cosmographia*, bls. 615. – Isaac Taylor, *Scenes in Europe*, bls. 14 og áfram.

2.3.4 Norðrið á ofanverðri 18. öld og á 19. öld

Rómantískar hugmyndir á ofanverðri 18. öld og á 19. öld um lífið í norðri styrktu mjög stöðu landanna á þeim slóðum og tengdu hugmyndir um hið háleita, mikilfenglega, hreina og frjálsa við norðrið. Norðrið, og sérlega hið ysta norður, varð ógnfagurt, *sublime*. Tröllaukin fyrirbæri og jafnvel ógnvekjandi urðu nú viðfangsefni fagurfræðinnar, í stað þess að óttast þau mátti jafnvel dást að þeim, t.d. háum fossum, ógnandi jöklum, víðáttumiklum auðnum, dimmum skógum, bröttum fjöllum, svörtu myrkri og drunga. Viðhorf af þessu tagi hafa oft verið tengd hugmyndum og kenningum enska fræðimannsins og stjórnmálamannsins Edmunds Burke (1729–1897). Hann birti þær í riti sínu *A Philosophical Inquiry into the Origin of Our Ideas of the Sublime and Beautiful* sem kom út árið 1756.¹⁴³

Mikilvægur þáttur í þessum hugmyndum var leitin að því sem var hreint og satt, ekta. Sú leit tengdist tilfinningum, frjálsri tjáningu og sköpun. Samhliða beindist hún gegn því sem var álitíð tilbúið og því óekta; einnig því sem var hefðbundið og átti að lúta reglum og hefðum. Rómantísk viðhorf af þessu tagi til norðursins og Norðurlanda, þar á meðal Íslands, voru algeng alla 19. öld og hafa raunar verið það allt til þessa dags þó að margs konar aðrar ímyndir hafi einnig verið áhrifamiklar.¹⁴⁴ Samkvæmt þeim hugmyndum ætluðu menn sköpunarkraftinum, frelsisþránni, einstaklingshyggjunni, auk mannlegrar hlýju bústað í norðrinu. Þess utan var norðrið, ekki síst hið ysta norður, heimkynni hetjuskaparins, karlmenskunnar og skáldskaparins:

I cannot love thee South for all thy sun,
For all thy scarlet flowers or thy palms[,]
But in the North for ever dwells my heart.
The North with all its human sympathies,
The glorious North, where all amidst the sleet,
Warm hearts do dwell, warm hearts sing out with joy;
The North that ever loves the poet well.

Þannig lýsti enska skáldið William Morris (1834–1896) hugmyndum sínum um norðrið skömmu eftir miðja 19. öld og gæti hafa haft Ísland í huga, enda var hann mikill áhugamaður um Ísland og íslenska menningu, kom tvívegis til landsins og þýddi og gaf út Íslendingasögur.¹⁴⁵

En Norðurlöndin voru ekki eingöngu rómantísk er komið var fram á 19. öld. Hugmyndir um nyrsta hluta Vestur-Evrópu sem upplýst, menntað og tæknivætt svæði efldust einnig er leið á öldina. Þá varð algengt að skírskota til þess hversu vel

¹⁴³ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 53–54, 56.

¹⁴⁴ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 40–60.

¹⁴⁵ <http://morrisedition.lib.uiowa.edu/earlypoemslistandtexts.html>, The Early Poems of William Morris, úr kvæðinu „The Mosque Rising in the Place of the Temple of Solomon“, áður þekkt sem „The Dedication of the Temple“. – Einnig Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 249.

menntaður almenningur væri, hversu opin og frjálst stjórnmál og ríkisstjórn væri í þessum löndum, hversu tækniframfarir hefðu orðið miklar og hversu góð lífskjör almennings væru almennt. Einnig voru þau viðhorf algeng að jafnrétti og lýðræði væri meira í þessum löndum en víða annar staðar.¹⁴⁶ Íslenskur og norrænn menningararfur skiptu miklu máli í þessu sambandi en þegar á ofanverðri 18. öld var orðstír Íslendinga á þessu sviði farinn að berast út fyrir þrengsta hóp menntamanna á Norðurlöndum eins og síðar verður rakið.¹⁴⁷

Loks má geta þess að hugmyndir um yfirburði fólks sem byggi í norðanverðri Evrópu urðu æ meira áberandi á 18. og 19. öld og birtust sem kynþáttahyggja eða rasismi, samhliða vaxandi þjóðernishyggju. Kynþáttahyggja var þó ekki ný af nálinni en hafði lengi verið þekkt í Evrópu, t.d. gagnvart gyðingum; nánar verður fjallað um kynþáttahyggju í umfjöllun um tímabilið frá 1750–1850.¹⁴⁸

Þessi samantekt um norðrið, sem síðar verður fjallað nánar um í tengslum við efnislega umræðu um ímyndir Íslands og Grænlands, gegnir bæði því hlutverki að sýna fram á að allt það tímabil sem hér er til umræðu hefur verið þekkt sérstök orðræða um norðrið en einnig er mikilvægt að komi fram að þessi orðræða hefur verið síbreytileg. Jafnvel má rökstyðja þá skoðun að unnt sé að tala um mörg eða margs konar norður, fremur en eitt og einstakt: „North is multiple, shifting and elastic; it is a *process*, not an eternal fixed goal or condition.“ Þannig lýsti kanadíski fræðimaðurinn Sherrill Grace hugmyndum um norðrið í tengslum við rannsóknir sínar á Norður-Kanada.¹⁴⁹

2.3.5 Útópíur

Hugtakið útópía hefur verið þýtt á íslensku sem staðleysa. Það er notað um ímyndað fyrirmyndarsamfélag. Michel Foucault hefur lýst útópíum þannig að þær séu

staðsetningar án raunverulegs staðar. Þetta eru staðsetningar sem svara hinu raunverulega rými þjóðfélagsins í almennum atriðum, ýmist með því að mynda beina eða öfuga hliðstæðu. Þær eru ýmist þjóðfélagið sjálft í fullkominni mynd eða andhverfa þjóðfélagsins, en hvernig sem þessu er háttað eru útópíurnar í grundvallaratriðum og eðli sínu samkvæmt óraunveruleg rými.¹⁵⁰

Þetta hugtak var fyrst sett fram í samnefndu riti af breska heimspekingnum Thomas More (1478–1535) á 16. öld. Þar lýsti hann ímynduðu samfélagi á eyjunni Útópíu þar sem allir samfélagshættir voru til fyrirmyndar. Síðan þá hafa birst fjölmörg rit um útópísk samfélög af ýmsum toga. Löngu áður en Thomas More setti

¹⁴⁶ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 171–187.

¹⁴⁷ Sjá bls. 100–106 og 157–160.

¹⁴⁸ Sjá bls. 160–163.

¹⁴⁹ Sherrill Grace, *Canada and the Idea of North*, bls. 16. – Einnig Marie-Theres Federhofer, „De to kulturer“, bls. 137–138.

¹⁵⁰ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 135.

fram hugmyndir sínar um Útópíu höfðu margs konar hugmyndir um staðleysu-samfélög verið kynntar og má raunar segja að þær hafi fylgt mannskepunnni alla tíð. Sagnir af paradís eru eitt dæmi þessa. Hið sama á við um frásagnir af landi Hyperborea sem áður hefur verið getið um. Enn eitt dæmi er sagan af eyríkinu/borginni Atlantis sem Plató greindi frá, og átti að hafa sokkið í hafið. Talið er að More hafi að einhverju leyti sótt fyrirmyndir sínar til þeirra hugmynda.¹⁵¹

Hugtakið dystópía er notað um samfélagshugmyndir þar sem framtíðin er boðuð sem hryllingsveröld eða þá öðrum samfélögum lýst sem skelfingarheimi. Dystópía er andstæða útópíunnar.¹⁵² Þekkt dæmi um slíka frásögn er bók George Orwell (1903–1950), *Nineteen Eighty-Four*, þar sem birtist uppgjör hans við alræðishyggjuna.¹⁵³ Þrátt fyrir að kenningar um dystópíu séu tiltölulega nýtt fyrirbæri má þó einnig nota þær við greiningu á eldri textum, bæði bókmenntalegs eðlis og samfélagslýsingar. Það verður að minnsta kosti gert í þessu verki, enda ekki önnur hugtök handhægari við þá greiningu.

Sumir fræðimenn, t.d. breski sagnfræðingurinn, J. Colin Davis, hafa notað hugtakið fyrirmyndasamfélag, *ideal society*, samhliða útópíuhugtakinu, og skilgreina þá fyrrnefnda hugtakið víðar. Hér verður útópíuhugtakið þó notað almennt um þessi fyrirbæri til þess að flækja ekki málin óþarflega.¹⁵⁴ Meðal þessara hugmynda má nefna ofgnóttarsamfélagið (*The Land of Cockayne*) sem er skylt paradís og arkadíu,. Eftir að farið var að þýða gríska texta á 15. og 16. öld urðu hugmyndir sem tengdust grísku gullöldinni og grísku borgríkjunum sem fyrirmyndarborgum algeng fyrirmynd margra útópískra samfélagslýsinga.¹⁵⁵ Drættir sem tengja má á þær slóðir sjást í ferðalýsingum og öðrum umfjöllunum á því tímabili sem hér er til athugar. Annars vegar var Aþena sem var álitin vera, „democratic, tolerant, boisterous, given over to a cultivated hedonism“. Hins vegar var Sparta sem var talin vera „authoritarian, ascetic, communistic“.¹⁵⁶

¹⁵¹ Thomas More, *Utopia*. – Einnig Mishtooni Bose, „Introduction“, bls. xiii – Síðar tengdi sænski fræðimaðurinn Olof Rudbeck (1630–1702) hugmyndir um útópíuna Atlantis við Svíþjóð, <http://encyclopedia.thefreedictionary.com/olof+rudbeck>, sótt í janúar 2013.

¹⁵² <http://oxforddictionaries.com/definition/english/dystopia>: „an imagined place or state in which everything is unpleasant or bad, typically a totalitarian or environmentally degraded one. The opposite of utopia.“ Sótt í janúar 2013.

¹⁵³ Fredric Jameson, *Archaeologies of the Future*, bls. 292.

¹⁵⁴ J. C. Davis, *Utopia and Ideal Society*, bls. 7–8. Davis aðhyllist þrönga skilgreiningu á útópíuhugtakinu og vill greina á milli þess og annarra tegunda af „ideal society“.

¹⁵⁵ Krishan Kumar, *Utopia and Anti-Utopia in Modern Times*, bls. 19. – J. C. Davis, „Science and Utopia“, bls. 27 og áfram. – J. C. Davis, *Utopia and Ideal Society*, bls. 12–40. – <http://www.thefreedictionary.com/Land+of+Cockaigne>; skilgreining á Cockayne hljóðar svo: „Medieval legend, an imaginary land of luxury and idleness (from Old French *cocaigne*, from Middle Low German *kökenje* small cake (of which the houses in the imaginary land are built); related to Spanish *cucaña*, Italian *cuccagna*).“

¹⁵⁶ Krishan Kumar, *Utopia and Anti-Utopia in Modern Times*, bls. 4–5.

Cockayne og *Arcadia* áttu það sameiginlegt að í báðum þessum tilvikum var fólk sagt lifa af gæðum náttúrunnar. Í fyrra tilvikinu væru þessi gæði takmarkalaus og lífinu lýst svo að allt væri í óhófi og taumlaust en í hinu síðara voru lífsins gæði talin hóflegri.¹⁵⁷ Því einkenndust þarfir íbúa arkadú af hógværd og þeir óskuðu sér ekki annars en þess sem þeir hefðu náttúrulega þörf fyrir.¹⁵⁸ Í þessu samhengi má einnig nefna hugmyndir um klaustursamfélagið þar sem einfaldleiki og hófsemd voru í fyrirrúmi. Þessi samfélög voru eftirbreytniverð, einkum vegna hins andlega fordæmis sem íbúar þeirra sýndu. Þá var einkum átt við gæsku, einfalt líferni, trúrækni, gestrisni o.s.frv.¹⁵⁹ Þetta má síðan tengja við hugmyndir um þúsundarárikið, sem táknaði endurkomu „borgarinnar helgu“ til jarðarinnar, eins og það var orðað.¹⁶⁰

Ástæða þess að rætt er um útópískar og dystópískar hugmyndir hér er sú að framandleikanum var og er oft lýst með því að nota slíkar hugmyndir; þær voru oft mikilvægur hluti þeirrar orðræðu sem var algeng um löndin tvö lengst í norðri. Þær tóku á sig margvísleg form, t.d. þegar rætt var um ofgnótt, hófsemd, mildi og trúrækni, langlífi og fegurð kvenna en einnig var algengt að fjalla um andhverfu þessa, skort, villimennsku, grimmd, ljótleika, skrímsli og ólífnað. Hugmyndir um útópíu og dystópíu tengjast því mjög lýsingum á þessum löndum.

Michel Foucault kynnti hugtakið *heterotopia* til sögunnar á sjöunda áratug 20. aldar en það var ekki fyrr en á tveimur síðustu áratugum sem það vakti verulega athygli. Þetta hugtak getum við notað til þess að tengja útópíu við tiltekinn stað. Heterótópía merkir einfaldlega annar staður (*heteros* og *topos* á grísku). Það er í raun „„afbrigði útópíu sem orðin er að áþreifanlegum veruleika“ og eru [þessi rými] því ekki lengur hrein ímyndun eða „staðleysa“, heldur hluti af hversdagslífi okkar.“¹⁶¹ Heterótópíur eru því raunverulegir staðir en samt „utan allra staða“ enda eru þeir „allt öðru vísi en allar þær staðsetningar sem þeir endurspeglar.“¹⁶² Þær eru sem sagt

¹⁵⁷ Paradís var sögð vera í austrinu og stundum sögð vera eyja. Íslensk miðaldarit sem byggðu á erlendum alfræðiritum lýstu paradís svo: „Þar er svo góð vist að þar eru blómar og víðir og öll grös með hinni sömu fegurð jafnan. Þar er hvorki ofhiti né kuldi ... Allir þessa heims kostir fylgja þar en engir eru þar annmarkar.“ „Heimslýsing“, bls. 71. – Sverrick Tómasson hefur fjallað um paradísarhugtakið í „Ferðir þessa heims og annars“.

¹⁵⁸ J.C. Davis, *Utopia and the Ideal Society*, bls. 24–26. – Breski fræðimaðurinn Krishan Kumar hefur lýst því svo að helstu einkenni þessarar samfélagsgerðar séu „the harmony between man and nature, based on moderate „natural“ needs, uncomplicated and uncorrupted by „civilization“.“ *Utopia and Anti-Utopia in Modern Times*, bls. 4.

¹⁵⁹ Um þetta efni m.a. Krishan Kumar, *Utopia and Anti-Utopia in Modern Times*, bls. 18–19. – Einnig George Boas, *Essays on Primitivism and Related Ideas in the Middle Ages*, bls. 107–108.

¹⁶⁰ Þúsundarárikið táknaði endurkomu „borgarinnar helgu“ til jarðarinnar, samkvæmt Biblíunni, eftir að öllu lífi þar hafði verið eytt, <http://www.bibleinfo.com/is/topics/%C3%BE%C3%BAund-%C3%A1ra-r%C3%ADki%C3%B0>; sótt í janúar 2013. – Einnig *Biblía*, opinberun Jóhannesar, 21. kafli, 1–3, bls. 1108.

¹⁶¹ Benedikt Hjartarson, inngangur að þýðingu hans á grein Michels Foucault, „Um önnur rými“, bls. 131–132.

¹⁶² Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 137.

útópíur án þess að vera það og tilteknir staðir líka án þess að vera það. Þetta á t.d. við um marga ferðamannastaði sem eru auglýstir sem stórkostlegt ævintýraland þar sem fá má flest af því sem hugurinn girnist.¹⁶³ Heterótópían er því staður fyrir það sem er framandlegt, „the other“, bæði innan eigin samfélags og utan og er „fastur þáttur í sérhverju mannfélagi.“¹⁶⁴ Hugtakið tengist því náði umræðu um ímyndir hér að framan.

Foucault ræðir um lögmál sem einkenna heterótópíuna. Hann segir hún geti haft ólík hlutverk miðað við það „menningarástand“ sem hún tengist. Hann nefnir líka að heterótópían geti innihaldið „mörg rými, margar staðsetningar sem eru í eðli sínu ósamrýmanlegar“. Enn er þess að geta að Foucault staðhæfir að heterótópíur geti verið fyrirbæri „þar sem tíminn safnast stöðugt upp“ og getur það vel átt við framandleika Íslands og Grænlands þar sem ímyndir beggja þessara landa byggja á löngum hefðum, „uppsöfnun“ staðhæfinga úr ýmsum áttum, sumar frá löngu liðnum tímum.¹⁶⁵ Með kenningum sínum um heterótópiu er Foucault þó ekkert sérstaklega að ræða um framandleika annarra þjóða, miklu fremur „annarleg“ fyrirbæri innan hvers samfélags, til dæmis geðveikrahæli. Ekkert er þó á móti því að tengja hugmyndir hans á þessu sviði við ímyndir og framandleika.

2.3.6 Eyjan

Frá fornu fari hafa lýsingar á eyjum borið annan keim en frásagnir frá öðrum landsvæðum, þær hafa haft tilhneigingu til að vera „öðruvísi“. Bandaríski landfræðingurinn John Kirtland Wright (1891-1969) staðhæfði að „islands were convenient topographic units to which the medieval mind was wont to attribute fabulous and supernatural qualities.“¹⁶⁶ Wright hafði í huga miðaldir en aðrir fræðimenn hafa margir tekið í sama streng og fullyrt að oft hafi verið fjallað um eyjar sem staði gerólíka meginlandi.¹⁶⁷

Enski fræðimaðurinn Melanie A. Murray tekur undir þessa skoðun og staðhæfir að eyþjóðir séu „typically represented in colonial and precolonial literature as paradisaical and pastoral, images that are perpetuated in colonial discourse.“¹⁶⁸ Urs Bitterli hefur nefnt þetta fyrirbæri, þessar hugmyndir um eyjar sem annan stað, *insularität*; á ensku mætti kalla þetta hugtak *islandness* fremur en *insularity* vegna þeirra neikvæðu merkingar sem oft fylgir síðarnefnda hugtakinu: Þröngsýni og einangrunarhyggju.

¹⁶³ Lýsingar á ýmsum eyjum í Austurlöndum fjær hafa oft verið í þessa veru, t.d. á Bali, <http://www.baliturismauthority.net/>

¹⁶⁴ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 137.

¹⁶⁵ Michel Foucault, „Um önnur rými“, bls. 137–140.

¹⁶⁶ John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 229–230. – Einnig John R. Gillis, *Islands of the Mind*, bls. 4.

¹⁶⁷ *Focus Behaim Globus*, bls. 227.

¹⁶⁸ Melanie A. Murray, *Island Paradise*, bls. ix.

Bitterli bendir réttilega á að í hugtakinu *insularität* séu fólgnar andstæður sem hafi einkennt lýsingar á þessu fyrirbæri á liðnum öldum. Samkvæmt kenningum hans býr eyjan því yfir tvenns konar „eðli“. Henni er annars vegar gjarnan lýst sem sælustað en hins vegar sem bólstað hins illa. Eyjan er fjarlæg en lífið þar einkennist af nálægð. Hún er í augnsýn en um leið hverful ef komið er of nálægt henni.¹⁶⁹ Hún táknar lausn frá þrautum og erfiðleikum, björgun og nýtt líf, jafnvel endurfæðingu og hreinsun. En hún táknar líka dauða og endalok, erfiðleika og þrautir.¹⁷⁰

Eyjar voru líka staður frelsisins. Til dæmis sagði Montesquieu á öndverðri 18. öld að íbúar eyja væru almennt haldnir meiri frelsisþrá en fólk á meginlöndum, enda næði harðstjórnin iðulega ekki til þeirra þar sem hafið skýldi þeim.¹⁷¹ En eyjan gat líka verið fulltrúi siðleysisins og var staðhæft að þess væru mörg dæmi að eyjabúar væru líklegri til hvers kyns spillingar en annað fólk. Sérstaklega hefðu þeir tilhneigingu óskírlíffis.¹⁷²

Melanie A. Murray, og fleiri fræðimenn, hafa bent á að paradísarhugtakið, sem hefur verið nátengt eyjahugtakinu, hafi einnig tvenns konar eðli. Annars vegar sé um að ræða paradís í trúarlegum skilningi en hins vegar „paradís“ sem uppsprettu auðs og veraldlegrar vellíðunar, eins konar fjársjóðseyju. Hún bendir einnig á að slíkar paradísarlýsingar hafi í raun í sér fóligna andhverfu sína, enda sé því oft svo farið að það sem einum sé uppspretta auðtekens munaðar og áhrifa á tilteknum stað sé öðrum alger andstæða þess, þ.e. orsök áhrifaleysis, ánauðar, örbirgðar og tortímingar. Paradís eins geti því verið víti annars. Slíkt gat einmitt gerst á þann hátt að auður eins varð til vegna ánauðar annarra, eins og mörg dæmi eru til um.¹⁷³

Frá fornu fari eru til margs konar lýsingar á eyjum þar sem ýmsir eiginleikar þeirra koma fram. Nærtækt dæmi frá forngrískum menningarheimi eru *Kviður Hómers* þar sem meðal annars er lýst ferðalagi Ódysseifs á leið heim eftir Trójustríðið. Í þeirri för lá leið hans um margar eyjar, góðar og slæmar, t.d. til eyjarinnar Ógygju þar sem landvætturinn Kalýpsó hélt sig og vildi halda honum fönngnum og líka til Skerju, eylands Feaka, þar sem hann var hlaðinn gersemum.¹⁷⁴ Urs Bitterli tekur sögu úr *Púsund og einni nótt* sem dæmi: Sæfarar koma til eyju eftir langa og harða útivist. Þeir varpa öndinni léttar er þeir hafa loks fast land undir fótum, binda skip sitt og tendra bál til matseldar. En eyjan er alls ekki eyja heldur stórhveli. Í einu vetvangi breytist hún í

¹⁶⁹ Urs Bitterli, „Die exotische Insel“, bls. 68–70. – Rebecca Erinn Jackson, *Islands on the Edge*, m.a. bls. 47–48. – Einnig Reinhold Bichler, *Von der Insel der Seligen zu Platons Staat*, bls. 21–22 og víðar. – John R. Gillis, *Islands of the Mind*, bls. 2–3. – Giraldus Cambrensis, *The Historical Works of Giraldus Cambrensis*, bls. 73.

¹⁷⁰ Melanie A. Murray, *Island Paradise*, bls. xvi. – Einnig John R. Gillis, *Islands of the Mind*, bls. 40.

¹⁷¹ Charles Louis de Secondat de Montesquieu, *The Spirit of the Laws*, bls. 288.

¹⁷² Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 64. Í frumtextanum segir: „ist ein unkeusch [óhreinlíft] Volck wie dann alle so in Insuln wohnen“

¹⁷³ Melanie A. Murray, *Island Paradise*, bls. xv–xvi, 20.

¹⁷⁴ Glöggva má sig á ferðalagi Ódysseifs á lokasíðum *Odysseifskviðu*, Hómer, *Kviður Hómers II, Odysseifskviða*, bls. 75–76, 370–371.

andhverfu sína og dregur skip og menn með sér niður í hafdjúpin. „Eyjan“ reynist ekki bjargvættur heldur eyðir hún öllu sem á henni er.¹⁷⁵ Hamingjueyjar, eða *Insule fortunate*, eru einnig oft nefndar í ritum á síðmiðöldum. Þær hugmyndir eiga, eins og svo margt annað í þessa veru, rætur að rekja til fornaldarlýsinga. Þær birtust síðar iðulega á landakortum á 16. og 17. öld og voru þá oft staðsettar í hafinu vestan norðanverðar Afríku.¹⁷⁶

Vel þekkt er sjóferðasaga írsku munksins Brendans (f. seint á 5. öld). Hún öðlaðist miklar vinsældir á síðmiðöldum og varð *bestseller* eins og bandaríski fræðimaðurinn Carl Selmer orðar það. Hún er til í fjölmörgum útgáfum og með ýmsum blæbrigðum.¹⁷⁷ Markmið Brendans var að leita sælueyjarinnar. Sú fór leiddi hann á margvíslegar hættuslóðir, m.a. til eyju sem spúði eldi og eimyrju og ferðalangarnir sluppu naumlega frá. Önnur grýtt eyja þar sem rekaviður lá hér og þar reyndist við nánari athugun vera risafiskur. Á enn öðrum eyjum var ofgnótt fisks og sauðfjár. Í einni eyju gerðist það jafnvel, þegar sungin var messa, að fiskarnir komu upp úr sjónum. Enn ein eyja var afar grösug og blómleg. Ein eyjan var byggð munkum eingöngu og þar voru heitar uppsprettur. Þeir komu einnig til eyju þar sem var inngangur vítis. Hún var öll sem einn ofn og gaus stöðugt, sérstaklega þegar sálnabrennsla stóð yfir. Hafíð sauð og stöðugt ýlfur heyrðist þaðan, fjöldi púka var allt um kring. Þá lagði reyk upp af einni eyju og þar hittu leiðangursmenn fyrir Júdas. Hann fékk að vera þar á sunnudögum á milli þess sem hann var brenndur í víti.¹⁷⁸ Eftir margvíslegar raunir komst Brendan alla leið til *Bona terra*, sælulandsins, þar sem eitruð kvikindi voru meinlaus eða þrifust ekki, þar sem gnægð var af öllu, korni og víni, fuglar og fiskar komu jafnvel til manna fyrirhafnarlaust og loftið sjálft angaði sætlega. Þá reyndist vera þar ofgnótt dýrra málma og eðalsteina, í ánum flóði

¹⁷⁵ Urs Bitterli, „Die exotische Insel“, bls. 70. – Einnig Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken*, IV, bls. 238–239.

¹⁷⁶ Í 15. aldar handriti af *Polycronicon* Ranulphs Higden er eyjunum lýst svo: „The Yles Fortunate be temperate, putte in the weste ocean, supposede of mony men to be paradise for the temperaunce of the aier and fecundite or plentuosenes of the soyle; the hilles of those yles be clothede as by fortunable enchaunce with herbes and other commodoties, for whiche cause men inhabitenge theyme calle theym the yles fortunate or happy.“ *Polychronicon* I, bls. 321. – John R. Gillis, *Islands of the Mind*, bls. 40, 51–52.

¹⁷⁷ Carl Selmer, „Foreword“, bls. vii. – Mikill fjöldi handrita er til af *Navigatio* Brendans, flest á latínu en einnig á fleiri tungumálum. Margir hafa velt vöngum yfir því hvert Brendan hafi farið; kom hann til dæmis til Íslands og Færeyja? Slíkum spurningum verður ekki svarað hér, enda útilokað að komast að nokkurri niðurstöðu um það og tæpast áhugavert í þessu sambengi. En niðurstaða Selmers er í stuttu máli sú að *Navigatio* sé „a story of Christian visionary character, combined with adventure-reports of early Irish seafarers, embellished with tales and sagas of folklore, and spiced with classical reminiscences.“ Jafnvel megi staðhæfa að *Navigatio* Brendans hafi verið hugsuð sem kristin útgáfa á *Eneasi* Virgils eða hugsanlega *Kviðum Hómers* en söguviðið fært um set, frá grísku eyjunum til eyjanna í grennd við Írland. Carl Selmer, „Introduction“, bls. xxi–xxv, xxix–xxx. – Einnig William R. J. Barron og Glyn S. Burgess (ritstj.), *The Voyage of Saint Brendan*, formáli. – Árni Hjartarson „Hekla og heilagur Brendan“, bls. 161–171.

¹⁷⁸ William R. J. Barron og Glyn S. Burgess (ritstj.), *The Voyage of Saint Brendan*, bls. 33–43, 52, 54–58.

mjólkin og döggin var sem hunang, fuglarnir sungu sálma og hvert tré var hlaðið ríkulegum ávöxtum.¹⁷⁹ Frásögnin átti eftir að hafa mikil áhrif á komandi öldum og birtust sumar eyjanna sem Brendan greindi frá síðar á landakortum og hnattlíkönum.¹⁸⁰ Þessar eyjalýsingar voru víða teknar til fyrirmyndar og var ýmsum eyjum í Vesturheimi í upphafi nýaldar t.d. lýst í þessa veru.¹⁸¹ Sumar af þessum lýsingum gætu hafa haft áhrif á lýsingar á Íslandi síðar en hér verður engin tilraun gerð til þess að meta hvort eldgosalýsingar í frásögn Brendans hafi einhver tengsl við slíka atburði á Íslandi. Því hafa margir velt fyrir sér.¹⁸²



Mynd 8. Hverfugleiki eyjunnar, myndhluti af korti *Carta Marina* frá 1539. Skipverjar á ensku skipi hafa talið að stórhveli í hafinu ekki fjarri Íslandi væri eyja og tveir menn hafa komið sér þar fyrir til þess að elda sér málsverð. Sagnir í þessa veru voru vel þekktar og til vitnis um að ekki væri allt sem sýndist að því er varðaði eyjar.

Urs Bitterli staðhæfir að nútíma túrismi hafi nýtt sér eyjahugmyndina út í æsar. Hann tekur Hawaii sem dæmi. Þrátt fyrir að Hawaii og margar aðrar eyjar séu hátæknivædd nútímasamfélög eru þær samt sem áður oft kynntar í anda áðurgreindra hugmynda um eyjuna sem frumstæðan sælu- og hvíldarstað. Þar taki hinir vingjarnlegu frumbyggjar á móti ferðamönnum og veiti þeim tækifæri til þess að kynnst lífi þar

¹⁷⁹ William R. J. Barron og Glyn S. Burgess (ritstj.), *The Voyage of Saint Brendan*, bls. 138–139, 146–147. – John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 230–231.

¹⁸⁰ *Focus Behaim Globus*, bls. 227.

¹⁸¹ Götz Pochat, *Das Fremde im Mittelalter*, bls. 28.

¹⁸² Árni Hjartarson, „Hekla og heilagur Brendan“, bls. 165–167.

sem friður og ró ríki en ekki sífelldur erill og streita.¹⁸³ Mary Louise Pratt tekur undir þessa skoðun og staðhæfir að eftir að fjöldatúrismi hófst á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar hafi verið farið að „matreiða“ ýmsa ferðamannastaði á útópískan hátt og við þá kynningu hafi einnig verið ráðandi „visions of plentitude and paradise“.¹⁸⁴ Aðrar hliðar ferðamennsku og áhrif hennar eru þá vandlega huldar, hvort sem þær varða þá sem starfa við ferðaiðnaðinn, umhverfismál eða áhrif hans á viðkomandi samfélög.

2.3.7 Eyjan Írland

Eyjan Írland er gott dæmi um það hvernig orðræða um eyjuna og tvíeðli hennar hafa birst allt frá í fornöld og hvernig tiltekin eyja hefur verið kynnt sem heterótópía.¹⁸⁵ Þess vegna eru lýsingar á Írlandi ræddar stuttlega hér en líka vegna þess að margt er skylt með lýsingum á Íslandi og Eyjunum tveimur jafnvel ruglað saman í fornum ritum, enda lítill munur á nöfnunum. Því er gott að hafa Írlandslýsingar í huga þegar fjallað er um ytri ímyndir Íslands á liðnum öldum.

Lýsingar á Írlandi áttu um margt skylt við frásagnir af sælueyjum til forna og á miðöldum. Loftslagið væri sérlega gott og eyjan flóði í mjólk og hunangi. Þá þrífust þar að sögn hvorki snákar né eitruð skorkvikindi; snákar voru fulltrúar hins illa eins og vel er þekkt.¹⁸⁶ Á síðmiðöldum voru þær skoðanir einnig algengar að Írland væri eyja helgi og lækniáttar.¹⁸⁷ Í *Konungs skuggsjá*, sem var rituð í Noregi um miðja 13. öld, var t.d. staðhæft að Írland væri „nálega landa bezt, það, er menn vita, þó eigi vaxi þar vín upp á“. Þá væri það jafnvel

svo heilagt umfram önnur lönd, að þar má ekki eiturkvikindi á þrífast, hvorki ormur né padda, og þó að það sé flutt þangað af öðrum löndum, þá deyr það þegar, er það kennir bera jörð eður stein ... Það er og mælt um Írland, að jafnmikið eyland, sem það er, þá vitu menn það varla, er jafnmargur sé heilagur maður í sem þar.¹⁸⁸

Það lék lítill vafi á, samkvæmt framsetningu *Konungs skuggsjár*, að Írland var talið vera heilagur staður.

Margir aðrir höfundar á síðmiðöldum nefndu frábæra landkosti á Írlandi, t.d. sagnaritarinn og munkurinn Ranulph Higden (1280–1363).¹⁸⁹ Hann lýsti Írlandi svo: „That londe is so plentuous in pastures to bestes that the fattenes of theyme scholde cause perelle, with oute the bestes were removede from hit oþer while.“ Það þurfti

¹⁸³ Urs Bitterli, „Die exotische Insel“, bls. 80–81.

¹⁸⁴ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 217.

¹⁸⁵ Solinus, *The Excellent and Pleasant Work*, cap. 34.

¹⁸⁶ John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 230, 338. – Einnig Ranulph Higden, *Polychronicon* I, bls. 339.

¹⁸⁷ Joep Leerssen, „Irish“, bls. 191–192.

¹⁸⁸ *Konungs skuggsjá*, bls. 41–42.

¹⁸⁹ Einnig ritað Ranulph Higdon. Hann skráði *Polychronicon* á fyrri hluta 14. aldar, Churchill Babington, „Introduction“, bls. ix–lxxii.

með öðrum orðum að sjá til þess að búfénaður ylli sjálfum sér ekki skaða með ofáti og reka hann þess vegna öðru hverju úr högunum, þvílíkir voru landkostirnir.¹⁹⁰ Sú hefð var því algeng á miðöldum að lýsa Írlandi sem eins konar paradís eða gnægtastað, fyrir utan að þar birtust líka alls konar furðuverk. Lýsingar á Írlandi eru því í góðu samræmi við þær kenningar sem ræddar voru hér að framan um það hvernig framandleiki hefur oft verið kynntur, ekki síst framandleiki eyjunnar.

Á sama tíma voru þó við lýði hugmyndir sem lýstu Írlandi á allt annan hátt, sem illum stað. Höfundur *Konungs skuggsjár* staðhæfði t.d. að þjóðin sem landið byggði væri „grimm í sér og þó drápgjörn og mjög ósiðug“ en þó dræpu Írar ekki helga menn.¹⁹¹ Giraldus Cambrensis (1146–1223), eða Gerald of Wales, sagnaritari og prestur sem hófst til metorða við ensku hirðina var að störfum um svipað leyti og höfundur *Konungs skuggsjár*. Hann lýsti Írum samtíma síns á svipaðan hátt: „The Irish are a rude people ... and living themselves like beasts.“¹⁹² – Hér birtist því skýrt eitt einkenni þjóðarímynda: Að sagðar eru margs konar sögur. Í þeim birtist tvíhyggja sem einmitt er algeng um eyjar. Eyjan Írland er bæði góð og slæm, helg og djöfulleg, örlát og ill í senn og um leið mjög framandi.

Svipað má segja um tímabilið frá öndverðri nýöld og fram um 1800, frásagnirnar, „þekkingin“ um Írland breyttist ekki í grundvallaratriðum. Landinu var oft lýst sem mjög framandi stað, þar sem flest undur veraldar gátu birst:

Looke by how much Ireland is disioyned from the rest of the knowen world, and in that respect is commonly holden to be as it were ANOTHER WORLD: so, for certaine things, by the common course of Nature, to others vnknewen, it seemeth to be a speciall and peculiar Treasurie or STOREHOVSE OF NATVRE, where it hath bestowed and layed vp her most excellent and rarest secrets.¹⁹³

Á þennan hátt lýsti Abraham Ortelius (1527–1598) Írlandi í kortasafni sínu *The Theatre of the World* (*Theatrum orbis terrarum*, fyrsta latneska útgáfan 1570) frá 1606. Ortelius var kortagerðarmaður og kortasali, upprunninn í Antwerpen, og varð einn helsti kortagerðarmaður 16. aldar.¹⁹⁴ Í lýsingu sinni á Írlandi byggði hann á langri hefð eins og fyrr hefur verið reifað og þessi tegund orðræðu um Írland lifði góðu líffi

¹⁹⁰ Ranulph Higden, *Polychronicon* I, bls. 333. – Solinus, *The Excellent and Pleasant Work*, cap. 34. Lýsing Higdens á Írlandi, sem má raunar sjá þegar í ritum Sólínusar, var síðar yfirfærð á Ísland eins og síðar verður getið. Þar getur verið um að ræða mislestur á Íslandi fyrir Írland, en slíkur tilflutningur var þó mjög algengur og sennilegast er að þetta paradísar/útópíu-einkenni hafi verið flutt yfir á Ísland í krafti þess að það var líka eyja.

¹⁹¹ *Konungs skuggsjá*, bls. 42.

¹⁹² Giraldus Cambrensis, *The Historical Works of Giraldus Cambrensis*, bls. 124.

¹⁹³ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. xli.

¹⁹⁴ *Theatrum* kom í mörgum útgáfum og texti breyttist iðulega á milli útgáfa, stundum mikið.

næstu aldir. Undrin voru á sínum stað, t.d. uppsprettur sem breyttu tré í járn.¹⁹⁵ Margendurtekin var sú gamla saga að á Írlandi þrifust ekki nein eitruð dýr og slöngur dræpust væru þær fluttar þangað. Hið sama ætti við um ýmis önnur „óþörf“ dýr svo sem köngulær, froska, úlfa eða refi. Íðulega var vísað í forn alfræðirit þessu til staðfestingar.¹⁹⁶ Hefðin var því afar sterk.

Tengsl við útópíur sem einkenndust af ofgnótt voru líka greinileg á þessu tímabili. Margar heimildir á 17. og 18. öld sögðu Írland vera sérlega frjósamt og loftslag gott og heilnæmt. Eyjan væri sérlega hagfelld til búsetu enda drypi þar smjör af hverju strái, jafnvel svo að dýrum væri hættu búin vegna ofáts í allri velsældinni, eins og líka hafði verið staðhæft löngu fyrr.¹⁹⁷ Abraham Ortelius lýsti því svo:

For this country, lying in the midst indifferently seated betweene frozen Island, and parched Spaine, and by that meanes getting a meane temperature betweene hot and cold, aswell [svo] in respect of that temperature and holesomenesse of the aire, is most goodly & fertile island.¹⁹⁸

Landið var sannarlega eftirsóknarvert samkvæmt lýsingum Orteliusar og margra fleiri höfunda og t.d. loftslagi lýst þannig að það væri hvergi betra; slíkar hugmyndir voru í góðu samræmi við loftslagskenningar samtímans. En umfjöllun um landsmenn var oft neikvæð sem fyrr. Tíðrætt var um villimennsku þeirra og ofbeldishneigð sem vart ætti sér nein takmörk og birtist m.a. í því að þeir væru mannætur.¹⁹⁹ Algengt var að staðhæfa að ekki væri unnt að finna undir sólinni fólk sem nýtti sér svo illa góð skilyrði, enda gæfi landið lítinn ávöxt sökum sinnuleysis.²⁰⁰ Á 18. og 19. öld tengdust þessi viðhorf gjarnan kynþáttahyggi; Írar voru íðulega nefndir „negrar Evrópu“ eða að þeir líktust eyþjóðum í Kyrrahafinu. Þeir væru af öðrum kynþætti en Englendingar og væri það skýringin á villimennsku þeirra og að þeir væru óhæfir að takast á við lífið. Samlíkingar við dýr (apa) voru algengar.²⁰¹ Í stuttu máli má segja að meðal Englendinga hafi Írar fengið það hlutverk að vera spegill villimennskunnar og til þessararar „villimennsku“ þeirra var raunar íðulega vísað til samanburðar þegar

¹⁹⁵ Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildtnis des gantzen Erdtbodens*, bls. Ixviii. – Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 65. – Einnig Matthis Quad, *Geographisch Handtbuch*, bls. 54–55.

¹⁹⁶ M.a. Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildtnis des gantzen Erdtbodens*, bls. Ixviii. – George Meriton, *A Geographical Description of the World*, bls. 339. – François Pétis de la Croix og Hieronymus Dicelius, *Geographia Universalis*, bls. 284. – Einnig George Boas, *Essays on Primitivism and Related Ideas in the Middle Ages*, bls. 169–171.

¹⁹⁷ Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildtnis des gantzen Erdtbodens*, bls. Ixviii.

¹⁹⁸ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. xli.

¹⁹⁹ Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 94–95. – Peter Heylyn, *Cosmographie in Four Bookes* [1652], bls. 307.

²⁰⁰ Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 64. – George Meriton, *A Geographical Description of the World*, bls. 339. – Peter Heylyn, *Cosmographie in Four Bookes* [1652], bls. 307.

²⁰¹ Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 98–100, 109–110.

þarlendir höfundar fjölluðu um „villimennsku“ í öðrum löndum lengra í norðri.²⁰² Því má segja að Írland hafi gegnt mikilvægu hlutverki við mótun sjálfsmynda Engendinga.

Í þessu stutta yfirliti um hugmyndir um Írland frá fornöld og fram á 18. öld kemur fram að ímyndir lands og þjóðar eru af ólíku tagi. Írlandi er oft lýst sem paradísareyju og það er talið vettvangur furðuverka. Á hinn bóginn eru einnig dregin fram dæmi um skelfilega villimennsku íbúanna. Ekki er unnt að skilja lýsingar frá Írlandi nema hafa í huga hagsmuni og vald. Til forna höfðu Írar sýnt Rómverjum mótspyrnu og af henni spruttu sagnir af villimannlegum háttum þeirra. Valdið sýndi sig því snemma hvað varðar lýsingar frá Írlandi og hið sama á einnig við um enskar lýsingar frá Írlandi frá síðmiðöldum, enda voru Engendingar að brjótast til valda á Írlandi frá ofanverðri 12. öld og mikil átök voru þar í landi á ofanverðri 16. öld og fram á hina 17. Enskir höfundar líktu landvinningum Engendinga á Írlandi við framrás nýlenduvelda vestanhafs og sú samlíking er ekki fjarri lagi, enda afleiðingarnar um margt ekki ósvipaðar.²⁰³ Þeir kappkostuðu að draga upp þá mynd af Írum að þeir ættu ekki skilið að njóta þess lands sem þeir byggju í. Orðræðan var því nýtt til þess að réttlæta yfirráð og sveigja umræðuna á þá leið að hún gagnaðist valdhöfum en rýrði hag hins undirokaða; þannig mótaðist sú þekking um Írland sem rætt hefur verið hér að framan.²⁰⁴

Sem sjá má var orðræðan mjög í samræmi við þá hefð sem var algeng í lýsingum á nýlendum ríkja Evrópu og rætt hefur verið um hér að framan, bæði að því er varðar neikvæðar (fólkið) og jákvæðar (landið) lýsingar, enda er ekki ofsagt að Írland hafi verið nýlenda Engendinga. Það er einnig athyglisvert að sú hefð er svipuð eldri orðræðu og dregur dóm af henni; miðaldahefðin og nýlenduhefðin renna saman og blandast við þá orðræðu sem var algeng um eyjar.

Á 18. og 19. öld birtust ný viðhorf til hins keltneska og írska, tengd vaxandi þjóðernishyggju og andófi gegn klassísisma þar sem lögð var áhersla á Írland sem upprunaland hins keltneska og að þar hafi fyrrum blómstrað menning og listir þó að ekki væri eindrægni um þessa skoðun.²⁰⁵ Samhliða þessu var stundum staðhæft að Írar hefðu einnig sýnt, og sýndu enn, einstaka hæfileika á sviði skáldskapar og í annarri sköpun, svo mikla að hver þjóð væri sæmd af. Iðulega var írsk-keltneskur

²⁰² M.a. Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 252–253, 272, 288.

²⁰³ Jonathan Hart, *Empires and Colonies*, bls. 64. – Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 96.

²⁰⁴ M.a. Joep Leerssen, „Irish“, bls. 192.

²⁰⁵ John Pinkerton, *A Dissertation on the Origin and Progress of the Scythians or Goths*, bls. 69. Í texta sínum sagði Pinkerton m.a. að Keltar hefðu ekki enn „advanced even to the state of barbarism; and if any foreigner doubts this, he has only to step into the Celtic part of Wales, Ireland or Scotland, and look at them, for they are just as they were, incapable of industry or civilization even after half their blood is Gothic and remain as marked by the ancients, fond of lyes, and enemies of the truth.“ Í sama verki á bls. 123: „For the Celts were so inferior a people, being to the Scythæ as a negro to an European, that, as all history shews, to see them was to conquer them“. – Einnig Edward J. Cowan, „Icelandic Studies“, bls. 113.

menningararfur nefndur í sömu andrá og hinn íslenski-norræni og rætt um „beautiful imagery“, „splendours“ og „fondness for the sublime“ í því samhengi.²⁰⁶

Hér er ekki rúm til þess að ræða þessa sögu, enda er Írland ekki sérstakt viðfangsefni þessa rits. Aftur á móti má sjá margt sem tengir eyjarnar Ísland og Írland, með áherslu á forna gullöld þessara landa, hetjuskap og bókmenntaarf og síðar hnignun þeirra en líka taumlausa villimennsku og siðleysi eins og drepið verður á síðar í þessu riti að því er Ísland varðar



The Iberians are believed to have been originally an African race, who thousands of years ago spread themselves through Spain over Western Europe. Their remains are found in the barrows, or burying places, in sundry parts of these countries. The skulls are of low, prognathous type. They came to Ireland, and mixed with the natives of the South and West, who themselves are supposed to have been of low type and descendants of savages of the Stone Age, who, in consequence of isolation from the rest of the world, had never been out-competed in the healthy struggle of life, and thus made way, according to the laws of nature, for superior races.

Mynd 9. Íri, engil-saxi og „negri“, úr Harpers Weekly frá 1899. Hér er því lýst að „Íberar“ hafi upphaflega verið afrískur kynbáttur sem hafi dreifst um Spán norður á bóginn, þar á meðal til Írlands, og því séu Írar í raun „negrar“; myndin er dæmi um hvernig kynbáttahygjan var nýtt sem valdataeki.

²⁰⁶ M.a. Joep Leerssen, „Irish“, bls. 193. – Segja má að hið keltneska sem sérstakt fyrirbæri hafi orðið til á þessum tíma og fékk áhugi á þessum málum byr undir vængi með „uppgötvun“ Ossian-ljóðanna um miðja 18. öld sem staðhæft var að væru frá þriðju öld eftir Krist. Útgefandi þeirra var Skotinn James Macpherson og er hann nú einnig talinn vera höfundur þeirra. Christopher Thacker, *The Wildness Pleases*, bls. 103 og áfram. – Joep Leerssen, *Remembrance and Imagination*, bls. 38 og áfram. – Karl Hammerdörfer og Christian T. Kosche, *Europa, ein geographisch-historisches Lesebuch*, bls. 401. Höfundar lýsa atgervi Íra svo: „Zu der Zeit, wo alle Gelehrsamkeit verdrängt zu sein schien, hatte Irland doch einen Ueberfluß an großen Männern“. Eftir Macpherson hafa þeir, bls. 405: „Die irrischen Barden haben in allen Gegenständen ein Genie gezeigt, das einer jeden Nation und jedes Zeitalter würdig ist.“ – Einnig Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North-West Passage*, bls. 1.

3 Ísland og Grænland í miðaldaritum

Með þessum hluta hefst eiginleg efnisleg umfjöllun um þjóðarímyndir Íslands og Grænlands. Hún verður í þremur hlutum um jafnmörg tímabil, hið fyrsta frá því um 1100 og fram um 1500. Þar er fjallað um fyrstu þekktu frásagnir frá þessum löndum, reyndar með inngangi þar sem rætt er um frásagnir af eyjunni Thule. Heimildir um þennan tíma eru vitaskuld aðeins til í handritum. Þau eru misvel þekkt, sum voru og eru alkunn, t.d. rit Adams frá Brimum, og voru síðar gefin út á prenti en önnur voru lítt kunn.

Í öðru lagi er fjallað um tímabilið frá 1500 til 1750. Á tímasteiðinu er útpensla vestrænna ríkja hafin, Kólabus kom fyrst til Ameríku árið 1492 og þegar leið á 16. öld hófst leit að norðlægri siglingaleið til Kína og Austur-Asíu; skil eru svo höfð við miðja 18. öld vegna þess að þá verða verulegar breytingar á umfjöllun um Ísland og Grænland, einkum fyrrnefnda landið í kjölfar upplýsingarinnar. Á þessu tímabili er aðgangur að meira og fjölbreyttara efni en um fyrsta tímabilið, enda varð framleiðsla á bókum mun auðveldari eftir að prentæknin breiddist smám saman út eftir miðja 15. öld. Auknar siglingar og bætt aðgengi að upplýsingum áttu stóran þátt í að áhugi á norðlægum slóðum jókst og hann birtist sannarlega í bókaútgáfu. Frá þessu tímabili er til urmull landfræðirit og annarra almennra umfjallana um framandi þjóðir og lönd. Þar á meðal eru mörg sem fjalla um svæðin lengst í norðri. Meðal nýjunga í umfjöllun um þessi lönd á tímabilinu eru ferðalýsingar þó að ekki séu þær margar. Slíkar frásagnir um Grænland og Ísland er ekki að finna á tímabilinu fyrir 1500. Umfjöllun um þetta tímabil verður því með nokkuð öðrum blæ en um hið fyrra, umfangsmeiri og fjölbreyttari. Myndefni kemur einnig til sögu á þessu tímabili; fyrstu þekktu myndskreytingar sem tengjast Íslandi og Grænlandi eru frá því um 1550, og kortagerð færast öll í aukana er líður á 16. öld.

Á stysta og síðasta tímabilinu, frá 1750 til 1850, er vitaskuld til fjöldi almennra rita um landafræði, sögu og mannlíf sem varða Ísland og Grænland. Þá fjölga ferðalýsingum verulega, einkum á tímabilinu ofanverðu og myndrænar kynningar á þessum löndum verða æ algengari. Löndin tvö tengjast umheiminum líka meira en verið hafði þó að enn væri langt frá að þau teldust í þjóðbraut; Ísland var enn um þetta leyti „remote and desolate“, eins og enski læknirinn og Íslandsfarinn Henry Holland (1788–1873) lýsti því árið 1810, og enn frekar átti þessi lýsing við um Grænland.²⁰⁷ Ímyndir landanna breytast verulega á þessum tímabili og má vel tala um umskipti á því sviði.

Umfjallanir um Ísland eru ekki margar frá því fyrir 1500 og enn færri um Grænland. Þeir sem helst þekktu til á þessum slóðum voru þeir sem áttu viðskipti við

²⁰⁷ Henry Holland, „Dissertation“, bls. 4. Holland var í fylgdarliði Georges Mackenzie á Íslandi árið 1810.

löndin og sigldu þangað, og svo nokkrir lærðir menn. Við vitum lítið eða ekkert um sjónarmið hinna fyrrnefndu, enda sinntu þeir ekki skriftum að neinu marki. Okkur eru að nokkru kunn sjónarmið hinna síðarnefndu sem töldu margir hverjir að frá litlu væri að segja þegar þessi norðlægu svæði bæri á góma. Þegar enski sagnaritarinn og benediktínamunkurinn Orderic Vitalis (1075–ca 1140) nefndi Ísland árið 1135 var hann t.d. á þeirri skoðun. Og þrjú hundruð árum síðar, upp úr 1430, var landið afgreitt svo: „Of Yseland to wryte is lyttille nede, save of stokfische“. Svo segir í kvæðinu „Of the comodius stokfysshe of Yselonde“ í ritinu *Libel of English Policy*, en þar kom þó einnig fram að enskir sjómenn legðu oft leið sína til landsins.²⁰⁸ Enn má geta þess að Albert Krantz sagði í 16. aldar króniku sinni að sæfarar þekktu vart landið.²⁰⁹ Svo tíðir gestir voru enskir sæfarar þó á Íslandi og áhrif þeirra mikil á 15. öld að hún var löngu síðar kölluð „enska öldin“ hér á landi að frumkvæði Björns Þorsteinssonar sagnfræðings.²¹⁰

Ástæða lítillar umfjöllunar var því ekki sú að fróðleikur um þessi lönd væri ófáanlegar, enda voru kaupmenn og farmenn, pílgrímar og sendimenn kirkjunnar í ferðum til og frá þessum löndum og sumir þeirra hafa vafalaust sagt frá því sem fyrir augu bar.²¹¹ En hefðin var sterk og hún sagði til um það hvernig bæri að lýsa fjarlægum svæðum. Samkvæmt henni voru norðlæg lönd yfirleitt talin köld, undarleg og oft hræðileg, þó ekki væri það undantekningalaust. Þess vegna breyttust meginrættir lýsinga frá þessum löndum lítið og hægt. Taka má undir með breska miðaldafræðingnum Richard Vaughan sem staðhæfir að höfundar á síðmiðöldum og snemma á nýöld sem skrifuðu um landafræði og sagnfræði hafi vitað næsta fátt um Ísland, hvað þá Grænland, og nágrenni þessara landa.²¹² – En samt var frá nokkru að segja og á síðmiðöldum var helst fjallað um löndin nyrst í Evrópu í heimslýsingum af ýmsu tagi og ritum sögulegs eðlis.

3.1 Thule og Ísland

3.1.1 Thule

Ekki er hægt að fjalla um hugmyndir um Ísland á miðöldum án þess að nefna Thule (Ífka Thilos, Tile, Tyle) sem gríski sæfarinn Pýþeas (ca 380–310 f. Kr.) greindi fyrstur

²⁰⁸ Thomas Wright, *Political Poems and Songs*, bls. 191. Þar er „The Libel of English Policy“ birt, og þar er að finna þetta erindi þar sem Ísland kemur við sögu; einnig bls. xlix. – Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 25.

²⁰⁹ Albert Krantz, *Chronica und Beschreibung der dreier Königreich* [bókarhluti um Noreg með sjálfstæðu blaðsíðutali], bls. v. Í útgáfu frá 1558 hljóðar textinn svo: „Die ynsel Yþland ist weit von anderen gesünderet, also das sye die schyffleüt kaum erkennen mögen“. – Einnig Anna-Dorothee von den Brincken, *Fines Terrae*, bls. 71. Hún segir þar m.a.: „Der Norden war ... eine weitgehend unbekannte Randzone, die sich zur Plazierung von Negativkräften eignete.“

²¹⁰ Björn Þorsteinsson, *Enska öldin í sögu Íslendinga*.

²¹¹ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 55. – Einnig Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, bls. 341–347.

²¹² Richard Vaughan, „The Arctic in the Middle Ages“, bls. 313, 333.

manna frá í fornöld í riti sínu, Um úthafið. Það er vegna þess að þær lýsingar höfðu töluverð áhrif á það hvernig Íslandi var síðar lýst, þær frásagnir urðu að nokkru leyti sá þekkingargrunnur sem miðaldahöfundar byggðu á.

Talið er að Pýþeas hafi farið í leiðangur sinn á öndverðri fjórðu öld f. Kr.²¹³ Ekkert hefur varðveist af riti hans en sumir höfundar fornaldar höfðu aðgang að því, meðal annars gríski landfræðingurinn Strabo (64/63 f. Kr. – 24 e. Kr.), sem fjallaði um Pýþeas í verki sínu *Geographica*. Hann gerði þó lítið úr Pýþeasi, kallaði hann falsara og efaðist um tilvist Thule og mannlífs þar, enda væri óbyggilegt á þeim slóðum sökum kulda.²¹⁴ Síðar ræddu ýmsir rómverskir höfundar um Thule, einkum þó Plíníus eldri (23–79) og þeir byggðu umfjöllun sína mest á frásögn Pýþeasar.²¹⁵ Eyjan öðlaðist smám saman fastan sess í landfræði- og alfræðiritum á miðöldum og var ýmist talin vera sama eyja og Ísland eða önnur eyja eða svæði.²¹⁶

Í frásögn Plíníusar, sem vafalítið er höfð eftir Pýþeasi, var staðhæft að sex dægra sigling væri þangað frá Bretlandi og eyjan talin yst landa.²¹⁷ Handan hennar væri eilífur ís og aðeins þyrfti að sigla í einn dag í norður frá eyinni til þess að koma að frosnu hafi, *Mare Cronium*. Þá væri þar nótt í sex mánuði og dagur í aðra sex, svipað og í Skýþíu handan Rípfjalla.²¹⁸ Sumir höfundar, t.d. Sólínus, gerðu ráð fyrir að fólk byggi í Thule. Samkvæmt honum lifði fólk þar sældarlífi á jurtum, mjólk og ávöxtum og menn héldu konur saman. Hann dró því upp þá mynd af Thule að það væri sælueyja og íbúarnir lifðu svipuðu lífi og fólk í landi Hyperborea.²¹⁹ – Nefna má að í sumum miðaldaheimildum var Thule ruglað saman við eyjuna Thile eða Tilos/Tile í Indlandshafi og væru þar laufguð tré allt árið.²²⁰

En Thule birtist ekki aðeins sem sælueyja, ásýndir hennar voru margvíslegar eins og birtist í ýmsum arabískum og persneskum miðaldaheimildum, t.d. hjá persneska fræðimanninum, Al-Bīrūnī (973–1048). Þar var fullyrt að Thule væri á ystu mörkum hins byggilega heims og staðhæft að fólk á þeim slóðum líktist meira villidýrum en

²¹³ Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. vii.

²¹⁴ Strabo, *The Geography of Strabo* I, bls. 233–237, 399–401, 441–443.

²¹⁵ Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. 116 og víðar.

²¹⁶ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krónike*, bls. 229–230.

²¹⁷ Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. 126 og áfram.

²¹⁸ Pliny, *Natural History* II, book IV, bls. 99, 199. – Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. 126 og áfram.

²¹⁹ Solinus, *The Excellent and Pleasant Work*, cap. 34. Texti hans er svohljóðandi í enskri þýðingu: „But Thule is plentiful in store of fruits that will last. Those that dwell there do in the beginning of the spring time live on hearbs among the cattell, and afterward by milke, and againste Winter they lay uppe the fruits of their trees. They use their women in common, and no manne hath any wife.“ – Þorvaldur Thoroddsen fjallar ítarlega um frásagnir af Thule, *Landfræðissaga Íslands* I, bls. 1–10.

²²⁰ Giraldus Cambrensis, *The Historical Works of Giraldus Cambrensis*, bls. 77–78. – Rudolf Simek, *Erde und Kosmos im Mittelalter*, bls. 88. – Anna-Dorothee von den Brincken, *Fines Terrae*, bls. 71. – Ranulph Higden, *Polychronicon* I, bls. 325–327. – Einnig „Heimslýsing“, bls. 71.

fólki.²²¹ Talið var að óbúandi væri í Thule, á sumrin vegna þess að sólin skini stöðugt, en á veturna sökum kulda. Þá voru þess dæmi að Thule væri lýst sem eyju hinna dauðu. Samkvæmt því óskuðu þeir, sem fundu dauðann nálgast, þess að vera fluttir til Thule þar sem þeir gætu dáið í friði.²²²

Frásagnir af Thule eru sem sjá má um margt ruglingslegar. Þó má greina nokkra sameiginlega drætti: Eyjan var langt í vestri og svo norðarlega að talið var að þar skini sól í sex mánuði og væri myrkur í aðra sex; einnig að hún væri fjarlægasti staður „gamla“ heimsins, eins og það var nefnt um miðja 17. öld.²²³ Þar væri tæplega lífvænlegt en ef þar þrifust mannverur var vart talið hugsanlegt að þær lifðu mennsku lífi. En einnig þekktist þó að lýsa Thule í anda hinna fornu frásagna af Hyperboreum eða í anda sagna af sælueyjum. Samkvæmt þessum hugmyndum var Thule framandi eyja, heterótópía, nánast handan mannheima, bæði góð og ill. Hún varð tákn þess sem vart eða ekki var unnt að ná til, lengst í vestri og norðri en gaf um leið fyrirheit um nýja möguleika og nýtt upphaf.²²⁴

Öldum saman var deilt um trúverðuleika Pýþeasar. Þegar í fornöld lagði Strabo sig í líma við að gera hann tortryggilegan sem fyrr getur. Nýlegar rannsóknir benda þó til þess að frásögn Pýþeasar sé trúverðug í stórum dráttum og enski fornleifafræðingurinn Barry Cunliffe álítur sennilegt að hann hafi komist alla leið til Thule – sem hann álítur vera Ísland. – Á það verða þó engar sönnur færðar og hafa verður í huga að einungis er unnt að geta sér til um innihald í riti hans út frá öðrum verkum.²²⁵ – Lengi hafa fræðimenn velt fyrir sér hvar eyjuna Thule væri að finna; hún var einhvers staðar í vestri og norðri, úti í fjarskanum. Á síðmiðöldum og lengur þó var almenn skoðun að hið forna Thule væri Ísland og íslenskir miðaldahöfundar töldu svo vera.²²⁶ En mikils ruglings gætti hvað þetta varðar og margir voru því álitu ekki sammála. Stundum birtust Ísland og Thule því sem aðskildar eyjar og Thule þá staðsett skammt norður af Bretlandseyjum. Enn má geta þess að Thule hefur einnig

²²¹ Harris Birkeland, *Nordens historie i middelalderen etter arabiske kilder*, bls. 61, einnig 106, 111, 114.

²²² Lýsingar í þessa veru eru þekktar á kortum frá 15. öld, þ.e. að ekkert fólk geti búið í Thule sökum mikils sumarhita og vetrarkulda, Niels Erik Nørlund, *Íslands kortlægning*, bls. 11. – Einnig John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 211.

²²³ Peter Heylyn, *Microcosmos. A Little Description of the Great World*, bls. 516: „called old Thule ... indeed the remotest part of the old world“.

²²⁴ James S. Romm, *The Edges of the Earth in Ancient Thought*, bls. 157. – Hér er í raun verið að vísa til orða rómverska fræðimannsins Seneca (4. f. Kr. – 65 e. Kr.).

²²⁵ Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. 98, 107, 116–133, 166 og áfram – og víðar. – Abraham Ortelius hafnaði því t.d. á ofanverðri 16. öld að Ísland væri Thule og hafði ekki mikið álit á Pýþeasi, kallaði hann „a shameful lying historiographer, whose custome was ... to counterfeit and coine fables so cunningly that ordinarily they passed for true stories“. Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103.

²²⁶ *Íslendingabók – Landnámbók*, bls. 31. – Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands I*, bls. 10–13.

verið tengd Noregi, Finnlandi, Eystrasaltslöndunum og jafnvel fleiri löndum.²²⁷ Á fyrri hluta 20. aldar fékk Thule svo það sérkennilega hlutverk að verða heilög eyja þýskra þjóðernissinna, raunar eins og Ísland, og lék töluvert hlutverk í hugmyndafræði þeirrar hreyfingar.²²⁸ Hvað staðsetningu varðar lauk Thule för sinni lengst norður á Grænlandi þar sem hefur verið bandarísk herstöð í áratugi.²²⁹ Hér verður þó ekki farið nánar inn í þessa umræðu, enda er í þessu verki fyrst og fremst verið að rannsaka orðræðu, ekki að sannreyna trúverðugleika staðhæfinga í þessa veru.²³⁰



Mynd 10. „Skandinavía“, kort eftir Giacomo Gastaldi/Vincenzo Valgrisi frá 1561. Kortið er byggt á gerð Jacobs Ziegler frá 1532 og er hér gert ráð fyrir að Thule og Ísland séu sama fyrirbæri. Norðar á væntanlega að vera Grænland og er það landfast við Skandinavíu. Sömu örnefni birtast á Íslandi og Grænlandi, Hólar og Skálholt, sem segir nokkuð til um hversu auðveldlega örnefni gátu „flotið“ á milli landa.

3.1.2 Ísland í miðaldaritum

Erlendar heimildir eru fáorðar um Ísland á miðöldum sem fyrr getur. Hinar helstu eru frásagnir Adams frá Brimum, Saxos Grammaticus og Ranulphs Higdén, auk *Konungs skuggsjár* og nokkurra annarra verka og verður þeirra getið jafnóðum og um þau er

²²⁷ Allan A. Lund, „Indledning“, bls. 36–37. – Niels Erik Nørlund, *Íslands kortlægning*, bls. 9. – Barry Cunliffe, *The Extraordinary Voyage of Pytheas the Greek*, bls. 130–131. – Einnig Kirsten Hastrup, „Images of Thule“, bls. 105–106. – Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 23.

²²⁸ Reginald H. Phelps, „„Before Hitler Came“: Thule Society and Germanen Orden“, bls. 245–261.

²²⁹ Taka má undir með danska fræðimanninum Kirsten Hastrup sem hefur skýrt hugtakið Thule svo: „„Thule“ var længe en sydlandsk betegnelse for den yderste ø, eller ... den sidste by. Den var upræcist bestemt i kartografisk forstand, men var klar i sit betydningsindhold. Den var grænsen for menneskeligt liv, ligesom Norden i det hele taget lå på grænsen af det kultiverede område, i vildmarken.“ „Den oldnordiske verden“, bls. 22.

²³⁰ Ítarleg umfjöllun um hugtakið Thule er í Jakob Benediktsson, „Thule“, bls. 251–253.

fjallað. Allar eru þessar frásagnir stuttar. – Margir hafa gert því skóna að Beda Venerabilis og írskur munkur, Dicuilus að nafni (óþekkt fæðingar- og dánarár) sem ritaði *Liber de mensura orbis terrae* um 825, geti um Ísland í verkum sínum. Því er til að svara að frásögn Beda er í stórum dráttum hefðbundin Thule-frásögn og í raun ekki margt sem bendir til þess að hún eigi sérstaklega við um landið.²³¹ Frásögn Dicuilusar gæti átt við Ísland og Jakob Benediktsson fullyrðir í *Sögu Íslands* að svo sé.²³² Hér skal ekki kveðið upp úr um það hvort átt sé við Ísland. Það gæti verið en líka gæti verið átt við önnur norðlæg svæði. Aðalatriðið er þó að hvorug þessara frásagna hafa umtalsvert gildi í þessu samhengi og verða því ekki ræddar frekar hér. Óhjákvæmilegt er þó að geta þeirra vegna þess hversu þekktar þær eru og þær hafa iðulega verið nefndar sem fyrstu frásagnir erlendra manna af Íslandi.

Adam frá Brimum (ca. 1040 til ca. 1081) telst eiga heiðurinn af því að hafa ritað fyrstu umsögn um Ísland og Íslendinga sem þekkt er og birtist hún í Kirkjusögu hans, *Historia Hammaburgensis Ecclesiae*. Ekki er mikið vitað um höfund verksins. Hann var þó trúlega ættaður frá suðurhluta Þýskalands en var búsettur í Bremen og var þar skólastjóri við dómskóla borgarinnar. Hann kom til Bremen um 1066 þegar Adalbert (ca. 1000–1072) var erkibiskup þar. Sá hafði áratug fyrr vígt fyrsta biskup Íslendinga, Ísleif Gissurarson (1006–1080). Ritið, sem er sögulegs eðlis, eins og titill þess gefur til kynna, fjallar einkum um Norðurlöndin og Eystrasaltssvæðið, auk norðurhluta Þýskalands og hvernig þessi svæði voru kristnuð, ekki löngu fyrir daga Adams. Verkið var fyrst prentað árið 1579 en var víða til í handritum.²³³ Adam byggði verk sitt bæði á

²³¹ Margir hafa viljað tengja texta Beda við Ísland, t.d. Jakob Benediktsson, „Landnám og upphaf allsherjarríkis“, bls. 155. – Í texta Beda segir: „Þetta er og það, sem þeir sjá gerast nokkra daga hvert sumar, er dveljast í eyrni Thyle, sem er handan við Bretland, eða á yztu landjöðrum Skýþa. Því að annarsstaðar á jörð hnífur sól til viðar og gengur undir hana, sést í þessum (löndum) engu að síður náttlangt ofanjarðar, og þannig líður hún lágt úr vesturátt til baka í austrið, sést glögg, unz hún kemst enn að nýju á hentugum tíma í sólarupprásarstað, þann sem er sameiginlegur allri jörðu.“ Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 453–454.

²³² Jakob Benediktsson 1974, bls. 155. – Texti Dicuilusar hljóðar svo í þýðingu Björns Sigfússonar: „Fyrir þrjátíu árum sögðu mér klerkar, sem dvalizt höfðu á eyrni frá febrúarbyrjun til ágústbyrjunar, að ekki aðeins um sumarsólstöður, heldur einnig dagana á undan og eftir, sé eins og sólin feli sig bak við dálítinn hól á kvöldin, er hún gengur undir, þannig að ekkert rökkur verði þessa örstuttu stund og maður geti gert hvað sem hann vill, jafnvel týnt lýs úr skyrtu, eins og sól væri á lofti, og ef menn væru þar uppi á háfjöllum, mundi sól ef til vill aldrei hverfa þeim. Á miðri þessari örstuttu stund verður lágnættið um miðbik jarðar, og því hygg ég, að bjarmi sólar sjáist á hinn bóginn örskamma stund í *Thile* um vetrarsólstöður og fáeina daga undan og eftir, þegar hún er í hádegisstað á miðri jörðinni, og þess vegna skjátlást skrökberendum, er þeir hafa ritað, að hafið sé þar ísi lagt og stöðugur nóttlaus dagur frá vorjafndægum til haustjafndægra, en sífelld nótt á hinn bóginn frá haustjafndægum til vorjafndægra, því að sæfarar þessir sigldu til eyjarinnar á þeim tíma, er eðlilegt var, að mikill kuldi væri, og dvöldust þar, og voru þá dagar og nætur alltaf til skiptis nema um sumarsólstöður. En eftir eins dags sigling frá eyrni í norður fundu þeir frosið haf.“ Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 457–458. – Dicuilus, *Liber de mensura orbis terrae*, bls. 75.

²³³ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krönike*, bls. 231. – Allan A. Lund, „Inledning“, bls. 9–40. – Textar Adams er varða Ísland voru þýddir á íslensku og birtir í Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 459–472.

munlegum og skriflegum heimildum. Munnlegar upplýsingar gæti hann hafa fengið fyrir milligöngu Svens Estridsøn (Sveinn Ástríðarson, 1047–1074; einnig nefndur Sveinn Úlfsson²³⁴) Danakonungs sem hann hafði tengsl við; vel er trúlegt að við dönsku hirðina hafi verið heimildamenn sem töldu sig vita ýmislegt um fjarlæg lönd og eyjar í norðri. En auk þessa studdist hann við margvíslegar ritaðar heimildir, m.a. texta eftir rómversku fornaldarhöfundana, Plíníus eldra, Tacítus (56–117) og Sóllínus. Hann var því vel að sér í fornum fræðum og byggir umfjöllun sína m.a. á þeirri þekkingu, þeim hugmyndum og viðhorfum sem lengi höfðu verið ráðandi til fjarlægra svæða og þjóða.²³⁵



Mynd 11. Adam frá Brimum ræddi um að Íslendingar byggju neðanjarðar í jarðholum. Þessar hugmyndir áttu eftir að fylgja Íslendingum í mörg hundruð ár. Hér birtast þær á korti ítalska kortagerðarmannsins Fernandos Bertelli frá 1566. Nafngjöfin „Cripto Porticus“ getur merkt að inngangur í hús Íslendinga sé ekki sýnilegur, dulinn, vegna þess að þau séu neðanjarðar.

Adam er örlátur á rými við Ísland og Íslendinga í umfjöllun sinni þrátt fyrir að hann kalli landið hið ysta land við heimsenda.²³⁶ Hann fullyrðir að Ísland og Thule séu eitt og hið sama en nú sé eyjan kölluð Ísland og dragi nafn sitt af ísnum sem hylji hafið; hér sjást því áhrif fornra Thulelýsinga. Hann staðhæfir að ísinn verði svo svartur og þurr af elli að vel megi kveikja í honum; furður urðu að fylgja lýsingum á framandi svæðum til þess að þær væru teknar trúanlegar.²³⁷ Adam getur þess einnig að eyjan sé stór og þar geti margir búíð. Íbúarnir lifi á búsmala sínum og klæðist

²³⁴ Snorri Sturluson, *Heimskringla*, bls. 532.

²³⁵ Allan A. Lund, „Innlédning“, bls. 10–16.

²³⁶ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krónike*, bls. 192.

²³⁷ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krónike*, bls. 230.

skinni, enda vaxi þar ekki korn og vart skógur. Þá búi þeir í neðanjarðar í jarðhýsum undir sama þaki og búfénaðurinn og hvíli á sama stað. Að mati Adams lifa Íslendingar því í heilögum einfaldleika. Þeir geri litlar kröfur til lífsins og nægi að hafa í sig og á. Því geti þeir með gleði sagt með postulanum: Þegar við höfum fæði og klæði látum við okkur það nægja. Til að ítreka hversu hjartahlýtt þetta fólk er bendir hann á að allt eigi Íslendingar saman og gildi einu hvort um sé að ræða heimamenn eða aðkomna. Þá virði þeir biskup sinn sem konung og eftir hans vilja fari allir, orð hans séu þeim lög. Mest um vert sé þó að þeir hafi tekið kristna trú en lesa má úr orðum hans að þeir hafi þó í raun áður lifað kristilegu lífi sökum eftirbreytniverðs lífsmáta síns.²³⁸ Kristilegt líf hafi því verið þeim eðlilegt.

Í verki höfundarins er dregin upp mynd af framandi mannlífi á Íslandi þar sem lífshættir fólks eru afar ólíkir því sem íbúar þéttbýlli svæða og borga Evrópu eiga að venjast.²³⁹ Fólk býr í hellum undir sama þaki og skepnurnar og allt er sameiginlegt. Það lætur sér nægja það sem náttúran býður upp á og gerir ekki aðrar kröfur. Að ýmsu leyti svipar lýsingu Adams til frásagnar Tacítusar af germönnum þar sem hann fjallar um einfalda lífshætti margra þeirra eða þá frásagna Sólínusar af íbúum Thule.²⁴⁰ Adam gengur þó mun lengra í lýsingu sínum, enda er hann að lýsa ákveðinni gerð fyrirmyndasamfélags: Arkadíu í norðrinu. Hann leiðir rök að því að enn séu til „óspillt“ samfélög, upprunaleg eins og guð skapaði þau. Þannig hafi þau varðveist óbreytt að mestu og óspillt af syndum mannanna.

Spyrja má hvers vegna Adam bregði upp spegli af þessu tagi fyrir samtíð sína og dragi upp miklu jákvæðari mynd af Íslendingum en öðrum fjarlægum þjóðum, t.d. þjóðum nyrst í Skandinavíu, svo sem fyrr hefur verið dregið á. Hér koma nokkur atriði til athugunar. Þær hugmyndir voru þekktar á þessum tíma að sælueyjar mætti finna í vestri og sumar frásagnir af Thule voru í þá veru sem fyrr er nefnt. Þær gætu hafa haft áhrif á skrif Adams. En hér má líka benda á sjóferðasögu Brendans sem gæti einnig hafa verið kunn Adam þó að hann geti hennar ekki; Brendan leitar einmitt og finnur sælueyju í vestri.²⁴¹ En hér skiptir fjarlægðin einnig máli. Því meiri sem fjarlægð er frá „miðjunni“, því jákvæðari eru viðhorfin, þ.e. ef höfundur aðhyllist þau sjónarmið að frumstætt líf sé eftirsóknarvert.²⁴² Hinn þekkti bandaríski

²³⁸ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 230–231.

²³⁹ Borgir í Evrópu á hámiðöldum voru vitaskuld ólíkar því sem síðar varð en svo tekin sé ein viðmiðun um stóra borg í Suður-Evrópu má nefna að í Flórens bjuggu um 100.000 manns um 1300. Medieval Population Dynamics to 1500 www.economics.utoronto.ca/munro5/L02MedievalPopulationC.ppt, sótt í janúar 2013.

²⁴⁰ Tacítus, *Germanía*, bls. 74–75.

²⁴¹ Sverrir Tómasson, „Ferðir þessa heims og annars“, bls. 34 og áfram.

²⁴² Frumstæðishyggja er fyrirbæri sem er ef til vill þekktast sem einn af fylgífiskum rómantísku stefunnar þar sem frumstætt líf í skauti náttúrunnar er lofað; einnig má segja að frumstæðishyggja sé ákveðið form exótískra hugmynda. Eins og víða kemur fram í þessu verki eiga þessar hugmyndir sér djúpar rætur sem rekja má allt til fornaldar, sjá m.a. Joep Leerssen, „Primitivism“, bls. 406–408.

heimspekingur frá fyrri hluta 20. aldar, George Boas (1891–1980), veltir þessum málum fyrir sér og kemst að líkri niðurstöðu, því fjarlægara sem fólk er, því göfugra er það: „Thus the Icelanders have the palm among his island tribes for virtue.“ Og Boas heldur áfram og segir greinilegt að Adam dáist að því sem

the Pagans had admired centuries before his time, the simple life, communism, the “natural”, and so on. ... There was probably a merely literary reason behind his admiration for the Northmen. For he believed that they were identical with the Hyperboreans, of whom he had read in Martinus Capella and since Martinus Capella extolled them *multis laudibus*, Adam’s interest in them is the greater.²⁴³

Boas kemur því hér einnig inn á atriði sem skiptir miklu máli, hefðina og tenginguna við fornar frásagnir, bæði um Thule og hina goðsagnakenndu Hyperborea sem Adam þekkti vel til.²⁴⁴

Tengingar má einnig finna við fleiri lýsingar og rit, m.a. í Alexanderssögu, en til voru frá fornu fari frásagnir af för Alexanders mikla og kynnum hans af fjarlægum þjóðum. Ein slík, af þjóð í Indlandi, líkist mjög lýsingu Adams á Íslendingum en þessi frásögn var vel þekkt á síðmiðöldum. Til dæmis er hana að finna í *Das Buch der Natur* sem kölluð hefur verið fyrsta náttúrufræðin sem birtist á þýskri tungu. Ritið var skrifað um miðja 14. öld og síðan prentað í mörgum útgáfum þegar á ofanverðri 15. öld. Í umfjölluninni er frá því greint að fólkið lifi neðanjarðar í fátækt og auðmýkt með húsdýrum sínum og noti ekki vopn.²⁴⁵

Ímynd Adams af Íslandi og Íslendingum hefur ákveðinn tilgang: Að draga upp mynd af landi þar sem býr frumstætt og hófsamt fólk sem lifir kristilegu líferni. Ástæðurnar fyrir vali hans á Íslandi voru þær að landið var eyja, fjarri öðrum löndum. Það gat verið eins konar sælueyja í anda þekktra eyjalýsinga eða land Hyperborea lengst í norðri og var þar að auki orðið kristið eins og Adam vissi vel. Adam lýsti Íslandi á þennan hátt, m.a. í því skyni að áminna samtíð sína um að velja einfaldleika í stað munaðar og óhófs.

Athygli vekur að hvergi er minnst á eldsumbrot á Íslandi í texta Adams sem bendir til þess að tengsl hans við landið eða heimildamenn um það hafi ekki verið mikil; vænta má að eldsumbrot á eyju norður í hafi hafi þótt markverð. Og frásögn hans að öðru leyti er til marks um að svo hafi verið. – Adam frá Brimum átti síðar

²⁴³ George Boas, *Essays on Primitivism and Related Ideas in the Middle Ages*, bls. 151–152.

²⁴⁴ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 216. – George Boas, *Essays on Primitivism and Related Ideas in the Middle Ages*, bls. 151. Boas lýsir Adam sem „a curious combination of Christian and Primitivist“.

²⁴⁵ Franz Pfeiffer, „Einleitung“, bls. viii–ix. Í bókinni er því lýst í kafla um „Wundermenschen“ hvers konar lífi þjóðin *oxidrates* eða *gymnosophiste* lifi en sú lýsing er mjög í anda frásagnar Adams af Íslendingum. Konrad von Megenberg, *Das Buch der Natur*, bls. 491. Frásögnin tengist lýsingu á herför Alexanders mikla og kynnum hans af framandi þjóðum. – Einnig *Alexandreis. Það er Alexanders saga mikla*, bls. 122–124. – Götz Pochat, *Das Fremde im Mittelalter*, bls. 37–39.

eftir að verða eitt helsta „átoritet“ um Ísland og einn helsti þekkingargrunnur um eyjuna í norðri í margar aldir. En lýsing hans á landi og þjóð var trúlega nokkuð fjarri þeim hugmyndum sem Íslendingar gerðu sér um sjálfa sig og land sitt á þessum tíma; en það er önnur saga.

Handrit Adams virðist hafa farið nokkuð víða sem fyrr segir og má sjá bein eða óbein tengsl við nokkra texta sem birta svipaða mynd af Íslandi og Adam gerir eða að minnsta kosti einhverja drætti. Einn þessara texta er í þýsku miðaldakvæði og hefur varðveist sem brot úr handritinu *Merigarto*. Það er talið vera frá því um 1100 og er hluti heimslýsingar. Hún var byggð að nokkru á alfræði Ísidórs eins og algengt var en ýmsum fróðleik bætt við. Í textanum segir af klerkinum Reginpreht sem um skeið átti að hafa dvalið á Íslandi. Skorti þar ekki mjöl og vín en viður var dýr. Bót í máli var að ísinn mátti nota sem eldsneyti við matseld og húshitun, enda væri hann harður sem kristall; hér er því dregin upp ekki ósvipuð ímynd af Íslandi og Adam gerði: Af norðlægri og fjarlægri sælueyju þar sem furðurnar voru á sínum stað; enn má ítreka að ein forsenda þess að lýsingar á fjarlægum stöðum væru sannferðugar var að þar væri lýst undarlegum fyrirbærum. Sem sjá má er hluti ofangreinds texta greinilega frá Adam kominn en siðaboðskap hans vantar þó.²⁴⁶

Skyld frásögn birtist einnig í handriti sem eignað er fornaldarrithöfundinum Sólínusi en það handrit sem um ræðir er frá því í upphafi 13. aldar. Inn í slík handrit tíðkaðist að bæta nýjum atriðum eins og skrifara þóknaðist hverju sinni úr öðrum ritum. Í þeim hluta sem fjallar um Ísland er nefnt að unnt sé að brenna ísinn eins og tré og landsmenn eru sagðir vel kristnir.²⁴⁷ Í þessum textum bergmála því hugmyndir Adams frá Brimum um undarlega eyju í norðri.

Enn má nefna Giraldus Cambrensis sem gat um Ísland í riti sínu um Írland frá því í kringum 1200. Ísland er að hans sögn í þriggja daga siglingu í norður frá Írlandi. Þar býr fáort fólk og svo sannleikselskt að það kann ekki að segja ósatt, og ekkert fyrirliur það meira en fals. Biskup er þeim konungur. Í frásögninni kemur fram að einu sinni á ári eða á tveggja ára fresti verði eldflóð sem æði fram og brenni allt sem á vegi þess verður. Óvíst er um uppruna flóðsins, hvort það kemur að ofan eða neðan, segir Giraldus. Hann nefnir einnig að fálkar séu aldir og fluttir út frá eyjunni.²⁴⁸ Í þessari umfjöllun er greinilega byggt á Adam frá Brimum og kynnt svipað fyrirmyndasamfélag og Adam lýsti. Það er því ljóst

²⁴⁶ Björn Þorsteinsson, „Ísland erlendis. Heimildabrot og skýringar þeirra“, bls. 92–94. – *Merigarto*, bls. 12. – Einnig Gustav Ehrismann, *Geschichte der Deutschen Literatur*, bls. 231–232. – Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands I*, bls. 58–59. Hér og víða annars staðar koma skýrt fram einkenni á umfjöllun Þorvaldar. Í frásögninni er sagt að nóg sé af mjöli og víni á Íslandi og gerir Þorvaldur þá athugasemd að það sé líklega innflutt.

²⁴⁷ *Archiv der Gesellschaft für ältere deutsche Geschichtskunde VI* (1838), bls. 888. Athyglisverð umfjöllun er í frásögninni um kuldann á Íslandi. Þar segir að landsmenn treysti sér ekki úr neðanjarðarholum (enn eitt atriði frá Adam komið) sínum á vetrum sökum hins mikla kulda. Geri þeir það og snýti sér geti þeir misst sjálft nefið.

²⁴⁸ Giraldus Cambrensis, *The Historical Works of Giraldus Cambrensis*, bls. 74–75.

að hann hefur snemma orðið „átorítet“ um Ísland. En höfundur hefur líka verið kunnugur því að Ísland væri eldfjallaey án þess að hann tengi það skýrt við undirheima og tilvist vítis í landinu en þær tengingar voru þó settar fram um þetta leyti í öðrum verkum eins og síðar getur.

Saxo Grammaticus (ca. 1150–1220) ritaði Danasögu sína, *Gesta Danorum*, í kringum 1200 en bókin var fyrst prentuð í París 1514. Höfundurinn var af danskri hirðmannsætt. Hann gekk menntavegin og varð ungur ritari Absalons biskups (ca. 1128–1201) í Lundi í Svíþjóð en Lundur var þá og lengi síðan hluti Danaveldis; þar fékk hann það hlutverk að rita sögu Danmerkur, enda var erkibiskupinn náteygundur danska konungsvaldinu.²⁴⁹

Í athyglisverðum formála greinir höfundurinn frá þeim heimildum sem hann notar. Hann nefnir að ýmsar hetjudáðir forfeðranna hafi verið ristar í stein og á þeim upplýsingum byggji hann m.a. verk sitt; þar á hann vafalaust við rúnaristur. En höfundurinn ræðir einnig nokkuð um Ísland og segir að ekki megi láta þögnina umlykja hina iðnu Íslendinga. Saxo kvaðst hafa sótt mikinn fróðleik í frásagnir þeirra og væri álitlegur hluti verks hans byggður á þeim.²⁵⁰ Saxo hefur þekkt rit Adams frá Brimum en Íslandslýsing hans er þó með öðrum svip en frásögn Adams.²⁵¹

Íslendingum er lýst svo í verkinu að þeir helgi líf sitt fræðunum og vinni að því að taka saman fróðleik um dáðir annarra þjóða. Saxo segir það vera ástríðu þeirra að þekkja og afla upplýsinga um hvað aðrar þjóðir hafist að og koma þeim fróðleik til komandi kynslóða, oft noti þeir hverja stund til þess að sinna fræðum og afla upplýsinga um hvað aðrir hafist að. Síst þykir Íslendingum minna um vert að greina frá því en að lýsa eigin afrekum.²⁵² – Nefna má að Theodricus monachus, norskur munkur, ræðir á svipaðan hátt um Ísland og Íslendinga og Saxo á ofanverðri 12. öld þó að vissulega sé líka nokkur munur á. Hann nefnir m.a. „frábærlega sterkt söguminni“ Íslendinga í riti sínu, *De antiquitate regum Norwagiensium*. Þá staðhæfir hann að þeir séu „gagnkunnugastir og athugulastir“ allra um norræna sögu svo að þá þegar hefur farið orð af bókhneigð og fræðastarfi Íslendinga. Þó telur höfundur að þjóðin sé „harðlynd og greyp í skapi“.²⁵³

Saxo skýrir að nokkru hvernig á þessu standi, að heil þjóð virðist gagntekin af fræðagrúski. Ástæðan er m.a. sú, að hans mati að föðurland hennar þjóði ekki upp á neitt óhóf, enda landið ófrjósamt.²⁵⁴ Landsmenn hafi því lifað í látlausri hófsemd,

²⁴⁹ Karsten Friis-Jensen, „Om Saxo og hans værk“, bls. 873–877.

²⁵⁰ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 15.

²⁵¹ Kurt Johannesson, „Adam och hednatemplet i Uppsala“, bls. 380.

²⁵² Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 15. – Einnig Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 495–497 en þar er birt þýðing á þeim hlutum úr Danasögu (*Gesta Danorum*) er varða Ísland.

²⁵³ Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 485–486, 488 en þar er birt þýðing Björns úr hlutum af ritinu *De antiquitate regum Norwagiensium* eftir Theodricus monachus sem talið er samið um 1180.

²⁵⁴ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 15.

sinnt andlegum viðfangsefnum og þannig sætt sig við fátækt sína. – Fyrir í formála sínum ræðir Saxo um þá sem lifa ósiðlegu líferni og sækjast eftir lífsins lystisemdum; samhliða lofar hann hið einfalda og fábrotna líf.²⁵⁵

Ekki er eingöngu lýst samfélagsháttum á Íslandi. Höfundur fjallar einnig um náttúru Íslands í formála sínum. Hann lýsir landinu sem fremur dapurlegri eyju, þar sé fátt lystisemda en það sé þó athyglisvert sökum undarlegra fyrirbæra. Hann greinir t.d. frá hverum sem þeyta vatni sínu hátt í loft en hverfa því næst í iður jarðar. Hann nefnir einnig að reykur einnar uppsprettu steingervi allt sem fyrir reyknum verður. Þá er ein uppspretta eitruð að sögn svo að hver sem af henni drekkur dettur samstundis niður dauður. Aðrar uppsprettur bragðast sem öl. Loks fyrirfinnst þar eins konar eldur sem þó getur ekki brennt tré en eyðir vatni.²⁵⁶

Saxo greinir einnig frá eldfjalli sem stendur í eilífu báli eins og Etna, að því er hann segir. Finnst honum furðulegt að í landi svo mikils kulda skuli vera svo mikill hiti og að ævinlega sé til nægilegt brenni til þess að viðhalda slíku báli. Hann nefnir einnig að á ákveðnum tímum komi geysilegur ís til landsins. Þegar hann rekist fyrst á klettótta strönd heyrir mikill hávaði. Trúi menn því að hávaðinn stafi frá sálum sem dæmdar hafi verið til að afplána refsivist sína í miklum kulda. Saxo greinir loks frá jöklum á Íslandi sem séu þeirrar náttúru að snúa sér við með reglulegu millibili.²⁵⁷

Höfundur er öðrum þræði að lýsa framandi undraeyju, góðri og slæmri í senn, og ýmis þeirra fyrirbæra sem hann nefnir má finna í lýsingum á öðrum fjarlægum stöðum, t.d. sumar af þeim uppsprettum sem hann nefnir. En greinilegt er að hann hefur haft aðgang að íslenskum heimildamönnum, beint eða óbeint eins og hann segir sjálfur þó að ómögulegt sé að átta sig á hverjir það hafa verið. Hann nefnir réttilega mörg náttúrufrýrbæri sem vissulega má finna á Íslandi, eldfjöll, hverir, ölkeldur, eðli skriðjökla og hafís. Þá er rétt að vekja athygli á að Saxo er fyrstur manna til að tengja landið við þær hugmyndir að það sé refsistaður hinna syndugu þó að hann tengi þær þínslir fremur við ís en eld; vel var þekkt á þessum tíma að tengja eldsumbrot og tilvist vítis og það ekki síst rætt í tengslum við Etnu eins og Saxo nefnir. Þessi tenging var því nærtæk.

Saxo Grammaticus tók að nokkru upp þráðinn frá Adam frá Brimum. Hann fjallaði um eins konar klausturlíf þar sem reglubræður og -systur helguðu sig andlegu lífi og afneituðu heimsins gæðum. Samkvæmt lýsingu Saxos réð *hard primitivism* þar ríkjum í þeim skilningi að fólk lifði frumstæðu og látlausu lífi, svipað og munkum og nunnum bar að gera. Hann hefur vitaskuld þekkt vel þá hugmynd að trúað fólk sækti í að búa og lifa á einangruðum stöðum, ekki síst eyjum, við einfaldan kost.²⁵⁸

²⁵⁵ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 14.

²⁵⁶ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 18–20.

²⁵⁷ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 19–20.

²⁵⁸ Um skilgreiningar á frumstæðishyggju, m.a. Margaret Omberg, *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 108.



Mynd 12. Saxo lýsti því svo að Íslendingar sinntu stöðugt fræðum; þegar komið var fram á 16. öld var Saxo helsta heimild fyrir þess háttar umfjöllunum og greint frá því að landsmenn rituðu texta sína á björg og kletta. Þetta fullyrti Saxo þó aldrei heldur ræddi hann um að slíkt þekktist á Norðurlöndum. Biskupssetrið Skálholt fyrir miðri mynd á þessum korthluta Bertellis frá 1570 en til vinstri steinar eða björg sem Íslendingar rituðu verk sín á.

Það er eftirtektarvert að Saxo skuli velja að lýsa Íslandi, eyju lengst í norðri, sem siðmenntuðu samfélagi um þetta leyti, vissulega sérstæðu en þó siðmenntuðu. Það er einnig athyglisvert að hann skuli staðsetja samfélag af þessu tagi á eyju sem hafði einnig til að bera djöfullega eiginleika en ef til vill leit hann svo á að slík fyrirbæri væru landsmönnum enn frekari áminning um það að ástunda gott lífverni; þegar nánar er að gáð var það þó vel við hæfi að finna slíkri útópíu stað á fjarlægri eyju langt í norðri sem ekki bárust miklar fregnir af.

Fyrirætlanir Saxos hafa að öllum líkindum verið svipaðar og markmið Adams frá Brimum, að bregða upp spegli fyrir samtíð sína, fólki til eftirbreytni. Þær hugmyndir hafa síðan runnið saman við það orðspor sem fór af Íslendingum um þetta leyti, eins og nefnt hefur verið, að þeir væru fræðapulir. Og ekkert er á móti því að Saxo hafi kynnst vel menntuðum Íslendingum í Danmörku og fræðst af þeim, eins og hann segir. – Vel má segja að lýsing Saxos á Íslendingum hafi verið afdrifarík. Hún hafði ef til vill ekki mikil áhrif fyrstu aldirnar eftir ritunartíma sinn en þeim mun meiri síðar, eftir að hún var gefin út á öndverðri 16. öld, eins og síðar verður getið: Mikilvægur þekkingargrunnur um Ísland svo öldum skipti.

Hér að framan hafa verið raktar frásagnir þar sem útópískar lýsingar í ætt við sælueyjar eða heilagar eyjar hafa verið áberandi þó að neikvæðir þættir hafi einnig verið dregnir fram. En fleiri drætti og aðrar áherslur má sjá þegar önnur miðaldarit eru skoðuð. Myndin af Íslandi sem birtist í *Konungs skuggsjá* er í stórum dráttum

frábrugðin þeim hugmyndum sem hefur verið rætt um hér að framan; verkið er ritað um miðja 13. öld af ókunnnum norskum höfundi.²⁵⁹

Höfundur getur um landshagi í landinu og á Grænlandi og sé „hvorttveggja það land svo illt og snarpt, að það er nálega óbyggjandi“.²⁶⁰ Hann ræðir og um fjölda hvala við landið, „hina ógurlegu jarðskjálfta“ sem þar verði og eldumbrot. Líka séu þar undarlegar uppsprettur. Telur „faðir“ – frásögnin er þannig uppbyggð að faðir fræðir son sem spyr spurninga – að jafnvel enn meiri líkindi séu til þess að píslarstaðir séu á Íslandi heldur en á Sikiley sem heilagur Gregorius hafi fjallað um. Sá munur sé þó á að eldurinn á Sikiley brenni „kvika hluti“ en eldurinn á Íslandi brenni „steina og hart berg“ sem hann bræði sem vax. Því sé þessi eldur „dauður“ og þar af leiðandi „helvítis eldur“.²⁶¹ – Sögur um eldinn í Sikiley og tengsl hans við vísisloga má rekja langt aftur. Til dæmis segir frá slíkum viðburðum í Samræðum Gregoriusar (Gregorius páfi I. (mikli), 6. öld) og er greint frá því að höfðingja nokkrum frá Rómaborg hafi verið fleygt ofan í gíg „þar er eldr cömr up or fialli“ sökum syndsamlegt líferniss hans.²⁶² – Höfundur *Konungs skuggsjár* telur einnig að píslarstaðir séu víðar á Íslandi en í eldinum, þeir séu „hvervetna þar sem mikil ákefð verður í slíkum ógnar hlutum“ sem væru algengir á Íslandi „því að þar er gnótt elds ofurgangs og ofurefli frosts og jökla, vellandi vötn og stríðleikur ískaldra vatna.“²⁶³ Þess má geta að fjallað er um eldumbrot í fleiri norrænum heimildum frá þessum tíma.²⁶⁴

Samkvæmt lýsingunni er landið fyrst og fremst staður undarlegra og aðallega illra náttúruafla, eiginlega andstaða Írlands, en höfundur *Konungs skuggsjár* lýsti Írlandi sumpart sem paradís, sem fyrr getur; Írland var einmitt talið staðsett þar sem var besta loftslagið en Ísland var hluti hins illa norðurs, eiginlega djöfullegur staður. Fólk kemur ekki við sögu í frásögn höfundar af Íslandi og því vitaskuld engar

²⁵⁹ Einar Már Jónsson hefur fjallað ítarlega um hvers konar rit *Konungs skuggsjá* er. Hann hafnar því að ritið sé dæmigerður „furstaspeggill“ eins og margir hafa talið. Þess í stað þurfi að „ganga út frá spegiltáknmalinu, og athuga hvert er eðli og tilgangur spegilsýnarinnar og hvað það er sem hún birtir mönnum.“ Einar Már Jónsson, „Staða Konungsskuggsjár í vestrænum miðaldabókmenntum“, bls. 353 og víðar.

²⁶⁰ *Konungs skuggsjá*, bls. 41.

²⁶¹ *Konungs skuggsjá*, bls. 34–36.

²⁶² „Benedictus Saga. Appendix, Fragmenter af Gregors Dialoger“, bls. 245. – Svipaðar sagnir er einnig að finna í íslenskum heimildum, t.d. *Islandske Annaler indtil 1578*, Flateyjarannáll, um árin 1341–1343, bls. 400–401.

²⁶³ *Konungs skuggsjá*, bls. 37–38.

²⁶⁴ Í *Historia Norwegiae* sem rituð er í kringum 1200 er fjallað um eldumbrot á Íslandi á tilþrifamikinn hátt og rætt um Mons casulae, sem líklega er Hekla, sem þeyti frá sér eldi og brennissteini; ef átt er við Heklu þá er það í fyrsta skipti sem fjallið er nefnt. Einnig er þar rætt um hveru, sem steingeri það sem í þá er látið, ölkeldur og jarðskjálfta. Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 492–494. – Einnig Árni Hjartarson, „Hekla og heilagur Brendan“, bls. 169–170.

Einar Már Jónsson hefur fjallað um hugmyndir um helvíti í íslenskum eldfjöllum eins og þær birtast í erlendum miðaldaheimildum, einkum *Konungs skuggsjá*, sjá „„Nul ne peut contester“. Le volcanisme islandais et la preuve de l'existence de l'enfer dans le *Miroir royal*“, bls. 245–257.

umræður um mannlíf þar í landi. Lýsingin er því allmjög frábrugðin umfjöllunum fyrirrennara höfundar *Konungs skuggsjár*, þeirra Adams frá Brimum og Saxos hvað þau atriði varðar. Landinu er í stuttu máli lýst sem dystóríu þar sem vart geti þrífist nokkurt mannlíf, svipað og sumar hugmyndir um Thule gerðu ráð fyrir.

Ætla má að sagnir af aðstæðum á Íslandi hafi verið vel kunnar í Noregi, enda mikil samskipti á milli landanna; Ísland varð formlega hluti veldis Noregskonungs nokkru eftir miðja 13. öld. Hvernig á því stendur að dregin var upp svo neikvæð mynd af landinu verður ekki skýrt til fullnustu hér. Ein skýring gæti einfaldlega verið kunnugleikinn, að draga upp neikvæðar ímyndir af „nágranna“, eins og ímyndafræðin sýna að er algengt, af jaðarsvæði á ystu mörkum norska ríkisins. Það var svæði sem var fjarlægt en þó nógu nálægt til að vera kunnuglegt, og dugði vel til þess að draga upp andstæðu við eigið land, Noreg.

Nokkur fleiri miðaldahandrit en *Konungs skuggsjá*, sum jafnvel eldri, leggja áherslu á eldsumbrot á Íslandi og tengja það fyrirbæri einnig við undirheima. Atburðir af þessu tagi eru m.a. tengdir við Ísland í riti Herberts frá Clairvaux, *Liber miraculorum*, frá því um 1180. Kemur þar m.a. fram að í samanburði við hið ógurlega eldfjall á Íslandi sé hinn „nafnfrægi eldketill á Sikiley, sem kallaður er strompur vítis, – en þangað eru dregnar sálir dauðra, fordæmdra manna, til brennslu, eins og oft hefði verið sannað, – hann er að því, er menn fullyrða, eins og smáofn í samjöfnuði við þetta gífurlega víti.“²⁶⁵

Umfjöllun af sama tagi er einnig að finna í riti Albericusar munks, *Chronicon Alberici Monachi, Trium fontium*, frá því um 1240 en hann vísar m.a. í rit Herberts. Í frásögn Albericusar er haft eftir ábóta nokkrum af reglu Sistersíana í Svíþjóð að smalar á Íslandi hefðu séð sálir fyrimanna fljúgandi í hrafnalíki sem ferlegir fuglar hefðu ráðið á og þær síðan allar fallið í undirheima Íslands. Þar segir að eldfjall þar í landi sé „allt brennandi og eldspúandi eilífum loga sem gýs stanslaust“ og er lýsingin að öðru leyti í anda *Liber Miraculorum*.²⁶⁶ Svipaða umfjöllun frá svipuðum tíma (14. öld) er að finna í *The Chronicle of Lanercost* og má af því álykta að þessar frásagnir hafi farið nokkuð víða á síðmiðöldum.²⁶⁷

²⁶⁵ Sigurður Þórarinnsson, „Herbert múnkur og Heklufell“, bls. 52. Jakob Benediktsson þýddi frásögn Herberts frá Clairvaux að beiðni Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings. Sigurður er upptekinn af því að heimfæra þessar lýsingar upp á raunverulega atburði á Íslandi og kann að vera að einhverjar fregnir hafi borist út fyrir landsteinana af eldsumbrotum í og við landið; nefna má að Hekla gaus tvívegis á 12. öld, í síðara skiptið árið 1158 eða um 20 árum áður en talið er að Herbert hafi ritað verk sitt. Höfundar texta af þessu tagi gátu líka haft erlendar fyrimyndir, er þeir lýstu hamförum tengdum eldgosum, t.d. frá eldgosum á Ítalíu.

²⁶⁶ Albericus, „Chronica Albrici monachi Trium Fontium“, bls. 829–830. Hér er farið eftir þýðingu Guðjóns Inga Guðjónssonar, í vörslu höfundar. – Franski sagnfræðingurinn Jacques Le Goff hefur fjallað um hugmyndir um víti og hreinsunareld og hvar þessa „staði“ væri að finna í ritum sínum *The Birth of Purgatory*; einnig í *The Medieval Imagination*, bls. 67 og áfram.

²⁶⁷ *The Chronicle of Lanercost* I, bls. 10. Þar er eftirfarandi haft eftir Vilhjálmí biskupi af Orkneyjum: „He said that in some place in Iceland the sea burns for the space of one mile,

Af framangreindu má ráða að ein þeirra lands- og þjóðarímynda sem voru þekktar af Íslandi á hámiðöldum var sú hugmynd að Ísland væri fyrst og fremst eldstöð sem gysi án afláts. Þessar heimildir tengja landið auk þess við verustað djöfulsins. Lengi hafði tíðkast að tengja eldsumbrot við undirheima og var algengast að geta Sikileyjar í þessu samhengi, sem fyrr getur. En Ísland hefur þó verið magnaðra víti, ef svo má segja, nokkurs konar satanísk ey lengst í norðri, þar sem saman fór kuldi og eldur; þar sameinuðust hið illa norður og vítislogar í dystópfu sem ekki átti marga sína líka.

Ólíkt *Konungs skuggsjá* leikur fólk, a.m.k. einhvers konar verur, aðalhlutverk í frásögn eftir Richardus Pictaviensis þar sem Íslands er getið í riti frá því um miðja 12. öld. Höfundurinn var munkur í klaustrinu í Cluny í Frakklandi. Hann getur þess að íbúarnir séu einfætlingar og pygmear (hinir smávöxnu, lituðu), sem ekki geti talað öðru vísi en á merkjamáli og ekki viti íbúarnir hvort þeir séu menn eða skrímsli. Hann staðhæfir einnig að mikil auðæfi megi finna á eyjunni, einkum gull.²⁶⁸ Þess má geta að Adam frá Brimum gat einmitt um eyju langt í norðri þar sem mikið gull var að finna og kýklópar varðveittu og gæti frásögnin verið endurómur af henni eða þá af hugmyndum um mikil auðæfi sem leyndust í hinu fjarlæga norðri.²⁶⁹ En hér birtist einnig hefðbundin „þekking“ fornaldar og miðalda um furðufólk á fjarlægum jaðarsvæðum en slíkar hugmyndir komu t.d. fram í sumum frásögnum af Thule.

Frá 14. og 15. öld eru til nokkrar lýsingar þar sem Íslands er getið. Kunn er t.d. umfjöllun enska sagnaritarans og benediktínamunksins Ranulphs Higden (ca 1280–1363) um Ísland sem birtist í verki hans *Polychronicon*.²⁷⁰ Höfundurinn var munkur í Chester á Englandi og náði verk hans vinsældum í heimalandi hans á síðmiðöldum. Á korti sem fylgdi riti hans er Ísland sýnt sem *Tyle insula, Yslandia*. Með fylgir eftirfarandi staðhæfing: „Gens veridica rex est sacerdos“ eða fólkíð er sannort og virðir konung sinn sem hann sé heilagur.²⁷¹

Í *Polychronicon* segir að Ísland sé eyja sem liggi við hið frosna haf norðanmegin. Fólkíð er sagt fáort, það klæðist skinum villidýra og stundi fiskveiðar. Ekki vex þar korn að undanskildum höfrum, og hafi fólkíð því lítið af brauði. Prestar eru konungar þeirra. Að sögn höfundar eru þar hvítir birnir sem brjóta gat á ísinn og veiða fisk sér til átu.²⁷²

leaving behind it black and filthy ashes. In another place fire bursts from the earth at a fixed time – every seven or five years – and without warning burns towns and all their contents, and can neither be extinguished nor driven off except by holy water consecrated by the hand of a priest. And, what is still more wonderful, he said that they can hear plainly in the fire cries of souls tormented therein.“

²⁶⁸ Ricardus Pictaviensis, „Ex Richardi Pictaviensis Chronica“, bls. 84.

²⁶⁹ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 234.

²⁷⁰ Líka ritað Ranulf Higdon.

²⁷¹ Niels Erik Nørlund, *Íslands kortlægning*, bls. 9. – Einnig Churchill Babington, „Introduction“, bls. xii–xiii.

²⁷² Texti Ranulphs Higden í *Polychronicon* hljóðar m.a. svo, bls. 323–325; sjá einnig 327: „Islandia is an yle, hauenge on the sowthe to hit Norweye, on the northe the see congelede; hauenge also peple of schorte langage, couerede with the skynnes of wilde bestes, giffenge

Einnig er staðhæft að sólin gangi ekki til viðar í marga daga á sumri og sjáist ekki í marga daga að vetri til. Því þurfi menn á þeirri árstíð að vinna við kertaljós. Enn fremur segir höfundur að í landinu sé uppspretta sem steingervi tré og ull sem í hana er látið. Landsmenn eru að sögn höfundar sæfarar og sjóræningjar.²⁷³

Þessi frásögn er því að mörgu leyti „raunsæri“ en þær frásagnir sem raktar voru hér að framan. t.d. um fiskveiðar landsmanna, brauðleysi, hvergi og sólargang. Vel er sennilegt að illt orðspor víkinga skýri þá staðhæfingu að Íslendingar séu sjóræningjar. En Higden leitar líka mjög til eldri höfunda og hefur þekkingu sína frá þeim, t.d. frá Adam frá Brimum, svipað og Giraldus Cambrensis, þó að meiningin hafi að vísu brenglast nokkuð frá því er Adam stýrði penna. Líka má sjá tengsl við frásögn Saxos þar sem birtist hinn fjarlægi framandleiki í formi furðubrunna. En aðaláhersla hér er þó lögð á norðrið og líf fólks í því samhengi; eldsumbrot og vítishugmyndir eru ekki rædd. Hér er það því hið kalda, villta, og jafnvel illa norður sem er í aðalhlutverki þó að einnig séu dregnir fram jákvæðir þættir.

Nokkrar fleiri lýsingar eru til frá því fyrir 1500 þar sem neikvæðar ímyndir eru áberandi. Ein slík er rakin til miðaldahandrits sem fannst í Bern í Sviss og er talið vera frá 14. öld en höfundur hennar er ekki kunnur. Þar er skýrt frá því að fjöll á Íslandi séu frosin við ísinn, þar sé að finna hvítabirni, afar stóra og sterka sem brjóti ísinn með klónum og veiði fisk í sjónum. Frá því er og greint að íbúarnir lifi á veiðum enda spretti þar vart nokkur gróður og ekki þrífist þar búfé. Landsmenn klæðist dýrafeldum og segir höfundur að þeir séu kröftugir, þéttvaxnir og skjannahvítir á hörund. Á sumum sjókortum frá þessum tíma er landinu lýst í þessa veru, að það sé mjög kalt en íbúarnir stórir og hvítir.²⁷⁴ – Sams konar frásögn er einnig birt í einu fyrsta prentaða landfræðiritinu, *Rudimentum novitiorum*, sem var gefið út í Leipzig árið 1475. Sú frásögn er svo í aðalatriðum endurtekin í ritinu *Weltbuch Spiegel* eftir Sebastian Franck (1499–1543) sem kom út 1534 og síðar verður dregið á.²⁷⁵

Ljóst má vera að dregnar eru nokkuð aðrar línur í ritum frá 14.–15. öld heldur en í eldri frásögnum. Í sumum þeirra vottar fyrir tengslum við hugmyndir Adams frá Brimum um Íslendinga en megináhersla hér er á hefðbundnar lýsingar á hinu ysta norðri: Kulda, gróðurleysi, tilvist hættulegra villidýra, líkindi manna og dýra, ofurstærð fólksins (risar) og hvítan lit þess sem dregur dóm af snjó og ísi, eins og önnur dýr á þessum slóðum. Í þessum ritum birtist framandleikinn því sem mynd af

theire labour to fischenge, hauenge to theire kyngre whom thei have to theire priste. There be grete fawkunes and gentylle gossehawkes, white beres brekenge the water congelede to drawe owte fysches. That londe noryschethe [nourishes] not schepe for habundance of colde, neither cornes, otes excepte.“

²⁷³ Ranulph Higden, *Polychronicon* I, bls. 327–329.

²⁷⁴ „Geographie des Mittelalters“, 174. kafli, De Yselandia Capitulum, bls. 495. Þýðing Guðjóns Inga Guðjónssonar, í vörslu höfundar. – Niels Erik Nørlund, *Íslands kortlægning*, bls. 10.

²⁷⁵ Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildnis des gantzen Erdtibodens*, bls. lx.

hinni illu eyju lengst í norðri þar sem fólkið lifir nánast eins og villidýrin, enda eyjan ekki í byggilegu loftslagsbelti að því er talið var.

3.2 Grænland

Áður en farið er út í umfjöllun um þjóðarímyndir Grænlands á síðmiðöldum er rétt að geta stuttlega aðstæðna í landinu á þeim tíma. – Á síðmiðöldum bjó á Grænlandi fólk af ólíkum uppruna. Annars vegar voru þar inúítar en hins vegar landnemar frá Íslandi sem settust þar að á tíundu öld. Síðast er vitað til þess fólks á öndverðri 15. öld, getið er brúðkaups þar árið 1408. Síðasti grænlenki biskupinn er talinn hafa látist á milli 1376 og 1378.²⁷⁶ Frá þessum tíma hefur ekkert spurst til þessa fólks og ekki virðast þessi ólíku samfélög hafa blandast sem heitið getur. Grænendingar af norrænum uppruna voru kristnir en það voru inúítar ekki. Samskipti norræna manna við umheiminn voru töluverð, bæði kirkjuleg og vegna viðskipta án þess að þau samskipti verði rædd frekar hér, enda ekki viðfangsefni þessa rits. Samskipti inúíta við Evrópumenn voru á hinn bóginn mjög lítil en þó einhver við norræna menn á Grænlandi.

Heimildir um Grænland og íbúa landsins frá miðöldum eru ekki fjölskrúðugar, enda vitneskja um landið í Vestur-Evrópu enn minni en um Ísland. Hér eru þó undanskildar frásagnir Íslendinga af Grænlandi að mestu, enda ekki verið að fjalla um viðhorf Grænendinga og Íslendinga hvorra til annarra. Breski fræðimaðurinn Jonathan Grove hefur m.a. rætt um það efni og lýsir þeim viðhorfum sem koma fram í íslenskum miðaldertextum, *Grænendinga sögu* og *Eiríks sögu*, þannig að fjallað sé um Grænland sem jaðarsvæði sem einkennist af erfiðu lífi, sjúkdómum og útleigð, undarlegum fyrirbærum, tröllum og skrímslum, afturgöngum og nornum, en frásagnir af slíkum verum voru algengar í miðaldaritum. En þó megi finna þar mikil verðmæti og dýrmætari vöru en á Íslandi.²⁷⁷ Sem sagt, fjarlægur, framandi, illur og erfiður staður en þó líka uppspretta mikilla verðmæta. Þannig var þetta sett fram í verkum íslenskra höfundu og væntanlega sem andstæða við sjálfsmynd þeirra; hér má e.t.v. hafa í huga til samanburðar þá mynd sem dregin var upp af Íslandi í *Konungs skuggsjá* og framandleika landsins sem ræddur var hér að framan.

Adam frá Brimum ræddi stuttlega um Grænland og Grænendinga. Þeir voru að hans sögn grænir á hörund eins og hafið og af því drægi eyjan nafn sitt. Ekki er gott að vita hvers vegna hann telur Grænendinga svo á litinn en nefna má að fleiri eyjabúar höfðu slíkan lit að því er Adam taldi og virðist hann þá eiga við eyju í sunnanverðu Eystrasalti.²⁷⁸ Sennilegast er því að liturinn tengist þeim hugmyndum

276 Guðmundur J. Guðmundsson, *Á hjara veraldar*, bls. 102. – Kirsten A. Seaver, „Norse Greenland on the Eve of Renaissance Exploration“, bls. 34–35. – Einnig Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, „Enska öldin“, bls. 186–199.

277 Jonathan Grove, „The Place of Greenland in Medieval Icelandic Saga Narrative“. – Einnig Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, bls. 5.

278 Adam af Bremen, *Adam af Bremens krönike*, bls. 212.

að íbúarnir hefðu svo nán tengsl við hafið að lit þeirra svipaði til þess. Að sögn Adams höfðu Grænlandingar svipaðan lífsmáta og Íslendingar en voru ólíkir þeim að því leyti að þeir stunduðu sjórán og voru grimmir. Þó kvaðst Adam halda að þeir hefðu nýlega tekið kristna trú og er greinilegt að hann á við íbúa landsins af norrænum uppruna.²⁷⁹ Nú er ómögulegt að segja hvaðan Adam hefur þessar staðhæfingar um grimmd Grænlandinga; hann tengir mannlíf langt í norðri trúlega við siðleysi og grimmd víkinga. En rétt er hjá Adam að ekki var mjög langt um liðið síðan hinir norrænu Grænlandingar tóku kristna trú.

Adam hefur því ekki margt um Grænland að segja en frásögn hans er ólók umfjöllun hans um Ísland og örstutt. Hún sver sig í ætt við hefðbundar hugmyndir þessa tíma um hið framandi og illa norður þar sem mannverur voru tæpast mannlegar heldur furðuverur, svipað og sumir fornhöfundar höfðu lýst í Thule; þetta fólk var samt kristið og því ríma staðhæfingar höfundar ekki vel saman. – Þess má geta að Adam hefur einnig vitneskju um Vínland (*Winland*). Hann hefur þó ekki mikið um það land að segja að undanskildu því að þar vaxi villtur vínviður og sjálfsað korn, eins konar paradís, langt í fjarskanum í vestri og norðri. Þetta segist hann hafa eftir dönskum heimildum sem þó voru trúlega íslenskar eða norskar að uppruna. Jaðarsvæðin langt í vestri og norðri buðu því upp á margs konar undur, bæði góð og slæm.²⁸⁰

Í *Historia Norvegiae* sem mun rituð á síðari hluta 12. aldar er sú skoðun staðfest að Grænland sé kristið og sagt að Íslendingar hafi fundið Grænland, byggt landið og sé það kristið fyrir þeirra tilstuðlan. Síðan segir:

Handan við Grænlandabyggðir, í norðurátt, hafa veiðimenn fundið eitthvert smávaxið fólk, sem er kallað *Skrælingjar*. Sé vopn borið á þá lifandi, hvítnar sár þeirra og blæðir eigi, en úr þeim dauðum ætlar blóðið aldrei að hætta að renna. En járn skortir þá alveg, hafa skotvopn úr hvaltönnum, skarpar steinflísar fyrir hnífa.

Höfundur lýsir því einnig í riti sínu hversu varasöm stórhveli og sæskrímsli séu við Grænlandsstrendur, líka ógurlegum skriðjöklum.²⁸¹ Í ritinu er dregin upp mynd af tveimur þjóðum á Grænlandi, annarri siðmenntaðri (kristinni) en hinn smávaxinni og með gagnstæða náttúru miðað við það sem þekktist hjá öðru fólk og því tæpast mannlegu: Öðru fólk blæddi aðeins lifandi en ekki dauðu. Sem sjá má hefur höfundurinn haft einhverjar heimildir um líf inúíta og hvaða efni þeir notuðu til þess að búa til verkfæri sín og vopn.

²⁷⁹ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 231–232.

²⁸⁰ Adam af Bremen, *Adam af Bremens krønike*, bls. 232, 270.

²⁸¹ Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 490–491. Ritið mun ekki hafa fengið mikla útbreiðslu. – Anne Holtsmark, „Historia Norvegiae“, bls. 585–586. – Nafngiftin skrælingjar er upprunnin úr íslenskum miðaldaritum. Kirsten A. Seaver heldur því fram að hún sé þýðing á *pygmaei*. Kirsten A. Seaver, „Pygmies” of the Far North“, bls. 72.

Í *Konungs skuggsjá* var einnig fjallað um Grænland og velti höfundur fyrir sér hvort Grænland væri eyja eða ekki. Hann komst að þeirri niðurstöðu að landið hlyti að vera hluti meginlands eins og margir aðrir töldu lengi síðan. Þar væru miklir ísar, bæði sjávarís og falljökklar. Þar væri líka að finna skrímsli og kemur ekki á óvart, enda hafði skrímslum frá fornu fari, allt frá dögum Forngríkkja, einkum verið ætlaður staður á ystu jöðrum hins þekkta heims; hlutverk þeirra gat verið að vera á eins konar landamærum, mörkum siðmenningar og villimennsku, þess sem var leyfilegt og óleyfilegt, syndar og sakleysis.²⁸² Skrímsli á Grænlandi var einkum að finna í hafinu, að sögn *Konungs skuggsjár*. Sum þeirra líktust mjög mönnum og hefðu „mannsherðar, háls og höfuð, augu og munn, og nef og höku“. Þá væru þar skrímsli sem líktust konum og hefðu „á brjósti sér stóra spena svo sem kona, langar hendur og sítt hár og vaxið svo að öllum hlutum um háls og um höfuð sem maður.“²⁸³ Á Grænlandshafi voru því sírenur sem gátu glapið sæfarendur. Þær voru tákni um þær hættur sem gátu beðið ferðalanga á þessum slóðum; þær tældu ferðalanga með söng sínum og fegurð.²⁸⁴ En þessi lýsing er einnig, svo sem fyrir hefur verið nefnt, til vitnis um þann skilning að óglögg skil gætu verið á milli mannheima og heims dýranna á þessum slóðum, eins og á öðrum jaðarsvæðum. Höfundur *Konungs skuggsjár* kemur hér með dæmi um slíka „blendni“.

En höfundurinn dró einnig upp þá mynd af Grænlandi að þar væri lifað svipuðu lífi og annars staðar þar sem hann þekkti til þrátt fyrir kulda og legu landsins. Þar væru stunduð viðskipti, fluttar inn vörur sem fólk vanhagaði um en fluttar út aðrar vörur sem fólk framleiddi.²⁸⁵ Þá væru þar fánægleg margvísleg auðæfi, svo sem marmari og ágætir valir. Íbúarnir væru kristnir og þar væru „grös góð, og eru þar bú góð og stór“. Hefðu menn þar gnótt sauða og nauta „og er þar smjörgerð mikil og osta.“ Vissulega væru þar ísar miklir en þó líka „fögur veður sem í öðrum löndum ... og heldur er það land veðurgott kallað.“ Enginn kostur væri þó á kornrækt, enda hefðu fæstir landsmanna séð brauð.²⁸⁶

Grænlandslýsing *Konungs skuggsjár* er full af andstæðum. Annars vegar er náttúru landsins lýst sem harðri og fjandsamlegri en hins vegar staðhæft að landið sé gott til búis, jafnvel með afbrigðum gott, svo að þar megi lifa góðu lífi. Landinu er jafnvel lýst sem eins konar sælueyju hvað það varðar, auðugu norðri. Þó sé munur á því að lifa þar og í öðrum löndum vegna þess að ekki sé unnt að rækta þar korn. Kornnið var nátengt siðmenningu svo að því leyti að minnsta kosti voru aðstæður á Grænlandi síðri en víða annars staðar.

²⁸² <http://www.bl.uk/learning/histcitizen/medieval/monsters/medievalmonsters.html>, sótt í janúar 2013.

²⁸³ *Konungs skuggsjá*, bls. 52–53.

²⁸⁴ Alixe Bovey, *Monsters and Grotesques in Medieval Manuscripts*, bls. 25.

²⁸⁵ *Konungs skuggsjá*, bls. 57–58.

²⁸⁶ *Konungs skuggsjá*, bls. 59–62.

Athyglisvert er hversu miklu jákvæðari mynd er dregin upp af Grænlandi en Íslandi í *Konungs skuggsjá*. Grænlandi er vissulega lýst sem norðlægu og köldu landi en þó sé það góður staður og eftirsóknarverður; landinu er því ekki lýst sem dystópríu eins og Íslandi. Hér verður þessi munur ekki skýrður, aðeins komið með tilgátur. Ein skýringin gæti verið eldfjöllin á Íslandi en þau voru oft tengd víti og hinu illa og í textanum var ef til vill þörf fyrir að draga upp andstæður á milli hins góða og illa, Írland og Grænland voru eftirsóknarverð lönd en það var Ísland ekki, samkvæmt textanum. Svo var Grænland einfaldlega fjær en Ísland og miklu minna um það vitað. Því var það vænlegri vettvangur fyrir útópískar lýsingar.

Grænlandslýsing Ívars Bárðarsonar er talin rituð á ofanverðri 14. öld og því ríflega öld yngri en *Konungs skuggsjá*. Samkvæmt textanum var hún rituð eftir Ívari en hann var búsettur á Grænlandi um árabíl (um miðja 14. öld) sem umboðsmaður biskups.²⁸⁷ Hún var þýdd á há-hollensku (High-Dutch) árið 1560 og svo skömmu síðar á lág-hollensku (Low-Dutch) af hollenska landkönnuðinum Willem Barentsz (um 1550–1597). Textinn var loks þýddur á ensku og gefinn út árið 1625 í ritsafninu *Hakluytus Posthumus or Purchas His Pilgrimes*.²⁸⁸

Í frásögninni er lýst staðháttum á Grænlandi. Um sumt svipar lýsingunni til *Konungs skuggsjár* þegar rætt er um þau miklu hlunnindi sem landið bjóði upp á, gnægð fisks, hvals og fugls, fyrir utan önnur dýrmæt veðidýr. Sums staðar gangi búfé líka villt. Margvísleg önnur hlunnindi er að hafa á Grænlandi eins og haft er eftir Ívari:

Á Grænlandi er gnótt silfurbergs, hvítabimir með rauðum flekkjum á höfði, hvítir valir, hvaltennur, rostungssvörður og allskonar kyn fiska meira en í nokkru öðru landi. Þar er marmarasteinn alla vega litur, og þar er tálgesteinn sem aldrei skeður eldur; af þeim steini höggva Grænendingar potta, grýtur, keröld og svo stór ker að eitt má taka tíu tunnur eða tólf. Þar er gnótt hreindýra. Á Grænlandi koma aldrei miklir stormar. Snjór kemur mikill á Grænlandi. Þar er eigi svo kalt sem á Íslandi eða í Noregi. Þar vaxa á háfjöllum og undir þeim aldin svo stór sem epli og góð átu. Þar vex hið besta hveiti sem verða má.²⁸⁹

Því er einnig lýst að í grennd við klaustur sé mikið af heitu vatni sem hafi þó þá eiginleika að það sé óþolandi heitt á vetrum en bærilega heitt á sumrin, og hljóti þeir sem baða sig í vatninu bata við margvíslegum kvillum sem þeir hafa.²⁹⁰

Ívar lýsir Grænlandi nánast sem allsnægtaútópríu, þar er nóg að bíta og brenna, tiltölulega gott loftslag og gott til bús; greinilega sælueyja, Hyperboría langt í norðri. Sá grunur læðist jafnvel að lesanda að hann sé að reyna að lokka fólk til landsins en vel má líka nefna að afar verðmætar vörur fengust frá Grænlandi, ekki síst náhvalstennur, eins og Helgi Guðmundsson málfræðingur hefur m.a. fjallað um í bók

²⁸⁷ Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldahandritum*, bls. 407.

²⁸⁸ Iver Boty [Ívar Bárðarson], „A Treatise of Greenland“, bls. 163 og áfram.

²⁸⁹ Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldahandritum*, bls. 137.

²⁹⁰ Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldahandritum*, bls. 135.

sinni *Um haf innan*.²⁹¹ Aldin sem hann nefnir eru sennilega bláber, sem gætu hafa vaxið í minningunni, en norsk epli hafa líka verið smávaxnari en þau sem nútímafólk er helst vant.

Loks má geta þess að danski landfræðingurinn og kortagerðarmaðurinn Claudius Clavus Swart (f. 1388) staðhæfði að hann þekkti til Grænlandinga af stofni inuíta. Texti hans um þau efni fylgdi Norðurlandakorti hans frá þriðja áratug 15. aldar. Þar ræddi hann um pygmea sem væru aðeins ein alin að hæð (kringum 60 sm.) en þá kvaðst hann hafa séð eftir að þeir voru teknir til fanga. Þá hefði líka verið tekinn bátur úr skinni og annar stærri bátur, einnig úr skinni. Það sem Claudius Clavus nefnir hér er vafalítið inúítar og bátar þeirra, kajak og konubátur; hefði kajakinn lengi hangið í dómkirkjunni í Niðarósi. Óvíst er þó hvort hann hafi hitt inúítana sjálfur, a.m.k. bendir lýsing hans á þeim ekki til að svo sé. Hann lýsir þeim svipað og gert var í öðrum textum frá þessum tíma, sem dvergvöxnum, og gæti það bent t.d. til tengsla við lýsingu á inúítum sem birtist í *Historia Norvegiae* og fyrir er getið.²⁹² Staðhæfingum hans ber því að taka með varúð en mögulega er frásögnin til vitnis um að einhvers konar tengsl hafi verið á milli inuíta og fólks á Vesturlöndum um þetta leyti.

Þegar vitnisburðir eru svo fáir, eins og á við um Grænland á miðöldum, er erfitt að draga ályktanir. Í aðra röndina er Grænlandi lýst sem köldu og óvistlegu, sem illu norðri þar sem skrímsli birtast í hafinu og óglögg skil séu á milli sjávar og sjávardýra annars vegar og mannfólks hins vegar. En einnig birtast þau viðhorf að þar sé afar gott að búa, jafnvel ríkidæmi með fádæmum. Þá búi þar kristið fólk sem jafngildir því að Grænland sé siðmenntað land. Grænland er því í aðra röndina kynnt sem sælueyja. Í *Historia Norvegiae* eru sett fram þau sjónarmið að í landinu búi bæði siðmenntað, kristið fólk og „villimenn“ eða skrælingjar sem séu smávaxnir og frumstæðir og að eðli gjörólíkir öðru fólki. Svipaðar hugmyndir koma einnig fram hjá Claudiusi Clavus Swart, þ.e. um útlit inuíta.

3.3 Yfirlit

Ímyndir um eyjarnar í norðri, Ísland og Grænland, voru í mótun á síðmiðöldum. Lítið var fjallað um þessar eyjar, sérstaklega um Grænland en mikilvægustu textar þessa tíma um löndin tvö eru umfjallanir Adams frá Brimum og Saxos, auk *Konungs skuggsjár* og nokkurra fleiri en yfirleitt stuttra texta.

Að hluta til var Ísland kynnt sem einhvers konar útópía þar sem allir undu glaðir við sitt í fábreytileika lífsins, að sumu leyti í anda hinna fornu Hyperborea, en einnig sem staður hinna lærðu sem lifðu þar í hófsemd. Landið var því kynnt sem sælueyja í vestri, í anda sumra sagna af Thule og sagna af ferðum heilags Brendans. En í elstu textunum var Ísland líka kynnt sem illur staður, lengst í norðri, þar sem vart þreifst nokkurt líf. Sumar

²⁹¹ Sjá m.a. Helgi Guðmundsson, *Um haf innan*, bls. 56–62, 66, 80–83, 333–334.

²⁹² Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 212–213.

heimildir frá þessum tíma lögðu áherslu á tengsl landsins við undirheima. Ísland væri einn af fáum stöðum þar sem væri op vítis. Þegar leið á tímabilið var eins og hugmyndir um hið illa norður næðu yfirhöndinni og drógu lýsingar frá ofanverðu tímabilinu dóm af því: Kuldi, villimennska, líkindi manna og dýra einkenna frásagnirnar þó að stundum hafi einnig verið vísað til útópískra lýsinga.

Sú þekking sem stóð til boða um Ísland á þessum tíma var því úr ólíkum áttum. Á fyrri hluta tímabilsins eru útópískar lýsingar algengari; landinu var jafnvel lýst sem arkadískri sælueyju eða í anda útópískra hugmynda um klausturlíf. Samhliða birtist hið illa norður þó í þessum lýsingum og slíkar hugmyndir urðu ráðandi er leið á tímabilið.

Ímyndir um Grænland voru fáskrúðugri og ómótaðri en um Ísland, enda miklu minna skrifað um landið. Sameiginlegt með Íslandi var að geta um harða, norðlæga náttúru og greina frá því að íbúarnir gætu verið villtir og grimmir í háttum. Þá töldu sumir höfundar sig vita að í landinu byggji fólk af ólíkum uppruna, bæði fulltrúar villimennsku og einhvers konar siðmenningar, þ.e.a.s. kristni. Hugmyndir um blöndun manna og dýra, skrímsli, birtust einnig en þær tengdust algengum hugmyndum þessa tíma um hið ysta norður og aðstæður á framandi svæðum. En einnig mátti sjá jákvæðar hugmyndir um aðstæður á Grænlandi á þessum tíma, miklu jákvæðari en um Ísland, og að þar væri gott að búa; eiginlega að Grænland væri auðug sælueyja. Og Grænland var ekki tengt við undirheima á þessum tíma eins og Ísland.

Á síðmiðöldum var lagður grunnur að lands- og þjóðarímyndum um Ísland, grunnur sem enn stendur að nokkru leyti. Grunnur hugmyndanna, þekkingin sem byggt er á, er í stórum dráttum forn, hefðbundnar lýsingar á fjarlægum stöðum, eyjum og norðrinu, auk kristinna hugmynda um víti og tengsl þess við eldsumbrot. Sú þekking, þær hugmyndir, var yfirfærð á Ísland og Grænland en slík tilfærsla hugmynda er einmitt eitt af því sem einkennir ímyndamótun einstakra landa og þjóða eins og rætt var um í kafla um ímyndir hér að framan.

4 Ísland og Grænland 1500–1750

How pleasaunt and profitable it is to attempt new discoveries, either for the sundry sights and shapes of strange beastes and fishes, the wonderful workes of nature, the different manners and fashions of diverse nations, the sundry sortes of gouernmente, the sight of straunge trees, fruite, foules and beastes, the infinite treasure of pearle, gold and silver.²⁹³

Þessi inngangsorð að lýsingu á leiðöngurum enska landkönnuðarins Martins Frobisher (1535?–1594) á ofanverðri 16. öld í leit hans að norðvesturleiðinni til Austur-Asíu eru til vitnis um þær hugmyndir sem margir gerðu sér á þessum tíma um hvað biði Evrópumanna sem færu á ókunnugar og fjarlægjar slóðir: Margvíslegar furður og von um auð. Ísland – og þó einkum Grænland – voru hluti þessarar framandi veraldar.

Í þessum hluta er fjallað um ytri ímyndir Íslands og Grænlands á 250 ára tímabili og afmarkast það nokkurn veginn af upphafi landafunda annars vegar en hins vegar af því að um og eftir miðja 18. öld verða breytingar á umræðu um og afstöðu til Íslands og Grænlands í kjölfar upplýsingarinnar. Gildi þess fróðleiks sem hafði lengi verið mest metinn um þessi lönd minnkaði en ný rit urðu ráðandi sem mikilvægustu heimildir um eyjarnar tvær í norðri. Efnið sem aðallega er nýtt á þessu tímabili eru ferðalýsingar, ferðaskröksögur (*travel lies*), landfræðirit, önnur fræðirit og svo loks myndskreytingar í bókum og landakort.

Snemma á 16. öld voru þeir enn fáir sem gátu um Ísland í erlendum ritum og gilti hið sama um Grænland. En þessum röddum fjölgaði verulega um og eftir miðja öldina, enda fór áhugi fólks á framandi svæðum mjög vaxandi um þetta leyti. Ástæður þess voru ýmsar. En ein sú helsta var leitin að leiðum til austursins, heimkynna gulls, krydds og silkis. Hún leiddi menn suður á bóginn með ströndum Afríku og áfram austur, og til vesturs, til Ameríku. Sú mikla heimsálfa „uppgötvaðist“ undir lok 15. aldar en fyrsta ferð Kóлумbusar var árið 1492; Ítalinn John Cabot (Giovanni Caboto, ca 1450 til ca 1499) náði svo til Nýfundnaland árið 1497. Stór áfangi í þessari landaleit vestrænna manna var sigling umhverfis jörðina eins og leiðangur Ferdinands Magellan (1480–1521) afrekaði á þriðja áratug 16. aldar (1519–1522). Vesturlandabúar sáu fljótt að geysileg auðæfi að þeirra mati var að finna á mörgum svæðum sem þeim höfðu verið ókunn til þessa. Samhliða áttuðu fræðimenn og forkólfar könnunarleiðangra úr vestri sig smám saman á því að í nánast öllum hlutum veraldarinnar bjó fólk, einnig á þeim stöðum sem hingað til höfðu verið taldir óbyggilegir, sökum hita eða kulda.²⁹⁴

²⁹³ Inngangsorð að frásögn frá 1578, um leiðangur Martins Frobisher, [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 16.

²⁹⁴ Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 54–55. – Einnig [George Best og Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 43.

Á ofanverðri 16. öld komu fram hugmyndir þess efnis að brýnt væri að horfa til norðurs í leit að heppilegum siglingaleiðum til Kína eða Cathaia (líka Cathay, Cataya), eins og landið var kallað um þetta leyti.²⁹⁵ Leiðin suður fyrir Afríku var afar löng og talið að mætti stytta ferðalagið austur á bóginn með því að fara norður fyrir meginland Evrópu og Asíu. Bæði var um að ræða svonefnda norðvesturleið, vestan Grænlands, og norðausturleið, austan Grænlands. Segja má að leitin að norðurleiðinni til Austur-Asíu hafi staðið frá því um 1500 og fram um 1620. En þá dró úr þessum áhuga að sinni, bæði vegna erfiðleikanna sem menn höfðu mætt en líka vegna þess að breytingar höfðu orðið á valdahlutföllum á höfunum með sókn Breta og Hollendinga og auknum styrk þeirra á höfunum. Þörfin var ekki eins brýn og áður. Endurnýjaður áhugi á norðursiglingum til austursins birtist ekki aftur fyrr en í kringum 1800.²⁹⁶

Leitin að skemmstu leið austur á bóginn leiddi til þess að lönd og eyjar langt í norðri fengu skímu af sviðsljósinu. Þar á meðal voru Ísland og Grænland, og sérstaklega síðarnefnda landið sem hafði að mestu verið sambandslaust við umheiminn um langt skeið fram á ofanverða 16. öld. Danski sagnfræðingurinn Finn Gad (1911–1986) lýsti þeirri breytingu sem varð á ofanverðri 16. öld þannig að þá hafi þjóðir Evrópu þyrpst norður í höf, t.d. Biskajar, Bretar og Þjóðverjar.²⁹⁷

Um þetta leyti var þó enn óljóst hvers konar svæði Grænland væri, hvort það væri eyja eða tengt nyrstu hlutum Evrópu og Ameríku, jafnvel bæði í austur og vestur. Þjóðverjinn Jacob Ziegler (1470–1549) taldi á fyrri hluta 16. aldar að Grænland tengdist nyrstu hlutum Skandinavíu.²⁹⁸ Samkvæmt korti Orteliusar frá 1570 var Grænland hins vegar eyja, og er þetta síðan á ýmsa vegu næstu aldir. Enski rithöfundurinn George Meriton (1634–1711) fullyrti t.d. í *A Geographical Description of the World* frá 1679 að Grænland væri eyja. Þýski landfræðingurinn Philippus Cluverius (1580–1622) taldi þetta hins vegar vera vafamál í bók sinni *Philippi Cluverii Introductio in Universam Geographiam* frá 1683.²⁹⁹ Og á ofanverðri 18. öld velti trúboðinn og rithöfundurinn, David Crantz (1723–1777), því enn fyrir sér hvort Grænland væri eyja eða ekki enda væru nyrstu hlutar landsins ókannaðir; þessari spurningu var því ósvarað lengst af því tímabili sem hér er til umfjöllunar og

²⁹⁵ [George Best og Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 19.


²⁹⁶ Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 9, 54 og áfram. – Anna Agnarsdóttir, „Introduction“, bls. 9. – Thor B. Arlov, „Svalbard and the Early Exploration of the Arctic“, bls. 112–114. – Einnig Felipe Fernández-Armesto, *Pathfinders. A Global History of Exploration*, bls. 219 og áfram.

²⁹⁷ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 241.

²⁹⁸ Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 5–7. – Einnig umfjöllun hjá Sebastian Münster, *Cosmographie oder Beschreibung aller Länder* (1550), bls. dcccclxxxvii. – Samkvæmt íslenskum miðaldaheimildum var Grænland landtengt í austur við Bjarmaland, sjá *Surlunga saga. Skýringar og fræði* (Leiðarvísir), bls. 54.

²⁹⁹ Philippus Cluverius, *Philippi Cluverii Introductio in Universam Geographiam*, bls. 168.

danski fræðimaðurinn Allan A. Lund segir að Evrópumönnum hafi ekki orðið að fullu ljóst fyrr en um aldamótin 1900 að Grænland væri eyja.³⁰⁰



Mynd 13. Er Grænland eyja eða hluti meginlands? Á þessu korti frá 1732 sem fylgdi riti Isaacs de la Peyrère, „An Account of Greenland“ er það sýnt sem hluti meginlands með landtengingu bæði í austur og vestur.

Eftir því sem á leið 16. öldina og enn frekar á 17. öld eflist áhugi á þessum norðlægu slóðum á þann hátt að löndin þar gætu verið eftirsóknarverð, fremur en að þau væru aðeins vörður á leiðinni í austur.³⁰¹ Þegar Martin Frobisher gerði tilraunir til þess að finna leið til Asíu á árunum 1576–1578, í norðvestri, áleit hann sig hafa fundið gull sem hann flutti heim með sér. Það reyndist þó tálvon; gullhungur Vesturlandabúa var einn helsti drifkraftur landafunda og yfirskyggði flest önnur markmið landkönnuða og sáfara á þessum tíma.³⁰² En auðsvonin var líka bundin við veiðar; landdýr gáfu verðmæta feldi og fiskimið á þessum slóðum áttu vart sinn líka. Selur og hvalur gáfu einnig af sér afar verðmætar vörur, jafnvel má tala um lýsisæði í norðri sem hófst um 1600 og stóð í kringum þrjár aldir; lýsið, olía þessa tíma, var notað sem ljósmeti í borgum Evrópu. Á þessum tíma var sumum hvalategundum nánast útrýmt. Umfangið má ráða m.a. af því að árið 1685 voru 85 skip frá Hamborg einni að hvalveiðum. Eru þá ótalin önnur þýsk skip, einnig ensk, hollensk, spænsk og dönsk. Ósjaldan var sérstökum fyrirtækjum veitt einkaleyfi til veiða og sölu á hvölum og hvalaafurðum. Hollendingar voru sérstaklega

³⁰⁰ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 216. – Eberhard Schultesius, *Synopsis Geographiæ*, bls. 489. – Einnig Rudolff Capel, *Norden, oder zu Wasser und Lande im Eise und Snee*, bls. 174. – George Meriton, *A Geographical Description of the World*, bls. 348. – David Crantz, *The History of Greenland* I, bls. 1. – Einnig Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands* I, m.a. bls. 115 og áfram, 169, 182, 228, 232, gegnt bls. 244 og víðar. – *Kortasaga Íslands* II, m.a. bls. 41 og áfram. – Allan A. Lund, athugasemdir við texta Adams frá Brimum, *Adam af Bremens krønike* bls. 270.

³⁰¹ Thor B. Arlov, „Svalbard and the Early Exploration of the Arctic“, bls. 113, 119–121. – Einnig Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 29, 36–38.

³⁰² Felipe Fernández-Armesto, *Pathfinders. A Global History of Exploration*, m.a. bls. 164. – Einnig Urs Bitterli, *Cultures in Conflict*, bls. 75.

fyrirferðamiklir.³⁰³ Í norðri var jafnvel von um einhryningshorn af sæeinhryningum – þar var vitaskuld átt við náhval. Nefna má hér að Svalbarði fannst um 1600, en þangað komst Willem Barentsz árið 1596, og átti landið eftir að verða ein helsta veiðistöð hvalveiðimanna frá öndverðri 17. öld.³⁰⁴ – Ísland og Íslandsmið voru líka mikilvæg veiðistöð erlendra sjómanna frá öndverðri 15. öld eins og Björn Þorsteinsson sagnfræðingur hefur bent á. Starfsbróðir hans, Helgi Þorláksson sagnfræðingur, telur að á fjórða áratug 17. aldar hafi verið allt að 200 ensk skip á miðunum við Ísland og stundum jafnvel enn fleiri. Sjómennirnir hafa þá skipt þúsundum.³⁰⁵



Mynd 14. Hvalveiðar í norðurhöfum í kringum 1700, eins og þær birtast í bók Cornelis Zorgdrager frá 1720; umfangsmikil atvinnugrein í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu um þetta leyti og lengi síðan.

Í þessum hluta er mikið stuðst við yfirlitsrit, sem fyrr segir, einkum rit sem varða landafræði og sögu, en mikill kraftur var í slíkri útgáfu á tímabili. Bæði er um að ræða nokkrar lengri umfjallanir og svo stuttar klásur úr almennum yfirlitsritum. Hafa verður í huga að í slíkum ritum ægði gjarnan öllu saman á þessu tímabili. Í landfræðiritum og heimslýsingum var t.d. ekki einungis fjallað um landafræði heldur einnig sögu, þjóðhætti, náttúru, stjórnsýslu og atvinnulíf.

Ferða- og leiðangurslýsingar og frásagnir erlendra manna af búsetu í öðru hvoru landanna gegna einnig mikilvægu hlutverki í umfjölluninni. Slíkar lýsingar frá þessum

³⁰³ Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 77 og áfram, 93, 116. – Jonathan Hart, *Empires and Colonies*, bls. 87–88. – Erik Erngaard, *Grønland i tusinde år*, bls. 36–38.

³⁰⁴ Thor B. Arlov, „The Discovery and Early Exploitation of Svalbard“, bls. 4–19. – Finn Gad, *Grønlands historie I*, bls. 275.

³⁰⁵ Björn Þorsteinsson, *Tíu þorskastríð*, bls. 16 og miklu víðar. – Helgi Þorláksson, *Sjórán og siglingar*, bls. 239–240.

slóðum eru þó ekki margar til frá þessum tíma en þær eru fjölbreyttar. Þar á meðal eru ferðaskröksögur; þær eru tilbúningur sem hefur form ferðasögunnar, *travel lies*, en nokkur slík rit komu út á þessu tímabili.³⁰⁶ Þetta á einkum við *Islandia* eftir Dithmar Blefken og lýsingu Zeno-bræðra á Grænlandi. Um bókmenntir af þessu tagi hefur bandaríski bókmenntafræðingurinn Percy G. Adams (1914–2008) rætt í riti sínu, *Travelers and Travel Liars* (1980). Þá eru nokkrar ferðasögur og lýsingar landkönnuða, aðallega frá fyrri hluta tímabilsins, og frásögn af búsetu. Hið síðastnefnda á við um Grænlandslýsingu norska trúboðans Hans Egede (1686–1758) en það verk getur augljóslega ekki talist ferðasaga. Egede bjó um langt árabil á Grænlandi, starfaði þar sem trúboði og fulltrúi dönsku stjórnarinnar en hafði líka nán tengsl við norska og danska kaupmenn; ætlunin var að verslun við Grænlandinga kostaði trúboð í landinu, a.m.k. að hluta til.³⁰⁷ Hans Egede hafði með riti sínu mikil áhrif á hvaða hugmyndir erlent fólk gerði sér um Grænland á 18. og 19. öld. – Leitast verður við að bera saman lýsingar þessara tveggja heimildaflokka og kanna hvernig tengsl séu á milli ferða- og búsetulýsinga annars vegar og almennu yfirlitsritanna hins vegar. Myndefni er einnig nýtt eftir þörfum í þessu samhengi.

Í lok þessa kafla er fjallað um bók Johanns Anderson, borgarstjóra í Hamborg (1674–1743). Að honum látnum kom út verk hans, *Nachrichten von Island und Grönland*, árið 1746 en ritið fjallaði bæði um Ísland og Grænland eins og titill þess bendir til. Þessi háttur er hafður á til þess að auðvelda samanburð á ímyndum landanna tveggja undir lok tímabilins.

4.1 Ímyndir Íslands 1500–1750

4.1.1 Yfirlitsrit um Ísland

Á því 250 ára tímabili sem hér um ræðir kemur Ísland víða við sögu í yfirlitsritum um landafræði og sögu. Oftast er slík umfjöllun stutt en í sumum tilvikum er fjallað nokkuð ítarlega um landið og kemur jafnvel á óvart hversu mikið rúm það fær í sumum ritum, samanborið við miklu stærri lönd og áhrifameiri. Dæmi eru um sérstök rit frá öndverðri 17. öld þar sem fjallað er um land og þjóð á tugum síðna, til dæmis *Van Isslandt vnde Grönlandt* eftir þýska guðfræðinginn og kortagerðarmanninn David Fabricius (1564–1617) en rit hans kom fyrst út árið 1616.³⁰⁸

³⁰⁶ Percy G. Adams skilgreinir ferðaskröksögu, *travel lie*, svo: „A travel lie may be defined as a tale told by a traveler or pseudo traveler with intent to deceive“. Hann leggur þó samhliða áherslu á að þetta sé mikil einföldun, ferðaskröksaga sé margbrotið fyrirbæri. *Travelers and Travel Liars*, bls. 1 og áfram.

³⁰⁷ Axel Kjær Sørensen, *Danmark-Grønland i det 20. århundrede*, bls. 11.

³⁰⁸ David Fabricius, *Van Isslandt vnde Grönlandt*; ritið var eingöngu byggt á rituðum heimildum, mikið á frásögn Dithmars Blefken af Íslandi og Grænlandi. – Einnig Isaac de la Peyrère, *Relation de l'Islande*, fyrst 1663, um 70–110 síður eftir útgáfum.

Við hæfi er að geta um nokkur þeirra yfirlitsrita sem höfðu mest áhrif á síðari tíma. Það voru yfirleitt rit frá 16. öld sem voru iðulega fyrstu boðberar á prenti um tilteknar hugmyndir um land og þjóð; grunnur hugmyndanna var þó oft eldri. Eitt þeirra elstu er *Schondia*, gefið út 1532. Þar fjallaði Jacob Ziegler um Skandinavíu og ræddi auk þess um Ísland og Grænland; Ziegler var guðfræðingur og kortagerðarmaður, upprunninn í suðurhluta Þýslalands en fór víða um, kenndi m.a. um skeið við háskólann í Vín. Í Íslandsumfjöllun sinni byggði hann m.a. á arfi Saxos en túlkaði hann frjálsglega; hann sótti einnig heimildir til norrænna kirkjuhöfðingja sem hann kynntist í Rómaborg, m.a. erkibiskupa frá Þrándheimi.³⁰⁹ *Weltbuch Spiegel* eftir Sebastian Franck kom fyrst út árið 1534; Franck var guðfræðingur, útgefandi og afkastamikill rithöfundur. Hann var ættaður frá Bayern en bjó við ótrygg kjör, enda fór hann ekki alltaf alfaraleiðir. Verk hans fjallaði aðallega um landafræði Evrópu með sögulegu ívafi. Sú mynd sem þar er dregin upp er mjög ólík lýsingu Zieglers, nánast alfarið neikvæð. Fyrsta útgáfa af *Cosmographia* eða Heimslýsingu landfræðingsins og hebreskufræðingsins Sebastians Münster (1488–1552) kom út í Basel árið 1544 á latínu. Hún birtist síðar á mörgum tungumálum, m.a. þýsku, ítölsku, frönsku, ensku, pólsku og tékknesku í fjölmörgum útgáfum eða hátt á fimmta tug, að því er talið er, fram á fyrstu áratugi 17. aldar. Münster var frá Ingelheim í Hessen í Þýskalandi, vel menntaður og síðar háskólakennari, m.a. í Basel. Umfjöllunin um Ísland breyttist iðulega á milli útgáfna í verki hans, stundum mikið, vegna þess að útgefendur bættu við efni að vild. Í yngri útgáfunum eru yfirleitt nokkrar myndskreytingar, tengdar Íslandi.³¹⁰ Rit Münsters varð eitt hið áhrifamesta að því er varðar ímyndir Íslands um langan aldur.

Þá er að geta um *Historia de Gentibus Septentrionalibus* sem kom út í Róm árið 1555 eftir Olaus Magnus, svo og fylgirit hans með *Carta Marina*, Norðurlandakorti hans, *Ain kvrze avslægung*, en það kom út 16 árum fyrr, 1539.³¹¹ Markmiðið með útgáfu þess og *Historia* var ekki síst að sýna páfadómi fram á hversu mikill missir væri að hinum norrænu löndum fyrir kaþólskan málstað.³¹² Olaus Magnus var sænskur biskup, bar raunar titil erkibiskups um tíma, en gegndi aldrei því embætti í Svíþjóð. Hann var vel menntaður maður, bæði í heimalandinu og úr þýskum háskólum. Hann bjó í Róm til dauðadags eftir að hafa hrakist að heiman eftir síðbreytingu í Svíþjóð.³¹³ Í reynd er bókin fremur líkari alfræðiriti um Norðurlönd en

³⁰⁹ Ziegler mun einnig hafa verið kunnugur þeim Magnus-bræðrum, Olausi og Johannesi sem hann kynntist í Róm, Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 3. – Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 169. – Einnig Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 12.

³¹⁰ Sebastian Münster, útg. frá 1628, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*. – Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 114.

³¹¹ Einnig útgáfa á ítölsku, *Opera breve*.

³¹² Peter Foote, „Introduction“, bls. xxxi, xxxviii.

³¹³ Peter Foote, „Introduction“, bls. xxvi og áfram.

Norðurlandasögu, enda er þar fjallað ítarlega um náttúru, landafræði, atvinnu, sögu og þjóðhætti á þessu svæði. Sjálfur hafði Olaus Magnus farið víða, m.a. ferðast norður í lönd sama en bætti líka ýmsu nýju við frá öðrum norrænum heimildamönnum. Einn þeirra var Ólafur Engilbrektsson erkibiskup í Niðarósi sem hann hitti í Róm. Þá nefnir hann einnig sænsku biskupana, bróður sinn Johannes Magnus (1488–1544) frá Uppsölum og Peter frá Västerås (d. 1527). Olaus Magnus naut þess að vera Norðurlandabúi og gat því á auðveldari hátt útvegað sér margs konar vitneskju um þetta svæði heldur en til dæmis Münster og Ziegler. Í riti sínu hefur Olaus Magnus auk þess margt eftir fornaldarhöfundum, ekki síst Plíníusi. *Historia* varð grundvallarrit um Norðurlönd, þ. á m. um Ísland og Grænland, um langan aldur.³¹⁴

Í bók sinni, *Chronica und Beschreibung der dreier Königreich, Dennmarck, Schweden und Norwegen* ræðir Albert Krantz nokkuð um Ísland; Krantz var guðfræðingur og landfræðingur frá Hamborg. Auk fræðastarfa og kennslu starfaði hann sem sendiherra um skeið, m.a. fyrir Danakonung. Bók hans kom fyrst út árið 1558 að höfundi látnum en handritinu hafði hann lokið áratugum fyrr og hafði það verið aðgengilegt ýmsum fræðimönnum. Sérstaða Krantz er ekki síst fólgin í því hversu mikið hann styðst við rit Adams frá Brimum en hann hafði aðgang að handriti hans í Hamborg.³¹⁵ Sem fyrr er getið var Kirkjusaga Adams prentuð 1579 en Danasaga Saxa var prentuð þegar árið 1514. Bæði verkin höfðu ómæld áhrif á viðhorf til Íslands og þau áhrif jukust mjög eftir að handritin höfðu verið gefin út á prenti. – Þau rit sem hér hafa verið nefnd lögðu margir síðari höfundar til grundvallar skrifum sínum á ofanverðri 16. öld og á 17. öld en þá fjölgaði landfræðiritum og öðrum sambærilegum verkum mjög og verður þeirra rita getið samhliða efnislegri umfjöllun um þau.

Í umræðunni hér á eftir, sem byggð er á yfirlitsritunum, hef ég valið að fjalla þematískt um ímyndir um Ísland, á þann hátt að flokka og draga fram nokkur þemu fremur en að gera grein fyrir hvernig hugmyndirnar koma fyrir í hverju riti fyrir sig; er þá byggt á því, eins og fram kemur í kafla um ímyndir hér að framan, að ímyndamótun um einstök lönd, og um framandleikann yfirleitt, birtist oft sem andstæður. Umfjöllunin hér er því byggð upp á þann hátt að draga fram þessar andstæður. Með því að hafa hana þematíska er auðveldara að átta sig á því hvers konar viðhorf það voru einkum sem voru ráðandi á tímabilinu og lögð til grundvallar þegar hin norðlæga eyja Ísland kom við sögu.

4.1.2 Hin illa eyja Ísland

Fra Iszland hørde man vnderlig,

³¹⁴ Peter Foote, „Introduction“, m.a. bls. xxxvii, l–liiii og víðar. – Haraldur Sigurðsson, „Olaus Magnus segir frá Íslandi“, bls. 109–118.

³¹⁵ Karsten Friis-Jensen, „Om Saxo og hans værk“, bls. 876–877.

Huor Fiæld oc Juckler røstede sig.
Och kasted om Byer og Bjærre.
Der bleff oc mangestæds hull oc Suæll
Som det kunde være hen nederst i Hæll,
Der dreff vd Damppen som tærre.
Alltingest der syntis saa brunt oc røt,
Som det med Blod var offuerstrødt,
Och luctet saa Jammerlig jlde.³¹⁶

Þessa mynd af Íslandi gaf danski rithöfundurinn Claus Christoffersen Lyschander af Íslandi á öndverðri 17. öld.³¹⁷ Í þessum texta höfundar má sjá að dregin er upp allt annað en jákvæð mynd af landinu. Þar ríkja ógnir jarðelda og jökla. Höfundur segir að ástandið sé svipað og neðst í víti, mökkurinn er sem tjara og líkt og blóð sé yfir öllu. Fnykur er í lofti. Hér er Íslandi sannarlega lýst sem bólstað hins illa. Lítum nú á hvort þetta erindi úr kvæði Lyschanders sé á einhvern hátt dæmigert fyrir Íslandslýsingar frá þessum tíma og könnum helstu frásagnir í yfirlitsritum tímabilsins.

Þegar Sebastian Franck ræddi um Ísland á öndverðri 16. öld mátti helst skilja á honum að landið væri óbyggilegt. Að hans sögn var þar eilíft frost og snjór og fjöll úr eintómum ísi. Ísland væri eyðilegt og ófrjósamt land og búfénaður þrífist vart sökum kulda þó að gras gæti sprottið þar. Þá væru fjöll úr ísi og ís við landið svo að hvítir, stórir og grimmir birnir brytu vakir í ísinn til þess að veiða sér fisk.³¹⁸ Samkvæmt frásögn Francks var Ísland greinilega svæði þar sem mannlíf gat tæpast þrífist. Þessi umfjöllun hans er nátengd lýsingum frá 14. og 15. öld sem birtust m.a. í riti Ranulphs Higden og fleiri síðmiðaldaritum, svo sem fyrr er getið, og birtist Ísland hér sem dystópísk eyja í norðri.

Að sumu leyti tók Olaus Magnus undir þessar frásagnir um miðja 16. öld og fullyrta m.a. að norðanvindurinn blési svo kröftuglega á Íslandi að hann felldi riddara í fullum herklæðum auðveldlega um koll. Þá kæmu risastórar ísblokkir fljótandi til landsins og hefðu þar sín áhrif.³¹⁹ Margir höfundar á 17. og 18. öld staðhæfðu að samfelldur kuldi væri í landinu í átta mánuði, jafnvel að aðeins væri íslaust umhverfis landið einn mánuð á ári. Í bók skoska hershöfðingjans (í rússneska hernum) Patricks Gordon (1635–1699), *Geography Anatomized*, frá 1704, segir t.d. að

Iceland; being so named from the Abundance of Ice wherewith it is surrounded for the greatest Part of the Year. ... By reason of the frozen Ozean surrounding this *Island*, and

³¹⁶ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls.180.

³¹⁷ Lyschander var ættaður frá Skáni, menntaður í Þýskalandi, starfaði sem prestur og prófastur en var útnefndur konunglegur sagnaritari á efri árum, sjá H. Ehrencron-Müller, *Forfatterlexicon*, 5. b., bls. 238–240.

³¹⁸ Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildtnis des gantzen Erdtbodens*, bls. lx. – Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 1368.

³¹⁹ Olaus Magnus, *Beskrivning till Carta Marina*, bls. 10.

the great Quantity of Snow wherewith it is mostly covered, the Air must of Necessity be very sharp and piercing.³²⁰

Þá væri landið auk þess „incumbered with Deserts, barren Mountains, or formidable Rocks“.³²¹ Danskí fræðimaðurinn Peder Hansen Resen komst að þeirri niðurstöðu í Íslandslýsingu sinni frá 17. öld að „sandar, ófærir klettar og ógnarlegar fjallaaudnir“ gerðu „eyjuna svo óhrjálega og ljóta að þeir sem ekki eru alveg óvanir unaðslegri stöðum virðist hún eins og holdsveik ... eða eins konar jarðarhræ.“³²² Landið og umhverfi þess var því á þessu tímabili iðulega talið handan þess byggilega, sökum kulda og gróðurleysis, svipað og önnur svæði á nyrstu jöðrum Evrópu, eins og getið var um hér að framan í kafla um norðrið.

Olaus Magnus og margir fleiri höfundar nefndu að í hafinu við Ísland væru stórhveli eða sæskrímsli. Þar mætti finna sækýr, sæhesta, sæhunda, stóra sækrabba, sænashyrninga og sæslöngur, með öðrum orðum fjölda tegunda sem líktust landdýrum en hefðust þó við í hafinu. Öll þessi kvikindi voru talin hafa aðsetur í Íslandssæ og villtust sæfarendur oft á þeim og eyjum og týndust í hafinu þegar skepnurnar bærðu á sér.³²³ – Kort Orteliusar af Íslandi sem byggt var á frumgerð Guðbrands Þorlákssonar biskups (1541–1627) styrkti mjög ímynd landsins sem furðusvæðis af þessum toga, enda voru þar teiknuð sæskrímsli og hvers konar furðuverk af mikilli list.³²⁴



Mynd 15. Sæskrímsli við strendur Íslands samkvæmt korti Orteliusar frá 1590. Öll höfðu þau heiti en bókstafir vísa til nánari skýringa. Á Reykjanesinu má sjá litaruppsprettur eða -brunna; annar þeirra breytir svartri ull í hvíta (*Fons commutans lanas nigras in albas*) en hinn hefur gagnstæða náttúru.

³²⁰ Patrick Gordon, *Geography Anatomiz'd*, bls. 223.

³²¹ Patrick Gordon, *Geography Anatomiz'd*, bls. 224.

³²² Peder Hansen Resen, *Íslandslýsing*, bls. 96.

³²³ Olaus Magnus, *Beskrivning till Carta Marina*, bls. 9. – Eberhard Schultesius, *Synopsis Geographica*, bls. 488.

³²⁴ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103–106. – Ortelius studdist nokkuð við texta úr *Brevis Commentarius* Arngríms Jónssonar í umfjöllun sinni um Ísland og hrærði saman við ýmsar eldri hugmyndir um landið, Einar Sigmarsson, „Inngangur“, bls. 52–53. – Einnig Jakob Benediktsson, „Introduction“, bls. x.

En ekki var nóg með að náttúra landsins virtist vera manningnum fjandsamleg á alla lund samkvæmt fyrrgreindum lýsingum; einnig voru algengar staðhæfingar á þessu tímabili um að á Íslandi væri að finna eitt af opum vítis, líkt og birtist í þeim miðaldaheimildum sem þegar hefur verið getið um. Jacob Ziegler fjallaði m.a. um þetta efni í riti sínu árið 1532 og gat þess að klettaoddi einn í landinu stæði í eilífu báli líkt og Etna og væri það fangelsi óhreinna anda. Hann nefndi einnig að andar hinna látnu sæjust iðulega í landinu og höguðu sér oft sem þeir væru lifandi.³²⁵ Sebastian Münster tók undir þetta en bætti auk þess við að frá ísnum heyrðust kveinstafir sem talið væri að kæmu frá sálum sem tækju út refsingu sína og byggði þá frásögn sína á lýsingum Saxos sem hann hefur haft aðgang að um þetta leyti. Olaus Magnus staðhæfði raunar að þetta væru engin ný tíðindi, enda hefði Virgill greint frá svipuðum fyrirbærum annars staðar.³²⁶ Hér má því sjá hversu mikilvæg hefðin var og það að geta bent á þekktu fornaldarhöfundum orðum sínum til staðfestingar; sú þekking og frásagnir miðaldarhöfundanna var greinilega sá grunnur sem hér var byggt á.

Skyld málefni ræddi kortagerðarmaðurinn Abraham Ortelius í riti sínu *The Theatre of the World* kringum 1600 og kveðst hafa úr einkabréfi frá Georgiusi Bruno, „a laborious student“.³²⁷ Sá hefði sagt honum að eldfjall á Íslandi að nafni Helgefel hefði gosið með miklum ofsa árið 1580:³²⁸

At this hill there is a huge gulfe, where spirits of men lately departed, do offer themselves so plainly to be seene and discerned of those that sometime knew them in their life time, that they are often taken for living men of such as are not aware that they are dead: neither do they perceive that they were deceived, untill the Ghosts be gone.³²⁹

³²⁵ Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 9. – Í *Beskrivning till Carta Marina [Opera breve]*, fylgiriti Olausar Magnus með *Carta Marina* frá 1539, nafngreininir Olaus Magnus fjall þetta, Heklu, sjá bls. 7–8. – Íslenskum höfundum á 16. öld var vel kunnugt um að andar gætu verið á ferli, t.d. Oddi Einarssyni. Hann gat þess þó að það væri ekkert einsdæmi á Íslandi heldur einnig alþekkt í Danmörku og Þýskalandi; sjá *Íslandslýsing* bls. 46 og áfram.

³²⁶ Sebastian Münster, *Cosmographia. Beschreibung aller Lender*, bls. dxxi. – Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* I, bls. 84. – Samtímamaður Olausar Magnus, erkibiskupinn í Niðarósi, staðhæfði í bréfi er hann ritaði árið 1520 að hreinsunareldurinn væri norður í Finnörku og heyrðist þar væl og vein úr hellum og holum. Orvar Löfgren, „Rejseveje“, bls. 115. – Sagnir af þessu tagi má rekja langt aftur, t.d. sagði Plíníus frá svipuðum fyrirbærum um Afríku þar sem, eins og segir í enskri þýðingu, „ghosts of men suddenly meet the traveller and vanish in a moment“. Pliny, *Natural History* II, book VII, bls. 527. – Olaus Magnus er ekki alveg nákvæmur hér en Virgill segir þó víða frá samskiptum og samræðum lifenda og dauðra, *Eneasarkviða*, bls. 64 og 149.

³²⁷ Trúlega þýskur skólamaður í kringum 1600, <http://thesaurus.cerl.org/record/cnp00380810>, sótt í febrúar 2013.

³²⁸ Hið rétta er að Katla gaus árið 1580, Ari Trausti Guðmundsson, *Íslandselðar*, bls. 112; allörygg heimild segir höfundur.

³²⁹ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 104.

Slíkar frásagnir þekktust frá miðöldum um fleiri eldfjallaeyjar, ekki síst frá Sikiley og nálægum eyjum, svo sem fyrr er getið, en urðu frá og með öndverðri 16. öld mikilvægur hluti af ímyndum Íslands.



Mynd 16. Myndhluti úr bók Sebastians Münster, Cosmographia, frá 1628 sem á að sýna afturgöngur eða drauga á Íslandi. Myndin er nánast eins og teiknimyndasaga; lengst til hægri má sjá drukkandi sjómenn, þar til vinstri eru tvær afturgöngur og andar hinna dauðu sjást við gjósandi eldfjall.

Einnig var algengt að staðhæfa að Íslendingar hefðu margvísleg tengsl við framliðna og vinsælt var að ræða um galdra þeirra, svo sem að þeir seldu vind og héldu húsanda.³³⁰ Franski fræðimaðurinn Isaac de la Peyrère (1596–1676) fullyrti í þeim dúr eftir miðja 17. öld að Íslendingar

³³⁰ Eberhard Schultesius, *Synopsis Geographiæ*, bls. 485. Í textanum segir m.a.: „aber es ist doch das gemeine Volck noch sehr Abergläubisch: In dem fast ein jeder seinen Haußgeist und Gescheffis-Gehülffen hat; verkaufen auch den Schiffleuten den Wind, wie von den Lappenländern und andern auch geschrieben wirdt.“

were so famous for their poetry among the neighbouring nations, that it was generally believed that there was a certain kind of magick hidden in their verses, whereby they could summon the dæmons from the infernal regions, and change the influence of the planets. Their poets are born, and not made such; for the most ingenious person among them cannot write a verse without his natural genius prompts him to it, the rules of their poetry being most strict and severe; whereas such as are endowed with this qualification by nature, write them with such facility that they can speak scarce anything but in metre. They are commonly seized with this poetical frenzy in the new moon, when their faces appear dreadful, with a pale countenance and hollow eyes ... At that time it is very dangerous to converse with these furious fellows, the wound given by a mad dog being scarce more dangerous than their venomous satires.³³¹

La Peyrère hafði þetta m.a. eftir hinum þekktu Ole Worm prófessor (1588–1655) í Kaupmannahöfn sem hefði kynnst slíku meðal íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn.³³² Worm var læknir, háskólakennari í Kaupmannahöfn og mikill áhugamaður um náttúruvísindi og forn fræði. Sem fyrr er nefnt var algengt að tengja galdur við þær þjóðir sem bjuggu nyrst í Evrópu, t.d. bæði sama og Grænlandinga, en líka Íslendinga eins og sjá má af þessum texta. Hér er því lýst svo að þessi hæfileiki sé nátengdur skáldskapnum og liggja í eðli fólksins en eðliseinkenni þess eru talin nátengd umhverfi þess. Frá slíkum viðburðum var greint í mörgum frásögnum um Ísland allt fram á 18. öld; vel má segja að þær hafi verið mikilvægur hluti af ímyndum um hið ysta norður, a.m.k. fram á 18. öld, jafnvel lengur.

Þegar fjallað var um einkenni og líf landsmanna að öðru leyti í anda þessarar hefðar í yfirlitsritunum var lögð áhersla á hversu gróft og frumstætt lífið í landinu væri. Sebastian Franck fullyrta t.d. að landsmenn litu sjálfir út eins og dýr, klæddir húðum villidýra, einkum bjarna. Íslendingar væru þó hvítir og sterkir.³³³ Hvíti liturinn hefur hér athyglisverða merkingu. Hann er ekki hugsaður sem vitnisburður þess að þjóðin tilheyri hinum siðmenntaða heimi hvítra manna, andstætt t.d. þeldökkum, eins og síðar varð algengt. Landsmenn voru sagðir hvítir eins og öll dýr lengst í norðri væru hvít, að því er menn töldu, svo sem hvítabirnir, hvítir hrafnar, refir, hérar o.s.frv. Í þessu tilviki var hvíti liturinn því tákn um staðsetningu lengst í norðri þar sem allt

³³¹ Isaac de la Peyrère, „An Account of Iseland“, bls. 367–368.

³³² Isaac de la Peyrère, „An Account of Iseland“, bls. 368. Isaac de la Peyrère var einkum þekktur sem boðberi kenninga um for-adamisma eða *pre-adamism* þó að hann væri alls ekki fyrstur til að halda fram slíkum fræðum. Í þeim fólst að mannlegt samfélag hefði verið til áður en Adam og Eva komu til sögu og því ætti mannkyn fleirþættan uppruna; áðurgreind skötuþjú væru ekki hin einu sem mannkyn gæti rakið sig til. Peyrère var á þeirri skoðun að einnig bæri að telja þá sem hefðu verið komnir til sögu á undan Adam til mannkyns. Sumir eftirkomendur hans á 18. og 19. öld vildu hins vegar gera þarna greinarmun og hlyti t.d. uppruni þeldökkra að vera annar en hvítra manna og væri það skýring þess hversu langt að baki hvítum mönnum þeir stæðu; for-adamismi varð því síðar hluti kynþáttahyggju. Sjá Richard H. Popkin, *Isaac La Peyrère*, bls. 26 og áfram; 146 og áfram.

³³³ Sebastian Franck, *Weltbuch: Spiegel und Bildnis des gantzen Erdtbodens*, bls. lx.

lifandi var hvítt eins og snjórinna.³³⁴ – Enn aðrir höfundar, t.d. fransk kortagerðarmaðurinn og verkfræðingurinn Alain Manesson Mallet (1630–1706), fullyrtu að Íslendingar væru afar smávaxnir, nánast dvergvaðnir. Hinir stærstu þeirra yrðu ekki meira en fimm fet á hæð en svipaðar staðhæfingar voru einnig algengar um Grænlandinga. Þegar hér er komið sögu, um og upp úr miðri 17. öld varð æ algengara að spyrða Íslendinga og Grænlandinga saman og staðhæfa að fólkið, líf þess og aðstæður væru í aðalatriðum svipað.³³⁵

Húsakynni, mataræði, klæðnaður og sambylishættir fólks komu einnig oft til umræðu og voru dæmi, tengd þessum þáttum, tekin til marks um hvers eðlis lífið í landinu væri. Enski læknirinn og rithöfundurinn, Andrew Borde (eða Boorde, ca 1490–1549), ræddi m.a. þessi efni fyrir miðja 16. öld; Borde var auk þess opinber sendimaður um skeið og fór því víða en endaði reyndar ævina sem förumaður. Hann sagði að Íslendingar væru „beastly creatures unmanered and untaughte. They haue no houses but yet doth lye in caves altogether like swine ... They do were wyld beasts skinned“. Hann fullyrti einnig að þeir ætu tólgarkerti með bestu lyst, að þeir gæfu börn sín burtu en seldu hins vegar hunda sína. Og svo bætir hann við: „They be lyke the people of the newe found land named Calyco“.³³⁶ Hér er rétt að staldra við. Óljóst er um hvaða stað er að ræða; trúlega þó í Ameríku fyrst hann er „nýfundinn“. Það sem er athyglisvert er samlíkingin. Íslendingar eru hér bornir saman við fólk í hinum „nýfundnu“ löndum eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Saga um kertaát Íslendinga var síðan oft endurtekin í öðrum ritum, ekki bara um kertaát fólksins heldur líka um hunda þeirra. Í einum slíkum texta var staðhæft að íslenski hundurinn gæti bitið illa en auk þess væri hann sólginn í tólgarkerti, „as doo the men and women of their countrie“ og þarf ekki að fjölyrða um hvers vegna sú

³³⁴ Olaus Magnus staðhæfði til dæmis að á Íslandi væri að finna hvíta hrafna og flest dýr í norðrinu væru hvít. Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken*, IV, bls. 117–118. – Einnig Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 429.

³³⁵ Alain Manesson Mallet, *Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses* I, bls. 134.

³³⁶ Andrew Borde, *The Boke of the Introduction of Knowledge*, án síðutals, kafli vi. Borde lætur einnig Íslending lýsa lífsháttum sínum á eftirfarandi hátt:

„I was borne in Islond, as brute as a beest
Whan I eat candels ends, I am at a feest
Talow and raw stockefysh, I do loue to ete
In my countrey, it is right good meate
Raw fysh and flesh I eate whan I haue nede
Upon suche meates I do loue to feed.
Lytle I do care for anye of gods seruasse
And as for any good rayment I do neuer passe
Good beastes skyns I do loue for to were,
Be it the skins of a wolfe or of a beare.“

Einnig Alain Manesson Mallet, *Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses* I, bls. 134. – Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 13–14.

samlíking er tilkomin.³³⁷ Algennt var einnig að fullyrða um Íslendinga að þeim þætti kjöt af úlfum, refum og björnum lostæti eða jafnvel að þeir snæddu helst aðeins úldið og ormétið kjöt og lifðu slíkar sögur allt fram undir lok 18. aldar.³³⁸ Ludvig Holberg fullyrti jafnvel í Danmerkur- og Noregssögu sinni og hafði eftir kaupmanni að Íslendingur hefði sést „tage sine skoe af føderne, og at æde denne op, som det kunde have været et par pandekager“.³³⁹

Greinilegt er að nokkur atriði úr daglegu lífi Íslendinga eru hér tekin til marks um villimennsku þeirra. Þeir búa ekki í húsum heldur hellum og allir liggja saman í fleti eins og húsdýr. Þeir líta líka út eins og dýr vegna þess hvernig þeir klæða sig og eru heldur ekki skapaðir eins og annað fólk, ýmist of stórir eða of litlir, og því eiginlega vanskapaðir. Matur þeirra getur verið hrátt kjöt eða úldið, eða þá kerti og skór. Mikið fiskát var jafnvel talið til marks um villimennsku, enda neytti siðmenntað fólk fremur kornvöru, kjöts af húsdýrum, ávaxta og mjólkurafurða, fremur en afurða sem fengust með veiðum. Allar þessar lýsingar ríma vel við frásagnir af lífi „villimanna“ í fjarlægum löndum, í „Calyco“, og kannski sérstaklega vel við lýsingar á háttum fólks lengst í norðri, einkum Grænlandinga í ritum frá 17. öld.

En við skulum líka hafa í huga að þessar sögur voru ekki endilega alltaf hluti af alvarlegri orðræðu. Þær gátu einnig verið til skemmtunar: Altíðkað var að segja gamansögur af því sem var talið undarlegt, skrýtið, fyndið, óviðurkvæmilegt og hneykslanlegt þó að vissulega væri það yfirleitt á kostnað þess sem um var fjallað. Stundum var íslenska hundinum blandað inn í þessar umræður, svo sem fyrr er nefnt, þar sem hann fékk það hlutverk að vera fulltrúi heillar þjóðar, framandi gripur, sem hægt var að furða sig á og skemmta sér yfir. „A beggerly beast brought out of barbarous borders, frō the vttermost countryes Northward, &c., we stare at, we gaze at, we muse, we maruaile at ... like the man in the Moone.“³⁴⁰

4.1.3 Sælu eyjan Ísland

Neikvæðar ímyndir voru algengar um Ísland á tímabilinu frá 1500–1750 svo sem ljóst má vera af framansögðu. En samhliða þrifust margs konar aðrar ímyndir. Sumar þeirra byggðu á hugmyndum sem litu frumstæð og framandi samfélög og lönd

³³⁷ Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 14, 33–34. Tilvitnun sem hér er höfð eftir Seaton, bls. 33, er úr bókinni *Description of England* eftir William Harrisson.

³³⁸ Einnig Alain Manesson Mallet, *Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses* I, bls. 134. – François Péris de la Croix og Hieronymus Dicelius, *Geographia Universalis*, bls. 375. Þar segir um mat Íslendinga: „ihre niedlichste Speise ist halb verfaultes und mit Würmen angefülltes Fleisch.“ – Einnig Friedrich Wilhelm Gerlach, *Kleine Erdbeschreibung*, bls. 513–514; Gerlach lýsir Íslendingum m.a. svo: „Die Isländer ... sind klein: bringen ihre meiste Zeit mit Fischen und Jagen zu; sie werden sehr alt. Ihre beste Kost sind wilde Vögel; und sie backen auch Brod von gedörren Fischen; essen Bären und Fühse.“

³³⁹ Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse*, bls. 32.

³⁴⁰ John Caius, „Of Englishe Dogges“, bls. 35. – Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 32–33.

jákvæðum augum og boðberar þeirra notuðu sér þær til þess að koma ákveðnum boðskap á framfæri. Hugmyndir í þessa veru gátu bæði falið í sér að fólkið væri talið til fyrirmyndar og að landið væri einstakt að gæðum, stundum hvort tveggja, stundum aðeins annað hvort. Adam frá Brimum nýtti sér t.d. slíkar hugmyndir þegar hann fjallaði um Ísland, svo sem fyrr er getið.

Einn þeirra höfundar sem tók upp þráðinn frá Adam frá Brimum var Albert Krantz. Á fyrri hluta 16. aldar lýsti hann Íslendingum þannig að þeir vildu lifa sem fábrotnustu lífi og krefðust ekki margs af lífsins lystisemdum. Þeir létu sér nægja það sem náttúran hefði upp á að bjóða og segðu glaðir: Svo lengi sem við höfum mat erum við ánægðir. Þetta fólk var sælt í fátækt sinni sem enginn vildi illt. Og enn sælla sökum þess að það hafði tekið við kristinni trú. Höfundur nefndi þó að erlendir kaupmenn hefðu kynnt ýmsa lesti í landinu (unsere laster in die Ynsel bracht haben), enda væru landsmenn hættir að drekka eingöngu vatn en neyttu nú einnig öls og sæktust jafnvel eftir gulli og silfri eins og Þjóðverjar.³⁴¹



Mynd 17. Hús Íslendinga úr beinum stórhvela eða sæskrímsla en margir höfundar á 16. og 17. öld staðhæfðu að Íslendingar byggðu húskynni sín úr slíku efni. Þessi mynd birtist í bók Sebastians Münster, *Cosmographia*, frá 1628. Hún á sér upphaf í tveimur myndum í *Historia Olausar Magnus* þar sem hann fjallar um aðstæður í nyrstu hlutum Skandinavíu en hér hefur myndefnið verið flutt um set til þess að sýna aðstæður á Íslandi.

Svo sem sjá má byggir Albert Krantz á arfi Adams frá Brimum sem lýsti ekki ólíku samfélagi nokkur hundruð árum fyrr, enda studdist Krantz nokkuð nákvæmlega

³⁴¹ Albert Krantz, *Chronica und Beschreibung der dreier Königreich* [bókarhluti um Noreg með sjálfstæðu blaðsíðutali], bls. v.

við handrit Adams.³⁴² Hann gæti einnig hafa þekkt *Germaníu* Tacítusar þar sem rætt er um fábrotna lífshætti germanskra þjóðflokka.³⁴³ Margir fleiri höfundar tóku undir þessar skoðanir Krantz að meira eða minna leyti, t.d. Olaus Magnus, sem sagði Íslendinga lífa einföldu lífi í fábrotnum húsakosti. Hann lýsti húsum fólks á Íslandi sem afar einkennilegum og líktust þau því sem bæði Plíníus og Strabo hefðu lýst í Fiskætulandi við Indland en á þeim slóðum hefði tíðkast að nýta bein stórfiska við húsbyggingar. Hér eru þær lýsingar speglaðar yfir á Ísland til þess að gefa framandleikann til kynna. Þá byggju líka margir neðanjarðar vegna kuldans svipað og Afríkubúar færu að sökum hitans.³⁴⁴ Olaus Magnus var sérstaklega duglegur að sanna með margskonar samanburði tilvist ýmissa óvenjulegra fyrirbæra á Íslandi, annað hvort sögulega með vísun til klassískra höfunda eða með samanburði við önnur svæði; sem sjá má leitar hann langt eftir samanburðarsvæðum, til Indlands og Afríku og má af því marka hversu framandlegt Ísland hefur verið talið vera. – Hitt er annað mál að það tíðkaðist að nota hvalbein í húsbyggingar á Íslandi en það var varla eins almennt eins og oft var gefið í skyn.

Á 17. og 18. öld skýrðu ýmis yfirlitsrit frá lífi Íslendinga samkvæmt þessari hefð. Samkvæmt heimildum Abrahams Ortelíusar um 1600 bjuggu Íslendingar í hellum sem þeir hjuggu inn í fjöllin. „Forrein dainties and pleasures they are not acquainted withall.“³⁴⁵ Fábrotnara líf var vart unnt að hugsa sér og gat vel verið til vitnis um villimennsku. En í huga Ortelíusar og skoðanabæðra hans sem töldu frumstætt líf eftirbreytnivert var þessi lífsmáti fyrst og fremst til marks um einfalt líf en ekki siðleysi.

Lítum nánar á umfjöllun eftir enska skólamanninn og rithöfundinn Peter Heylyn (1599–1662) frá því um miðja 17. öld til þess að skýra betur hvers konar hugmyndir var um að ræða. Hann endurtekur staðhæfingar Ortelíusar um búsetu Íslendinga í hellum. Og Heylyn heldur áfram:

The people for the most part are of plain and simple nature, living (as in the *Golden Age*) on that which nature gives them without help of Art; more than that of making cheese and butter: the mountaines serving them for Townes, and the Rivers for drink, and lodging all under one roof with their horses and oxen. They use neither *Physick* nor *Physitians*, yet live so long (and probably the longer for it) that many of them attain to the age of 150 years or more. The women are exceeding faire, but they do not know how to attire themselves; nor is there any difference in apparell betwixt the *Sexes*, so that it is not easie to know one from another. Few of them but have some *familiar Spirit* to doe them service:

³⁴² Kurt Johannesson, „Adam och hednatemplet i Uppsala“, bls. 392.

³⁴³ Tacítus, *Germanía*, m.a. bls. 80–81.

³⁴⁴ Olaus Magnus, *Beskrivning till Carta Marina*, bls. 10. – Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* IV, bls. 235–236. – Gideon Pierreville, *The Present State of Denmark*, bls.142–143.

³⁴⁵ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103. – Einnig Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 1365. – Þetta er einnig rætt hjá Peter Heylyn, *Cosmographie in Four Bookes* [1652], bls. 134.

and notwithstanding the endeavour of their *Ministers* to purge them from this *impietie*, yet it is so grassed in them that they cannot leave it.³⁴⁶

Í þessum texta er lögð áhersla á kosti frumstæðs lífs og einfaldleikans. Slíkir lífshættir leiddu til þess að fólkið væri heilsugott og næði afar háum aldri. Þar með fengi það umbun fyrir að setta sig við fábrotið líf. Þessar staðhæfingar endurtóku margir síðari höfundar, t.d. franskur kortagerðarfræðingurinn Sanson d'Abbeville (1600–1667) á 17. öld, sem sagði að Íslendingar yrðu jafnvel allt að 200 ára.³⁴⁷ Sumar lýsingarnar minntu helst á frásagnir Biblíunnar af aldri sumra forfeðra gyðinga, t.d. Nóa sem átti að hafa orðið 950 ára.³⁴⁸ Heylyn benti einnig á að konurnar væru einstaklega fagrar þó að þær kynnu ekki að halda sér til; þetta atriði er raunar runnið frá Dithmar Blefken, eins og síðar verður dregið á.³⁴⁹ Hér má segja að renni saman tvenns konar hefðir. Annars vegar er byggt á lýsingu Adams frá Brimum og sporgöngumanna hans sem fyrr hefur verið fjallað um, hefð sem átti fornar rætur. Hins vegar dregur þessi lýsing dóm af umfjöllunum um líf frumstæðs fólks í fjarlægum heimshlutum, ekki síst í Ameríku, eins og mörg dæmi voru um frá þessum tíma.

Stundum var því lýst svo að Íslendingar lifðu sældarlífi og ýmsir höfundar lýstu landinu þannig að aðstæður þar væru afar hagfelldar. Jacob Ziegler nefndi til dæmis að víða í landinu spryti svo mikið og gott gras að búsmala yrði að reka í brott svo að hann dræpist ekki úr fitu.³⁵⁰ Þessi sögn var þekkt um Írland og sagði t.d. Ranulph Higden frá því á fyrri hluta 14. aldar að þannig væru einmitt aðstæður þar í landi, eins og fyrr hefur verið nefnt.³⁵¹ Hvernig á því stendur að þessi sögn var flutt til Íslands er ekki að fullu kunnugt, ef til vill mislestur á Íslandi fyrir Írland, en rétt er að benda á að yfurfærsla eða speglun eins og hér er lýst var algeng og hefur hugmyndin um eyjuna sem sælustað væntanlega átt þátt í að svo var gert.

Undir þessar frásagnir tók Sebastian Münster og fullyrta að á Íslandi væri gnægð smjörs og svo mikið af fiski að honum væri hlaðið upp í húsháa stafla undir beru lofti.³⁵² Sams konar fróðleik bauð Olaus Magnus upp á og greindi frá því að svo mikið væri búið til af smjöri að því yrði koma fyrir í stórum kistum sem væru 30–40 feta langar og fjögurra til fimm feta djúpar. Væri slíka ofgnótt smjörs meðal annars að finna í klaustrinu á Helgafelli en líka á biskupsstólum landsins og víðar. Á sömu stöðum væru líka heil býsn af þurrkuðum fiski eins og einnig kom fram í

³⁴⁶ Peter Heylyn, *Cosmographie in Four Bookes* [1652], bls. 133. – Einnig François Pétis de la Croix og Hieronymus Dicelius, *Geographia Universalis*, bls. 375.

³⁴⁷ Nicolas Sanson d'Abbeville, *Die gantze Erd-Kugel*, bls. 77.

³⁴⁸ Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* IV, bls. 215. Olaus Magnus nefnir þó aðeins 100 ár og finnst það mikið.

³⁴⁹ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 497.

³⁵⁰ Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 9.


³⁵¹ Ranulph Higden, *Polychronicon* I, bls. 333.

³⁵² Sebastian Münster, *Cosmographia. Beschreibung aller Lender*, bls. dxxi.

myndskreytingum sem prýddu bók hans og kort.³⁵³ Olaus Magnus sagði líka frá því og sýndi að Íslendingar gætu jafnvel heillað til sín fiska með flautuleik, svipað og hinn forngríski Orfeus átti að hafa getað; frá svipuðu er einnig sagt í sjóáferðsögu heilags Brendans. Þetta stef kom víða fyrir í paradísarlýsingum og tengir Ísland því við slíkar frásagnir.

Umfjallanir af þessu tagi úðkuðust lengi síðan, enda voru bæði Olaus Magnus og Sebastian Münster höfundar sem voru teknir til eftirbreytni.³⁵⁴ Abraham Ortelius birti t.d. lýsingar af þessu tagi í bók sinni *The Theatre of the World*:

The soile is fatte for pastorage and the grasse so ranke, that all men that have written of this island do jointly and with one consent affirme, that except they do sometime fetch their cattell from the pasture and moderate their feading, they wilbe in danger of being stopped up with their own fatte.³⁵⁵



Mynd 18. Hluti af Íslandskorti Hieronymusar Gourmont frá 1548. Ofarlega til hægri má sjá kýr og smjörtunnur en fiskstafla lengst til vinstri. Allt var þetta til vitnis um auðsæld á Íslandi, búsmalann varð að reka úr högum til þess að hann sprengdi sig ekki, svo mikið var af smjöri að erfitt var að geyma það og hið sama gilti um fiskafla.

Margir aðrir höfundar endurtóku þessar staðhæfingar á 17. og 18. öld.³⁵⁶ Á þeim tíma fóru einnig að birtast frásagnir af því að landsmenn héldu stórkostlegar veislur,

³⁵³ Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken*, IV, bls. 213–214.

³⁵⁴ Nicolas Sanson d'Abbeville, *Die gantze Erd-Kugel*, bls. 77.

³⁵⁵ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103.

³⁵⁶ M.a. George Meriton, *A Geographical Description of the World*, bls. 349.

enda hefðu þeir gnægð af kjöti, fugli og fiski.³⁵⁷ Var þá byggt á *Crymogæu* Arngríms Jónssonar þar sem hann fjallaði um sögu Íslands og mikilfengleg veisluhöld Íslendinga til forna en ýmislegt skolaðist þó til er þessi atriði voru tekin upp í öðrum ritum.³⁵⁸ Þessi frásögn er því dæmi um hvernig varnarrit Íslendinga voru að hluta til nýtt til þess að byggja upp útópískar hugmyndir um landið.

Abraham Ortelius kynnti auðæfi Íslands nánar svo í kringum 1600:

Island a famous ile that's farre remote and distant from the Maine,
North west from hence doth lie in frozen sea: The countries chiefest gaine
Is *Brimstone* pale, which heere in mountaines high in plenty great is found;
Or heere and there like sand on shore li'th scattered on the ground.
The goodly pastures passing fatte, the lowly meddowes alwaie green,
Such store of Neat and Kine³⁵⁹ in vales do feed, as else where may be seen.
The Sea on all sides round about, so many sundrie sorts of Fish
Doth yeeld, that none their names do know, or greater store may wish:
Whereof they daily lade great shippes from hence, and those away do send
To forrein countries euery way: though many things this ile commend,
For fish yet doth it farre excell all kingdomes of the world throughout,
By this the Nation grow'th in wealth, the people lusty strong and stout.³⁶⁰

Hér er enn hnykkt á því hversu mikil auðæfi Íslands séu og hversu gott sé þar til bús þrátt fyrir að það liggi í frosnu hafi. Staðhæft er að brennisteinn, sem var verðmætur, sé í svo miklu magni að hann sé eins og sandur á strönd. Þá sé þar mikill fjöldi búfjár og fiskigengd án takmarka. Af þessu efnist fólkið og verði hraust og hugrakk.

Margir höfundar gátu einnig um eftirsóknarverðar og einkennilegar uppsprettur eða brunna á Íslandi. Sebastian Münster greindi frá einum slíkum brunni sem breytti viði í stein. Olaus Magnus gat einnig um undarleg fyrirbæri á þessu sviði: Ein uppspretta var mjög heit, önnur mjög köld, hin þriðja var með sætu vatni og sú fjórða var eitruð.³⁶¹ Aðrir höfundar á 17. og 18. öld bættu um betur: Ein uppspretta breytti að sögn hvítri ull í svarta og önnur svartri ull í hvíta en svipuð sögn var einnig til um Írland og fleiri svæði. Þess má geta að sumir höfundar komust upp í að geta um sjö furðubrunna ólíkrar gerðar á Íslandi.³⁶² Ýmsar aðrar furður voru einnig tengdar Íslandi, þar áttu t.d. að vera fánlegir töfrasteinar sem höfðu lækningamátt og fleira af því tagi gekk á milli manna.³⁶³

³⁵⁷ Gideon Pierreville, *The Present State of Denmark*, bls. 142–143.

³⁵⁸ Arngrímur Jónsson, *Crymogæa*, bls. 143.

³⁵⁹ Neat and Kine: nautgripir.

³⁶⁰ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 104. Höfundurinn birtir einnig latneska frumtextann sem kom fyrst í bókinni *De re Nautica* eftir Erasmus Michaelis.

³⁶¹ Olaus Magnus, *Beskrivning till Carta Marina*, bls. 7–8.

³⁶² *Grosses vollständiges Universal Lexicon*, bls. 1371–1372. Þar eru taldar upp hvorki meira né minna en sjö tegundir furðubrunna eða uppsprettna í landinu.

³⁶³ Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 38–39.

Ein ímynda Íslands á þessum tíma var því ásýnd auðlegðar, fegurðar og hásaldurs. Þar hefðu allir nóg að bíta og brenna, búpeningurinn ætti einna helst á hættu að springa úr ofáti og í landinu væri líka dæmalaus gnægð af smjöri og fiski. Þetta leiddi til þess að fólkið byggi við velsæld, liti vel út og yrði allra manna elst, enda lifði það líka heilbrigðu lífni. Þá væru þar líka heilsubrunnar og ýmsar aðrar uppsprettur með eftirsóknarverða eiginleika. Allt þetta furðubrunnatal má rekja langt aftur í aldir, ekki síst til rita Plíníusar.³⁶⁴

Ástæður þess að landinu er lýst á þennan hátt geta verið margvíslegar. Enn þarf að geta um miðaldaheimildir með enn eldri rætur og tilflutning hugmynda frá einum stað til annars, eins og ímyndafræðin lýsa. Þannig eru tilkomnar lýsingar á einstökum hagagæðum á Íslandi og hugmyndir um uppsprettur af ýmsum toga. Þá voru sumir höfundar einkum að vekja athygli á auðlegð norðursins, að þar væri eftir mörgu að sækjast, svipað og í hinum „nýfundnu“ löndum; þá orðræðu má því einnig finna um Ísland. En höfundar eins og Olaus Magnus gátu einnig haft í huga að þeir væru að rétta hlut norðursins gagnvart suðrinu og þess vegna lýstu þeir landkostum ef til vill betur fyrir vikið. Þá má loks nefna að mjög vinsælt var að nýta uppsprettur til þess að gefa framandleika til kynna og hafði það tíðkast lengi um mörg önnur lönd en Ísland, hvort sem um var að ræða heilsubrunna, litunarbrunna eða annað.

4.1.4 Hin siðmenntaða eyja – Fyrirmyndaeyjan – Andsvör Íslendinga

Á tímabilinu 1500–1750 voru líka á kreiki hugmyndir um Ísland sem óvenjulega menntað samfélag, útópíu í anda Saxos Grammaticus, sem svipaði jafnvel til hugmynda um fyrirmyndalíf í klaustrum eða borgríkjanna í Grikklandi til forna. Eftir að komið var fram á 17. öld rann kynning Arngríms Jónssonar lærða á íslenskum menningararfi saman við þær hugmyndir. Er leið á 17. öld færðust sögur um andlegt atgervi Íslendinga nokkuð í aukana, enda jókst um það leyti áhugi á fornum norrænum fræðum í háskólum á Norðurlöndum, bæði í Svíþjóð og Danmörku. Farið var að sinna söguritun einstakra þjóða og ríkja í meira mæli en verið hafði og hvað Danmörku varðaði var litið svo á að brýnt væri að sýna fram á að Danir ættu sér sögu sem ekki væri ómerkari en saga annarra þjóða. Í ljós kom að þar skiptu rit sem höfðu verið skrifuð á Íslandi verulegu máli. Þau gögn voru ekki fáanleg annars staðar og því fór ásókn í þennan fróðleik vaxandi. Það leiddi m.a. til þess að *Heimskringla* var þýdd yfir á dönsku og gefin út árið 1633. Sá sem þýddi verkið var norski presturinn Peder Claussøn Friis (1545–1614) en Ole Worm, sem var mikill

³⁶⁴ Pliny, *Natural History* I, book II, bls. 355–359. Ítarlega umfjöllun um furðubrunna af öllu mögulegu tagi er m.a. að finna í Konrad von Megenberg, *Das Buch der Natur*, sem var rituð um miðja 14. öld, sjá bls. 482–486.– Einnig *L'ymagine del mondo*, bls.150–152. – John Kirtland Wright, *The Geographical Lore of the Time of the Crusades*, bls. 203–205. – Ítarlega er fjallað um uppsprettur á Íslandi í *Historia Norwegiae*, sjá Björn Sigfússon, „Ísland í erlendum miðaldaheimildum“, bls. 492.

áhugamaður um þessi efni, gaf verkið út.³⁶⁵ Fleiri danskir fræðimenn sinntu þessum efnum, t.d. Peder Hansen Resen og guðfræðingurinn og læknirinn Thomas Bartholin (1616–1680). Nefna má að *Snorra-Edda*, ásamt *Völuspá* og *Hávamálum* voru prentuð og gefin út í fyrsta sinn árið 1665. Þessi verk vöktu áhuga en enn sem komið var nánast eingöngu hjá fræðimönnum.³⁶⁶ Á þessum tíma var því lagður grunnur að þeim áhuga á norrænum fræðum, sögu og menningu sem hafði geysileg áhrif á ímyndir Íslands á 19. öld og 20. öld. – En víkjum þá að umfjöllun um hina menntuðu Íslendinga í yfirlitsritum á tímabilinu.

Þegar Jacob Ziegler fjallaði um Ísland og Íslendinga á fyrri hluta 16. aldar byggði hann að verulegu leyti á arfi Saxos en hann mun líka hafa haft aðgang að ýmsum norrænum heimildamönnum í Rómaborg er hann ritaði frásögn sína. Ziegler fullyrti að Íslendingar væru kristnir og rituðu á eigin tungu. Þeir væru því menningarþjóð sem setti saman kvæði um sögu fedra sinna og viðburði samtímans og ristu þau í kletta svo að komandi kynslóðir gætu einnig minnst þessara atburða. Þetta fullyrti Saxo þó aldrei heldur ræddi hann um að slíkt þekktist vel á Norðurlöndum og átti þá við rúnasteina en nefndi Ísland ekki sérstaklega í því samhengi.³⁶⁷ Þessi atriði tók Olaus Magnus upp frá Ziegler nokkru síðar og birti í Norðurlandasögu sinni. Hann gekk þó mun lengra en Ziegler og lét einnig gera myndir þessu til staðfestingar. Þær birtust bæði á korti hans, *Carta Marina* og í riti hans *Historia*. Þessi efnisatriði voru síðan fastur liður í mörgum Íslandsfrásögnum.³⁶⁸ Tökum eitt dæmi. Í *Cosmographia* frá 1597 eftir þýska prestinn Johann Rauwen Meimbressensem (d. 1600) segir um Íslendinga að þeir séu kristnir

haben ihre eygene Schrifften unnd beschriebene Historien ihrer Namhafften Thaten, beschreiben auch noch täglich ihre Händel, was sich verlauffen thut, welche sie nicht allein in Lieder und Reimen bringen, sondern auch in die Vorgebirge unnd Felsen hawen.³⁶⁹

Þessi tilvitnun í Rauwen er ef til vill ekki sérlega merkileg. Hún er nánast bein endursögn á texta Olausar Magnus þess efnis að Íslendingar séu stöðugt að yrkja um sögu og samtíma og risti jafnvel ljóð sín á kletta og björg. En tilvitnunin sýnir hversu góðu lífi sú hefð sem Ziegler og Olaus Magnus höfðu átt frumkvæði að lifði um 1600. Slíkar lýsingar voru í meira lagi óvenjulegar um fjarlæga eyþjóð, langt frá „miðju“ Evrópu. Staðhæfingar í þessa veru birtust síðan iðulega í frásögnum af Íslandi í margs

³⁶⁵ Sjá m.a. Óskar Halldórsson, „Bókmenntir á lærdómsöld“, bls. 287–289. – Harald Ilsøe, „Danskerne og deres fædreland“, bls. 57 og áfram.


³⁶⁶ M.a. Gylfi Gunnlaugsson, „Old Norse Poetry and New Beginnings, bls. 118–121. – Einnig Margaret Omberg, *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 18 og áfram. – Anna Walette fjallar um þessi efni í bók sinni *Sagans svenskar*, áhuga á íslenskum miðaldabókmenntum í Svíþjóð og útgáfu þar í landi, sjá m.a. bls. 85 og áfram.

³⁶⁷ Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 9. – Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 169. – Einnig Saxo 2000, bls. 14–15.

³⁶⁸ Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken*, I, bls. 83.

³⁶⁹ Johann Rauwen Meimbressensem, *Cosmographia*, bls. 615.

konar samhengi. En, eins og ítrekað hefur verið bent á, var algengt að hræra saman hugmyndum úr ólíkum áttum í yfirlitsritum frá þessum tíma.



Mynd 19. Steintöflur Íslendinga samkvæmt lýsingu Olausar Magnus úr bók hans Historia frá 1555.

Almennt má segja að fræðimenn og rithöfundar á 17. og 18. öld hafi látið þess æ oftari getið í verkum sínum að framlag Íslendinga til norrænna fræða og sögu væri mikið. Staðhæft var gjarnan að fyrrum hafi lærðustu menn á Norðurlöndum verið Íslendingar og hafi þeir fært í kvæði forna sögu á eigin tungumáli eins og enski presturinn Paschoud fullyrti í bók sinni *Historico-Political Geography* „They were formerly the greatest Wits of the North, having preserv'd their ancient History in Verses.“³⁷⁰ Isaac de la Peyrère tók undir þessa skoðun í riti sínu um Ísland.³⁷¹ Það gerði Ludvig Holberg líka: „De beste skrifter, som henhøre til den danske og norske historie, ere skrevne af iislanske skribentere baade udi forrige og dette seculo“. Var hann þá trúlega m.a. að vitna til rita Arngríms lærða og Þormóðs Torfasonar (1636–1719) og má segja að hann hafi nokkuð til síns máls. Rit Þormóðs, sem var lengst af búsettur í Noregi, um

³⁷⁰ Reverend Mr. Paschoud, *Historico-Political Geography*, bls. 190. Óvíst um fæðingar- og dánarár, ofanverð 17. öld, fyrri hluti 18. aldar.

³⁷¹ Isaac de la Peyrère, „An Account of Iseland“, bls. 367.

sögu Dana, Noregs og Grænlands frá því um og eftir 1700 urðu víðkunn og Noregssagan grunnrit um langt skeið.³⁷²

Ísland hafði ekki fengið titilinn „sögueyjan“ um miðja 18. öld en meðal vel þekktra ímynda um landið á þessu tímabili sem birtist í mörgum yfirlitsritum var hugmyndin um það hversu framarlega Íslendingar væru í fornum fræðum, í skáldskap og að almennt væri þjóðin vel menntuð, jafnvel betur en aðrir.

Hér verða ekki skýrðar til fullnustu hugmyndir um yfirburði Íslendinga á bókmenntasviðinu, á eyju á útjaðri heimsins, langt norður í höfum þar sem engin siðmenning átti yfirleitt að geta þrífist að flestra mati. Arfur Saxos skiptir hér mjög miklu máli; hann lýsti eins konar klaustursamfélagi langt í norðri og líklega voru slíkar hugmyndir teknar góðar og gildar mörgum öldum síðar. Miklu skipti einnig að Olaus Magnus tók upp þessar útópísku hugmyndir og þaðan dreifðust þær víða, enda var rit hans, svo sem þegar hefur verið nefnt, ein helsta uppspretta sem aðrir höfundar leituðu til þegar þeir ræddu um nyrstu lönd í Evrópu. Síðar hafði framlag Arngríms Jónssonar og annarra norræna fræðimanna á þessu sviði einnig mikið að segja, svo sem frá greinir hér á eftir.

Í Norður-Evrópu voru mörg dæmi um að fólk gripi til andsvara þegar það taldi að það nyti ekki sannmælis og átti það einnig við um lönd sem þó voru mun nær „miðju“ Evrópu en Ísland. Taka má sem dæmi að ágreiningur af þessu tagi varð hvati þess að Olaus Magnus tók saman hið mikla verk sitt um sögu Norðurlanda. Hann taldi sig þurfa að leiðrétta margvíslegar missagnir um Norðurlönd og jafnframt að staðsetja markalínuna á milli miðju og jaðars annars staðar en margir höfundar sunnar í Evrópu töldu rétt. Að hans mati lá markalínan á milli hins framandlega og þess eðlilega og siðmenntaða utar en höfundar sunnar í Evrópu töldu. Svipað verkefni tók Ludvig Holberg að sér á öndverðri 18. öld þegar hann fjallaði um sögu Noregs og Danmerkur.³⁷³

Menntaðir Íslendingar sem störfuðu við helstu stofnanir í landinu, skóla og biskupsstóla, settu fyrir sig þær hugmyndir sem algengar voru um Ísland erlendis, hugmyndir sem gerðu lítið úr landi og þjóð eða sýndu það á annan hátt í neikvæðu eða annarlegu ljósi að þeirra mati. Þeir vildu svara fyrir sig. Þegar Gissur Einarsson biskup í Skálholti (1512–1548) var í Kaupmannahöfn árið 1540 og ræddi við konung sinn þótti honum sem konungur spyrdi hann „margra óþarfa hluta, sérdeilis um Hekluþjall“.³⁷⁴ Hekla hafði þá ekki bært á sér í marga áratugi og Gissuri hefur þótt annað fréttæmara.

Á ofanverðri 16. öld og á 17. öld fóru einkum tveir íslenskir höfundar í sömu fótspor og Olaus Magnus og Ludvig Holberg síðar og gáfu út rit sem voru ætluð sem

³⁷² Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse*, bls. 30, einnig 154. – Um sagnaritum Íslendinga á 17. öld, sjá Óskar Halldórsson, „Bókmenntir a lærdómsöld 1550–1770“, bls. 287–302.

³⁷³ Ludvig Holberg, *Dannemarks og Norges Beskrivelse*, formáli, án síðutals.

³⁷⁴ *Safn til sögu Íslands I*, bls. 676.

svarrit við ritum erlendra manna um Ísland.³⁷⁵ Hér verður ekki fjallað ítarlega um þessi rit, enda falla þau að mestu utan ramma þessa viðfangsefnis. Nauðsynlegt er þó að geta þeirra samhengisins vegna. Þeir höfundar sem um er að ræða eru Arngrímur Jónsson lærði en hann vann verk sín ekki síst að undirlagi Guðbrands Jónssonar biskups á Hólum og Þórður Þorláksson biskup (1637–1697) sem gaf einnig út rit um Ísland, *Dissertatio chorographico-historica de Islandia* (1666). Það verður þó ekki rætt hér enda fór það ekki víða. Mestu skipta rit Arngríms og tvö þeirra fengu langmesta útbreiðslu. Þannig var rit hans *Brevis commentarius* (1593 á latínu) snemma þýtt á ensku og kom út í safni Richards Hakluyt (1552–1616) frá 1598; Richard Hakluyt var rithöfundur, ritstjóri og embættismaður. Hann er einkum þekktur fyrir útgáfu á ferðalýsingum, verkum um landkönnun og framgang Breta í Norður-Ameríku.³⁷⁶ *Brevis* var aðallega beint gegn Gories Peerse og verki hans *Van Ysslandt*, sem síðar getur um, en einnig Saxo, Sebastian Münster og Olausi Magnus svo nokkrir séu nefndir.³⁷⁷ Meginrit Arngríms var þó *Crymogæa* (gríska: Ísafold, fyrst á latínu 1609). *Crymogæa* var gefin út á ensku árið 1625. Stuðst verður við ensku útgáfunar af *Brevis* og *Crymogæu* hér á eftir vegna þess að það eru einkum þær sem komu fyrir augu erlendra lesenda.³⁷⁸

Í bókum sínum reyndi Arngrímur að draga upp mynd af samfélagi sem svipaði til annarra samfélaga sem Íslendingar höfðu mest samskipti við í Vestur-Evrópu. Þau atriði vörðuðu m.a. uppruna Íslendinga, að hann væri líkur og uppruni fólks í nágrennalöndunum, og væru þeir jafnvel af göfugu fólki komnir sem hefði flutt til landsins í árdaga undan ofbeldi Haralds hárfagra Noregskonungs.³⁷⁹ Arngrímur lagði einnig áherslu á að sannfæra fólk í nálægum löndum um að Íslendingar væru kristnir en ekki siðlausir heiðingjar og villimenn. Hluti af þessari baráttu hans fólst einnig í því að sýna fram á að lífshættir landsmanna væru hreint ekki gerólikir lífsháttum fólks í öðrum löndum, t.d. hvað varðaði mat og drykk, húsakynni, siðgæði, lög og reglur. Hann nefndi sérstaklega myndarleg húsakynni til forna, veisluhöld og leika, máli sínu til stuðnings. Hann ræddi einnig um fornbókmenntir Íslendinga, goðafræði og birti brot úr nokkrum ritum.³⁸⁰ Þá fjallaði hann um náttúru landsins og leiðrétti sögur þess

³⁷⁵ Hér má einnig geta um *Íslandslýsingu* Odds Einarssonar biskups (1559–1630) en hún var ekki gefin út fyrr en á 20. öld.

³⁷⁶ Árið 1846 var Hakluyt Society stofnað og minning hans heiðruð með nafngiftinni. Verkefni félagsins eru einkum að gefa út ferða- og leiðangurslýsingar.

³⁷⁷ Einar Sigmarsson, „Inngangur“, bls. 36–42.

³⁷⁸ Arngrímur Jónsson, „Extracts of Arngrim Jonas an Islander, his Chrymogæa or Historie of Island“, bls. 519–558.

³⁷⁹ Arngrímur Jónsson, „Extracts of Arngrim Jonas an Islander, his Chrymogæa or Historie of Island“, bls. 525.

³⁸⁰ Arngrímur Jónsson, „Extracts of Arngrim Jonas an Islander, his Chrymogæa or Historie of Island“, bls. 543–545 og víðar. – Arngrímur Jónsson, *Brevis Commentarius*, bls. 189 og áfram.

efnis að þar loguðu stöðugir eldar eða að þar væri að finna ýmis þeirra furðufyrirbæra sem margir höfundar nefndu.³⁸¹

Arngrímur hæddist iðulega að þeim höfundum sem hann beindi spjótum að; sumir þeirra höfðu staðhæft að Íslendingar lifðu í svo nánú samneyti við húsdýrin að erfitt væri að greina þar á milli. Arngrímur svaraði því svo samkvæmt enskri þýðingu í safni Hakluyts: „Doubtlesse, that there is another state of our bodies then of beasts (for besides our two feet, we have hands also, and go with our bodies, and countenances lift upright) and that we be of another order and condition from them, we are verily perswaded.“³⁸²

Áhrif Arngríms gætu þegar hafa birst í verki frá 1589 eftir þýska háskóla-kennarann David Chytræus (1530–1600) þar sem hann fjallaði um Norðurlönd. Hann kvaðst hafa haft nokkra ljómandi góða stúdenta úr Skálholtsskóla og hann hafði samskipti við Arngrím Jónsson; Arngrímur var við nám í Danmörku frá 1585–1589. Í ritinu ræddi hann m.a. um landshagi, útflutningsvörur, menntamál o.fl. á Íslandi en sneiddi hjá „ótrúlegum sögum“ um landið, t.d. í lýsingum Olausar Magnus, sem hann hlýtur að hafa þekkt. Á hinn bóginn er ekki að sjá að rit Chytræusar hafi verið vel þekkt eða mikið nýtt sem heimild hjá öðrum höfundum sem fjölluðu um landið.³⁸³

Rit Arngríms vöktu athygli og voru ýmis atriði úr þeim tekin upp í þekktum og útbreiddum yfirlitsritum um sögu og landafræði. Einn þeirra höfunda sem hafði rit hans undir höndum var Abraham Ortelius en *Brevis Commentarius* var í hans vörslu árið 1593 og þau áhrif koma skýrt fram í texta Orteliusar.³⁸⁴ Meðal atriða sem algengt var að geta um og höfð voru eftir Arngrími eru landafundasaga Íslands og skýringar á landnámi þess, landfræðileg atriði ýmisleg og umræða um lífshætti landsmanna og trúarbrögð þeirra. Í samræmi við þetta greindi Ortelius t.d. frá því að Íslendingar væru vafalaust kristnir og að landsmenn ættu uppruna sinn í Noregi. Í landinu væru biskupsstólar og skólar þar sem væri kennd latína og þar væru vissulega kirkjur og hús „built reasonably faire and sumptuously of wood“.³⁸⁵

Annar höfundur sem studdist mikið við rit Arngríms var Isaac de la Peyrère en rit hans um Ísland, *Relation de l'Islande* var fyrst gefið út árið 1663. La Peyrère gat þess að rit Arngríms væru vandfengin. Hann greip því til þess ráðs að endursegja *Crymogæu* í verki sínu að drjúgum hluta. Þar á meðal voru þeir hlutar þar sem fjallað var um menningararf Íslendinga. Fyrir utan þrjár franskar útgáfur af verki la Peyrères

³⁸¹ Arngrímur Jónsson, *Brevis Commentarius*, bls. 97–98 og miklu víðar.

³⁸² Arngrímur Jónsson, „A briefe Commentarie of Island“, bls. 579.

³⁸³ David Chytræus, „En kort og geografisk beskrivelse“, bls. 91. – Inger Ekrem, „David Chytræus“, bls. 84. – Gottskálk Jensson, „The Latin of the North“, bls. 2.

³⁸⁴ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*, bls.10. – Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103.

³⁸⁵ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 103. – Einnig Peter Heylyn, *Cosmographie, in Four Books* [1666], bls. 496.

komu einnig þýðingar á ensku og dönsku. Isaac de la Peyrère var þekktur fræðimaður á sínum tíma og rit hans höfðu umtalsverð áhrif.³⁸⁶

Bréfaskipti íslenskra manna við erlenda fræðimenn voru einnig þekkt. Guðbrandur Hólabiskup og fleiri Íslendingar á 16. og 17. öld áttu t.d. í slíkum bréfaskiptum við enska fræðimenn. Til þess var ætlast að Íslendingarnir veittu fyrirspyrjendum sínum upplýsingar um land og þjóð en þeir veltu mjög fyrir sér eldvirkni á Íslandi, ýmsum eldri sögnum um landið og hvort þær gætu staðist, og aðstæðum í landinu að öðru leyti.³⁸⁷ Einn þeirra sem hafði samskipti við Íslendinga var breski fræðimaðurinn Thomas Browne (1605–1682) en hann hafði safnað upplýsingum um Ísland fyrir Konunglega breska vísindafélagið (Royal Society). Hann staðhæfði m.a. eftirfarandi um veturinn 1662 á Íslandi: „The last winter, 1662, so cold, and lasting with us in England, was the mildest they have had for many Years in Island“; frásögn hans að öðru leyti er mjög í sama anda, hófstíllt og öfgalaus.³⁸⁸

Þessi sýn á landið, að Ísland væri kannski ekki svo frábrugðið öðrum löndum, hafði vissulega verið þekkt, áður en íslenskir höfundar fóru að láta í sér heyra. Þau sjónarmið komu m.a. öðrum þræði fram hjá Andrew Borde fyrir miðja 16. öld sem kvað Íslendinga vera góða fiskimenn sem skiptu á framleiðslu sinni og ýmsum algengum nauðsynjavörum, t.d. skóm en þó aðeins með vöruskiptum, án þess að nota peninga. Hér felast sérkenni Íslendinga aðallega í verslunarháttum þeirra en ljóst má vera af umfjölluninni að þeir nota svipaðar vörur og annað fólk.³⁸⁹ Áður hefur komið fram að samhliða lýsti Borde landinu þó einnig á mjög neikvæðan hátt en eins og víða hefur verið bent á var algengt að textar um fjarlæg lönd væru fullir af andstæðum.

Nokkuð er einnig til af lýsingu í þessa veru frá 16. öld og á 17. öld. Þegar sæfarinn John Davis (um 1550–1605) kom til Íslands 1586 á leið sinni í leit að norð-vesturleiðinni til Austur-Asíu nefndi hann helstu framleiðsluvörur landsmanna og að búfé þeirra væri kunnuglegt, bátar þeirra væru líka svipaðir og enskir bátar. „They had also brasen kettles, and girdles and purses made of leather, and knoppes on them of copper, and hatchets, and other small tools as necessary as we have.“³⁹⁰ Margt virtist því svipað. – Aðrir höfundar, t.d. Sebastian Münster (útgáfa frá 1628), gátu þess að landsmenn flyttu inn mjöl, bjór, vín, brennivín, járn, timbur, klæði og lín og jafnvel vín frá Spáni en flyttu út vaðmál, þurrkaðan fisk, smjör og fleira. Fólkið neytti með öðrum orðum sömu eða svipaðrar fæðu og annað fólk og stundaði verslun með þessar vörur.³⁹¹

³⁸⁶ Isaac de la Peyrère, „An Account of Iseland“, bls. 375.

³⁸⁷ M.a. Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 179–183, 280–281.

³⁸⁸ Thomas Browne, „An Account of Island“, bls. 254–256.

³⁸⁹ Andrew Borde, *The Boke of the Introduction of Knowledge*, án síðutals, kafli vi.

³⁹⁰ Richard Hakluyt (ritstj.), *The Principal Navigations, Voyages, Traffiques & Discoveries of the English Nation*, 8. b., bls. 409–410. Textinn er ritaður af Henry Morgan. – Einnig umfjöllun Helga Þorlákssonar, *Sjórán og siglingar*, bls. 258–267.

³⁹¹ Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 1365.

Af þessari stuttu umfjöllun má sjá að málflutningur Íslendinga hafði nokkur áhrif, að staðhæfa að ekki væri sá mikli munur á „miðju“ og „jaðri“ eins og flestir höfundar á þessum tíma héldu fram. Það skilaði sér því að svara fyrir sig, „to write back“.³⁹² Svörin frá Íslandi áttu sinn þátt í því að sumir höfundar ræddu um Ísland sem samfélag sem væri ekki ólíkt nágrannalöndunum þó það væri fjarri „miðju“ Evrópu. Þessar raddir voru þó enn sem komið var víkjandi. En svo voru líka til höfundar sem vissu að ýmislegt var líkt með Íslandi og lífsháttum fólks þar og aðstæðum í öðrum löndum, og greindu einfaldlega frá því sem þeir töldu sig vita.

4.1.5 Ferðalýsingar frá Íslandi fyrir 1750

Sem fyrr getur eru ekki til margar ferðalýsingar frá Íslandi frá því fyrir 1750. Með góðum vilja má telja að þær séu fimm talsins og verða þær allar ræddar hér, enda umfjöllunin stutt í flestum tilvikum. Af þessum ritum skal fyrst nefna frásögn eftir þýska kaupmanninn, Gories Peerse, *Van Yslandt*, sem telja má fyrstu ferðalýsingu frá Íslandi, líklega fyrst útgefin 1561.³⁹³ Hér kemur einnig til greina rit Dithmars Blefken (ofanverð 16. öld, snemma á 17. öld), *Islandia*, fyrst 1607 á latínu en síðar á hollensku, þýsku og ensku. Verk hans er þekktast af þeim sem hér er greint frá og hafði mest áhrif. Einnig rit eftir tékkneska kennimanninn og útgefandann Daniel Vetter (1592–1669) en bók hans *Islandia* kom fyrst út á pólsku árið 1638. Rit Veters er nokkuð dæmigerð ferðalýsing frá þessum tíma. Þá er franskri ferðalangurinn Pierre Martin de la Martinière en bók hans *Voyage des pais septentrionaux* kom fyrst út á frönsku árið 1671 og oft síðar á frönsku, hollensku, þýsku, ensku og dönsku; lítill hluti bókarinnar fjallar um Íslandsheimsókn. Loks er hvalfangarinn og leiðangursstjórinn Cornelis Gijsbertsz Zorgdrager (f. um 1660) en bók hans *C. G. Zorgdragere alte und neue Grönländische Fischerei und Wallfischfang* kom út á hollensku árið 1723 og síðar á þýsku. Rit Zorgdragere er dæmi um frásögn í anda landkönnuða og hvalveiðimanna og er landinu aðeins helgað brot af verki hans.

Gories Peerse var þýskur kaupmaður frá Hamborg sem stundaði Íslandsviðskipti og hafði m.a. aðsetur í Hafnarfirði. Því má ætla að hann hafi verið gagnkunnugur landi og þjóð. Frásögn hans birtist í kvæðisformi undir titlinum, *Van Yslandt*, sem fyrr segir.³⁹⁴ Peerse fjallar þar um náttúru landsins og segir hana óskaplega vegna þeirra öfga sem þar birtast. Hann ræðir um eldfjöll og jarðskjálfta og getur um fjöllin

³⁹² Upphaflega var það hinn þekkti indverski/enski rithöfundur Salman Rushdie sem orðaði tengsl nýlendu og nýlenduherra á þennan hátt, Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *The Empire Writes Back*, bls. 32.

³⁹³ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* I, bls. 173.

³⁹⁴ *Van Yslandt, Wat vor Egeschop, wunder vnd ardt des Volckes, der Deertte Vögel vnd Vische, darsülest gefunden werden* [...] Eina þekta útgáfan nú er frá 1594 en eldri útgáfur munu einnig hafa verið til, hin elsta frá því upp úr 1560. Einar Sigmarsson, „Inngangur“, bls. 37–38. – Einnig Björn Þorsteinsson, „Gories Peerse“, bls. 101–112. – Íslensk þýðing Guðbrands Jónssonar á texta Peerse birtist árið 1946 í *Glögg er gests augað*, Gories Peerse „Um Ísland“.

Helgu og Snæfellsjökul.³⁹⁵ Meðal annars hafi orðið mikill eldur fyrir um 12 árum og lýsir hann þeim með miklum ósköpum.³⁹⁶ Peerse hefur rétt fyrir sér í því að eldgos varð í grennd við Heklu fáum árum fyrir fyrstu útgáfu bókar hans (1554).³⁹⁷ Peerse segir landið þó vera gott til búis, aflaföng úr sjó séu best fyrir sunnan og vestan en landvörur fyrir norðan og austan og nóg af góðum búsmala sem þrífist vel í góðum högum. Þá sé þar mikið af brennisteini. Landið virðist því ekki vera svo slæmt til búsetu þó margt sé að varast.³⁹⁸

Mannlífið verður honum einnig tilefni til umræðu. Hann getur þess að loðnir hundar landsmanna séu seldir háu verði en börn megi fá án borgunar. Guðrækni og kristnihald sé heldur ekki til fyrirmyndar. Þá sé hórdómur algengur, fólk sé hrokafullt, alþýðufólk berist á, karlar monti sig af styrkleika sínum og fólkíð stundi það að pretta kaupmenn.³⁹⁹ Ekki hugnast Peerse mataræði Íslendinga né hvernig þeir matreiða fæðið: Úldinn fiskur og saltlaus og smjórið hárukt. Jafnvel éti þeir kjöt af sjálfdaudum skepnum. Og fái Íslendingar bjór drekki þeir meðan eitthvað er til. Hann lýsir því einnig að meðan þetta standi yfir rísi enginn upp frá borðum, ekki einu sinni til þess að kasta af sér vatni. Þess í stað komi húsfreyja með næturgagn sem hún rétti mönnum og taki við þegar þeir eru búnir að ljúka sér af. Þá sofi fjöldi fólks saman í einu fleti.⁴⁰⁰

Enginn vafi er á því að Peerse kom til Íslands.⁴⁰¹ Margt í frásögn hans styður þá skoðun. Að sumu leyti er lýsingin raunsönn umfjöllun um landið, t.d. atvinnuhætti og dýralíf. Hann ber landinu vel söguna og rökstyður að þar megi vel lifa góðu lífi en dregur þó inn hefðbundar frásagnir af eldgosum og öðrum ósköpum. Hann lýsir fólkinu sem siðlausu, að vísu er það kristið, en engu að síður hálfvillt. Umfjöllun hans er í anda neikvæðra lýsinga af Íslendingum sem rætt var um hér að framan. Fyrir því gátu verið margar ástæður. Vel gat hafa kastast í kekki með honum og landsmönnum út af viðskiptum, eins og höfundur ræðir um. Það er einmitt við slík skilyrði sem neikvæðar staðalmyndir koma fram eða eflast. Frásögn Göries Peerse er því einmitt gott dæmi um tilurð neikvæðra staðalmynda og umfjöllun hans átti eftir að draga langan slóða sem kom víða fram, jafnvel næstu aldir.

Umfjöllun Peerse hefur lengi verið fordæmd af íslenskum höfundum; Guðbrandur Þorláksson biskup (1541–1627) sagði t.d. að verk hans væri „mykju- og söguburður“ og „napurlegasta last“ og víst er umfjöllunin í stórum dráttum neikvæð.⁴⁰² Þorvaldur Thoroddsen staðhæfði löngu síðar að höfundurinn hefði verið „litt lærdur“ og skýringin á umfjöllun hans væri sú að hann hefði umgengist „lélegasta skríl“, þ.e.a.s. slæma

³⁹⁵ Hér er ef til vill átt við Helgafell en gæti líka verið átt við Heklu, enda ritháttur svipaður.

³⁹⁶ Göries Peerse, „Um Ísland“, bls. 21–22.

³⁹⁷ <http://www.islandia.is/hamfarir/jardfraedilegt/eldgos/hekla.html#Annáll> Heklugosa, sótt í apríl 2013.

³⁹⁸ Göries Peerse, „Um Ísland“, bls. 22–24.

³⁹⁹ Göries Peerse, „Um Ísland“, bls. 25.

⁴⁰⁰ Göries Peerse, „Um Ísland“, bls. 27–28.

⁴⁰¹ Björn Þorsteinsson, „Göries Peerse“, bls. 107–113.

⁴⁰² Arngrímur Jónsson, *Brevis Commentarius*, bls. 64.

heimildamenn. Þess vegna hefði frásögn hans einkennst af sjómannaþvaðri. Því er til að svara að annað er ólíklegt en að erlendir kaupmenn á Íslandi hafi kynnst fjölbreyttu mannlífi og ólíkum stéttum í landinu. En Þorvaldur benti líka á að Peerse hafi lítið eða ekkert notað úr „ritum lærdra manna“ við samningu verks síns.⁴⁰³ Það má til sanns vegar færa en hins vegar lýsir hann þjóðinni í samræmi við þær hefðir og þekkingu sem var viðtekin um fólk sem bjó yst á jaðrinum langt í norðri eða í fjarlægum heimshlutum, í stórum dráttum svipað og Andrew Borde hafði gert nokkru fyrir þegar þann líkti Íslendingum við íbúa hins nýfundna „Calyco“; það er sú orðræða sem er ráðandi í frásögn Gories Peerse.⁴⁰⁴

Áhrifamest ferðasagna um Ísland er rit Dithmars Blefkens, *Islandia*, sem fyrir segir; rétt er að taka fram að ekkert er um höfundinn vitað og eins víst að nafn hans sé dulnefni; vitaskuld er því einnig óvíst um uppruna hans. Ekki eru kunnug nein önnur rit eftir hann eða yfirleitt nokkrar upplýsingar um hann fánlegar. Rit Blefkens kom fyrst út árið 1607 í Leyden í Hollandi á latínu en síðar í fjölda útgáfna.⁴⁰⁵ Sumir hafa staðhæft að Dithmar Blefken hafi komið til landsins og það sagðist hann sjálfur hafa gert en aðrir hafa mótmælt þeirri skoðun; niðurstaða höfundar þessara lína er að næsta fátt bendi til að svo hafi verið; því er gengið út frá því að rit hans sé tilbúningur, ferðaskróksaga.⁴⁰⁶ Frásögn Blefkens varð mun víðlesnari en rit Peerse og raunar ein helsta uppspretta hugmynda um Ísland langt fram á 18. öld. Í þessari umfjöllun er stuðst við enska útgáfu frá 1625, sem varð meginheimild enskumælandi höfunda um Ísland lengi síðan.⁴⁰⁷

Blefken byggði *Islandia* m.a. á *Historia* Olausar Magnus, sem hann vitnar víða til; einnig á verki Adams frá Brimum en mest þó á riti Gories Peerse. Svo virðist hann eitthvað hafa verið kunnugur atburðum og stöðum á Íslandi á 16. öld.⁴⁰⁸ Tengsl þýskra kaupmanna við Ísland, ekki síst frá Hamborg, voru mikil á 15. og 16. öld og til þeirra gat höfundur hafa leitað.⁴⁰⁹ *Islandia* Blefkens ber með sér að hann hefur verið víðlesinn og vel ritfær.⁴¹⁰ Flestir sem hafa fjallað um rit hans á síðari tímum leggja áherslu á hversu neikvæð frásögnin um Ísland sé. En þegar nánar er að gáð hefur frásögnin þó fleiri hliðar.

⁴⁰³ Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands* I, bls. 177–178.

⁴⁰⁴ Andrew Borde, *The Boke of the Introduction of Knowledge*, án síðutals, kafla vi.

⁴⁰⁵ *Islandia, sive Populorum & mirabilium quæ in ea Insula reperiuntur accrvatior descriptio: Cui de Gronlandia sub finem quedam adjecta*.

⁴⁰⁶ Sigurður Grímsson, „Formáli“, bls. vi–vii. – Jakob Benediktsson, „Introduction“, bls. xvi–xvii.

⁴⁰⁷ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 492–519.

⁴⁰⁸ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 495–496, einnig bls. 518.

⁴⁰⁹ Helgi Þorláksson, *Saga Íslands* VI, bls. 30–37, 142–143.

⁴¹⁰ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 515. – Blefken endurtekur til dæmis sögu Adams frá Brimum um fjársjóðseyju í norðri, bls. 493–494.



Mynd 20. Veiðistöðin og eldgosalandið Ísland eins og það var kynnt í bók Alains Manesson Mallet, Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses frá 1684.

Þegar Blefken lýsti íslenskri náttúru og einkennum landsins sagði hann að þar væri afar kalt og mikill ís væri við landið. Hann ræddi einnig um eldfjöll, frá þeim sæjust eldingar og hræðilegar þrumur heyrðust daglega; eldurinn birtist jafnvel í hafi og skelfilegir jarðskjálftar væru fylgifiskar hans. Frá ísnum heyrðust óhljóð sem landsmenn teldu stafa af því að fordæmdar sálir væru þíndar þar; svo sem lesandi sér er hér ekkert nýtt á ferðinni, enda allt tekið úr eldri yfirlitsritum. Sjálfur kvaðst

Blefken hafa gengið á Heklu en komist þaðan við illan leik, enda hefði grænn brennisteinseldurinn og skelfilegur fnykurinn nærri orðið honum að aldurtíla. Hefði hann legið rúmfastur í tvo mánuði hjá innfæddum, „sicken and unknowe“ eftir þessa dirfskuför.⁴¹¹ Blefken gat einnig um ýmsar aðrar furður í náttúru landsins, ræddi um vötn sem breyttu öllu í stein sem í þau var látið, um uppsprettu sem hefði lækningarmátt og um vatn sem væri eitrað, að ógleymdum sæskrímslum í hafinu umhverfis landið.⁴¹² Ekki skorti því framandleikann en allt er þetta vel þekkt úr eldri ritum, að undanskilinni lýsingu á Heklugöngu sem hefur væntanlega verið til þess ætluð að gæða söguna enn meiri ævintýrablæ. Höfundurinn dregur því upp hefðbundna mynd af illri eyju í norðri þar sem lífsskilyrði voru slæm eða jafnvel óbærileg, sökum kulda, íss og elds.

Dithmar Blefken fjallaði einnig ítarlega um mannlíf í landinu. Um það sagði hann m.a.:

And when almost all Christian people, in that lamentable darknesse and title of a Church, as it were by Witchcraft deceived, were detayned in most deepe bonds of superstition; it could not bee but they, who were furthest removed from the societie of Learned men, and dwelling under an uncivill and barbarous Climate, should fall into most foule Idolatrie, when sometimes (as here after shall bee declared) they had Devils to serve them, as familiar as domesticall servants.⁴¹³

Í samræmi við þetta fullyrti Blefken að landsmenn væru „so bewitched of Sathan, that they can admit no sound Doctrine and Dehortation [umvandanir].“⁴¹⁴ Hann gat þess líka að talið væri að djöflar og andar sæjust umhverfis Heklu þegar barist væri í öðrum löndum. Landsmenn voru því tengdir við galdur og myrkráhöfðingjann sjálfan eins og algengt var þegar fólk á norðurslóðum var til umræðu á þessum tíma. Máli sínu til sönnunar nefndi Blefken að Olaus Magnus hefði einmitt staðhæft að Finnar hefðust líkt að og seldu sæfarendum vind með tilstyrk djöfulsins; enn má nefna að það sem hér hefur verið rætt á uppruna sinn í eldri ritum.⁴¹⁵

Höfundur gerði mikið úr villimannslegum lífsháttum Íslendinga, allir lægju saman í fleti, þvægju sér úr hlandi, ætu hræ og að hórðómur væri svo algengur að engum þætti hann tiltökumál, væri jafnvel vegsauki að honum. Blefken nefndi einnig að karlar og konur væru í sams konar klæðnaði og því væri erfitt að greina hvors kyns

⁴¹¹ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 492–493, 503–506, 516–517.

⁴¹² Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 502–503.

⁴¹³ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 495.

⁴¹⁴ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 498; einnig bls. 518–519.

⁴¹⁵ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 498, 504–505.

fólk væri.⁴¹⁶ Í þessum lýsingum var gefið í skyn að Íslendingar væru blendnir hvað þetta varðaði, bæði og eða hvorki né. Sams konar blendni var fólgin í þeirri lýsingu hans að íslenskir karlmenn rýttu eins og svín við tiltekin tækifæri. Samlíking við dýr var algeng þegar rætt var um fólk á framandi slóðum, eins og fyrir hefur verið nefnt, að það væri statt einhvers staðar á milli mannheima og veraldar dýranna.⁴¹⁷ Margar þessara staðhæfinga hafði Blefken frá Gories Peerse en fjölmargir höfundar tóku þær upp á 17. og 18. öld og felldu inn í verk sín.⁴¹⁸

Svipað má segja um þessar lýsingar og rætt var í tengslum við Íslandsfrásögn Gories Peerse: Þær eru mjög í anda neikvæðra lýsinga á hinum ysta jaðri og í samræmi við frásagnir samtímans af fólki í fjarlægum heimshlutum sem Evrópmenn greindu frá. Umfjöllun um lauslæti Íslendinga er t.d. í þeim anda; það var algengt umræðuefni í ritum um fjarlægjar þjóðir svo sem fyrir hefur verið nefnt. Áður hefur þess verið getið að algengt var að ræða um lauslæti sama, svo tekið sé dæmi af annarri norðlægri þjóð.⁴¹⁹

Lýsingar Blefkens á Íslendingum eru oft eða oftast neikvæðar. Þó dregur hann einnig fram ýmsa jákvæða þætti. Hann ræddi um íslenska haga sem væru svo góðir að gæta yrði þess að búsmali fargaði sér ekki úr ofáti; líka gat hann um miklar smjörbirgðir landsmanna. Þá mætti fá frábæra fálka í landinu og allar ár væru fullar af fiski.⁴²⁰ Blefken nefndi einnig að landsmenn væru við góða heilsu og yrðu langlífir, án þess þó að hafa aðgang að lyfjum eða læknisaðstoð. Hann fullyrta að hann hefði hitt gamlan mann sem hefði verið 200 ára og Olaus Magnus hefði nefnt dæmi þess að menn yrðu 300 ára á Íslandi.⁴²¹ Blefken staðhæfði einnig að fólkið væri ágætlega menntað og kynni að lesa, bæði karlar og konur.⁴²² Hann ræddi einnig um fegurð íslenskra kvenna: „The Womenkinde there are very beautifull, but ornaments are wanting“, sagði hann. Þetta síðastnefnda atriði var vinsælt að nefna í umfjöllunum um „fjarlæg“ svæði eins og Stuart

⁴¹⁶ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 497–501.

⁴¹⁷ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 500, 507. – Melanie A. Murray, *Island Paradise*, bls. 38–39.

⁴¹⁸ Gories Peerse, „Um Ísland“, bls. 21–28. – Sem dæmi um sporgöngumenn Blefkens má nefna Eberhard Schultesius, *Synopsis Geographiæ*, bls. 485. Þar segir m.a.: Ingleichen ist diß ein böser Gebrauch daß sie ihre Töchter an das Ufer deß Meers bringen, und den Deütschen anschiffenden Kauffleüthen verleyhen, damit sie von Deutschem Geblüht Kinder zeügen; welche schwangere Töchter auch darumb desto mehr Freyer haben. – Isaac de la Peyrère, lýsir einnig ítarlega slíkum samskiptum, „An Account of Iseland“, bls. 365.

⁴¹⁹ M.a. Tacítus, *Germanía*, bls. 76–77.

⁴²⁰ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 507–508.

⁴²¹ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 498–499. – Hér hefur Blefken ekki rétt eftir Olausi Magnus, sjá *Historia om de nordiska folken*, IV, bls. 215.

⁴²² Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 510–511.

Hall hefur rætt um, sérstaklega fegurð kvenna, klæðleysi þeirra og ástleitni.⁴²³ En Blefken var fyrstur manna til þess að lýsa íslenskum konum á þennan hátt og birtist þetta atriði oft í yfirlitsritum, eins og fyrr hefur verið nefnt. – Blefken kynnir því í raun tvenns konar hefðir í skrifum sínum um Ísland. Annars vegar er hin illa eyja, hið illa norður þar sem dystópían ríkir og sú hlið er ráðandi í verki hans. Hins vegar er stefið um sæluvejuna og höfundurinn átti ekki í neinum vandræðum með að sameina þetta tvennt. Það gerðu margir höfundar, enda var algengt að kynna framandi lönd þannig að þau væru full af andstæðum.

Sem sjá má býður Blefken upp á fátt nýtt. Mest af því sem hann kynnir er tekið traustataki úr yfirlitsritum, gamlar klisjur sem í sjálfu sér ætti að vera óþarfi að endurtaka. Það er gert hér annars vegar vegna þess hversu áhrifamikild verk höfundarins varð en líka til þess að sýna fram á hvers eðlis ritið er: Í aðalatriðum uppsuða úr eldri verkum þar sem fátt nýtt kemur fram.

Daniel Vetter var óvenjulegur ferðalangur og einn fárra sem kom til Íslands snemma á 17. öld án þess að eiga þangað beinlínis hagnýtt erindi. Hann var í raun ferðamaður (*tourist*) eins og það var síðar kallað þó ekki væri farið að nota það hugtak fyrr en í kringum 1800. Hann var frá Mæri í Tékklandi og um tvítugt er hann kom til landsins með félaganum, Jan Salmon, líklega árið 1613. Vetter var af menntuðu fólki kominn og gekk sjálfur menntavegin, varð prestur, eins og faðir hans í röðum siðbótarmanna sem studdust við kenningar Jans Hus, og útgefandi. Jafnvel hefur þótt leika vafi á hvort Vetter hafi yfirleitt komið til Íslands en það er mat höfundar þessar lína að svo hafi verið og Helgi Þorláksson sagnfræðingur leiðir rök að sömu niðurstöðu. Rit Vетters, *Islandia*, kom ekki út fyrr en aldarfjórðingi eftir Íslandsferðina. Það er til í útgáfum á pólsku (1638) og þýsku (1640), og sennilega var bókin einnig gefin út á tékknesku um svipað leyti.⁴²⁴

Vetter lýsir því hversu hættuleg förin til Íslands var og líka ferðalögin í landinu sjálfu, óveður, sjóræningjar, hraun, ólgandi hverir, há fjöll, djúp fen, engir vegir, engar brýr. Landið er afar ólíkt því sem hann þekkir, stundum er svo mikill snjór að fólk kemst vart úr húsum sínum og snjóar jafnvel á sumrin, t.d. á Jónsmessu, segir Vetter, og má vænta að hann tali þar af eigin reynslu.⁴²⁵ Hann endurtekur sögur um eldspúandi fjöll, óhljóð og vein sem þaðan heyrir og segir fyrstur manna sögu af þrem Englendingum sem reyndu að klífa Snæfellsjökul árið 1607 en komu ekki aftur, aðeins hundur þeirra sneri aftur, hárlaus og sviðinn.⁴²⁶ Hann endurtekur líka sögur um

⁴²³ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 497. – Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 210.

⁴²⁴ Bókin kom út á íslensku árið 1983 undir titlinum: *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*; Hallfredur Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir þýddu. – Helena Kadečková, „Inngangur“, bls. 15–32. – Helgi Þorláksson, „Hvenær kom Daníel Vetter til Íslands“, bls. 33–43.

⁴²⁵ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 61–62, 66, 68–69, 75, 81–82, 107.

⁴²⁶ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 94–95. – Þessi saga lifði lengi síðan og var henni t.d. lýst í för Johns Stanley á jökulinn tæpum tveimur öldum síðar, árið 1789, *Íslandsleiðangur Stanleys 1789*, bls. 107.

framliðið fólk sem birtist nálægt Heklu og lýsir því hvers konar skelfingar þeir megi eiga í vændum sem nálgist fjallið en sú frásögn byggir greinilega á lýsingu Blefkens.⁴²⁷ Hann getur líka um undarlega brunna eða uppsprettur. Þá nefnir hann að í landinu séu engin óhrein eiturkvikindi; hann fylgir því hér hefð sem er algeng í eyjalýsingum. Hann greinir líka frá því að í landinu séu úrvalshagar, margt kvikfé og mikið búið til af smjöri; þessa sögn má þó einnig rekja til eldri yfirlitsrita eins og ýmislegt fleira í bók hans.⁴²⁸ – Höfundurinn dregur upp mynd af landi sem er einkennilegt og fráhrindandi að flestu leyti en þó bregður fyrir einkennum sem tilheyra lýsingum frá heilögum eyjum (engir snákar) og sælueyjum (góðir hagar, smjör). Í þessum hluta frásagnar sinnar byggir Vetter aðallega á rituðum heimildum um landið frá 16. öld en ekki eigin reynslu, t.d. mikið á Dithmar Blefken en einnig ritum eftir Sebastian Münster, Olaus Magnus og Abraham Ortelius.⁴²⁹ Hér má því enn sjá dæmi þess að almennu yfirlitsritin eru mikilvægar heimildir fyrir ferðalýsingarnar, jafnvel grunnþáttur þeirra.

Vetter leitaði um margt til yfirlitsrita þegar hann lýsti landinu, enda fór hann ekki víða, aðeins um Suðvestur- og Suðurland. Hið sama á líka við þegar hann fjallaði um líf landsmanna en á því sviði hefur hann þó meira fram að færa sjálfur. Honum var ljóst að fólkíð sem bjó í landinu var kristið en það jafngilti einhvers konar siðmenningu. En helgisíðir þess voru einkennilegir að hans mati og landsmenn bjuggu í jarðhýsum.⁴³⁰ Þegar kom að mat og mataræði hafði höfundurinn ýmislegt nýtt fram að færa; það er helst á þessu sviði sem eitthvað kemur frá eigin brjósti Vetter. Maturinn var yfirleitt saltlaus og ferðalangarnir fengu aðallega harðan fisk í svanginn. Salt og brauð var tákn um siðmenningu en mikið fiskát um gagnstæða hætti. Þó fannst í landinu siðmenning sem birtist í hinum danska höfuðsmanni, Herluf Trolle Daa.⁴³¹ Hann bauð ferðalöngunum að borða þegar þeir voru staddir á Þingvöllum og furðaði sig á því hvernig þeir höfðu getað látið sér lynda mat innfæddra.⁴³²

Ekki var þó allt sem höfundur kynntist til marks um siðleysi. Hann gat þess til dæmis að í staðinn fyrir fisk, smjör og lýsi fengju landsmenn alls konar vörur, t.d. brauð og vín, járn og tré, lín og klæði, hatta og skó og margt fleira.⁴³³ Landsmenn notuðu því einnig margar sams konar vörur og Vetter var vanur frá því heima hjá sér svo ekki voru Íslendingar að öllu leyti framandi.

⁴²⁷ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 96–100. – Til samanburðar, Dithmar Blefken, „Islandia“, bls. 42–45.

⁴²⁸ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 102, 109–112. – Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 104–105.

⁴²⁹ Helgi Þorláksson, „Inngangur“, bls. 28.

⁴³⁰ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, m.a. bls. 86–87, 92–93, 114.

⁴³¹ Daa var hirðstjóri á Íslandi 1606–1619.

⁴³² Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 68–72.

⁴³³ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 113.

Vetter og Salmon fóru alla leið austur í Skálholt og fengu þar góðan viðurgerning á biskupssetrinu, kjöt og fisk en allt saltlaust. Þegar þeir voru að búast til brottferðar á fimmta degi voru bornir fram alls konar drykkir, vín, bjór, mjöður, brennivín og mjólk. Þessu sulluðu gestgjafarnir öllu saman í eina könnu og drukku, að sögn Vettars, en þegar þau sáu að þetta var gestunum ekki skapfellt fengu þeir bjór og vín sitt í hvoru lagi.⁴³⁴

Ómögulegt er að fullyrða hvort Vetter fer hér rétt með eða ekki; ef til vill bjó hann þessa sögu bara til í því skyni að skemmta lesendum og til þess að ítreka hversu skrytið lífið væri á Íslandi. Þannig sögur vildi fólk heyra. Markmið hans með útgáfunni var vafalaust að hagnast á henni og þá var áriðandi að verða við væntingum lesenda um vel kryddaða sögu frá fjarlægum stað. En líka er vel hugsanlegt að hann fari rétt með. Geri hann það er hér dæmi um athyglisverð menningarsamskipti.

Ef við tökum Vetter bókstaflega lýsir hann aðstæðum þar sem fólk á biskupsstólnum veit ekki hvernig á að umgangast drykki sem honum er tamt að nota, vín, öl, mjólk og brennivín, og svo sjálfsagt að fara með á tiltekinn hátt að það þarf ekki að ræða það. En á helsta virðingarstað Íslands hittir hann fólk sem vissulega þekkir og notar þessa drykki en ber ekki skynbragð á hvernig á að fara með þá og hrærir því saman sem alls ekki á saman. Það vill apa eftir það sem það telur vera viðeigandi annars staðar en kann það ekki eða fer þannig með það að það verður fáránlegt. Slíkt hátterni fólks á framandi slóðum var einmitt algengt að ræða í ferða- og leiðangurslýsingum þessa tíma, og á raunar við enn þann dag í dag. Hér gæti því átti við hugtakið eftirlíking eða *mimicry* sem hefur mikið verið notað í póstkólóníal fræðum; með því er átt við nýlendubúar líki eftir síðum, háttum og menningu valdhafa. En jafnframt er minnt á að eftirlíkingin er aðeins svipuð en verður aldrei eins og frumgerðin, vafinn fylgir alltaf eftirlíkingunni og þar með efasemdir um vald og stöðu. Hún getur jafnframt haft í sér fóligna hæðni, að gera eitthvað hlægilegt.⁴³⁵

Því hefur verið haldið fram að íslenskir gestgjafar hafi átt það til að hæðast að gestum sínum á þann hátt sem hér er lýst.⁴³⁶ Því hafi komið fyrir að t.d. ólíkum tegundum áfengis hafi verið blandað saman til þess að ýta undir efasemdir gesta um það hvers konar fólk þeir umgengjust og hvar þeir væru eiginlega staddir. Vel má vera að þetta hafi verið raunin. Þetta minnir vissulega á sams konar hæðni (*irony*) og viðgengst enn þann dag í dag þegar fólk skemmtir sér við þá iðju að bjóða erlendum gestum mat sem gestgjafar vita að þeim er mjög framandi, t.d. svið, hákarl eða annað í þá veru, og láta jafnframt í ljós þær skoðanir að þetta sé það besta sem unnt er að

⁴³⁴ Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 73–74.

⁴³⁵ Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 139–141. – Homi Bhabha, *The Location of Culture*, bls. 122–123, 126, 131; „almost the same but not quite“, segir Homi Bhabha.

⁴³⁶ Oddur Einarsson, *Íslandslýsing*, bls. 132.

þjóða upp á. Þar með er gefið í skyn að viðkomandi sé á öðru stigi (óæðra) en gesturinn og hafi ólík viðmið.

Ferðalýsing Veters er ekki sérlega frumleg. Að stórum hluta byggir hún á klisjum um land og þjóð, sem byggðar eru á efni úr eldri ritum þar sem var fjallað um Ísland; hann gerir því hið sama og margir aðrir höfundar: Lagar reynslu sína að ráðandi „þekkingu“ á Íslandi á þessum tíma. Lýsingin er að stórum hluta neikvæð, þó fjarri því eins neikvæð og frásagnir þeirra Peerse og Blefkens af íbúum landsins; það er fremur eins og höfundurinn sé að lýsa fólki í fjarlægum landshluta heldur en „villimönnum“ í öðrum heimshluta. Svo er eins og hann sé jafnvel í vafa um hvar hann sé staddur.

Fyrir var nefnt að frásögn Veters væri nokkuð dæmigerð ferðalýsing frá þessum tíma. Í umfjöllun sinni um ferðasögur ræðir Percy G. Adams um þann „ás“ sem megi setja ferðalýsingar á eftir því að hve miklu leyti þær eru hreinn skáldskapur, og þar með ferðaskröksögur, og að hve miklu leyti þær eru byggðar á eigin reynslu; lengst til hægri sé hreinn skáldskapur, lengst til vinstri ómengið ferðalýsing, ef svo óvarlega má að orði komast.⁴³⁷ Ljóst er út frá þessari greiningu að *Islandia* Blefkens er langt eða lengst til hægri á þessum skala en frásögn Daniels Vetter er ef til vill einhvers staðar um miðjan skalann. – Ítreka má að rit Veters fékk ekki mikla útbreiðslu, ólíkt sögu Blefkens, þannig að verk hans hafði ekki mikil áhrif á síðari tíma frásagnir.

La Martinière skrifaði um Ísland eftir för sína um norðurslóðir laust eftir miðja 17. öld. Hann var franskur læknir sem fór í leiðangur á vegum danskra stjórnvalda norður í höf árið 1653 til þess að kanna betur lönd konungs á þessum slóðum og önnur ef til vill ókunn svæði langt í norðri. Afla átti nánari upplýsinga um þessi svæði og athuga möguleika á viðskiptum.⁴³⁸ Í riti sínu greindi höfundur frá kynnum sínum af Noregi, sérstaklega löndum sama, og frá svæðum nyrst í Rússlandi, auk Íslands. Frásögn hans varð afar vinsæl, enda ævintýrleg, og kom síðar í fjölda útgáfa (fyrst 1671) sem fyrir getur; hér er enska útgáfan valin til umfjöllunar.

La Martinière skýrði frá því að þegar hann nálgast landið sást eldgos í Heklu og samhliða heyrðist mikill hávaði.⁴³⁹ Er í land var komið var snarlega haldið til borgarinnar Kirkjubæjar þar sem danskir kaupmenn héldu gestunum góða veislu og buðu upp á kjöt, gott brauð og vín.⁴⁴⁰ Brátt ákvað höfundur að halda til Heklu en innlendu leiðsögumennirnir reyndust svo huglausir að þeir treystu sér ekki til þess að ganga á fjallið með honum en það var einn dönsku kaupmannanna þó reiðubúinn að gera; algengt var að geta um hugleysi fólks á framandi slóðum í ferðalýsingum þessa tíma. La Martinière lýsir svo göngunni, jörðin hafi brátt skolfið, bláir logar risið upp og svartan mökk lagt yfir. Göngumenn sneru því brátt við.

⁴³⁷ Percy G. Adams, *Travelers and Travel Liars 1660–1800*, bls. 2–3.

⁴³⁸ Pierre Martin de la Martinière, *A New Voyage to the North*, bls. 2–3. – Eftir höfundinn liggja fleiri verk, einkum um læknisfræði.

⁴³⁹ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 438. – Ekkert eldgos var í Heklu á þessum tíma, Ari Trausti Guðmundsson, *Íslandseldar*, bls. 92.

⁴⁴⁰ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 438.

Er niður var komið voru leiðangursmenn örmagna en hressust þegar félagar þeirra komu til aðstoðar og hleyptu í þá lífi „with a cup of canary“.⁴⁴¹ Höfundur skýrði líka frá einkennilegum uppsprettum, t.d. einni sem breytti því sem í hana var látið samstundis í járn. Og þegar til strandar var komið heyrðust að sögn skelfileg hljóð sem „the ignorant Guides“ fullyrtu að væru vein sálna sem djöfullinn hefði bakað í eldi Heklu en kælt síðan við ströndina. En höfundur kvaðst strax hafa áttað sig á að þetta ætti sér eðlilegar skýringar: Að ís og vatn berðist í klettana og myndaði þessi hljóð.⁴⁴²



Mynd 21. Átrúnaður íbúa á eyjunni Novu Zemblu samkvæmt lýsingu Pierres Martin de la Martinière. Hann var á þeirri skoðun að trúarbrögð Íslendinga, útlit þeirra og hættir, væru svipuð og þar tíðkaðist.

Af því sem hér hefur verið sagt má ráða að frásögn höfundar er tilbúningur, ekkert eldgos var á þessum tíma, hann byggir frásögn sína einfaldlega á lýsingu Blefkens á Heklugöngu. Enginn stór bær er heldur til með því nafni sem hann tilgreinir. En höfundi tekst vel að nota landið sem bakgrunn fyrir spennandi frásögn og um leið að sýna fram á yfirburði sína, féлага sinna og danskra kaupmanna, fram yfir innfædda, sem voru huglausir, heimskir og hjátrúarfullir.

⁴⁴¹ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 439; canary er sætt vín frá Kanaríeyjum.

⁴⁴² Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 438–439.

Höfundur greindi einnig frá frábærum landgæðum í landinu, í stíl eldri lýsinga, svo að húsdýrin ættu það á hættu að sprengja sig. Höfundur reyndist þó ekki mjög jákvæður þegar kom að því að lýsa lífsháttum Íslendinga. Það gerði hann svo:

The people of Iceland, for the most part, dwell in caverns, hewn out of the rocks, and the rest live in huts, built like those in Lapland, some with wood, and others with fish bones covered with turf; and both they and their cattle lie under the same roof. ... Both men and women have very disagreeable persons: they are swarthy, and dress like the Norwegians, in coats made of the skins of the sea-calf, with the hair outward ... It is pretended that the devil, whom they worship under the name of Kobald frequently appears to them in human shape.⁴⁴³ They have a kind of household [svo] god, cut out of a piece of wood with a knife, the figure of which is very hideous.⁴⁴⁴

Höfundur lýsir því hér að landsmenn búi í hellum eða kofum eins og lappar en það jafngilti því að vera á mjög lágu menningarstigi að vera líkt við þá; allir liggja saman í einu fleti eins og skepnur og eru mjög ógeðfelli ásýndar. Þeir eru seínlátir, hafa tengsl við anda og eru ekki kristnir nema að nafninu til, enda dýrka þeir líkneskjur úr tré. Þá sér höfundur fyrir sér svipuð fyrirbæri og hann lýsti og birti mynd af, er hann fjallaði um átrúnað fólks nyrst í Síberíu. Íbúar Íslands eru því algjör andstæða þess sem siðmenntað fólk þekkir en mjög svipaðir og annað fólk sem finna mátti á jöðrum Evrópu og utan hennar í öðrum heimshlutum, ljótt, siðlaust, heiðið og dökkleitt; hér hefur dökki liturinn skýra merkingu: Aðgreiningu frá hvítu fólki.

Frásögn Cornelis Gisbert Zorgdrager, um norðurslóðir birtist í *C. G. Zorgdragers alte und neue Grönländische Fischerei und Wallfischfang*. Zorgdrager var Hollendingur, sem fjallaði um hvalveiðar í norðurhöfum, enda var það erindi hans á þær slóðir. Bók hans kom fyrst út á hollensku árið 1720 og síðar á þýsku (fyrst 1723). Nefna má að titill verksins vísar bæði til Grænlands og Svalbarða en Svalbarði var um tíma nefndur Nýja Grænland en Grænland var þá (*alte*) gamla Grænland; athygli höfundarins beinist aðallega að „Nýja Grænlandi“, hvalveiðum og hvar séu helstu veiðisvæðin. Umræður um aðstæður á Íslandi eða Grænlandi eru á hinn bóginn ekki ítarlegar.

Af umfjöllun Zorgdragers má draga þá ályktun að hann hefur ekki farið víða á Íslandi en þó leikur ekki vafi á því að hann kom til landsins. Umræða hans um landið byggir í stórum dráttum á eldri verkum.⁴⁴⁵ Zorgdrager hefur því ekki margt nýtt til málanna að leggja heldur endurtekur gamlar klisjur um lífið í landinu og sögu fólksins sem ástæðulaust er að rekja hér frekar.⁴⁴⁶ Saman við þetta blandar höfundur svo sögum um hið

⁴⁴³ Eins konar húsandar með rætur í fornum átrúnaði, m.a. þekktir á þýsku menningarsvæði.

⁴⁴⁴ Pierre Martin de la Martinière, „A Voyage to the North of Europe“, bls. 439–440.

⁴⁴⁵ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*, bls. 50.

⁴⁴⁶ Cornelis Zorgdrager, *C.G. Zorgdragers alte und neue Grönländische Fischerei*, bls. 68–70, 90 og áfram.

undarlega Ísland.⁴⁴⁷ Mest af þessum fróðleik er runnið frá Dithmar Blefken en einnig fleiri höfundum og allt voru þetta orðnar „gamlar lummur“ á þessum tíma.



Mynd 22. Kjöttlæri soðið í goshver. Það sést hér efst á gossúlunni og hefur verið bundinn í það taumur til öryggis; mynd úr Íslandsheimsókn Cornelis Zorgdrager.

Hefur Zorgdrager þá lítið eða ekkert til málanna að leggja frá eigin brjósti? Jú, hann fór í land á Húsavík (*Goeswyk*), og ferðaðist þar nokkuð um, fór m.a. til Hveravalla í Reykjahverfi þar sem ferðalangarnir skoðuðu hverasvæði. Þar var gerð sú athyglisverða tilraun að setja taug í kjöttlæri og sjóða í einum hvernum. Zorgdrager gerir nokkuð ítarlega grein fyrir því hvernig þetta fór fram og sýnir mynd af tilrauninni; hverinn gaus m.a. meðan á suðunni stóð. Myndin er kannski ekki sérlega raunsæ lýsing á atburðum og allar fjarlægðir fjarri lagi en hún er fyrsta tækifærismynd sem tengist Íslandi; fyrsta myndverk sem túlkar raunverulegan atburð á Íslandi sem

⁴⁴⁷ Cornelis Zorgdrager, *C.G. Zorgdragets alte und neue Grönländische Fischerei*, bls. 74 og áfram, einnig bls. 86–87.

gerist á ákveðnum stað og ákveðnum tíma.⁴⁴⁸ Eldri myndir höfðu það hlutverk að túlka hugmyndir um aðstæður í landinu, t.d. um húsakynni, atvinnuhætti, um náttúruferirbæri og tengsl landsmanna við yfirnáttúruleg fyrirbæri, svo nokkuð sé nefnt. Myndin er nánast eins og fréttamynd þar sem athygli er dregin að sérstæðu fyrirbæri í fjarlægum landi.

Af þessu yfirliti um ferðabækur sem varða Ísland á tímabilinu frá 1500–1750 má ráða að höfundarnir hafa ekki mikið fram að færa sem byggt er á eigin reynslu. Undanskilinn er þó Gories Peerse. Tvö verkanna eru hreinn tilbúningur; önnur tvö byggja umfjöllun sína mikið á öðrum ritum. Því má segja að flest þessara rita eigi meira sameiginlegt með yfirlitsritum um land og þjóð heldur en ferðalýsingar þar sem uppistaðan í frásögninni er byggð á eigin reynslu.

En frásögn Gories Peerse og þeir hlutar frásagna þeirra Veters og Zorgdragars sem eru runnir frá eigin brjósti eru þó nokkurs virði, hver með sínum hætti. Umfjöllun Peerse hafði mikil áhrif og Skálholtsfrásögn Veters veitir mikilvæga innsýn í hvernig samskipti menningarheima geta gengið fyrir sig, hvernig „miðjan“ lýsir „jaðrinum“, og hvernig „jaðarinn“ getur svarað fyrir sig. Frásögn Zorgdragars af matseldinni í hvernum er á hinn bóginn dæmi um val ferðalangsins. Zorgdrager greinir t.d. ekkert frá för sinni að hverasvæðinu, hvernig var tekið á móti þeim á Húsavík, frá förinni á hverasvæðið eða hvernig fólkið kom þeim fyrir sjónir. Hann velur það sem er einstæðast og ótrúlegast en á sér samt vafalaust stoð í veruleikanum. Frásögnin af þessum atburði og myndin sem fylgir skýtur því enn frekari stoðum undir þá hugmynd að Ísland sé „annað svæði“ en ekki hluti þess sem er venjulegt og eðlilegt.

4.2 Grænland frá 16.– 18. aldar

How dangerous it is to attempt new discoveries, either for the length of the voyage or the ignorance of the language, the want of interpreters, new and unaccustomed elements and ayres, strange and unsavory meats, danger of thieves and robbers, fierceness of wilde beasts and fishes, hugeness of wooddes, dangerousnesse of seas, dreade of tempestes, feare of hidden rocks, steepenesse of mountaines, darknesse of sodaine [sudden] falling fogges, continuall paines taking withoute anye rest and infinite others.⁴⁴⁹

Á þennan hátt var því lýst sem leiðangursmenn í för landkönnuðarins Frobishers gætu átt í vændum á ofanverðri 16. öld þegar þeir væru komnir á fjarlægur og framandi slóðir; þeir gætu stöðugt búist við einhverju óvæntu, óþekktu og nýjum hættum, erfiðleikum og jafnvel óvinum.

Heimildir eru ekki margorðar um Grænland á öndverðri 16. öld, enda var það nánast óþekkt í Vestur-Evrópu. En er líða tók á öldina fjölgaði frásögnum. Landkönnuðir fóru að sækja landið heim í vaxandi mæli, og enn frekar síðar á

⁴⁴⁸ Cornelis Zorgdrager, *C.G. Zorgdragars alte und neue Grönländische Fischerei*, bls. 70–74.

⁴⁴⁹ Inngangsorð að frásögn frá 1578, um leiðangur Martins Frobishers, [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 15.

tímabilinu. Inúítar á Grænlandi komust þar með í fyrsta sinn í samband við Evrópumenn, að undanskildum stopulum tengslum þeirra við norræna menn á síðmiðöldum. Fyrstu samskiptin lofuðu þó ekki sérlega góðu fyrir inúíta, þó að ekki væri það algilt: Nokkuð var um átök á milli komumanna og heimamanna, aðkomumennirnir rændu jafnvel fólki og tóku burt með sér, og höfðu til sýnis.⁴⁵⁰ Flestir hinna herteknu létust eftir skamma viðdvöl.⁴⁵¹ Í kjölfar landkönnuða komu, eins og víða annars staðar, veiðimenn og trúboðar og sögnum af landinu fjölgaði.

Í umfjöllun um Grænland á þessu tímabili nýti ég mér aðallega tvo heimildaflokka, á sama hátt og um Ísland. Hinn fyrri eru ferðasögur í víðum skilningi en hinn síðari er almenn yfirlitsrit, auk myndefnis. Í umfjölluninni um Ísland var valin sú leið að fjalla fyrst um yfirlitsrit en síðan um ferðalýsingar. En hér er sá kostur tekinn að ræða fyrst um ferðalýsingar en síðan yfirlitsrit. Ástæðan er sú að yfirlitsritin virðast hafa mótað mun meira viðhorf til Íslands heldur en ferðalýsingar, andstætt við Grænland þar sem ferðalýsingar virðast hafa verið ráðandi við mótun ímynda landsins á þessum tíma.

Það sem ég kalla hér ferðasögur um Grænland þarfnast enn nokkurrar umræðu og má vel endurtaka að sú skilgreining er víð. Í fyrsta lagi koma til tals tvær ferðaskröksögur. Hin fyrri, sem jafnvel má frekar teljast fölsun, er lýsing á leiðangri feneyskra bræðra, Antonio og Nicolò Zeno, frá ofanverðri 14. öld í formi bréfa. Þessi bréf og kort sem fylgdi með voru gefin út um miðja 16. öld. Hvort tveggja hafði mikil áhrif á ímyndasögu Grænlands.⁴⁵² Hin frásögnin er umfjöllun Dithmars Blefkens um Grænland frá því um 1600. Báðar þessar frásagnir voru taldar trúverðugar á sínum tíma. Í öðru lagi verður rætt um frásagnir landkönnuða sem komu til Grænlands á 16. og 17. öld. Í þriðja lagi er svo frásögn norska trúboðans, Hans Egede, af margra ára dvöl á Grænlandi á fyrri hluta 18. aldar. Sú frásögn er vitaskuld ekki ferðalýsing heldur umfjöllun um búsetu en hún á það sammerkt með ferðalýsingum að um er að ræða frásögn sem er, a.m.k. að hluta til, byggð á eigin reynslu.

4.2.1 Ferða- og leiðangurslýsingar frá Grænlandi

4.2.1.1 Ferðaskröksögur frá Grænlandi

Árið 1558 kom út í Feneyjum ritið *Dello scoprimento dell' isole Frislanda, Eslanda, Engrouelanda, Estotilanda e Icaria fatto sotto il Polo artico da' due fratelli Zeni, M. Nicolò il K. e M. Antonio*.⁴⁵³ Bræðurnir sjálfir, Feneyingarnir og aðalsmennirnir Nicolò og Antonio, voru löngu látnir eða um 1400. Þessi útgáfa, og kortið sem fylgdi

⁴⁵⁰ Finn Gad, *Grønlands historie* I, m.a. bls. 289 og áfram. – Karen Langgård, „John Ross and Fr. Blackley“, bls. 306–307. – Einnig Helen Wallis, „England's Search for the Northern Passages“, bls. 461.

⁴⁵¹ Michael Harbsmeier, „Bodies and Voices from Ultima Thule“, bls. 37–50.

⁴⁵² Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 225–228.

⁴⁵³ Af uppgötvun eyjanna Fríslands, Íslands, Grænlands, Estotilands og Íkaríu, í grennd við Norðurljólinn, gerð af Zeno-bræðrum, Nicolò og Antonio.

með, þótti miklum tíðindum sæta en afkomandi annars þeirra sem hét einnig Nicolò Zeno kom verkunum á framfæri; nú er ómögulegt að geta sér til um hvernig þessi texti hefur orðið til. Samkvæmt frásögn Nicolò Zeno yngri tók hann efnið saman eftir minni, enda hefði hann spilt bréfum, ritum og öðrum gögnum í æsku og ekki áttað sig á gildi þeirra fyrr en síðar.⁴⁵⁴ En þarna gætu líka aðrir átt hlut að máli. Kortið varð fyrirmynd margra kortagerðarmanna um landafræði norðurhafa um langa hríð og hafði jafnvel áhrif á vonir manna um að unnt væri að finna siglingaleið vestan við Grænland til Austur-Asíu. Frásögnin varð einnig áhrifamikil.⁴⁵⁵ Stundum töldu könnuðir sig vera í eða við Frísland, sem var ein þeirra eyja sem Zeno gat um, t.d. Martin Frobisher á ofanverðri 16. öld.⁴⁵⁶ En eyjarnar sem birtust á Zeno-kortinu voru sveipaðar leyndarhjúp, enda vandfundnar, hvernig sem að var leitað. Ekki leikur vafi á að frásögn Zeno-bræðra er hreinn tilbúningur og fölsun með það að markmiði að sýna fram á að Feneyingar hefðu orðið fyrstir vestrænna manna til þess að komast til Ameríku.⁴⁵⁷

Samkvæmt frásögninni sigldu þeir bræður og leiðangursmenn þeirra um Norðurhöf og komu til fjölmargra eyja, þar á meðal til Fríslands (*Friesland*), Grænlands (nefnt *Engroneland* eða *Engroueland*) og Íslands, sem er þó aðeins stuttlega nefnt. Fjallað er um ævintýri og hættur leiðangursmanna og lýst kynnum þeirra af Zichmui (líka Zichmi), konungi Fríslands sem að sögn ræddi við leiðangursmenn á latínu. Sumum þessara eyja og landa var lýst ítarlega, t.d. Estotilandi. Það væri langt í vestur og sérlega auðugt af gulli.⁴⁵⁸ Sennilegt er að þar sé átt við Ameríku. Á sumum öðrum eyjum þar um slóðir væru hins vegar mannætur. Eyjalýsingar bræðranna, Nicolò og Antonio, minna mjög á fornar eyjalýsingar þar sem lýst var ferðum á milli góðra og slæmra eyja en líka bera þær keim af lýsingum frá Ameríku þar sem gull og gróf villimennska koma við sögu.⁴⁵⁹ Samkvæmt upplýsingum Zeno-bræðra var vissulega kalt á Grænlandi og veturinn átta til níu mánaða langur. En þó þreifst merkilegt mannlíf norðarlega á austurströnd Grænlands í borginni Alba; vel má segja að nafngiftin hafi verið við hæfi, að nefna hana eftir hinu hvíta á þessum norðlægu slóðum.⁴⁶⁰ Fullyrt var að þar væri klaustur og kirkja,

⁴⁵⁴ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 225.

⁴⁵⁵ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 225 og áfram. – Einnig http://www.biographi.ca/009004-119.01-e.php?id_nbr=592, sótt í febrúar 2011.

⁴⁵⁶ [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 124–125, 217. – Frísland öðlaðist fastan sess í landfræðiritum langt fram eftir 17. öld og var eyjan talin vera suðvestan Íslands. Í þessum ritum var lífsháttum íbúanna gjarnan lýst og greint frá því að nafn eyjarinnar væri dregið af frostinu sem þar ríkti. T.d. Peter Heylyn, *Cosmographie in four Books* [1666], bls. 496.

⁴⁵⁷ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*, bls. 225.

⁴⁵⁸ Nicolò og Antonio Zeno, „The Discoveries of M. M. Nicolò and Antonio Zeni“, bls. 413 og áfram.

⁴⁵⁹ Nicolò og Antonio Zeno, „The Discoveries of M. M. Nicolò and Antonio Zeni“, bls. 415–416.

⁴⁶⁰ Albus merkir hvítur á latínu.

kennd við heilagan Tómas. Klaustrið var í grennd við eldfjall. Þar voru líka heitir hverir sem voru notaðir til þess að elda mat, búa til brauð og hita hús og var húsagerðinni og hitun þeirra lýst nákvæmlega. Innanhúss hefðu munkarnir garða sem væru grænir allt árið. Fiskur sækti líka í ylinn þar sem heitt vatnið rynni til sjávar. Höfundur textans lýsir bátum Grænlendinga, greinilega í ætt við kajaka, og gæti hafa sótt þann fróðleik til Olausar Magnus. Alltaf var að sögn til gnægð matar, enda færði fólk í nágrenninu bræðrunum, sem það mæti mikils, kjöt og annað matarkyns.⁴⁶¹ Lýsing þeirra Zeno-bræðra hafði mikil áhrif og rann um langt árabíl að meira eða minna leyti inn í flest rit þar sem fjallað var um Grænland. Fastur liður varð að fjalla um borgina Alba og mannlíf þar í fjölmörgum slíkum verkum frá þessum tíma og lengi síðan, jafnvel allt fram á 19. öld.⁴⁶²

Þessi skemmtilega saga þeirra Zeno-bræðra um Grænland, eða hluta þess, sem paradísareyju er eitt besta dæmið um allsnægtaútóprú sem sögð hefur verið um löndin yst í norðri. Vel má tengja hana við frásagnir af hinum norðlægu Hyperbóreum en líka við ýmsar eyjalýsingar, t.d. sjóferðasögu Brendans, sem lýsti ýmsum sælueyjum sem hann hefði séð á ferðum sínum. Þar segir einmitt m.a. frá eyju þar sem bjuggu eingöngu munkar, þar voru heitar uppsprettur, hvorki var þar of kalt né of heitt og munkunum var reglulega fært brauð. Á enn öðrum eyjum var gnægð alls þess sem hugurinn girntist, hvort sem var til átu eða drykkjar.⁴⁶³ Efnið sem hefur verið notað til þess að byggja upp þá einkennilegu veröld sem þarna er lýst er því aðallega af fornum grunni og byggt á miðaldaheimildum. En einnig má nefna að Ívar Bárðarson ræddi um það að á Grænlandi væri klaustur sem hefði aðgang að nægu heitu vatni og gæti það hafa orðið kveikja að þessari lýsingu.⁴⁶⁴

Hvers vegna þessar sögur voru tengdar við Grænland verður ekki svarað til fullnustu. Ef til vill kallaði nafn landsins á að svo væri gert. En aðalástæðan hefur verið sú að Grænland var nánast óþekkt á þessum tíma og vart nokkuð um það vitað nema að það væri risastórt. Slíkt land gat rúmað margt og var heppilegur vettvangur fyrir ævintýri og furður í frásögn Zeno-bræðra; í þessari lýsingu er það sannarlega heterótópía, raunverulegur staður en samt „utan allra staða“.

⁴⁶¹ Nicolò og Antonio Zeno, „The Discoveries of M. M. Nicolò and Antonio Zeni“, bls. 414. – Abraham Ortelius tók þessar sögur upp á Grænlandslýsingu sína. Hann lýsir gróðurhúsum á Grænlandi svo: „All the monastery is built of a kind of hollow light stone ... and thus they make a sure worke against the iniury of all weathers, Their orcheyards also and gardens watered with this water are alwaies green and do flourish almost all the yeare long, with all maner of flowres, kinds of corne and fruits.“ Abraham Ortelius, *The Theatre of the World*, bls. 102. – Einnig Peter Heylyn, *Cosmographie in four Books* [1666], bls. 497.

⁴⁶² T.d. Rudolff Capel, *Norden, oder zu Wasser und Lande im Eise und Snee*, bls.177–178. – Peter Heylyn, *Cosmographie, in Four Books* [1666], bls. 496–497.

⁴⁶³ W. R. Barron og Glyn S. Burgess (ritstj.), *The Voyage of Saint Brendan*, bls. 40–41, 146–147.

⁴⁶⁴ Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldahandritum*, bls. 135.



Mynd 23. Myndhluti af korti Abrahams Ortelius frá 1570. Kortið, sem byggir á korti Nicolòs Zeno, sýnir Ísland – sem talið er vera hið forna Thule – og Grænland, auk fleiri eyja sem Zeno sýndi á korti sínu og ræddi um. Fyrirferðarmest þeirra er Frisland. Sem sjá má er borgin Alba austast í Grænlandi og enn austar klaustur heilags Tómasar.

Dithmar Blefken fjallar einnig nokkuð um Grænland í bók sinni *Islandia*. Hann kvaðst hafa fengið fregnir af Grænlandi þegar hann dvaldi á Íslandi og hefði hann hitt munk sem var ættaður þaðan, dökkur yfirlitum og breiðleitur, svo að hann gefur hér tóninn um það hvernig fólk búi á Grænlandi. Munkurinn kvaðst hafa verið í klaustri heilags Tómasar þar í landi. Blefken hefur því þekkt Zeno-umfjöllunina um klausturlífið þar. Að sögn munkins var afar kalt á Grænlandi en hafið var fullt af fiski og þar voru birnir, hvítir refir og einhyrningar. Blefken endurtók sögur um sældarlíf munkanna í Tómasarklaustrinu og fullyrti líka og hafði eftir áðurgreindum munki að þar væru pygmear. Þeir væru sérstakir að því leyti að þeir væru

hairy to the uttermost joynts of the fingers, and that the Males have beards downe to the knees. But although they have the shape of men, yet they have little sense or understanding, nor distinct speech, but make shew of a kinde of hissing, after the manner of Geese ... they were unreasonable Creatures, and live in perpetuall darknesse. That some say that they have warre with the Cranes ...⁴⁶⁵

Blefken kvaðst síðar hafa sannreynt orð munkins og að lýsingar hans á pygmeum væru réttar.⁴⁶⁶

⁴⁶⁵ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 513.

⁴⁶⁶ Dithmar Blefken, „Dithmar Blefken his Voyages, and Historie of Island and Groenland“, bls. 515–516.

Samkvæmt þessari frásögn Blefkens líktust pygmearnir á Grænlandi meira öpum en mönnum, voru hærðir og smávaxnir. Því var vart hægt að telja þá til samfélags manna; þeir líktust fremur dýrum, enda höfðu þeir ekki tungumál og tæpast skynsemi. Þá stæðu þeir að sögn í stríði við trönur. Að öðru leyti fjallaði Blefken lítið um Grænland. Sjá má að texti hans er uppsuða úr öðrum lýsingum, ekki síst Zeno-frásögninni. Við lýsingu sína á „pygmeum“ í Grænlandi fer hann eftir hefð þessa tíma um það hvernig t.d. Afríkubúum var oft lýst. Svo nýtir höfundurinn efni frá Olausi Magnus, sem fjallaði um stríð pygmea í Grænlandi við trönur. Sú sögn var af fornum rótum eins og síðar verður getið. Hér birtast því bæði fornar hefðir og samtímahugmyndir.



Mynd 24. Inúítar eins og þeir komu leiðangursmönnum Frobishers fyrir sjónir á ofanverðri 16. öld; sýnt er fram á að klæðnaður karla og kvenna sé svipaður, eins og oft var rætt um. Einnig eru sýndir kajakar inúíta og veiðibúnaður.

4.2.1.2 Landkönnuðir á Grænlandi á 16. og 17. öld

Frásögn Zeno-bræðra sem getið er um hér að framan gefur skýrt til kynna að lítil vitneskja var um Grænland í Vestur-Evrópu um miðja 16. öld. Örfáir leiðangrar höfðu farið á þessar slóðir fyrir þann tíma, t.d. portúgölsku bræðurnir Caspar og Miguel Corte-Real um 1500.⁴⁶⁷ En lítið eða ekkert samband var við íbúa Grænlands í þessum

⁴⁶⁷ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 216 og áfram.

leiðöngrum. Martin Frobisher var fyrsti könnuðurinn af mörgum sem kom til Grænlands á ofanverðri 16. öld og átti samskipti við inúíta. Hann fór í fyrstu ferð sína árið 1576 og var mest í Baffinslandi sem nú tilheyrir Kanada. Frobisher taldi sig finna gull þar en það reyndist þó aðeins glópagull. Hann hafði töluverð samskipti við íbúana og ekki öll friðsamleg.⁴⁶⁸ Frobisher kom til Grænlands í þriðja leiðangri sínum árið 1578 án þess að af því fari miklar sögur.⁴⁶⁹ En eftir leiðangur hans hafa samskipti inúíta við fólk frá Vestur-Evrópu verið að mestu óslitin.

Sá leiðangur sem fyrst kannaði Grænland að einhverju marki var leiðangur enska leiðangursstjórans, Johns Davis; Davis var einn af helstu landkönnuðum Englendinga á ofanverðri 16. öld. Hann fór m.a. til Austur-Indía og er talinn hafa uppgötvað Falklandseyjar árið 1592. Erindi hans langt í norður voru hin sömu og Frobishers, að leita norðvestur-leiðarinnar. Davis fór þrívégis á þessar slóðir, frá 1585–1587 og frásagnir af ferðum hans birtust á prenti þegar árið 1589.⁴⁷⁰ Í kjölfar hans komu fleiri leiðangrar, í svipuðum tilgangi eða til þess að sinna veiðum. Ókleift er að geta þeirra allra og verður aðeins fjallað um þrjár frásagnir. Hafa má í huga að frásagnir af könnunarleiðöngrum og ferðum hvalveiðimanna tengjast ekki síður landsvæðum sem nú tilheyra Kanada og Svalbarða, en Grænlandi.

Þeir textar sem hér verða ræddir eru í fyrsta lagi umfjöllun um leiðangra Johns Davis. Í öðru lagi frásagnir af ferðum til Grænlands á vegum danskra stjórnvalda snemma á 17. öld. Meðal þeirra sem voru þar í forsvari var James Hall (d. 1612). Hann fór þrívégis á þessar slóðir 1605–1607 og loks kom hann þangað 1612. Frásagnir af þessum ferðum voru birtar í hinu mikla safni Richards Hakluyt og í safni Samuels Purchas (um 1577–1626); hann var mikilvirkur enskur útgefandi ferða- og leiðangurslýsinga frá flestum heimshlutum á fyrri hluta 17. aldar. Þær bárust því víða og höfðu mikil áhrif á síðari lýsingar. Í þriðja lagi verður svo rætt um stutta Grænlandslýsingu eftir þýska landfræðinginn og stærðfræðinginn Adam Olearius (1599–1671) frá miðri 17. öld.

En víkjum þá að John Davis. Hann kom til vesturstrandar Grænlands, ekki langt þar frá sem Nuuk stendur nú, og komst þá fyrst í tengsl við íbúa landsins. Hann vildi gera sitt til þess að sýna að hann væri í friðsamlegum erindagerðum svo að tónlistarmenn sem voru með í för voru fengnir til þess að leika fyrir dansi.⁴⁷¹ Þessi aðferð dugði. Þeir náðu sambandi við fólkid sem virtist þó ekki viðkunnanlegt, „hearing them, thought it had been the howling of wolves“, segir í heimildinni. En umsagnirnar um það voru engu að síður

⁴⁶⁸ Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 67 og áfram. – Einnig [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 131, 142–143, 284. – Leiðangursmenn á þessum slóðum voru fljótir til að stimpla íbúa á norðlægum svæðum sem mannætur, idulega án sýnilegs tilefnis. John Knight, „The Voyage of Master John Knight“, bls. 362.

⁴⁶⁹ Finn Gad, *Grønlands historie I*, bls. 233 og áfram.

⁴⁷⁰ Jeannette Mirsky, *To the Arctic*, bls. 31–34. – Finn Gad, *Grønlands historie I*, bls. 245.

⁴⁷¹ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 53. Lýsing á fyrstu ferð Johns Davis er birt þar, skrifuð af „Master John Jane, merchant, sometime servant to the worshipful Master William Sanderson.

jákvæðar í fyrstu: „They are very tractable people, void of craft or double dealing, and easy to be brought to any civility or good order: but we judge them to be idolators and worship the sun.“⁴⁷² Í kjölfarið varð töluverð verslun á milli aðila, gestanna og heimamanna. Þeir léku sér jafnvel saman, glímdu og fóru í kapphlaup og heimamenn fengu þann dóm að þeir væru sterkir og fimir. Sumt sem leiðangursmenn sáu var meira að segja svipað og þeir þekktu, t.d. „two sleds made like ours in England.“⁴⁷³ Lýsingin á heimaþólki var heldur ekki óvinsamleg, það væri „of good stature, well in body proportioned, with small, slender hands and feet, with broad visages, and small eyes, wide mouths, the most part unbearded, great lips, and close toothed“.⁴⁷⁴ Greinilega er hér verið að lýsa fólki sem er að nokkru ólíkt því sem leiðangursmenn voru vanir en samkvæmt þessari frásögn var fólkið þó ekki mjög framandi. Þá virtist vera nóg að bíta og brenna, að minnsta kosti sums staðar, gnægð af fugli og fiski.⁴⁷⁵

En samskiptin eða frásagnirnar af íbúunum voru ekki öll á einn veg. Leiðangursmenn töldu að þeir stunduðu galdra og óttuðust þá. Fólkið væri óskaplega þjófótt, sérstaklega ef járn væri annars vegar.⁴⁷⁶ Þá æti fólkið allan mat hráan, aðallega fisk og aðrir hættir þess væru eftir því: „they drink salt water, and eat grass and ice with delight“.⁴⁷⁷ Í aðra röndina var fólkinu því lýst eins og dýrum. – Að því kom að hendur voru láttnar skipta, leiðangursmenn tóku fanga og fluttu á brott með sér og mannfall varð bæði meðal gesta og heimamanna.⁴⁷⁸

Samskipti Johns Davis og leiðangursmanna hans við frumbyggja á Grænlandi eru athyglisverð og þar birtist sú tvíhyggja eða *stereotypical dualism* sem Stuart Hall getur um í tenglum við framsetningu framandleika og nýlenduhyggu; fólkið er bæði gott og slæmt, saklaust og þjófótt, dýrlegt og siðlegt, samfélag þess er bæði útópía og dystópía. Þarna koma einnig fram mikilvæg einkenni á „cultural encounter“ sem Urs Bitterli hefur m.a. fjallað um.⁴⁷⁹ Þegar samskiptin eru ekki lengur á forsendum gestanna brjótast út átök. Enn birtist þarna það misvægi sem er algengt þegar nýlenduherrar eða fulltrúar þeirra lýsa framandi fólki sem á sér engan málsvara. Og

⁴⁷² Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 55.

⁴⁷³ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 59, 65, 82.

⁴⁷⁴ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 65.

⁴⁷⁵ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 75.

⁴⁷⁶ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 66, 67. – Danski fræðimaðurinn Finn Gad hefur bent á að Grænlandingar og aðkomumenn hafi haft ólíkar hugmyndir um eign og nýtingu; hinir fyrrnefndu talið sig hafa nýtingarrétt til hluta en það hafi aðkomumenn talið þjófnað sökum hugmynda sinna um eignarrétt. Finn Gad, *Grønlands historie II*, bls.112.

⁴⁷⁷ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 67.

⁴⁷⁸ Phillip F. Alexander, *The North-West and North-East Passages, 1576–1611*, bls. 70, 71, 77, 80. – Um ferð Davis og Frobershers, sjá einnig Finn Gad, *Grønlands historie I*, bls. 242 og áfram.

⁴⁷⁹ Urs Bitterli hefur flokkað *encounters* á milli Evrópumanna og fólks sem ekki er af evrópskum uppruna í þrjú stig: 1) fyrstu kynni; 2) varanleg tengsl, oft tengd þrælaverslun og kristniboði; 3) átök eða uppgjör sem hefur í för með sér valdatöku, undirokun og jafnvel eyðingu. Ritchie Robertson, „Introduction“, bls. 4. – Urs Bitterli, *Cultures in Conflict*, bls. 20–51.

svo er líka skýrt að frásögnin er löguð að, ráðandi „þekkingu“, ráðandi ímyndum um frumstætt fólk á framandi slóðum sem talið var að væri alls staðar eins eða að minnsta kosti svipað.

Enski sæfarinn James Hall stýrði, ásamt fleirum, m.a. Skotanum John Cunningham (nefndur Hans Kønning á dönsku, 1575–1651) og Godske Lindenov (d. 1612), nokkrum leiðöngrum til Grænlands á vegum danskra stjórnvalda í upphafi 17. aldar en Kristján IV. Danakonungur, hafði hug á að fá meiri upplýsingar um landið. Leiðangrarnir voru þrír, frá 1605–1607 og svo var James Hall þar einnig árið 1612. Eitt af markmiðunum, einkanlega leiðangurs árið 1607, var að reyna að hafa upp á norrænum mönnum sem gætu leynst á Austur-Grænlandi.⁴⁸⁰

Í lýsingum frá leiðöngrunum var fjallað um landshagi á jákvæðan hátt, nóg var af fiski, landið virtist geta verið frjósamt, fuglalíf var fjölbreytt og mikið af hval og sel. Og mennirnir voru frábærir sjómenn sem gátu farið svo hratt yfir á bátum sínum að það var nánast ótrúlegt. En fólkíð virtist vera stríðlynt, það líktist helst fólkí í Austur- og Vestur-Indíum og hefði svipað litaraft og það; tengingarnar hér eru því skýrar við aðrar fjarlæggar slóðir og nýlendubúa. – Könnuðurinn William Baffin (d. 1622), sem var í síðasta leiðangrinum með Hall taldi að landsmenn væru þó ekki mannætur eins og sumir leiðangursmanna trúðu en allan mat ætu þeir hráan.⁴⁸¹

Samskipti leiðangursmanna við íbúana voru nokkur, stundum vinsamleg, og viðskipti voru einnig töluverð. En einnig urðu átök á milli leiðangursmanna og heimamanna.⁴⁸² M.a. rændu þeir fyrrnefndu nokkrum heimamönnum og búnaði þeirra árið 1605 og leiddi það til dauða Halls.⁴⁸³ Er hann kom þangað árið 1612 var hann drepinn af heimamanni sem hefnd fyrir ránið.⁴⁸⁴

Adam Olearius, ættaður frá Magdeburg í Þýskalandi, var embættismaður í þjónustu hertogans af Holstein og sendur til Persíu í erindum hans. Á leið sinni þaðan fór hann víða um Rússland. Heimkominn ritaði hann um för sína í bókinni *Beschreibung der muscowitischen und persischen Reise* sem fyrst kom út 1647 en síðar í fleiri útgáfum á þýsku og öðrum tungumálum: Ensku, frönsku, hollensku og ítölsku. Hér er stuðst við ensku útgáfuna, *The Voyages and Travels of the Ambassadors from the Duke of Holstein, to the Great Duke of Muscovy and the King of Persia* sem kom út árið 1662.

⁴⁸⁰ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 265 og áfram.

⁴⁸¹ James Hall, „James Hall his Voyage forth of Denmarke for the Discovery of Greenland“, bls. 333–334. – Einnig William Baffin, „The fourth Voyage of James Hall to Groenland“, bls. 376–378.

⁴⁸² James Hall, „James Hall his Voyage forth of Denmarke for the Discovery of Greenland“, bls. 330–331.

⁴⁸³ James Hall, „The second Voyage of Master Hall, forth of Denmarke into Groenland“, bls. 346–348, 368. – Einnig Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 267.

⁴⁸⁴ James Hall, „James Hall his Voyage forth of Denmarke for the Discovery of Greenland“, bls. 318–352.

Nú kom Olearius aldrei til Grænlands en tildrög þess að hann og verk hans er rätt hér eru þessi: Eftir hlé á Grænlandssiglingum um árabíl sótti Henrik Müller (1609–1692), háttsettur embættismaður hjá dönsku tollstjórninni, um sérréttindi til þess að fá að sigla til Grænlands og nýta gæði landsins næstu 30 ár. Leyfið fékk hann og réð hollenskan skipstjóra til fararinnar, David Urbanus Dannel (1605–1661). Dannel og áhöfn hans sigldu fyrst af stað árið 1652. Hann fór síðan tvívegis aftur á sömu slóðir en lét þar staðar numið. Í síðustu ferðinni, 1654, var fjórum Grænendingum rænt og þeir fluttir til Danmerkur, reyndar með viðkomu í Bergen þar sem málað var af þeim málverk. Á leiðinni til Danmerkur lést eini karlmaðurinn í hópnum en þrjár konur voru fluttar til Gottorp í Holstein þar sem þær voru í haldi í umsjá skurðlæknisins Reinholds Horn (óvíst með fæðingar- og dánarár). Hann hafði verið á Grænlandsleiðangrinum. Þar hitti Olearius þær og ræddi við Reinhold Horn; á þessum samskiptum, og ýmsum eldri ritum, byggði lýsing hans.⁴⁸⁵

Í umfjöllun sinni afsakaði höfundar að hann tæki þetta hliðarspor; hann hefði fjallað um samoyeda og því gæti hann eins fjallað um Grænendinga, enda líktust þessar þjóðir.⁴⁸⁶ Olearius ræddi um viðskipti leiðangursmanna og heimafólks og gat þess í því samhengi að konurnar hefðu gjarnan viljað selja sig, með vilja og vitorði karlmanna, til þess að fá ýmsan varning. Því til staðfestingar greindi hann frá konu sem hefði boðið samfarir við einn úr áhöfn skipsins, jafnvel að öllum ásjáandi, en henni hefði verið komið í skilning um að slíkt væri ekki viðeigandi. Í tengslum við það hefði hópur Grænendinga verið lokkaður niður í lest skipsins og þau læst þar niðri og tekin til fanga. Fjögur þeirra voru svo flutt til Danmerkur. Ekki tekur höfundur önnur dæmi eða greinir frá því að konurnar sem voru teknar til fanga hefðu hagað sér ósiðlega, að hans mati.⁴⁸⁷

Höfundurinn lýsti nú útliti fólksins. Það samsvaraði sér vel, var þó of breiðleitt að hans mati og augun smá. Hörundsliturinn væri dökkur og mun dekkri en litaraft í andliti. Eftir nákvæma skoðun kvað hann upp úr með að brjóst kvennanna hefðu verið „very unhandsome, the nipple black as a coal“.⁴⁸⁸ Ein kvennanna var þó ljósari á hörund en hinar tvær og taldi höfundur að það gæti bent til tengsla við kristna íbúa landins til forna; sagnir um þá voru því vel þekktar um miðja 17. öld. Olearius velti greinilega mjög vöngum yfir litarafti Grænendinga: Samkvæmt Plíníusi ætti mikið sólskin að valda dökkum hörundslit og hrokknu hári en höfundur sýndi fram á með dæmum að sú kenning ætti alls ekki alls staðar við, eins og Grænendingar, sem voru dökkir að hans mati, væru dæmi um. Hann nefndi því til sögunnar þá kenningu að hinir dökku væru hinir bölvuðu

⁴⁸⁵ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 283–286, 294–295.

⁴⁸⁶ Samoyedar eru þjóðflokkur nyrst í Rússlandi, nú nefndir Nenets.

⁴⁸⁷ Adam Olearius, *The Voyages and Travels of the Ambassadors from the Duke of Holstein*, bls. 69–70.

⁴⁸⁸ Adam Olearius, *The Voyages and Travels of the Ambassadors from the Duke of Holstein*, bls. 70–71.

afkomendur Kams [eða Hams], sonar Nóa; hér er athyglisvert að forn fræði og þekking eru enn grunnur umræðunnar, enda vísað til Plíníusar. En höfundur telur þó betur fara á því að láta hið kristna sjónarhorn ráða, „a more Christian accompt“ sem er umræða um bölvun Kams. Sem fyrr er greint er kynþáttahyggja einn af fylgifyskum nýlendustefnunnar. Þar skipti litaraft miklu máli og kristilegar réttlætningar voru sannarlega mikilvægar í því samhengi.⁴⁸⁹

Olearius ræddi hæfni fólksins við veiðar, ekki síst við hvalveiðar. Hann fjallaði einnig um fæði þess og nefndi að því líkaði alls ekki matur leiðangursmanna. Hvalspik þætti Grænendingum best af öllu og svo drykkju þeir vatn, alls ekki vín. Stundum ætu þeir fiskinn hráan en það fannst Olæariusi þó ekki skrytið; slíkt væri vel þekkt í Þýskalandi og gat því ekki talist þeim til hnjóðs að mati höfundar; enn sést hér hversu viðmiðin að heiman eru mikilvæg. Engan áhuga hefðu þeir á gulli, eingöngu verkfærum úr járn. Lífshættir þeirra væru því vissulega ólíkir síðum aðkomumannanna, þó ekki að öllu leyti. Svo kom Olearius með eftirfarandi staðhæfingar:

Their way of living is so different from what is seen elsewhere, that it is no injury to call them *Savages*. They have no discretion, civility, vertue or shame. Their countenances are ever frowning, and they very seldom laugh: they are timorous, and distrustfull, and withall insolent, stubborn, and indisciplinable. They are very nasty, and their Tongues serve them for Handkerchers, as well for their Cloaths as their bodies, so that they may very justly be said to live like beasts.⁴⁹⁰

Fram hefur komið að Olearius kynntist grænensku konunum sem var haldið föngnum í Gottorp. Að mati hans voru þær námfúsar og komu vel fram. Því gætir ekki samræmis og ekki að undra því tilvitnunin hér að ofan er efnislega tekin úr riti Isaacs de la Peyrère sem síðar verður rætt um (bls. 141).⁴⁹¹ Hér er því gott dæmi um það hvernig hefðin, lýsingar úr eldri ritum annars vegar og eigin vitnisburður hins vegar, togast á og það er hin viðurkennda þekking sem hefur betur.

Samkvæmt þeim lýsingum sem hér hefur verið fjallað um eru ímyndir íbúa landsins fremur neikvæðar, fólkið er talið vera árásargjarnt, konurnar selji sig, það sé jafnvel mannætur og lifi svipað og dýrin; þessar skoðanir voru mjög í anda margra annarra lýsinga á fólki á framandi slóðum frá þessum tíma, t.d. á Afríkubúum. Í þessum ritum kemur því skýrt fram hversu tilfærsla hugmynda á milli svæða skipti miklu máli og að í raun væri allt frumstætt fólk eins.

En einnig birtist þó aðdáun á inúítum fyrir hæfni þeirra við veiðar, getu til þess að komast af við erfiðar aðstæður og að þetta fólk hafi góðan skilning. Þrátt fyrir ofurvissu þeirra sem rita umrædda texta um yfirburði sína komast þeir þó ekki hjá því að sjá að heimafolk hefur ýmislegt fram yfir þá. Valdahlutföllin í þessum textum eru

⁴⁸⁹ Adam Olearius, *The Voyages and Travels of the Ambassadors from the Duke of Holstein*, bls. 74.

⁴⁹⁰ Adam Olearius, *The Voyages and Travels of the Ambassadors from the Duke of Holstein*, bls. 73.

⁴⁹¹ Sjá bls. 141.

þó skýr og þau birtast enn ljósar í því að leiðangursmenn telja sér heimilt að ræna fólki og taka með sér á brott til heimalandsins, svipað og dýr eða plöntur, til þess að hafa til sýnis. – Umfjallanir um landið eru fremur jákvæðar og dregin upp mynd af svæði sem býður upp á ríkuleg tækifæri.

4.2.1.3 *Hans Egede á Grænlandi*

Landkönnuðir sem fóru til Grænlands á 16. og 17. öld og dönsk stjórnvöld voru ekki í nokkrum vafa um að íbúar landsins væru villtir heiðingjar. Er kom fram á 18. öld sannfærðust þau um að úr þessu yrði að bæta. Fyrsti trúboðinn sem kom til landsins var norski presturinn Hans Egede (1686–1758) árið 1721. Reglubræðurnir frá Mæri – nú í Tékklandi – komu rúmum áratug síðar en þeir fengu heimild til að fara til Grænlands árið 1733.⁴⁹²

Hans Egede var upprunninn í Norður-Noregi, menntaðist í Kaupmannahöfn en varð síðan prestur í Lofoten, sem er alllangt norðan heimskaupsbaugsins. Hann var því vanur norðlægum slóðum áður en hann réðst sem trúboði til Grænlands. Vitaskuld var hann líka sendimaður konungs sem kostaði trúboð hans og tengdist verslun í landinu.⁴⁹³ Koma Hans Egede til Grænlands árið 1721 markaði tímamót í sögu landsins. Hún hafði í för með sér nýlenduvæðingu Grænlands þó að treglega gengi að fá erlent fólk til að setjast þar að. En fulltrúar danskra stjórnvalda komu sér þó smám saman fyrir þar og samgöngur til landsins frá Vestur-Evrópu urðu brátt reglulegar. Nýlenduvæðingin breiddist smátt og smátt út með því að komið var upp verslunarstöðum æ víðar og trúboðar settust þar að.⁴⁹⁴

Egede ritaði síðar um störf sín á Grænlandi og gaf verk sitt út, *Omstændelig og udførlig relation, angaaende den grønlandske missions begyndelse og fortsættelse, samt hvad ellers mere der ved landets recognoscering, dets beskaffenhed, og indbyggernes væsen og leve-maade vedkommende, er befunden*. Það kom út í þremur bindum frá 1734–1743. Það rit var síðan gefið út fljótlega á megingtungum Evrópu, m.a. á ensku, og er stuðst við þá útgáfu hér, enda útbreiddust. Við samningu þess verks byggði hann vitaskuld á eigin reynslu en studdist líka við þær heimildir sem voru aðgengilegar um Grænland, t.d. rit Peders Claussøn Friis, *Norriges Oc Omliggende Øers sandfærdige Bescriffuelse* frá 1632; einnig rit Arngríms Jónssonar, *Gronlandia, Eller Historie om Grønland* sem kom út á dönsku 1732 og verk Þormóðs Torfasonar (1636–1719) *Gronlandia antiqua* frá 1706.⁴⁹⁵ – Verk Egedes átti eftir að hafa mikil áhrif á það hvernig var fjallað um Grænland

⁴⁹² M.a. Søren Thuesen, Gunnar Kristjánsson og Jóan Pauli Joensen, „Religiøs og åndelig kultur“, bls. 260. – Á þýsku nefnast reglubræðurnir Herrnhuter Brüdergemeine en þessi trúarhreyfing síðbótarmanna á rætur að rekja til kenninga tékkneska prestsins og trúarleiðtogans Jans Hus (1369–1415) á ofanverðri 14. öld og öndverðri 15. öld.

⁴⁹³ M.a. Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 278–279.

⁴⁹⁴ Víða er um þetta fjallað í Finn Gad, *Grønlands historie II*. – Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 132 og áfram.

⁴⁹⁵ Finn Gad, *Grønlands historie II*, bls. 28.

Það sem eftir lifði 18. aldar og á 19. öld og er því rétt að gera grein fyrir þeim megináherslum sem þar birtast.



Mynd 25. Búsetuhættir Grænlandinga eins og Hans Egede kynnti þá í bók sinni frá 1741, samhlíða því að sýndur er veiðiskapur þeirra.

Egede fullyrta að landkostir á Grænlandi væru góðir. Það væri nú nánast óræktað og ónýtt en samkvæmt fornum sögum hefði svo alls ekki alltaf verið. Til forna hefði verið þar fjöldi nautgripa og framleitt mikið af smjöri og osti. Sumt af því hefði jafnvel verið flutt til Noregs og orðið þar hluti af forðabúri konugs. Þá hefði einnig verið ræktað þar mikið af hveiti. Líka hefðu verið þar miklir skógar og gnægð veiðidýra. Þess utan hefði ekki skort fisk og önnur sjávardýr í ám og í hafinu við landið.⁴⁹⁶ En Grænland gat boðið upp á fleira að sögn Egedes. Sögur gengu af því að gull hefði fundist á Grænlandi og hefði verið flutt þaðan í skipsförnum en Egede kvaðst þó hvorki hafa fundið gull né silfur. En marmari væri þar í mörgum litum sem

⁴⁹⁶ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 41–42.

nýttist innfæddum á margan hátt, að sögn höfundar.⁴⁹⁷ Egede byggir hér greinilega á frásögn Ívars Bárðarsonar en vísar hér líka í „gullfund“ Frobishers, sem fyrr er getið um.⁴⁹⁸

Í texta sínum lýsti Egede fornri gullöld á Grænlandi og byggði upp þær væntingar að vel mætti endurreisa forna velsæld, svo fremi að landið yrði „well settled again, and cultivated“.⁴⁹⁹ Það rökstuddi hann með því að loftslagið væri alls ekki slæmt heldur fremur heilnæmt, sjúkdómar fágætir og nánast takmarkalaus auðæfi í landinu. Einnig væri það kostur að ekki væru þar eitruð eða óþörf dýr svo sem snákar, froskar, bjöllur, mýs eða rottur. Egede var líka sannfærður um að verslun við Grænland gæti orðið vel arðbær, ekki síst ef þangað væri flutt fólk sem stuðlað gæti að slíkum viðskiptum.⁵⁰⁰ Egede dró því upp þá mynd af Grænlandi að það væri sannarlega land tækifæranna, það biði framtaksamra handa að byggja þar upp forna velsæld.

Eitt af markmiðum höfundarins var að reyna að komast að því hvað hefði orðið um norræna menn á Grænlandi, einkum í Eystrbyggð, sem hefðu lifað þar góðu lífi. Á þeim slóðum sem hann bjó virtist þá ekki vera að finna. Honum – og stjórnvöldum í danska ríkinu – var keppikefli að finna þetta fólk á ný, „the offspring of the old Norwegians and Icelanders“ og aðstoða þessa trúbræður sína; allt frá því að dönsk stjórnvöld fóru að veita Grænlandi verulega athygli frá upphafi 17. aldar höfðu vonir verið bundnar við að finna þetta fólk.⁵⁰¹ Ætla mætti að kristindómur hefði daprast hjá þessu folki og væri brýnt að leiðrétta það sem hefði misfarist.⁵⁰² Líklegt er að frásagnir Zeno-bræðra, sem voru alkunnar, hafi ýtt undir þessa viðleitni, að finna fólk á Grænlandi sem væri „siðmenntað“ og héldi ef til vill enn uppi svipuðum háttum og forðum, lifði jafnvel við auðsæld, svipað og hafði verið lýst í fornum ritum og í Zeno-frásögninni. Ekki varð þó af því að Egede tækist að fríska upp á fornan kristindóm hjá norrænum mönnum eða kynna sér lífshætti þeirra. Hann fann þá ekki og heldur ekki þeir sem síðar komu. Vonir til þess að finna þetta fólk og endurreisa gullöld Grænlands hurfu þó ekki með Egede. Þær lifðu lengi síðan. En Egede einbeitti sér að því að kristna inúíta.

Egede bar inúítum að mörgu leyti vel söguna. Þeir væru vel byggðir, hefðu reyndar breið andlit, þykkar varir og flatt nef. Eyru og nef væru dökk og má lesa úr orðræðu hans að slíkt útlit væri framandlegt og ekki ásjálegt. En sjaldan yrðu þeir veikir og karlar og konur væru iðjusöm. Grænendingar væru auk þess friðsamir og elskulegir. Öfund, hatur, illindi og slagsmál þekktust vart meðal þeirra. Í tungumáli þeirra fyrirfyndust ekki einu sinni orð og hugtök yfir samskipti af því tagi. Hjá

⁴⁹⁷ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 47–49.

⁴⁹⁸ Sjá bls. 126.

⁴⁹⁹ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. cxiii (formáli Egedes).

⁵⁰⁰ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 55–56, 65, 180–181.

⁵⁰¹ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. cxvi. – Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 268. – Einnig Finn Gad, *Grønlands historie* II, bls. 24–25.

⁵⁰² Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 230 og áfram.

Grænlandingum gildi líka sameign á flestum hlutum og væri séð fyrir þörfum þeirra sem gætu ekki unnið. Að mati Egedes gátu aðrar þjóðir lært sitthvað af því. Þá væru Grænlandingar glaðsinna og kátir og gerðu að gamni sínu, þó án þess að það væri á kostnað annarra. Og aldrei hefðu þeir móðgað eða valdið Egede og hans fólk tjóni nema því aðeins að þeir hefðu verið egndir til þess.⁵⁰³ Grænlandingar væru einnig mjög mildir við börn sín og skömmuðu þau aldrei en létu þau að mestu sjálfráð. Egede fullyrti að á margan hátt væru Grænlandingar sjálfir eins og börn og þeim yrði að kenna eins og börnum með tíðum endurtekningum og einföldum og augljósum samanburði.⁵⁰⁴ Hið barnslega kæmi einnig fram á margvíslegan annan hátt, t.d. í náttúrulegu sakleysi þeirra og einfaldleika, nægjusemi og frelsi. Hið eina sem vantaði til þess að þetta fólk öðlaðist fullkomna hamingju væri að það tæki upp kristna trú, sagði Egede.⁵⁰⁵ Þessi umfjöllun minnir sannarlega á lýsingu Adams frá Brimum á Íslendingum meira en sex hundruð árum fyrir.⁵⁰⁶ En aðallega dregur hún dóm af lýsingum á frumstæðu fólki annars staðar á framandi slóðum, í Ameríku og Afríku og barnslegum og frumstæðum háttum þeirra. Samkvæmt höfundinum líktust inúítarnir mjög háttum slíks fólks.

Egede kvaðst ekki geta annað en dáðst að framkomu Grænlandinga, sem væri óþvinguð og þægileg. Hefði tæplega verið við slíku að búast af þjóð sem væri svo ómenntuð og lítt faguð. Þá væri tungumál Grænlandinga fjölbreytt og litbrigðaríkt, og með afbrigðum kraftmikið. Egede lýsti jafnvel leikjum þeirra og væri fótbolti vinsæll.⁵⁰⁷ Þeir líktust því einnig „venjulegu“ fólki og léku sér t.d. á svipaðan hátt. Hann þóttist jafnvel sjá að margt væri líkt með síðum Grænlandinga og gyðinga og velti hann því fyrir sér hvort inúítar væru kannski afkomendur einhverra af hinum tíu kynkvíslum gyðinga, til dæmis einhverra hinna herleiddu sem síðan dreifðust um heiminn.⁵⁰⁸ Egede reyndi því, eins og svo margir aðrir á undan honum í öðru samhengi, að tengja fólk við „viðurkenndan“ uppruna, að Grænlandingar væru hluti hinnar stóru fjölskyldu sem kristnin væri sprottin upp úr. Viðleitni hans væri því í því

⁵⁰³ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 128–129. – Þetta er ekki alveg sannleikanum samkvæmt, sjá m.a. Finn Gad, *Grønlands historie* II, bls. 169 og víðar.

⁵⁰⁴ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 148, 215.

⁵⁰⁵ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 224–225. Texti Egedes um þetta efni hljóðar svo í enskri þýðingu: „In short, every one is contented with his own state and condition, and are not tormented with unnecessary cares. Is not this the greatest happiness of this life? O happy people! what better things can one wish you, than what you already possess? Have you no riches? yet poverty does not trouble you. Have you no superfluity? yet you suffer no want. Is there no pomp and pride to be seen among you? neither is there any slight or scorn to be met with. Is there no nobility or high rank amongst them? neither is there any slavery or bondage. What is sweeter than liberty? And what is happier than contentedness? But one thing is yet wanting: I mean, the saving knowledge of God and his dear son Christ Jesus, in which alone consists eternal life and happiness.“

⁵⁰⁶ Sjá bls. 62–66.

⁵⁰⁷ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 162–163, 167.

⁵⁰⁸ Hans Egede, *A Description of Greenland*, bls. 197.

fólgin að leiða þá úr eins konar herleiðingu, þ.e. frá villimennsku og heiðni til kristni, siðmenningar og viðurkennds uppruna.



Mynd 26. Hans Egede dró einnig upp þá mynd af Grænlendingum að þeir líktust siðmenntuðu fólki í sumum háttum sínum, t.d. þegar þeir léku sér í boltaleik.

Grænlendingar birtast sem göfugir villimenn í lýsingu höfundarins en þeir voru þó ekki með öllu gallalausir að mati hans. Þeir væru t.d. seinlátir og óþrifalegir, enda þvægju þeir sér sjaldan. Egede gat þess einnig að sumum þeirra þætti gott í staupinu eftir að þeir hefðu lært að drekka áfengi svo að þeir neituðu aldrei slíkum drykkjum. Þá fannst honum lauslæti ljóður á ráði þeirra og fyrir kæmi að þeir stælu frá útlendingum. Þessi neikvæða hlið á mannlífi inuíta var þó minniháttar samanborið við kostina að mati höfundarins.⁵⁰⁹

Texti Egedes um Grænland er á margan hátt athyglisverður. Segja má að hann leggi aðaláherslu á tvennt: Annars vegar þau tækifæri sem hann taldi að væru á Grænlandi en

⁵⁰⁹ Hans Egede, *A Description of Greenland*, m.a. bls. 124–127, 139, 142.

hins vegar á fólkið og eiginleika þess. Lýsing hans á landkostum á Grænlandi er um sumt lík lýsingum á sælueyjum þó að vitaskuld væru þar líka anmarkar á. En samhliða er lýsing hans á Grænlandi áskorun til stjórnvalda um að hefja landnám og uppbyggingu eða enduruppbyggingu, eins og hann setti málin fram! Ekki er að sjá að Egede velti fyrir sér rétti inúíta til landsins sem þeir bjuggu í og landkostanna. Hann var fulltrúi nýlenduherranna og efaðist ekki um hverra sá réttur væri.

Lýsing hans á íbúum Grænlands er mjög í anda hefðbundinna lýsinga frá þessum tíma á göfugum villimönnum í fjarlægum heimshlutum, sem fyrr greinir. Gæska þeirra var nánast takmarkalaus. Þeir voru meira að segja stundum ásjálegir og líktust um sumt jafnvel siðmenntuðu fólki. Að mörgu leyti lifðu Grænendingar því, að mati Egedes, eins og sannkristið fólk. Það skref varð þó að taka, að kynna fyrir þeim kristindóm og siðmenningu, til þess að yfirvinna þá galla sem hann taldi vera í fari þeirra.

Rit Egedes lagði grunn að breyttri ímynd Grænlands. Í kjölfar umfjöllunar hans breyttust frásagnir af landinu. Þær höfðu oft verið neikvæðar, ekki síst byggðar á leiðangurslýsingum frá því í kringum 1600, þar sem inúítum var oft lýst sem árásargjörnum og grófum villimönnum. Fyrir tilstilli verka Egedes urðu þær stórum jákvæðari og var í kjölfar þeirra lögð meiri áhersla á hina göfugu villimennsku í fari þeirra. Hagsmunir trúboðans fólust einmitt í því að lýsa Grænendingum sem vænlegu viðfangsefni fremur en óviðráðanlegu.

4.2.2 Yfirlitsrit um Grænland

Frásagnir yfirlitsrita um Grænland á tímabilinu 1500–1750 hafa yfir sér margs konar blæ, svipað og lýsingar frá Íslandi, og þeir höfundar sem hér koma við sögu eru flestir þeir sömu og getið hefur verið um hér að framan í umræðunni um Ísland. Hér á eftir verður í fyrsta lagi fjallað um nokkur yfirlitsrit frá 16. öld, enda urðu þau grunnur margra síðari lýsinga; í öðru lagi nokkur fræðirit á 17. öld sem fjölluðu sérstaklega um Grænland; í þriðja lagi um yfirlitsrit þar sem Grænland kemur við sögu á ofanverðri 17. öld og fram um miðja 18. öld. Á þennan hátt ætti að fást allgott yfirlit um hugmyndir um Grænland í yfirlitsritum á tímabilinu.

4.2.2.1 *Jacob Ziegler og Olaus Magnus um Grænland*

Þegar Jacob Ziegler ræddi um Grænland í riti sínu *Schondia* árið 1532 er umfjöllunin ítarleg, samanborið við önnur lönd í norðri. Hann gat þess að Grænland bæri nafn af gríðarlegum grasvexti í landinu og þar hefði verið framleitt mikið magn af osti og smjöri. Hann nefndi einnig að í landinu væru tvær „biskupakirkjur“ og tilheyrði landið því hinum kristna heimi. En kristni ætti þó í vök að verjast og væri galdur tíðkaður, svipað og í Lapplandi, enda væri Grænland trúlega landtengt Lapplandi. Þannig stunduðu Grænendingar að koma erlendum skipum í hættu með galdri sínum með það að markmiði að ræna síðan skipin. Hann getur

einnig um skinnbáta Grænlandinga en tengir þá ekki við inúíta; þá kallar hann dverga, *pygmei*, sem komi í ránsferðir suður á bóginn.⁵¹⁰

Texti Zieglers er greinilega byggður á ýmiss konar heimildum: Grænlandslýsing Ívars Bárðarsonar virðist hafa verið þekkt á þessum tíma og á allsnægtalýsingin trúlega rætur í henni. Frásögn Ívars var búið að gefa út á hollensku árið 1560 en hún gæti jafnvel hafa verið aðgengileg áður, svo sem fyrr hefur verið nefnt.⁵¹¹ Líka gæti hugsast að Ziegler hafi haft aðgang að *Konungs skuggsjá*. Og svo getur hann hafa stuðst við stutta lýsingu Adams frá Brimum. Samkvæmt lýsingu Zieglers er Grænland öðrum þræði sælueyja vegna þess hversu gott er til bús í landinu. Það er kristið og því siðmenntað að vissu leyti en þó byggt fólki sem galar galdra og rænir. Nokkuð ljóst virðist að Ziegler á hér við norræna menn. En á Grænlandi er líka fólk af öðrum toga. Það er á mörkum þess að vera mennskt vegna þess að það er ekki fullskapað heldur dvergvaðið; umfjöllun hans um pygmea í Grænlandi er trúlega ættuð frá Claudiusi Clavus frá fyrri hluta 15. aldar. Svo sem ljóst má vera er hér eingöngu byggt á miðaldaheimildum, það er sú þekking sem höfundurinn hefur aðgang að. Lýsing Zieglers átti eftir að hafa mikil áhrif á öðra texta næstu aldir.

Þegar Olaus Magnus fjallaði um Grænland í riti sínu *Historia de gentibus septentrionalibus* blandaði hann líka saman ýmsum sögnum. Hann sakaði Grænlandinga einnig um að vera sjóræningjar og bætti við að þeir sökktu öllum skipum með því að bora gat á þau. Olaus Magnus nefndi einnig báta þeirra sérstaklega og kvaðst hafa séð tvo skinnbáta frá þeim komna í Ósló.⁵¹² Hann greindi líka frá því að þeir byggju í húsum sem líktust mest bátum á hvolfi og stundum notuðu þeir rifbein hvala í bjálka stað. Þá væri barátta smávaxinna íbúa landsins við trönur sem héldu til við Grænland í stórum stíl sérkennileg og ótrúleg en Olaus Magnus taldi að Grænlandingar væru pygmear.⁵¹³ Hann kvaðst þó alls ekki mundu hafa trúað frásögn af bardaga við fugla ef ekki vildi svo til að Hómer og Sólinus hefðu einmitt lýst svipuðu fyrirbæri.⁵¹⁴

⁵¹⁰ Jacob Ziegler, „Schondia. Ett geografiskt arbete öfver Skandinavien från år 1532“, bls. 5–7. – Einnig umfjöllun hjá Sebastian Münster, *Cosmographie oder Beschreibung aller Länder* (1550), bls. dcccclxxxvii.

⁵¹¹ Iver Boty [Ívar Bárðarson], „A Treatise of Greenland“, bls. 163.

⁵¹² Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* I, bls. 92. – Einnig Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 213.

⁵¹³ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 212.

⁵¹⁴ Olaus Magnus, *Historia om de nordiska folken* I, bls. 92–96. – Þessi sögn á rætur að rekja til Plíníusar sem greindi frá tilvist smávaxins fólks í Indlandi, pygmea sem væru ekki meira en þriggja spanna háir (innan við 60 sm.) og ættu þeir í sífelldri baráttu við trönur, Pliny, *Natural History* II, book VII, bls. 523–524. – Einnig Kirsten A. Seaver, „Pygmies’ of the Far North“, bls. 74–76.



Mynd 27. Pygmear í Grænlandi berjast við trönur samkvæmt lýsingu Olausar Magnus.

Sem sjá má hefur Olaus Magnus fróðleik sinn bæði frá nýlegum heimildum, aðallega Ziegler, og úr ritum fornhöfundanna. Hann speglar lýsingar þeirra á fjarlægum furðuþjóðum yfir á Grænland, eins og fræðimennirnir John Gillies og François Hartog hafa rætt um í umfjöllunum sínum um það hvernig framandleiki er gerður skiljanlegur. Blæbrigðamanur er á frásögnum þeirra tveggja. Ziegler virðist gera ráð fyrir tvenns konar fólki á Grænlandi en það gerir Olaus Magnus ekki, að hans áliti eru þar eingöngu pygmear. Þessa þræði spunnu aðrir höfundar áfram fram á 17. öld og bættu ýmsum fleiri við. – Þegar komið var fram á 17. öld höfðu svo bæst við nýir fletir í frásagnir yfirlitsrita um Grænland; þá var Zeno-frásögnin, sem fyrir er getið, orðin alþekkt og varð um skeið ein meginheimilda um Grænland.⁵¹⁵

4.2.2.2 Nokkur fræðirit um Grænland á 17. öld

Mjög vaxandi áhugi var á Grænlandi á 17. öld. Það tengdist, eins og áður hefur verið bent á, leitinni að siglingaleiðum til Austur-Asíu, stórauðnum veiðum á sjávarspendýrum og svo von um að þar myndu finnast málmar, líkt og víða í „nýja heiminum“. Vel má segja að mun meiri áhugi hafi verið á Grænlandi en Íslandi um þetta leyti og fólk þyrsti í að fá að vita meira um þetta mikla land.

Nokkrir höfundar tóku sig til á 17. öld og rituðu ítarlegar greinar um Grænland, byggðar á þeim heimildum sem tiltækar voru um þetta leyti. Í fyrri kafla var fjallað um Grænlandslýsingu Ívars Bárðarsonar, eða Iver Boty eins og hann var nefndur. Lýsingin

⁵¹⁵ Sebastian Münster, *Cosmographia, Das ist: Beschreibung der gantzen Welt*, bls. 1368.

kom út á ensku árið 1625. Hún varð því aðgengileg mörgum og oft til hennar vitnað, ekki síst vegna þeirrar auðlegðar sem sögð var vera á Grænlandi: Gnæð fisks og hvala og mikill fjöldi húsdýra sem sums staðar gengju sjálfala án þess að nokkur hirti um þau. Loftslag væri auk þess svo gott að þar gætu vaxið „on the high Hills, Nuts and Acornes, which are as great as Apples, and good to eate. There groweth also the best Wheate“, eins og sagði í þýðingunni á texta Ívars sem birtist í ferðasögusafni Samuels Purchas. Einnig er getið um „Silver Hills“, „Marble stones of all colours“ og önnur gæði.⁵¹⁶ Þessi frásögn er mikilvæg skýring þess hvers vegna algengt var að líta á Grænland í útópísku ljósi á 17. öld og fram eftir 18. öld og hvers vegna margir sýndu landinu mikinn áhuga; af þessari lýsingu má líka ljóst vera hvar Hans Egede hefur fengið heimildir sínar um mikla auðlegð í Grænlandi.⁵¹⁷

En snúum okkur nú að 17. aldar höfundunum. Þeir sem hér verða nefndir til sögu eru Íslendingurinn Arngrímur Jónsson, hinn danski Claus Christoffersen Lyschander og svo loks Frakkinn Isaac de la Peyrère en þeir hafa allir komið áður við sögu. – Hér er einnig rétt að nefna að norski presturinn og sagnaritarinn, Peder Claussøn Friis, fjallaði töluvert um Grænland í *Norriges Oc Omliggende Øers sandfærdige Bescriffuelse* frá 1632 og byggði þar á norskum og íslenskum heimildum, m.a. *Konungs skuggsjá* og er frásögnin mjög í þeim anda.⁵¹⁸ Enn einn norrænn höfundur, Íslendingurinn Þormóður Torfason, fjallaði um Grænland í riti sínu *Gronlandia antiqva* sem kom út árið 1706; höfundurinn rekur þar aðallega íslenskar og norrænar heimildir sem varða Grænland, þar með talið *Konungs skuggsjá*. Hann er mest með hugann við þann tíma sem norrænir menn bjuggu í landinu. Hann rekur heimildirnar nokkuð nákvæmlega en hefur kannski ekki miklu að bæta sjálfur við efnið.⁵¹⁹

En fyrstan skal nefna Arngrím Jónsson. Hann tók saman rit um Grænland, líklega samhliða því að hann skrifaði *Crymogæu* um Ísland eins og fyrr er greint.⁵²⁰ Það var ritið *Gronlandia*. Handrit að verkinu var þó ekki gefið út fyrr en löngu eftir lát höfundarins en var aðgengilegt dönskum fræðimönnum og notað í umfjöllunum um Grænland. Íslensk þýðing birtist fyrst árið 1688 og dönsk útgáfa 1732. Arngrímur rekur sögu norrænna manna á Grænlandi. Hann ræðir um afrek þeirra við siglingar og byggir verk sitt á íslenskum fornritum. Viðhorf hans til inúíta eru neikvæð, hann nefnir þá skrælingja eins og gert er í *Grænlandingasögu*, eða smælingja af „litlum vexti ok vesællegum“. Hann nefnir líka síðar hversu „fiflskir“ þeir séu, og ræðir um villimennsku þeirra og árásargirni. Önnur atriði sem vekja athygli í frásögn Arngríms eru meintir góðir landkostir á Grænlandi sem hann lofar mjög.⁵²¹ Þessa umfjöllun byggir hann trúlega á

⁵¹⁶ Iver Boty [Ívar Bárðarson], „A Treatise of Greenland“, bls. 163–171.

⁵¹⁷ Iver Boty [Ívar Bárðarson], „A Treatise of Greenland“, einkum bls. 168–169. – Einnig Finn Gad, *Grønlands historie* II, bls. 7.

⁵¹⁸ Finn Gad, *Grønlands historie* I, bls. 287.

⁵¹⁹ Þormóður Torfason, *Det gamle Grønland eller Det gamle Grønlands beskrivelse*.

⁵²⁰ Jón Helgason, „Introduction“, bls. 8.

⁵²¹ Arngrímur Jónsson, „Gronlandia“, bls. 6, 9–10.

Grænlandslýsingu Ívars Bárðarsonar eða á *Konungs skuggsjá*, enda er hún mjög í þeim anda. Sem sjá má dregur Arngrímur upp mynd af tvenns konar samfélagi á Grænlandi, kristnu og siðmenntuðu annars vegar en heiðnu samfélagi villimanna hins vegar. Landinu lýsir hann sem auðugu og eftirsóknarverðu; heimildirnar eru íslenskar og norrænar miðaldaheimildir.

Samtímamaður Arngríms, Claus Christoffersen Lyschander, fjallaði einnig ítarlega um Grænland. Hann gaf út *Den Grønlandske Chronica* árið 1608 og er verkið allt í bundnu máli. Lyschander ræddi þar m.a. um landnám norrænna manna á Grænlandi, líklega með hliðsjón af ritum Arngríms en einnig fleiri heimildum. Fólkið hefði komið sér fyrir í Görðum og þaðan hefði byggðin breiðst út. Norrænir menn hefðu m.a. byggt bæinn Alba og þar hefði líka risið klaustur heilags Tómasar. Hér er greinilega vísað til frásagnar Zeno-bræðra svo að hann hefur einnig þekkt þá lýsingu.⁵²² Lyschander gerir mikið úr auðæfum Grænlands og hefði einn ferðalangur þar fyllt þrjú hundruð tunnur af gulli; hér er ljóslega átt við Martin Frobisher. Í kringum 1600 gengu miklar sögur af auðlegð Grænlands í gulli.⁵²³

Lyschander ræðir líka um aðra íbúa Grænlands og lýsir þeim sem villidýrum (vilddeste Beast). Ekki yrki þeir jörðina eins og Drottinn hefði boðið en leiti sér fæðu eins og dýr. Greinilegt er að höfundur telur þá ekki verðskulda land sitt. Þá líti fólkið mjög einkennilega út, konurnar séu í buxum eins og karlmenn og fólkið rífi í sig mat sinn án þess að sjóða hann; hann getur þess þó að þeir hafi góða báta og séu slyngir veiðimenn.⁵²⁴ Að mati Lyschanders eru Grænlendingar því á afar lágu menningarstigi, lítill munur á útliti karla og kvenna og lítill munur á fólki og dýrum. Trúlegt er að hann byggi þessa umsögn sína á lýsingum landkönnuða frá ofanverðri 16. öld.

Lyschander nefnir að ekki sé hægt að halda húsdýr á Grænlandi en mikið sé af feitum villidýrum. Því sé þannig háttáð á Grænlandi að villidýrin séu spök en fólkið villt.⁵²⁵ Hann gefur einnig í skyn að enn norðar í austurhluta landsins séu betri skilyrði, grænir dalir eins og þeir geti verið fegurstir.⁵²⁶ Samkvæmt þessari umfjöllun virðast landkostir á Grænlandi því á margan hátt fýsilegir og er gefið í skyn að í raun sé enginn sem nýti þá. Að öðru leyti sýnist landið ekki vera eftirsóknarvert, enda kalt og ekki einu sinni fánlegt ferskvatn þar að sögn höfundarins.

Isaac de la Peyrère, sem dvaldi um skeið í Kaupmannahöfn, fjallaði um Grænland í bók sinni *Relation du Groenland* (1647). Áður hafði hann fjallað um Ísland eins og fyrr hefur verið nefnt. Ritið kom síðar út í enskri þýðingu undir titlinum *An Account of Greenland* og eftir þeirri útgáfu er farið hér. Bók sína byggði La Peyrère m.a. á

⁵²² Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 138–139.

⁵²³ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 208.

⁵²⁴ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 210–212.

⁵²⁵ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 213.

⁵²⁶ Claus Cristoffersen Lyschander, *C.C. Lyschanders Digting 1579–1623*, bls. 235.

Den Grønlandske Chronica eftir Lyschander, samræðum við Ole Worm og eitthvað á ritum Arngríms Jónssonar.⁵²⁷

Höfundur gerði grein fyrir landnámi norrænna manna og Íslendinga á Grænlandi á sama hátt og Lyschander og ræddi m.a. um borgina Alba í því samhengi.⁵²⁸ Aðrir íbúar landsins en borgarbúar í Alba nutu ekki mikils álits: „They stink most nauseously, are nasty and filthy: their tongues serve them instead of a napkin or handkerchief, neither are they ashamed of what other men conceal and cover“. Engan áhuga höfðu þeir á gulli eða peningum en vildu verkfæri úr stáli.⁵²⁹ Samkvæmt La Peyrère eru inúítar því villtir og grófir, sóðalegir og blygðunarlausir. Höfundur sér því fyrir sér annars vegar siðmenntað norður en hins vegar villt norður á Grænlandi.

Hér má vera að hér glitti í kenningar höfundar um for-adamisma sem La Peyrère var þekktur fyrir. Í þeim fólst að Adam og Eva væru ekki einu „foreldrar“ mannkyns heldur kæmu þar fleiri við sögu. Hér er um að ræða svokallaðan *polygenism* sem var m.a. ætlað að skýra hversu mannkyn væri fjölbreytt og mennirnir ólíkir; kenningar höfundar voru síðar foræmdar og rit hans brennt opinberlega í París en það er önnur saga. Sumir kynþáttahyggjumenn á 19. öld tóku þessum fræðum síðar opnum örmum og notuðu þær sem röksemdir fyrir rasískum kenningum sínum.⁵³⁰

La Peyrère taldi landið ekki vænlegt til búsetu. Þó væri eftir ýmsu að slægjast á Grænlandi og er því lýst í anda Lyschanders. Jafnvel væru þar einhyrningar sem hlytu þó að vera ólíkir einhyrningunum sem Aristóteles, Plíníus og Biblían ræddu um að sögn höfundarins.⁵³¹ – Sem sjá má eru hér rædd svipuð þemu og Lyschander hafði fjallað um, og það gildir um öll þau rit sem hér hafa verið nefnd. Á Grænlandi átti að fyrirfinnast bæði villimennska og siðmenning, ill náttúra og auðug, fyrir utan undrin sem þar væri að finna.

Þau rit sem getið hefur verið um hér að framan byggðu eingöngu á eldri ritum og bættu litlu eða engu við hvað varðar hugmyndir um Grænland. Þeirra er getið hér vegna þess að þau urðu meðal helstu heimilda þeirra sem fjölluðu um Grænland í almennum yfirlitsritum á ofanverðri 17. öld og á fyrri hluta 18. aldar; í þessum ritum virtra fræðimanna var ekki síst að finna þekkinguna sem aðrir höfundar slíkra rita nýttu sér, og raunar höfundar um landið yfirleitt. Hér á eftir verður rætt um nokkur helstu þemu sem birtust í yfirlitsritum, orðræðuna um landið, á umræddu tímabili.

4.2.2.3 Yfirlitsrit um Grænland á síðari hluta 17. aldar og fyrri hluta 18. aldar

Almennu yfirlitsritin frá ofanverðu því tímabili sem hér er til umfjöllunar bera keim af því efni sem hefur verið rætt hér að framan: 16. aldar lýsingunum, Zeno-

⁵²⁷ Isaac de la Peyrère, „An Account of Greenland“; La Peyrère vísar hér og þar í þessar heimildir.

⁵²⁸ Isaac de la Peyrère, „An Account of Greenland“, bls. 379.

⁵²⁹ Isaac de la Peyrère, „An Account of Greenland“, bls. 394.

⁵³⁰ Sjá m.a. Richard H. Popkin, *Isaac La Peyrère*, m.a. bls. 115–165.

⁵³¹ Isaac de la Peyrère, „An Account of Greenland“, bls. 384–386.

frásögninni, frásögnum landkönnuða, bókum Hans Egede og loks ítarlegum umfjöllunum um landið í þeim verkum sem voru rædd hér að framan.

Sum yfirlitsrit á þessu tímaskeiði drógu upp mynd af Grænlandi sem útópískri eyju. Viðhorf af því tagi birtust víða, t.d. í texta eftir enska útgefandann og korta-gerðarmanninum Richard Blome (1635–1705) á ofanverðri 17. öld. Hann lýsti Grænlandi m.a. svo:

They say that in several parts of *Groenlandt* there are Lands which bear as good *Wheat* as any ground in the World; and *Chestnuts* so large, that their kernels are as big as *Apples*; that the Mountains yield *Marble* of all sorts of colours; that the Grass for *Pastures* is good, and feeds quantities of great and small *Cattel*, that there are *Horses*, *Stags*, *Wolves*, *Foxes*, Black and White, *Bears*, *Beavers*, *Martles*, &c. That the *Sea* is full of great *Fishes*, as *Sea-Wolves*, *Dogs*, and *Calves*, but above all of *Whales* ... that their *Fish Marhval* carrieth a *Tooth* or *Horn* so strong and long ... and they assure us that the *Horn* is of the same greatness, form and matter and hath the same properties as those which we here esteem on the *Unicornes*.⁵³²

Þessi texti gefur skýrt til kynna að ofgnótt og auður séu nánast endalaus á Grænlandi. Mikið er til af hvers kyns verðmætum og svo er landið sveipað dulúð með því að ræða um skyldleika hvalategundar við einhyrninga. Sú tenging er raunar vel við hæfi. Grænland var lengi sýnt sem dularfullt land. Þessi þjóðar- og landsímynd af Grænlandi var áberandi fram á 18. öld. Sem sjá má byggir höfundur texta sinn aðallega á lýsingu Ívars Bárðarsonar eða öðrum heimildum þar sem stuðst hafði verið við hana. En svo rímaði þessi lýsing líka vel við ýmsar frásagnir af endalausum auði í nýja heiminum.

Samhliða umræðu um allsnægtir var einnig algengt að fjalla um Alþaborg þeirra Zeno-bræðra í almennu yfirlitsritunum sem fullyrt var að væri á austurströnd Grænlands. Samkvæmt þeim lýsingum var þar að finna fyrirmyndarsamfélag eins og í klaustri og var tilvist borgarinnar lengi höfð fyrir satt. Sumir höfundar sögðu að íbúar landsins að öðru leyti væru stórir, hvítir og sterkir en kristindómur þeirra væri í lakara lagi; hér voru norrænir menn ef til vill hafðir í huga.⁵³³ En auk þess væri þarna annað fólk, og var þá átt við inúíta, sem var talið vera dvergaxið og „vergleichen sich viel mehr den Affen als den Menschen“, fullyrti þýski sagnfræðingurinn og grískukennarinn Rudolff Capel (1635–1684) á ofanverðri 17. öld.⁵³⁴

⁵³² Richard Blome, *A Geographical Description of the Four Parts of the World*, bls. 5.

⁵³³ Peter Heylyn, *Microcosmos. A Little Description of the Great World*, bls. 155. Þar segir meðal annars að landið sé „generally knowne to abound in grasse, which nourisheth great store of cattle“. – Einnig [Johann Gottfried Gregorii] Melissantes, *Cosmographia Novissima*, bls. 963. – Rudolff Capel lýsir Grænendingum svo: „Die geborne Einwohner sind gemeinlich hoher statur und lang, weisser Farb; kriegen mit Pfeilen ... leben von Fischen, aus welchen sie Mel machen, und selbiges unter Käse vermischen. Die auff dem Meere wohnen, wissen etwas von dem H. Evangelio; aber denen auff dem Mittellande ist die Wahrheit unbekannt. Den Zauberkünsten sind sie alle zumahl ergeben.“ Rudolff Capel, *Norden, oder zu Wasser und Lande im Eise und Snee*, bls. 175.

⁵³⁴ Rudolff Capel, *Norden, oder zu Wasser und Lande im Eise und Snee*, bls. 175.

Er kom fram um miðja 18. öld voru þessar skoðanir á undanhaldi en tíðkað að ræða um forna og horfna gullöld sem nú væri löngu liðin. Það gerði t.d. hinn þekkti þýski landfræðingur og prófessor, M. Anton Friderich Büsching (1724–1793) í bók sinni *Neue Erdbeschreibung* (1754). Var þá hugsunin sú að gullöld hefði ríkt á tímum Eiríks rauða og afkomenda hans. Er þeir hefðu komið þangað hefðu verið góðir landkostir og loftslag milt.⁵³⁵ Voru málin túlkuð svo að það hefðu verið niðjar hans sem byggðu borgina Alba og stofnsettu klaustur heilags Tómasar.⁵³⁶ En nú væri þetta allt úr sögunni og annars konar lífi væri lifað á Grænlandi.



Mynd 28. Víða var rætt um í heimildum á 17. og 18. öld hversu mikil auðlegð væri í Grænlandi, t.d. gnægð sjávarspendýra, eins og sést á þessari mynd úr bók Hans Egede frá 1741. Þar sjást Grænlandingar við veiðar, bæði á sel og hval.

Um þetta leyti, eftir að nokkuð var liðið á 18. öld, var einnig algengt að fjalla um íbúa Grænlands sem göfuga villimenn. Þeim var þá lýst í anda Hans Egede, að þeir væru músíkalskir, blíðir hverjir við aðra og þætti afar vænt um heimahaga sína. Einnig var oft getið um hæfni íbúanna að búa í erfiðu landi, færni við veiðar, snilli þeirra við að búa til báta og stjórna þeim, og rætt um skinnaverkun þeirra og klæðagerð.⁵³⁷

⁵³⁵ Á síðari hluta 18. aldar verður sú skoðun ríkjandi að fyrrum, þegar norrænir menn bjuggu á Grænlandi hafi verið þar allsnægtir en síðar hafi landinu hrakað og nú sé þar allt gjörbreytt; m.a. Anton Friedrich Büsching, *Neue Erdbeschreibung*, bls. 266. – Einnig [Johann Gottfried Gregorii] Melissantes, *Cosmographia Novissima*, bls. 963.

⁵³⁶ Anton Friedrich Büsching, *Neue Erdbeschreibung*, bls. 278.

⁵³⁷ Sir John Narborough o.fl., *An Account of Several Late Voyages & Discoveries*, bls. 199, 204–205.

Samhliða var fólki á Grænlandi þó einnig lýst sem siðlausum villimönnum; að þeir væru þjófóttir, svikulir, hefnigjarnir og drápfúsir, hneigðir fyrir galdur og tilbæðu djöfulinn.⁵³⁸ Líka að þeir væru dvergvaðir, illa lyktandi, hefðu andstyggð á venjulegum mat Evrópumanna, vildu helst hrátt kjöt af villidýrum og drykkju jafnvel sjó án þess að finna fyrir nokkrum óþægindum vegna þess.⁵³⁹ Auk þess væru þeir tortryggir eins og skepnur, skilningssljóir og héldu konur saman. Flestir byggju í hellum og væru þeir jafnvel enn meira hneigðir til samneytis við drauga en Íslendingar, enda hefðu þeir minni kynni af Guðs orði en þeir.⁵⁴⁰ Þessi ímynd, sem að hluta til var byggð á lýsingum landkönnuða af íbúum Grænlands snemma á 17. öld, var einnig áhrifamikil, af frumstæðum og grófum villimönnum sem hefðu staðnað í frumbersku sinni. Þetta fólk væri því án sögu og ættu meira sameiginlegt með dýrum en fólki.⁵⁴¹ Þessi orðræða var í góðu samræmi við lýsingar á frumstæðu fólki annars staðar í heiminum, í Afríku og Ameríku og skar sig ekki frá þeim. Henni svipaði líka mjög til sumra lýsinga á Íslendingum frá sama tíma.

Sem sjá má koma skýrar ímyndir fram í almennu yfirlitsritunum: Ímyndir af landi þar sem voru mikil auðæfi, svipað og í nýja heiminum, fornri siðmenningu og ef til vill fyrirmyndasamfélagi í samtímanum; einnig göfugum, barnslegum villimönnum og svo loks siðlausum og grófum villimönnum sem helst líktust dýrum.

4.3 Johann Anderson um Ísland og Grænland

Í lok þessa hluta um Ísland og Grænland á tímabilinu 1500–1750 verður fjallað um eitt yfirlitsrit þar sem bæði löndin koma við sögu. Er það gert til þess að unnt sé að bera saman ímyndir landanna tveggja í lok þessa tímáskeiðs í einu og sama riti. Verkið sem um er að ræða er Íslands- og Grænlandslýsing Johanns Andersons, *Nachrichten von Island, Grönland und der Straße Davis*. Talið er að ritið hafi verið lengi í smíðum, á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Það kom fyrst út á þýsku árið 1746, sem fyrr segir, en síðar einnig í fleiri þýskum útgáfum og einnig á dönsku, frönsku, hollensku og ítölsku.⁵⁴²

Johann Anderson (1674–1743) var um skeið borgarstjóri og kaupmaður í Hamborg á fyrri hluta 18. aldar. Hann var að sögn mikilsvirtur, doktor í lögum frá Leiden í Hollandi og víðförull og hann vann töluvert að fræðistörfum. Áhuga hans á

⁵³⁸ Sir John Narborough o.fl., *An Account of Several Late Voyages & Discoveries*, bls. 201–202.

⁵³⁹ François Pétis de la Croix og Hieronymus Dicelius, *Geographia Universalis*, bls. 375–376. – Alain Manesson Mallet, *Beschreibung des gantzen Welt-Kreisses I*, bls. 137–138. – Einnig [Johann Gottfried Gregorii] Melissantes, *Cosmographia Novissima*, bls. 965.

⁵⁴⁰ François Pétis de la Croix og Hieronymus Dicelius, *Geographia Universalis*, bls. 375–376.

⁵⁴¹ Sjá m.a. Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 40–41, 49 og víðar.

⁵⁴² *Herrn Johann Anderson, I.V.D. und weylend ersten Bürgermeisters der freyen Keyserlichen Reichsstadt Hamburg, Nachrichten von Island, Grönland und der Straße Davis, zum wahren Nutzen der Wissenschaften und der Handlung*. – Gunnar Þór Bjarnason, Már Jónsson, „Inngangur“, bls. 39–40.

Íslandi og Grænlandi mátti rekja til kynna hans af frásögnum hvalveiðimanna en hann hafði líka áhuga á að efla viðskipti með afurðir af norðlægum slóðum og þar með atvinnu í Hamborg.⁵⁴³

Tveimur árum eftir frumútgáfuna var bókin gefin út á dönsku með athugasemdum Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors en þeim var ætlað að hnekkja „adskillige Urigtigheder og Usandfærdigheder“ um Íslendinga eins og sagði í athugasemdum Jóns.⁵⁴⁴ Þar var sleppt ýmsum staðhæfingum úr þýsku útgáfunni sem þóttu sérstaklega rætnar í garð Íslendinga eða þær birtar neðanmáls.⁵⁴⁵ Aðrar þýðingar á verkinu munu þó hafa verið gerðar eftir þýsku frumútgáfunni.

Anderson kom hvorki til Íslands né Grænlands. Hann kvaðst einkum byggja rit sitt á munnlegum heimildum, þ.e.a.s. lýsingum sjómanna og kaupmanna sem hann hefði haft samband við í Hamborg eða Glückstadt, og sagðist vilja leiðrétta villandi sagnir um landið. Hann samdi ritið reyndar einnig á grunni fjölda annarra heimilda og má þar meðal annars geta *Historia de Gentibus Septentrionalibus* eftir Olaus Magnus.⁵⁴⁶ Allt frá útgáfu þess hefur það verið fordæmt af Íslendingum sem hafa talið ritið fullt af rangfærslum.⁵⁴⁷ Til dæmis segir Haraldur Sigurðsson (1908–1995) bókavörður og höfundur *Kortasögu Íslands* að verkið sé „argasti þvættingur“.⁵⁴⁸ Yfirbragð frásagnar Andersons af Grænlandi er hins vegar með nokkuð öðrum brag en Íslandslýsingin, enda eru meginheimildir í því tilviki umfjallanir trúboða sem dvöldu á Grænlandi.

Að mörgu leyti svipar verki Andersons til alfræðirits um Ísland, enda fjallar hann um einstaka þætti er varða landshagi, náttúru og íbúa landsins í stuttum köflum. Hér verður efni þeirra ekki reifað en lögð áhersla á þá hluta þar sem hann fjallar um helstu einkenni lands og þjóðar.

Anderson staðhæfði að Ísland væri brotið og tætt og umlukt skerjum. Flest fjöll á landinu væru eldfjöll sem yllu skelfilegri eyðileggingu. Jarðskjálftar væru einnig algengir og svo hrikalegir að jafnvel heilu fjöllin sykkju og væru nú botnlaus stöðuvötn þar sem áður hefði verið fjalllendi, og þar sem áður hefðu verið djúp vötn væru nú há fjöll.⁵⁴⁹ Landið væri því fjarri að vera vænlegt til búsetu og jarðvegur svo ríkur af salti og brennisteini að þar þrifist nánast ekkert líf; jafnvel kviknaði eldur af sjálfu sér í jarðveginum eftir að þessi efni hefðu gerjast og eyddu landinu. Af þessu

⁵⁴³ Æviferill Andersons er rakinn í inngangi verksins, án blaðsíðutals; Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*. – Gunnar Þór Bjarnason, Már Jónsson, „Inngangur“, bls. 25–32.

⁵⁴⁴ Johann Anderson, *Efterretninger om Island, Grønland og Straat Davis*, bls. 277–293 en þar eru athugasemdir eða „Avertissement“ Jóns Þorkelssonar birtar, án þess þó að hans sé getið.

⁵⁴⁵ Johann Anderson, *Efterretninger om Island, Grønland og Straat Davis*, þetta má víða sjá í dönsku útgáfunni.

⁵⁴⁶ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, „Vorrede des Herrn Vervatters“, án síðutals, einnig m.a. bls. 67. – Gunnar Þór Bjarnason, Már Jónsson, „Inngangur“, bls. 34.

⁵⁴⁷ M.a. Steindór Steindórsson, „Formáli þýðanda“, bls. 16–18.

⁵⁴⁸ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*, bls. 156.

⁵⁴⁹ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, m.a. bls. 6–10 og víðar.

tilefni vitnaði hann til eyðingar Sódómu og Gómorru sem fjallað er um í v. Mósebók. Þó að ýmislegt sé í lýsingu Andersons sem má heimfæra upp á veruleikann er þó kjarninn í frásögn hans af náttúru Íslands þess eðlis að það sé eins og landið hafi orðið fyrir bölvun Drottins.⁵⁵⁰ Tími hinnar villtu náttúru sem eftirsóknarverðs fyrirbæris var greinilega ekki runninn upp enn þó að ekki væri langt í að þau viðhorf umbýltust; Anderson tekur hér undir viðhorf upplýsingarmanna sem fannst lítið koma til slíks umhverfis.

Höfundurinn varð tíðrætt um daglega hætti Íslendinga, t.d. mataræði þeirra og drykkjuskap. Kvað hann Íslendinga éta mest af fiski, aðallega fiskhausum. Matinn ætu þeir saltlausan eins og „lappar“. Þá vildu þeir helst matinn úldinn og þætti hann annars ólystugur.⁵⁵¹ Anderson lýsti Íslendingum því eins og hræætum. Hann fullyrti einnig að hugur þeirra snerist vart um annað en brennivín og þegar þeir hefðu fengið áfengi drykkju þeir allt upp án þess að sinna öðru.⁵⁵² Anderson taldi því að áfengisneysla landsmanna væri bundin umhverfi og aðstæðum sem hlyti að leiða til þess að fýsn landsmanna í brennivín væri mikil. Áfengisneysla hefur oft verið tengd hugmyndum um norðrið, allt frá dögum Tacítusar sem ræddi um „drykkjufýsn“ germana.⁵⁵³ Staðhæfingar í þessa veru um norðlægar þjóðir urðu síðan algengar á nýöld, bæði hvað varðar hina „siðmenntuðu“ Norður-Evrópu og þó enn fremur jaðarsvæðin lengst í norðri. Það var því ekki að undra að Anderson tengdi áfengisneyslu við lífshætti Íslendinga.

Höfundurinn fór einnig mikinn er hann lýsti siðleysi Íslendinga að öðru leyti. Hann staðhæfði t.d. að venja væri að allir hvíldu allsnaktir saman undir sömu ábreiðu þannig að hver væri með fætur næsta manns við andlit sér og væri mikill óþefur í slíkum hóbýlum.⁵⁵⁴ Ólykt, sóðaskapur og blygðunarleysi var því hluti hins íslenska

⁵⁵⁰ Anderson ber íslenska náttúru saman við lýsingu v. Mósebókar, sem hljóðar svo: „landið er allt orðið að brennisteini, salti og brunaskellum, þar verður eigi sáð og ekkert sprettur þar og engin jurt kemur þar upp úr jörðinni, en allt er umturnað eins og Sódóma og Gómorra“, *Biblía*, ópinberun Jóhannesar, 21. kafli, 1–3, bls. 1108. – Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, m.a. bls. 7. – Einnig *Biblía*, v. Mósebók, 29. kafli, 23. vers, bls. 193.

⁵⁵¹ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 118: „Ueberdem essen sie nichts, weder Fisch, noch Fleisch, frisch gefangen oder ohnlängst getödtet, sondern werfen alles zuvor eine Zeitlang hin, daß es in etwas faulen muß, anders rühret es die fühllosen Würzlein ihrer Zungen nicht, sondern kömmt ihnen als ungeschmackt vor.“

⁵⁵² Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 121: „Durchgängig ist ihr liebstes Getränk Brantewein: worin sich jung und alt, Mann und Weib, aufs schändlichste besülen oder besaufen. Bey aller ihrer höchst beschwer- und gefährlichen Arbeit zu Wasser, oder zu Lande, ist dieses ihr Trost, Aufmunterung und Hauptzweck, daß sie etwas fangen und fertig machen wollen, dafür sie demnechst bey Ankunft der Dänischen Schiffe Brantewein, den beliebten Brantewein eintauschen können. Wann sie denn aber auch nunmehr ihres Wunsches gewähret worden, hören sie nicht eher auf, als bis aller erhandelter Vorrath verzehret ist und eher treten sie auch ihre Berufe Arbeit nicht wiederum an.“

⁵⁵³ Tacítus, *Germanía*, bls. 85. – Waldemar Zacharasiewicz, „The Theory of Climate and the North“, bls. 31.

⁵⁵⁴ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 124.

framandleika. Líka væru landsmenn latir og eigingjarnir, lævísir, svikulir og þjófóttir.⁵⁵⁵ En ótrúlegast væri þó hversu mikið lauslæti viðgengist, eins og Anderson lýsti. Hann staðhæfði að fyrir ekki mörgum árum hefði verið látið óátalið sökum fólksfæðar að konur ættu allt að sex óskilgetin börn og hefðu þær þó haldið sóma sínum. En nauðsynlegt hefði verið að taka fyrir þetta sökum misnotkunar.⁵⁵⁶

Svo sem ljóst má vera var Johann Anderson neikvæður í afstöðu sinni til Íslands að flestu leyti. Frá þessu eru þó undantekningar. Hann lýsti því til dæmis að Íslendingar hefðu góða heilsu og lifðu lengi. Hann skýrði háan aldur Íslendinga með frumstæðum og einföldum lífsháttum þeirra. Þeir nærðust á fábrotinni fæðu og lifðu einföldu lífi. Sjúkdómar væru því fátíðir. Jafnvel kornabörn væru að mestu látin um sig sjálf og yrðu börnin þó hraust, heilbrigð og vel sköpuð. Góða heilsu og útlit Íslendinga þakkaði Anderson tæru lofti, líkamlegri áreynslu og góðu vatni sem landsmenn drykkju mikið af.⁵⁵⁷ Hann taldi jafnvel að þann lærdóm mætti draga af lífsháttum Íslendinga að æskilegt væri að láta hlutina hafa sinn gang eins og gerðist í ríki náttúrunnar.⁵⁵⁸

Athyglisvert er að bera þessa umfjöllun saman við lýsingu á Afríkubúum frá svipuðum tíma úr bókinni *The Modern Part of an Universal History, from the Earliest Account of Time*. Þar kemur fram að Afríkumenn – fullyrt er í verkinu að Afríkumenn yfirleitt hafi svipaða siði og hugarfar hvar sem er í álfunni þrátt fyrir að þeir virðist ólíkir að útliti – séu afar illa innrættir og hafi svo verið frá í öndverðu. Það megi sjá af lýsingu grískra og rómverskra höfunda. Samkvæmt þeim hafi Afríkumenn

the most odious and despicable character, as proud, lazy, treacherous, thievish, hot, and addicted to all kinds of lusts, and most ready to promote them in others as pimps, panders, incestuous, brutish, and savage, cruel and revengeful, devourers of human flesh, and quaffers of human blood, inconstant, base, treacherous, and cowardly, fond of, and addicted to, all sorts of superstition and witchcraft; and in a word, to every vice that came in their way or within their reach.⁵⁵⁹

⁵⁵⁵ Um þetta segir Anderson m.a.: „Der ganze Haufe weiß also wenig von Gott und seinem Willen. Die meisten sind abergläubisch und leichtsinnig in Schweren: so daß mancher sich kein Gewissen macht für ein paar Mark wider seinen nächsten Blutsverwandten einen falschen Eyd zu thun. Sind zänkisch und boshaftig, rachgierig, hämisch und tückisch: unmäßig, geil und unzüchtig, betrieglich und diebisch. Ja, was kann man von Leuten, die ohne innerlichen Zaum, ohne rechte äußerliche Aufsicht, in der größten Ungebundenheit, in Wüsten und auf dem Meer, unter stetigen Gelegenheiten unvermerkt und folglich ungestraft ihre Begierden zu erfüllen dahin leben, annebst an der fruchtbarsten Mutter aller laster, der Trunkenheit, so gar stark, so beständig und so durchgängig liegen und saugen, nicht für Untugenden vermuthen?“ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 136. Þessum kafla var sleppt í dönsku útgáfunni frá 1748.

⁵⁵⁶ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 137.

⁵⁵⁷ Anderson nefnir íslenskar konur sem dæmi um hörku Íslendinga: „Die Weiber geben an Härte und Stärke den Männern nichts nach. Gebären leicht, baden sich so bald sie geböhren und laufen gleich wieder davon.“ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 116.

⁵⁵⁸ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 117.

⁵⁵⁹ *The Modern Part of an Universal History from the Earliest Account of Time*, bls. 18.

Niðurstaða Andersons um Íslendinga er því svipuð og höfunda *An Universal History*: Þeir hlíta engum reglum um siðlegt lífferni og eru ófærir um að setja sér mörk. Þeir leiðast því út í öfgafulla lífshætti, einnig á þeim sviðum þar sem öll kristin samfélög höfðu sett afar skýrar og takmarkandi reglur, í kynferðismálum. Samkvæmt hugmyndum Andersons gátu Íslendingar ekki fylgt slíkum reglum; hugmyndin um framandleikann lausláta, þar á meðal hið lausláta norður, var algeng á þessum tíma í frásögnum ferðalanga frá framandi slóðum eins og greint hefur verið frá fyrr í þessu riti. Anderson lýsti Íslendingum þó ekki sem mannætum eins og fram kom í ofangreindri lýsingu á Afríkumönnum. En í öllum aðalatriðum hefur orðræðan sömu einkennum. Hvað menningu og lífshætti líktust Íslendingar helst íbúum Afríku að mati höfundar; þar með voru þeir alger andstaða hinnar siðmenntuðu Evrópu sem höfundur var fulltrúi fyrir. – En höfundurinn tengir Íslendinga einnig við lífshætti „göfugra villimanna“: Frumstæðir hættir leiða til langlífis og góðrar heilsu; sú tvíhyggja sem einkenndi oft myndir „frumstæðra“ þjóða birtist því einnig í verki hans.

Þegar Johann Anderson lýsti Grænlandi og Grænlandingum um miðja 18. öld fullyrta hann að íbúarnir væru skelfing óhreinlegir og þvægju konurnar sér jafnvel úr „eigin vatni“. Innanhúss væri nánast óverandi fyrir ókunnuga sökum fnyks af ýmiss konar matvælum sem væru geymd í íverustöðum fólksins. Þá væru Grænlandingar óupplýstir og ekki hefðu þeir tileiknað sér margbrotnar samkvæmis- eða kurteisisvenjur heldur litu niður á útlendinga.⁵⁶⁰ Grænlandingar voru sem sagt ekki gallalausir í mörgum háttum sínum en flest þau atriði sem Anderson nefndi í þessu samhengi hafði hann eftir Hans Egede. – Er Anderson lýsti landinu gerði hann það einnig á svipaðan hátt og Egede og dró fram margvíslega kosti landsins.⁵⁶¹

Þegar nánar var að gáð mátti þó einnig finna margt gott í fari Grænlandinga, að mati Andersons, þó að vissulega væru þeir frumstætt og villt fólk. Hann áleit að þeir lifðu yfirleitt hófsömu og siðsömu lífi og byggju við góða heilsu. Þá væru þeir friðsamir og lykju deilum sínum án illinda og vopnaviðskipta, enda þekktu þeir ekki til öfundar, haturs, fjandskapar, græðgi, illinda og manndrápa.⁵⁶² Anderson áleit því að Grænlandingar lifðu efturbreytniverðu lífi vegna þess að þeir þekktu ekki hið illa; líf þeirra einkenndist af bernsku og sakleysi og fátækt samfélagsins ylli því að þeir væru nægjusamir og lifðu í samlyndi, sátt og jafnrétti. Grænlandingar hefðu því varðveitt margt af hinu upprunalega í eðli sínu, lifðu „in statu naturali“, í samræmi við lögmál náttúrunnar. Grænlandingar voru því nánast einstæðir meðal þjóða samkvæmt hugmyndum Andersons.⁵⁶³

⁵⁶⁰ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, m.a. bls. 243, 245, 271–272.

⁵⁶¹ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 161 og áfram.

⁵⁶² Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, bls. 236 og áfram, 272.

⁵⁶³ Johann Anderson, *Nachrichten von Island und Grönland*, m.a. bls. 269–270.



Mynd 29. Grænlingar kveðast á; Hans Egede lýsti því svo að þannig leystu þeir deilur sínar, án átaka eða ofbeldis.

Greinilegt er að Anderson hefur verið vel að sér hvað varðar hugmyndir um hinn göfuga villimann. Hann lýsir Grænlingum í samræmi við þessar hugmyndir og byggir verk sitt að verulegu leyti á skrifum Egedes, sem sjá má. Hann dregur fram sömu kosti og Egede og drepur á svipaða galla. Anderson er líka upplýsingarmaður. Hann fordæmir því ekki Grænlinga og lítur á þá sem dýr heldur manneskjur, sem vissulega séu þó eins og börn. Svo sem drepð hefur verið á hér að framan varð rit Andersons víðlesíð og varð til þess að festa í sessi sjónarmið trúboðans um Grænland: Annars vegar hinn göfugi villimaður, hins vegar land sem byði upp á margvíslega möguleika.

Lýsingar Andersons á annars vegar Íslendingum en hins vegar Grænlingum eru í góðu samræmi við þá orðræðu sem var algeng á þessum tíma um framandleika utan Evrópu, og reyndar líka á jöðrum Evrópu, um annars vegar göfuga villimenn en hins vegar grófa og siðlausu villimenn. Grænlingar féllu í aðallega fyrrnefnda flokkinn en Íslendingar að mestu í hinn síðari. Með bók sinni benti Anderson auk þess á tvenns konar dæmi sem hafa bæri í huga til þess að njóta velfarnaðar: Annars

vegar var hið syndum spillta Ísland sem var víti til að varast en hins vegar var Grænland. Að hans mati gat siðmenntað fólk lært margt af hinum einföldu og óspilltu háttum Grænlandinga. Anderson er því siðapostuli sem bendir á góð og ill fordæmi og umfjöllun hans um Ísland og Grænland verður að skoða í því ljósi. Frásögn Andersons er einnig gott dæmi um þá tvíhyggju sem er eitt helsta einkenni lýsinga á framandleika á svæðum utan Vestur-Evrópu/hins vestræna heims.⁵⁶⁴

Hvernig stendur á því að Grænlandingar hljóta lof en Íslendingar last í skrifum Andersons? Ljóst má vera að Anderson hafði nánari kynni af Íslendingum en Grænlandingum og heimildamenn hans áttu í viðskiptum við þá, sem fyrr greinir. Ágreiningur á því sviði gat verið undirrót neikvæðra lýsinga. Ef til vill hefur heldur ekki skort sögur af framferði Íslendinga í verslunarstöðum.⁵⁶⁵ Því var síður eða ekki til að dreifa með Grænlandinga, þeir voru óspilltir í fjarlægðinni. En svo þurfti hann líka að geta boðið upp á tvenns konar dæmi, annað til fyrirmyndar, hitt til aðvörunar, til þess að hann næði markmiðum sínum með útgáfu verksins.

4.4 Yfirlit um tímabilið 1500–1750

Þegar litið er yfir þau viðhorf sem birtust um Ísland og Grænland á tímabilinu 1500–1750 kemur í ljós að fornir textar og miðaldaheimildir eru enn mikilvægur grunnur þeirra, enda voru sumar þeirra gefnar út á 16. öld. En smám saman komu til ný verk sem brátt urðu ráðandi þegar fjallað var um þessi lönd, t.d. verk Olausar Magnus, Sebastians Münster, Abrahams Ortelius og síðar Dithmars Blefken frá 16. og 17. öld. Hvað Grænland varðar sérstaklega skipti frásögn Ívars Bárðarsonar miklu máli og líka lýsing Zeno-bræðra. Síðar áttu frásagnir landkönnuða frá því um 1600 og fram eftir 17. öld og lýsingar trúboðans Hans Egede á 18. öld eftir að hafa mikil áhrif á ímyndir Grænlands og Grænlandinga.

John Gillies heldur því fram að almennt séð hafi orðið breytingar á viðhorfum til framandi svæða á 17. öld, miðað við fyrri aldir. Til þess tíma hafi viðhorfin mikið byggst á viðhorfum fornaldar sem Gillies kallar „ancient poetic geography“ en á 17. öld og síðar hafi hugmyndirnar breyst og færst meira „in terms of post-Renaissance forms of the discourses of race, slavery, the ‘noble savage’, ‘l'exotisme’“.⁵⁶⁶ Þær breytingar, sem Gillies ræðir um, eru greinilegar þegar litið er til lýsinga frá þessum

⁵⁶⁴ Stuart Hall, „The West and the Rest“, bls. 216.

⁵⁶⁵ Sem fyrr er getið er ekki ætlunin í þessu verki að kanna sannleiksgildi staðhæfinga en eftirfarandi skal þó nefnt hér: Anderson getur vel hafa haft rétt fyrir sér í því að áfengisneysla hafi verið töluverð í landinu á þessum tíma eins og Eggert Ólafsson (1726–1768) lýsti í *Ferðabók* sinni. Hann nefndi m.a. að afleiðingar hennar væru „ótal lestir og margs konar ógæfa ... deilur, áflog og málferli bæði meðal landsmanna innbyrðis og við erlenda verzunarmenn.“ Full ástæða er því til að ætla að erlendir verslunarmenn hafi fengið að kynnastr driknum Íslendingum. Sjá Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* I, bls. 297; II, bls. 45.

⁵⁶⁶ John Gillies, *Shakespeare and the Geography of Difference*, bls. 28.

löndum á tímabilinu fyrir 1750, bæði að því er varðar Ísland og Grænland. En þó má líka staðhæfa að miðaldalýsingar með fornar rætur hafi í mörgum tilvikum runnið saman við yngri frásagnir og orðið hluti þeirra.

Hvað Grænland varðar má segja að orðræða nýlenduhyggjunnar hafi smám saman orðið ráðandi á 17. öld. Hún byggði mjög á umfjöllunum landkönnuða í kringum 1600. Þau sjónarmið voru oft neikvæð, íbúarnir væru ekki annað en grófir villimenn sem ættu mest skylt við dýr, dvergvaxnir og án tungumáls. Þessi ímynd um Grænland var algeng allt til loka þess tímabils sem hér er til umræðu. Hún var hluti nýlenduorðræðunnar en líka í fullu samræmi við þær hugmyndir sem algengar voru um hið ysta norður, að þar væru heimkynni hins illa. Landið sjálft var oft kynnt sem dystópísk eyja, sökum kulda, íss og gróðurleysis.

Eftir að komið var fram á 18. öld eflust sjónarmið sem kenna má við hinn göfuga villimann. Þau viðhorf, sem birtust t.d. skýrt í ritum trúboðans Hans Egede, náðu fljótt hylli og komu síðar fram í mörgum öðrum verkum. Að hluta til lýsti Egede Grænlandi sem eins konar paradísareyju. Þær hugmyndir byggðust á miðaldaheimildum en tengdust líka orðræðu nýlenduhyggjunnar um auð og velsæld í „nýfundunum“ löndum.

Þessi útópíska orðræða tengdist einnig hugmyndum um líf og sögu norrænna manna í landinu, um lifna gullöld. Þær skoðanir lifðu lengi góðu lífi, að hlutverk Evrópumanna á Grænlandi væri að endurreisa forna lífshætti, gullöldina sem þar hefði verið einu sinni og væri ef til vill enn að finna í borginni Alba, einhvers staðar á austurströnd Grænlands.

Þegar litið er á lýsingar frá Íslandi á tímabilinu kemur ýmislegt í ljós. Algengt var að landinu væri lýst sem illri eyju, langt í norðri. Grunnur þeirrar þekkingar var miðaldaheimildir þar sem Íslandi hafði verið lýst sem landi elds og ísa þar sem tæpast gat þrífist nokkurt mannlíf. Þessar frásagnir runnu síðan saman við nýtt efni sem varð til á 16. og 17. öld. Þar skipti ferðalýsing Gories Peerse verulegu máli og ekki síður útleggingar Blefkens á því efni. Í þessum verkum er lýst jaðarsvæði á mörkum Evrópu og rætt um taumlausa villimennsku landsmanna, en umfjöllunin, og aðrar svipaðar frásagnir frá þeim tíma, líktust þó mjög orðræðunni um fólk og aðstæður í fjarlægum heimshlutum, orðræðu nýlenduhyggjunnar, sem var svo skýr um Grænland. Þessi tegund orðræðu um Ísland var algeng, jafnvel ráðandi til loka tímabilsins, og rit Johanns Andersons er einmitt skrifað í þessum anda.

En Ísland var líka hin góða eyja frumstæðs fólks lengst í norðri sem lifði á því sem náttúran hafði að bjóða og varð jafnvel mörg hundruð ára gamalt. Þær lýsingar byggðu á fyrstu á frásögnum Adams frá Brimum en runnu síðar saman við orðræðuna um hinn göfuga villimann. Þessa tegund orðræðu, um hina barnslegu og saklausu Íslendinga var vel þekkt á öllu tímabilinu. Hún tengdist einnig umræðu um sælueyjuna þar sem smjör draup af hverju stráí og fólkið lifði í velsæld. Þær hugmyndir byggðu á gömlum grunni,

m.a. frásögnum um sælueyjar í vestri, en tengdust einnig síðar umræðu um auðsæld í nýfundnum löndum, svipað og í Grænlandi.

Loks verður líka að halda því til haga að Íslandi var einnig lýst sem siðmenntuðu landi á þessum tíma. Þau viðhorf byggðu á hugmyndum Saxos sem urðu alkunn á 16. öld. Þau efldust í kjölfar andmælarita Íslendinga og vegna aukins áhuga á norrænum fræðum á 17. og 18. öld. Samhliða voru vissulega einnig til frásagnir þar sem fjallað var um Ísland sem land sem svipaði til nágrannalandanna og að þar væri lifað „venjulegu“ lífi.

Það má því greina fleirþætta og flókna orðræðu um Grænland og Ísland eða margar tegundir hennar. Það lék greinilega vafi á hvers konar svæði þessi lönd væru. Að stórum hluta sverja umfjallanirnar sig þó í ætt við frásagnir af löndum utan hinnar „siðmenntuðu“ Evrópu.

5 Tímabilið frá 1750–1850 – Ímyndir á krossgötum

The political and literary history of Iceland presents us with still higher views, – proving that there is no place, no physical conditions, in which mankind are necessarily barbarians; that the rudest and most uncultivated countries, the most desolate and inhospitable regions, may become the abode of nations participating in the highest qualities of our common nature; that the chill winds and snow-clad rocks of the North cannot quench the fires of the poet's imagination, nor blight that feeling of devotion which leads man every where to recognise the presence and power of his Creator.⁵⁶⁷

Á þennan hátt fjallaði James Nicol (1810–1879), skoskur jarðfræðingur, um Ísland í yfirlitsriti sínu, *An Historical and Descriptive Account of Iceland, Greenland, and the Faroe Islands*, sem kom út árið 1840. Hér er því lýst að saga Íslands sanni að erfitt umhverfi og aðstæður komi ekki í veg fyrir að menning og sköpunarkraftur nái að blómstra og verða framúrskarandi. Nicol er hér að fjalla um algenga, jafnvel ráðandi, ímynd Íslands undir miðja 19. öld; ein meginspurning við athugun á tímabilinu 1750–1850 hlýtur að varða hvernig svo gat orðið og hverjar voru helstu orsakir þeirra breytinga sem urðu á þessu tímasteiði.

Þegar komið var fram um 1750 kom í ljós að eldri rit um Ísland og Grænland höfðu ekki sömu áhrif og áður hafði verið. Þeim var beinlínis hafnað sem óáreiðanlegum, sérstaklega að því er Ísland varðar, enda væru þau „of such a nature, that it would betray ignorance or partiality to recommend them to the public as satisfactory and faithful“, eins og Uno von Troil orðaði það í verki sínu *Letters on Iceland* frá 1780 (áður gefið út á sænsku 1777).⁵⁶⁸

Umfjöllun von Troils var í samræmi við tíðarandann, að hafna gömlum kreddum en bygga á nýjum rannsóknum og athugunum. Skoðanir hans voru í samræmi við þær hugmyndir sem hafa verið kenndar við upplýsingu þar sem lögð var áhersla á þekkingaröflun, vísindalegar ályktanir og vinnubrögð, flokkun, skilgreiningar og skynsamlegar skýringar. Samhliða voru hjátrú, fornar bábiljur, kreddur og íhaldsemi gagnrýndar; í stað þeirra áttu að koma hlutlausar rannsóknir og leit að algildum lögmálum á öllum sviðum, ekki eingöngu í náttúruvísindum heldur líka í mannlegu samfélagi.⁵⁶⁹ Framfarhyggja var náinn fylgifyskur upplýsingarinnar, enda var einn hlekkur hennar sá að með könnun, athugunum og leiðsögn mætti finna leiðir til betra lífs. Upplýsingin, sem hafði náð fullum þroska um miðja 18. öld, spratt vitaskuld ekki fram fullsköpuð á einum degi heldur var hún afurð margra alda þróunar, endurreisnar, vísindabyltingar og

⁵⁶⁷ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 18–19.

⁵⁶⁸ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. vii.

⁵⁶⁹ M.a. Peter Hamilton, „The Enlightenment and the Birth of Social Science“, bls. 23–24.

landafunda svo nokkuð sé nefnt.⁵⁷⁰ Samkvæmt þessum hugmyndum var hið mannlega, umbreytta umhverfi það sem var eftirsóknarverðast, enda mátti þar búast við bestu aðstæðum til góðs lífs. Væri villt náttúra aðdáunarverð þá var það vegna þess að þar birtist samræmi, svipað og í mannanna verkum; ósnortin náttúra var því yfirleitt ekki talin eftirsóknarverð heldur miklu fremur varasöm og hættuleg og andstæð hagsmunum mannsins.

Vel má segja að vísindalegir leiðangrar hafi verið eitt af því sem einkenndi síðari hluta 18. aldar og það var sannarlega í samræmi við ráðandi hugmyndastrauma. Stjórnvöld víða í Evrópu á 18. öld og fram eftir 19. öld lögðu áherslu á að gera út rannsóknarleiðangra með það að markmiði að kanna áður lítt eða ekki könnuð svæði. Þar nutu eyjar ekki minnstrar hylli, enda var oft litið á þær sem eins konar safn um náttúru og mannlíf löngu liðins tíma sökum einangrunarinnar.⁵⁷¹ Rit um könnunarleiðangra af þessum toga og skáldsögur af svipuðu tagi nutu vinsælda meðal almennings sem gleypiti í sig frásagnir af slíkum ferðum. Þær áttu verulegan þátt í að móta sjálfsmýndir margra Evrópubúa á þann hátt að þeir gátu speglað sig í lýsingum á fjarlægum jaðarsvæðum og heimshlutum.⁵⁷²

Mest orka var lögð í að kanna svæði utan Evrópu en einnig þótti ástæða til þess að rannsaka nánar ýmis svæði á jöðrum Evrópu. Vaxandi áhersla var lögð á landkönnun í bókstaflegum skilningi þess orðs, að fara djúpt inn í og víða um viðkomandi lönd í stað þess að kanna þau aðallega með ströndum eins og áður hafði verið gert. Slíkir leiðangrar unnu að söfnun, flokkun og rannsóknum, í anda sænska grasfræðingsins Carls von Linné (1707–1778). En áætlanir um viðskipti og ábata voru þó yfirleitt ekki langt undan, að finna það sem var nýtanlegt og sérstætt, og flytja það jafnvel með sér til heimalandsins í því skyni að hagnýta það.⁵⁷³ Heimspekingurinn og sagnfræðingurinn, Alexandra Cook, hefur talað um „the marriage between botany and empire“ í þessu samhengi.⁵⁷⁴

Rannsóknarleiðangrar stefndu einnig í auknum mæli í norður og svo má geta þess að í kringum aldamótin 1800 var á ný farið að leita færra siglingaleiða til Austur-Asíu, einkum með vesturströnd Grænlands um sund milli eyja við norðurströnd Kanada, og áfram; þessi viðleitni hafði legið niðri frá því á 17. öld en gekk nú í endurnýjun lífdaga. Sumir leiðangursmenn lýstu því einmitt sem reynslu sinni að siglingin með vesturströnd Grænlands væri nú auðfarnari en áður. Því ætti að hvetja sæfarendur á þessum slóðum til þess að sækja eins langt og þeir gætu og verðlauna þá „for every degree beyond eighty-four that they shall penetrate“.⁵⁷⁵ – Fyrir utan

⁵⁷⁰ John P. MacKay, Bennett D. Hill og John Buckler, *A History of Western Society*, bls. 595–623.

⁵⁷¹ John R. Gillis, *Islands of the Mind*, bls. 4.

⁵⁷² Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 23.

⁵⁷³ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 23–24, 34.

⁵⁷⁴ Alexandra Cook, „Politics of Nature and Voyages of Exploration“, bls. 132–133.

⁵⁷⁵ Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North-West Passage*, bls. 150.

óskir um að finna færa leið til Kína voru markmið safara í norðri einnig, sem fyrr, að veiða hvali og önnur sjávarspendýr, versla og ef til vill að reyna að hafa upp á verðmætum málum.⁵⁷⁶



Mynd 30. *Úr leiðangri Johns Ross í Grænlandi um 1830. Ross taldi sig hafa komist á Norðrúpólinn og lét setja breska fánann upp afrekinu til sannindamerkis. Vinstra megin sjást heimamenn að veiðum en einn leiðangursmanna við vísindalegar athuganir til hægri, villimennska og siðmenning mættast.*

Samhliða því að hugmyndir upplýsingarinnar voru áhrifamiklar fram á síðari hluta 18. aldar, og mun lengur þó, kom fram andóf gegn þessum viðhorfum og klassískum áhrifum. Rómantík og þjóðernishyggja voru að skjóta rótum og breyttu hugmyndum fólks og afstöðu til náttúru, samfélags og hlutverks einstaklingsins. Rómantísk viðhorf voru þegar farin að birtast um miðja 18. öld í skoðunum og hugmyndum Rousseaus. Þau urðu síðar sérlega áhrifamikil á þýsku menningarsvæði; rómantíkin umsneri jafnvel afstöðu til umhverfisins þar sem hið taumlausa og frjálsa, hinn skapandi kraftur var tekið fram yfir það sem var mótað og agað; samhliða var efnishyggju hafnað. Og þjóðin varð brátt kjarni samfélagsumræðunnar. Þessi viðhorf gerbreyttu afstöðu til landanna í norðri, sérstaklega lengst í norðri, þar sem hin villta, jafnvel tröllslega náttúra var ráðandi. Umhverfi landanna lengst í norðri og fólkið sem þar bjó varð nú jafnvel eftirsóknarvert og aðdáunarvert í stað þess að hafa oft verið ógnvekjandi og fyrirlilegt.⁵⁷⁷

⁵⁷⁶ M.a. Erland Viberg Joensen, Ole Marquardt og Jón Þ. Þór, „Erhvers- og næringsliv i tiden ca. 1550–1850“, bls. 162–164.

⁵⁷⁷ John P. MacKay, Bennett D. Hill og John Buckler, *A History of Western Society*, bls. 766–767. – Marie-Theres Federhofer, „De to kulturer“, bls. 140–142.

Tökum nokkur dæmi um þessar breytingar hvað varðar náttúru og umhverfi. Fram eftir 18. öld voru þau viðhorf ráðandi að samræmis og fegurðar gætti einkum í hinu manngerða. Um þetta leyti trónuðu efst garðar Lúðvíks 14. í Versölum í Frakklandi frá ofanverðri 17. öld sem hin menntaða Evrópa dáðist að og endurskapaði í einni eða annarri mynd víða um álfuna.⁵⁷⁸ En viðhorfin voru að breytast. Sköpun almættisins sem birtist í náttúrunni var borin saman við sköpunarverk mannsins. Æ fleiri töldu að þar hefði náttúran vinninginn. Þessi viðhorf birtust t.d. í yfirlitsritum um landafræði á ofanverðri 18. öld:

The water-works at St. Cloud [í grennd við París], which are thought the greatest among all the French water-works, cast up a thin column eighty feet into the air: while some springs in Iceland spout columns of water, of several feet in thickness, to the height of many fathoms; and as many affirm, of several hundred feet.⁵⁷⁹

Hér eru fegurstu gosbrunnar Frakklands bornir saman við íslenska hvera í yfirlitsriti frá ofanverðri 18. öld og þykja lítilmótlegir í samanburði við náttúruhverfi. Viðhorf af þessu tagi áttu eftir að birtast margoft í öðrum ritum á tímabilinu.

Þessi breytta afstaða kom einnig skýrt fram í myndlist, t.d. í verkum þýska málara Caspars David Friedrich (1774–1840) og norska málara Johans Christian Dahl (1788–1857) en þeir voru meðal fremstu landslagsmálara sinnar tíðar í Vestur-Evrópu; í verkum þeirra er það hin villta og ógnfagra náttúra sem þeir túlka og kynna.⁵⁸⁰ Þessi afstöðubreyting hafði mikil áhrif á viðhorf til íslenskrar og grænlenkrar náttúru. Á þessu tímabili var hætt að líta á hana sem nánast eingöngu ógnvekjandi og hættulega heldur var nú einnig farið að kynna hana, bæði í máli og myndum, sem ægifagra og eftirsóknarverða, jafnvel fagra, og sem magnaða birtingarmynd skaparans.⁵⁸¹

En hér þarf að líta til fleiri þátta. Breyttar hugmyndir fólks í ríkjum Vestur-Evrópu um þjóðerni og þjóðmenningu hafði einnig mikil áhrif á afstöðu fólks á tímabilinu 1750–1850 til Íslands og Grænlands, og þó einkum fyrrnefnda landsins. Er leið á 19. öld varð þjóðernishyggjan allsráðandi í Evrópu; þjóðin varð miðdepill umræðu í stjórnámum og menningarmálum. Um þessi mál hefur verið rætt ítarlega og þjóðernishyggja er viðtækt hugtak sem mikið hefur verið fjallað um á undanförunum árum og áratugum.⁵⁸²

⁵⁷⁸ Christopher Thacker, *The Wildness Pleases*, bls. 4–6.

⁵⁷⁹ William Guthrie, *A New System of Modern Geography*, bls. 61.

⁵⁸⁰ Kenneth Olwig, „Den europeiska nationens nordiska natur“, bls. 162–167.

⁵⁸¹ Johan Schimanski og Ulrike Spring, „Oppdagelsesreise blir til litteratur“, bls. 75–76. – Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 39.

⁵⁸² Bandaríski fræðimaðurinn Benedict Anderson segir í bók sinni, *Imagined Communities*, bls. 5–6, „I propose the following definition of the nation: it is an imagined political community“. Hér skal tekið undir þá staðhæfingu og jafnframt þá framsetningu á þjóðernisstefnan sé „nýlegt“ fyrirbæri, frá ofanverðri 18. öld og 19. öld. Þessar hugmyndir hafa verið kenndar við „móðernisma“ en samhliða er einnig rétt að geta rannsóknarhefðar sem hefur verið kennd við „eþnisisma“. Fylgismenn þeirra hugmynda byggja ekki síst á kenningum enska félagsfræðingsins Anthonys D. Smith. Hann getur vel samsinnt þeirri hugmynd að þjóðir séu nútímafyrirbæri en telur þó að margar þeirra eigi djúpar sögulegar rætur og sameiginleg menningareinkenni. Ágætt yfirlit um þessi efni er m.a. að finna hjá Guðmundi Hálfðanarsyni, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 25–28.

Þetta ber að hafa í huga þegar kannað er hvers vegna menningarelítan í Vestur-Evrópu fór víða að beina sjónum sínum að jaðarsvæðum í Evrópu, m.a. Íslandi. Mannfræðingurinn Brian Dolan hefur lýst því svo að aukinn áhugi á þessum efnum hafi leitt til þess að farið var að safna upplýsingum um „climate, natural history, diet, migration, clothes, language and physiological appearance ... in an attempt to explore the possibilities of some shared cultural ancestry amongst populations at different areas in the European frontier.“⁵⁸³ Markmiðið var, eins og Dolan útskýrði, að reyna að greina „degrees of Europeanness“ og var þá átt við að gera samanburð á lífsháttum og aðstæðum fólks á „jörðum“ Evrópu annars vegar og mannlífi í miðlægum ríkjum Vestur-Evrópu hins vegar til þess að unnt væri að setja fólk í flokka og greina menningu þess.⁵⁸⁴ Samhliða varð sú hugmynd áleitinn að einmitt á jörðrunum leyndust margvísleg verðmæti og að þar gætu verið varðveittar mikilvægar upplýsingar um uppruna og einkenni þjóða Evrópu; þar mætti finna fornar sögur og hugmyndaauðgi í skáldskap, frelsisanda en jafnframt lífshætti sem sýndu hvernig lífinu var háttað í bernsku þessara þjóða. Fræðimenn allra landa álfunnar fóru að grafast fyrir um „rætur“ eigin þjóðar og draga fram sérkenni hennar. Slík leit leiddi ýmsa fræðimenn og könnuði í Norður- og Mið-Evrópu til Íslands, var þar ef til vill að finna leifar af fornri gullöld? Þess háttar eftirgrennslan var þó fjarri því að vera bundin við Ísland eitt á þessum tíma. Sams konar leit birtist einnig á Grænlandi þó að í minna mæli væri og í Afríku stóð um svipað leyti yfir leit að leifum af fornri menningu og vísdomi Egypta og Karþagómanna.⁵⁸⁵ Í Norður-Evrópu var samhliða farið að beina spjótum að þeim hefðum og menningararfleifð sem rekja mátti suður á bóginn, hinni klassísku arfleifð. Skoski sagnfræðingurinn Edward J. Cowan hefur orðað það svo að 18. aldar Skotland – og má víst heimfæra það upp á fleiri lönd og þjóðir – hafi orðið vitni að „a revolt against the Classics. A number of scholars and intellectuals wished to break the Mediterranean cultural monopoly and stress their own national roots.“⁵⁸⁶

Svo gæti virst sem þessi áhugi á menningu norðursins hafi orðið til skyndilega en svo var ekki. Allt frá dögum Saxos frá því í kringum 1200 hafði verið rætt um framlag Íslendinga á þessu sviði eins og fyrr hefur verið rætt í þessu riti.⁵⁸⁷ Þessi arfur var kannski ekki mjög fyrirferðarmikill í umræðu í helstu menningarlöndum Evrópu fyrir en á síðari hluta 18. aldar og á öndverðri 19. öld en vakti þó áhuga hóps í þessum löndum sem sinnti norrænum fræðum.

Hér verður að geta um svissneska prófessorinn Paul Henri Mallet. Hann tók saman margra binda verk um norræna miðaldamenningu og bókmenntir sem var gefið

⁵⁸³ Brian Dolan, *Exploring European Frontiers*, bls. 70.

⁵⁸⁴ Brian Dolan, *Exploring European Frontiers*, bls. 180.

⁵⁸⁵ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 69.

⁵⁸⁶ Edward J. Cowan, „Icelandic Studies“, bls. 112. – Einnig Margaret Omberg, *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 86 og áfram.

⁵⁸⁷ Saxo Grammaticus, *Saxos Danmarks historie*, bls. 15.

út á frönsku, fyrst 1755 og 1756 undir titlunum *Introduction à l'Histoire de Dannemarc, où l'on traite de la Religion, des Loix, des Mœurs & des Usages des anciens Danois* og *Monumens de la Mythologie et de la Poésie des Celtes, et particulièrement des Anciens Scandinaves*. Mallet samdi verkið þegar hann starfaði sem prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn.⁵⁸⁸ Hluti af verki hans var síðan þýddur á ensku af enska biskupnum Thomas Percy (1729–1811) og gefið út árið 1770 undir titlinum *Northern Antiquities*. Nokkrum árum fyrr, 1763, hafði Percy einnig gefið út þýðingar á fornum íslenskum textum, *Five Pieces of Runic Poetry, Translated from the Icelandic Language*. Hluti þeirra var svo endurbirtur í *Northern Antiquities*. Bæði þessi verk hlutu góðar viðtökur og *Northern Antiquities* var síðar endurútfengið margoft og varð helsti kanón um þetta efni um langt skeið.⁵⁸⁹ Í kjölfarið jukust einnig þýðingar á íslenskum miðaldabókmenntum, fyrst á latínu en síðar á helstu þjóðtungur Evrópu, frönsku, þýsku og ensku.⁵⁹⁰

Umfjöllun annarra höfunda á þessum tíma um þessi mál og samanburður við bókmenntir annarra landa tók mjög mið af umfjöllun Mallets og síðar útgáfu Percys eða sporgöngumanna þeirra.⁵⁹¹ Oft var hún þó varfærin í fyrstu eins og kemur fram í orðum Unos von Troil er hann fjallaði um íslenskar miðaldabókmenntir í bók sinni *Letters from Iceland*. Að mati von Troils voru íslenskar miðaldabókmenntir vissulega athyglisverðar en þó ekki stórfenglegar:

I will readily acknowledge that they have no poem which could be proposed as a pattern of wit and elegance; yet it cannot be denied, but that very sublime thoughts and expressions, and sometimes very beautiful comparisons, are to be met with in them: and it is impossible to read the dying Lodbrok's Biarkamal, Eigils, Hofud, Lausn, and Ejevindr, Haconarma, without pleasure, besides several others.⁵⁹²

Það hik sem kemur fram hjá von Troil, að viðurkenna gildi fornnorræna bókmennta, hvarf þó fljótt. Áhugi og aðdáun á hinu norræna og forn-íslenskum bókmenntum eflidist hratt

⁵⁸⁸ Margaret Clunies Ross, „Percy and Mallet, bls. 107.

⁵⁸⁹ Sjá nánar Margaret Clunies Ross, „Percy and Mallet, bls. 107–108. – Þegar breski fræðimaðurinn Margaret Omberg metur rit Percy's, *Northern Antiquities*, í heild sinni segir hún: „Thus the final image which emerges from both volumes of *Northern Antiquities* is of people in whom a stark religion and a rigorous climate have instilled a fierce independence and a fanatical form of physical heroism.“ *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 57. – Einnig Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 25–26. – Gott yfirlit er í Gylfi Gunnlaugsson, „Old Norse Poetry and New Beginnings“, bls. 121–124.

⁵⁹⁰ Til dæmis *Die Isländische Edda*, útgefin í Stettin 1777. – Um þessa úgáfu og eldra útgáfustarf, sjá m.a.: Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 17–19, 44–45. – Gunnar F. Guðmundsson, „Inngangur“, bls. 11–12. – Ethel Seaton, *Literary Relations of England and Scandinavia*, bls. 246–250, 258–261.

⁵⁹¹ Ejnar Fors Bergström, „Indledning“, bls. 36–38.

⁵⁹² Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 203. Hér á höfundur við Bjarkamal en kennir þau ranglega við Ragnar Loðbrók, einnig Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar og Hákonarmál Eyvindar skáldaspillis.

á þessum tíma. Stöðugt vinsælla varð að nýta þetta efni sem uppistöðu í ný verk er tengdust sögu og uppruna þjóða í Vestur-Evrópu, bæði í myndum og máli. Í Bretlandi má geta um enska skáldið og prófessorinn Thomas Gray (1716–1771) á síðari hluta 18. aldar.⁵⁹³ Einnig skoska skáldið Walter Scott (1771–1832) á öndverðri 19. öld. Eftir miðja 19. öld komu við sögu þjóðþekktir menn eins og skoski ferðasöguhöfundurinn Samuel Laing (1780–1868), enski þýðandinn og rithöfundurinn George Webbe Dasent (1817–1896) og enski hönnuðurinn og rithöfundurinn William Morris; víða hefur verið fjallað um þessi viðfangsefni að því er Bretland varðar og verður það því ekki gert nánar hér.⁵⁹⁴ Í Þýskalandi má geta um skáldið Friedrich Gottlieb Klopstock (1724–1803) en Eddukvæði urðu honum efniviður. Löngu síðar einnig þýska tónskáldið Richard Wagner (1813–1883). Á Norðurlöndum má nefna danska skáldið Adam Gottlob Oehlenschläger (1779–1850); einnig danska skáldið, prestinn og skólamanninn Nikolai Frederik Sverin Grundtvig (1783–1872); í Svíþjóð skáldið Esaias Tegnér (1782–1846), og skáldið Henry Wadsworth Longfellow (1807–1882) í Bandaríkjunum. Vitaskuld mætti nefna marga fleiri.⁵⁹⁵ Smám saman varð þessi menningararfur „heilagur“ – og líka eyjan Ísland – eins og Oehlenschläger lýsti í kvæði sínu „Ísland“ þegar árið 1805 þar sem náttúran og hin forna menning landsins eru kirfilega tengd saman:

Island! hellige Øe! Ihukommelsens vældigste Tempel!
 Hen til din fiernede Kyst vifte Gud Bragi min Sang.
 Altid en Marv af Ild udvikled din skinnende Iisfrugt,
 Bredt dit bølgende Hav freder om Oldtidens Aand.
 Der blandt Askurs Æt fremblomstred de herligste Skialdre.
 Er ey i Nordens Natur Hekla som Genius størst?
 Aand og Natur sig forened, og vist ey hændelsesviis blot
 Bygged et Tempel sig der Saga, med Griffel og Skiold.⁵⁹⁶

Danski stjórnmálaleiðtogiinn Orla Lehmann fjallaði um svipað efni á fjórða áratug 19. aldar, þar sem hann ræddi um Ísland sem geymslustað fornar norrænnar menningar. Þar hefði hún verið varðveitt hrein og óspillt. Þess vegna hljóti allir Skandínavar að hafa ást á Íslandi og Íslendingum af því að þar sé enn að finna merki um forna menningu Norðurlandabúa, tákn sem árangurslaust hafi verið leitað að í fornum rústum og líflausum annálum hinna Norðurlandanna.⁵⁹⁷

⁵⁹³ Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 27–29.

⁵⁹⁴ T.d. Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*. – Einnig Margaret Omberg, *Scandinavian Themes in English Poetry*, bls. 18–25.

⁵⁹⁵ M.a. M. Wilson og Else Roesdahl, „Vikingarnas betydelse för Europa“, bls. 48–53.

⁵⁹⁶ Adam Oehlenschläger, *Poetiske Skrifter*, [http://www.kalliope.org/en/digt.pl? longdid=oehlen2002101202](http://www.kalliope.org/en/digt.pl?longdid=oehlen2002101202)

⁵⁹⁷ Orla Lehmann, „Om de danske Provincialstænder med specielt hensyn paa Island, af B. Einarson“, bls. 524.



Mynd 31. Skáli norrænna manna í kringum árið þúsund, samkvæmt myndatexta sem fylgdi myndinni; verkið er úr óvissu þýsku riti á 19. öld. Þarna birtast skýrt hugmyndir um líf og menningu norrænna manna, ekki síst á Íslandi, á „gullöldinni“.

Slíkar urðu viðtökur á norrænum menningararfi í Þýskalandi að segja má að hann hafi verið yfirtekinn sem „samgermanskur“. Þannig varð hann smám saman „germanskur“ menningarfur á 19. öld og fram eftir 20. öld.⁵⁹⁸ Það hafði vissulega mikil áhrif á stöðu Íslands, staðarins þar sem þessi arfur hafði verið varðveittur að því er talið var, eins og síðar mun verða nánar rætt um.

Ekki er unnt að ræða um ímyndir Íslands og Grænlands á 18. og 19. öld án þess að taka kynþáttahyggju, *racism*, til umfjöllunar.⁵⁹⁹ Hugmyndir í þá veru fara að láta að sér kveða á þessum tíma svo um munar. Þrátt fyrir að rasismi hafi náð mestri útbreiðslu á 19. og 20. öld höfðu slík viðhorf þó verið kunn að minnsta kosti frá ármiðöldum.⁶⁰⁰ Rasismi efldist með nýlendustefnunni og varð mikilvæg réttlætning fyrir henni, ekki síst í tengslum við hugmyndir um Afríku.

⁵⁹⁸ Bernd Henningsen, „Johann Gottfried Herder and the North“, bls. 102–103. – Einnig Julia Zernack, „Old Norse-Icelandic Literature and German Culture“, m.a. bls. 174–175. – Óskar Bjarnason, „Þegar Íslendingar urðu forfeður Þjóðverja. Eddur, Íslendingasögur og Þjóðmenntastefna Diedrichsforlagsins 1911–1930“.

⁵⁹⁹ Rasismi hefur verið skilgreindur sem „a way of thinking that considers a group’s unchangeable physical characteristics to be linked in a direct, causal way to psychological or intellectual characteristics, and which on this basis distinguishes between ‘superior’ and ‘inferior’ racial groups“. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 199–203. – Einnig Winthrop D. Jordan, „First impressions“, bls. 42–44. – Bell Hooks, „Racism and Feminism“, bls. 375.

⁶⁰⁰ Peter Hoppenbrouwers, „Medieval peoples imagined“, bls. 59–60.

Rasismi fékk byr í seglin með vísinda- og flokkunarhyggju 18. aldar og hugmyndum Linnés um að allt í náttúrunni væri flokkanlegt. Í kjölfar þess birtust kenningar um hvernig mætti flokka manninn sem tegund í undirflokkum eftir mismunandi eiginleikum.⁶⁰¹ Rasismi varð þó ekki mikilvæg hugmyndastefna fyrir en á 19. öld og fylgifiskur þjóðernishyggju og heimsvaldastefnu. Þá urðu þær hugmyndir algengar að eiginleikar sumra kynþátta væru þess eðlis að þeir væru ekki æskilegir í mannlegu samfélagi og líktust jafnvel krabbameini sem yrði að eyða úr þjóðarlíkamanum. Það ætti t.d. við um fólk eins og gyðinga. Því yrði að koma í veg fyrir að þeir blönduðust þeim samfélögum þar sem þeir hefðu komið sér fyrir. Þá varð litaraft smám saman eitt mikilvægasta kennileiti rasismans.⁶⁰²

Hér má vel ræða nánar nokkrar grunnhugmyndir kynþáttahyggjunnar eins og þær birtust á 18. og 19. öld, og þó einnig mun fyrir, og hvernig stæði á margbreytileika mannkyns. Hin viðtekna skoðun var sú að mannkyn ætti sér uppruna í einum forföður/foreldrum, *monogenism*. Margbreytileikinn, ólíkir kynþættir, stafaði af því að mannkyn hefði greinst eftir Nóaflóðið. Orsök þeirrar aðgreiningar hefði m.a. verið bölvun eða fordæming Nóa á syni sínum Kam, en hann átti átti þeldökkan son, Khus. Málin voru þá iðulega lögð þannig upp að sú fordæming hvíldi á þeldökku fólki; þannig voru þessi efni oft rædd. – Önnur skoðun, *polygenism*, í anda for-adamista var þó einnig vel þekkt, ekki síst meðal bandarískra fræðimanna eftir að komið var fram á 19. öld, að mannkyn ætti sér fleiri „foreldra“ og væri það skýringin á hversu ólíkt mannkyn væri innbyrðis.⁶⁰³

Kenningar um að maðurinn hefði þróast ólíkt vegna ytri aðstæðna urðu þó brátt yfirsterkari; ytri aðstæður á ólíkum svæðum gætu skýrt mikinn mun á hæfileikum og greind.⁶⁰⁴ Það væru því ytri áhrif, einkum loftslagið sem hefði áhrif á hvernig eðliseiginleikar fólks birtust. Hitinn hefði t.d. þau áhrif á Afríkubúa að skynfæri, varir, munnur, nasir og augu yrðu mjög stór en heilinn lítill og kæmi það fram í því að erfitt væri að koma þessu fólki til siðmenningar; þetta staðhæfði t.d. lækurinn og Grænlandsfarinn Bernard O'Reilly á fyrri hluta 19. aldar.⁶⁰⁵

Mikilvægur liður í því að sanna „vísindalega“ að fólk utan hins vestræna heims væri óaðra og ekki búið sömu hæfileikum voru mælingar á fólki og líkamsleifum, heila og höfuðkúpu. Slíkar mælingar náðu miklum vinsældum á 19. öld og virtir vísindamenn lögðu fram rannsóknaniðurstöður sem áttu að sýna með óyggjandi hætti að heili fólks sem hefði annan uppruna en Vestur-Evrópufólk væri minni en heili Evrópumanna. – Þessar athuganir voru raunar einnig teygðar í þá átt að heili fólks af

⁶⁰¹ Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 32. – Michael Banton, „The Idiom of Race“, bls. 54–55. – Anne McClintock, *Imperial Leather*, bls. 42.

⁶⁰² Zygmunt Baumann, „Modernity, Racism, Extermination“, bls. 215–216.

⁶⁰³ Anne McClintock, *Imperial Leather*, bls. 5. – Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 19. – [George Best, Richard Collinson], *The Three Voyages of Martin Frobisher*, bls. 56.

⁶⁰⁴ Anne McClintock, *Imperial Leather*, bls. 49–50. – Stephen Jay Gould, *The Mismeasure of Man*, bls. 71, 74, 83, 85 og áfram, 105. – Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 164–165, 168.

⁶⁰⁵ Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North-West Passage*, bls. 57.

„óæðri“ stéttum og hópum væri minni en hinna virðingarmeiri, og kæmi þetta t.d. fram við athugun á heila glæpamanna. – Af áðurgreindum ástæðum var talið að geta og hæfileikar þeldökkra næðu aldrei lengra en þroski hvíttra barna og mongóla ekki lengra en hvíttra unglunga. Hugmyndir af þessu tagi eru vissulega gagnlegar til þess að réttlæta yfirráð.⁶⁰⁶

En rasískar kenningar og hugmyndir um kynþætti gengu þó mun lengra en að beita sér einkum að flokkun í samræmi við t.d. litaraft heldur voru þær notaðar til mun ítarlegri sundurgreiningar. „Hvíti“ kynstofninn var einnig sundurgreindur eftir einkennum og verðleikum í ýmsa hópa. Samkvæmt nokkrum helstu hugmynda-smiðum kynþáttahyggjunnar á 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar var það fólk sem byggði stóran hluta Skandinavíu, Þýskaland, England og fleiri svæði í Evrópu kjarni hins kákasíska kynstofns.⁶⁰⁷ Þessi kjarni var hinn norræni hluti hans, *Nordics*. Með *Nordics* var í stórum dráttum átt við fólk af germönskum uppruna, sem síðar var kallaður arískur uppruni á dögum þýskra nasista. Hinar tvær aðalgreinar hans voru Miðjarðarhafsfólk, *Mediterraneans*, og svo Alpagrein, *Alpines*, auk reyndar fleiri greina, án þess þó að ástæða sé til þess að fara nánar út í þá sálma í þessu samhengi. Þess utan væri í Evrópu fólk af öðrum stofnum, einkum af „mongólskum“ uppruna frá Asíu, m.a. „lappar“, en líka þjóðflokkar í Rússlandi og víðar í Evrópu. Þeir sem aðhylltust kynþáttahyggju í Mið- og Norður-Evrópu töldu að Norðurfólkið, oft ljóst yfirlitum og hávaxið, væri á hærra menningarstigi og líkamlega betur gert en annað Evrópufólk og vitaskuld fólk annars staðar í heiminum af öðrum „kynstofnum“: Fólk í Afríku, Asíu og svo frumbyggjar Ameríku.⁶⁰⁸


Samkvæmt þessum hugmyndum var því gerður skýr greinarmunur á fólki sem bjó lengst í norðri, sömum og íbúum Grænlands annars vegar, og öðrum íbúum Norðurlanda hins vegar sem voru taldir af þessari norrænu/germönsku/arísku grein og væru þeir æðri hinum fyrrnefndu sökum uppruna síns. Hugmyndir af þessu tagi gagntóku menningarlíf og umræðu í hinum vestræna heimi á 19. öld og lengi síðan.⁶⁰⁹ Þær áttu eftir að hafa mikil áhrif á hugmyndir um Ísland og Grænland á því tímasteiði.

⁶⁰⁶ Stephen Jay Gould, *The Mismeasure of Man*, bls. 23, 26, 63, 72, 92, 100, 118–119, 154. – Vart þarf að taka fram að síðari tíma endurmat á þessum rannsóknum hefur sýnt fram á að niðurstöður voru falsaðar eða forsendur svo skekkta að þær voru ekki marktækar.

⁶⁰⁷ Samkvæmt kenningum Johanns Friedrich Blumenbach (1752–1840) voru fimm kynstofnar fólks til í heiminum, hinn kákasíska (hvíti), mongólski (guli), malajíski (brúni), eþíópíski (svarti) og loks ameríski (rauði). Upphaflega var flokkunin aðeins fjórskipt en Blumenbach bætti við hinum „brúna“; fjórskiptingin byggði á kenningum Carls Linné sem Blumenbach dáði mjög. Blumenbach taldi að íbúar Kákasusfjalla hefðu best útlit þess fólks sem tilheyrði hinum hvíta, kákasíska kynstofni; þess vegna er þessi nafngift tilkomin. Bruce Baum, *The Rise and Fall of the Caucasian Race*, m.a. bls. 76 og víðar. – Stephen Jay Gould, *The Mismeasure of Man*, bls. 402–405, 410–411.

⁶⁰⁸ Friedrich Hertz, *Race and Civilization*, bls. 10, 102 og áfram. – Einnig Bruce Baum, *The Rise and Fall of the Caucasian Race*, m.a. bls. 6–7, 141–142, 151, 156. – Anne McClintock, *Imperial Leather*, bls. 52.

⁶⁰⁹ Peter Stadius, *Resan til norr*, bls. 93–97. – Einnig Sherrill Grace, *Canada and the Idea of North*, bls. 96–97.



Mynd 32. „Intellectual Tree of the Human Race“, samkvæmt Paolo Mantegazza í riti hans *Physiognomy and Expression* frá árinu 1904; frumbyggjar Ástralíu neðst en Aríar efst. Eskimóar fyrir miðju.

Í þessum hluta verður enn sem fyrr gengið út frá svipuðum heimildum og fyrr í ritinu, almennum yfirlitsritum og ferðalýsingum, auk mynda. Sú breyting varð á þessu tímabili að bókaútgáfa, lestur og þar með lestur og útgáfa ferðalýsinga jókst mjög um og eftir miðja 18. öld; hefur jafnvel verið talað um lestrarbyltingu á þessu skeiði.⁶¹⁰ Ferðalýsingar urðu, er frá leið, sérstök bókmenntagrein. Sú grein þeirra sem við þekkjum er aðallega 19. aldar fyrirbæri: Afrakstur ferðar sem stóð í skamman tíma og ferðalangurinn var ýmist

⁶¹⁰ John P. MacKay, Bennett D. Hill og John Buckler, *A History of Western Society*, bls. 607, 612–613.

einn á ferð eða í litlum hópi. Eldri ferðalýsingar voru oftar afrakstur könnunarleiðangra eða jafnvel lýsing á langri dvöl á ókunnum stað, svo sem fyrir hefur verið nefnt. Hvað Ísland varðar fór útgáfa ferðalýsinga þó ekki að blómstra verulega fyrir en eftir miðja 19. öld, þ.e. utan okkar tímabils. Engu að síður eru til allmargar ferðalýsingar um Ísland fram til miðrar 19. aldar. Hið sama á við um Grænland. En ferðir þangað voru þó enn meira fyrirtæki en Íslandsför. Þær frásagnir sem hér er stuðst við varðandi Grænland eru því yfirleitt afrakstur rannsóknarleiðangra.

Hvað varðar almennu yfirlitsritin má nefna að á þessu tímabili voru alfræðirit fyrir börn orðin vinsælt útgáfuefni og verður stuðst við nokkur slík verk, ekki síst vegna þess að þar eru lýsingar á löndum og þjóðum yfirleitt dregnar með skörpum línunum, staðalmyndir um einstök lönd og þjóðareinkenni birtast því skýrt í slíkum verkum eins og fyrir hefur verið nefnt.⁶¹¹ – Loks ber að geta þess að myndefni frá löndunum tveimur er orðið töluvert ríkulegra en á tímabilinu á undan. Það á við um myndseytingar í bókum og tímaritum en svo gerðu listamenn líka myndir frá þessum löndum og sumar þeirra urðu þekktar.

5.1 Ísland á tímabilinu 1750–1850

5.1.1 Ferðalýsingar frá Íslandi

Á fyrri hluta þessa tímabils, 1750–1850, voru erlendir gestir á Íslandi enn sjaldséðir, að undanskildum dönskum kaupmönnum, embættismönnum og útlendum sjómönnum. Þeir voru fjölmargir við landið á 18. öld, eins og Gísli Gunnarsson sagnfræðingur hefur m.a. bent á; þannig hefðu m.a. verið á milli tvö hundruð og þrjú hundruð erlend þilskip við landið á níunda áratug 18. aldar.⁶¹² Ferðalög til landsins voru erfið og dýr og í raun vart á færi nema stórauðugra manna, eða þá að slíkir leiðangrar voru fjármagnaðir af sérstökum stofnunum á vegum stjórnvalda. Nokkuð var um könnunarleiðangra til landsins, einkum frá Danmörku, Frakklandi og Bretlandi, enda jókst mjög áhugi á norrænni menningu og náttúru Íslands eftir miðja 18. öld.⁶¹³ Allt fram um miðja 19. öld urðu ferðalangar á leið til landsins að hafa þann hátt á að sigla þangað á eigin skipakosti eða mögulega að útvega sér far hjá einhverjum sem átti þangað erindi. Um fastar ferðir var ekki að ræða fyrir en eftir miðja 19. öld. Þegar Englendingurinn John Barrow (1808–1898) lagði leið sína til Íslands árið 1834 fékk hann að fljóta með danska prinsinum, sem síðar varð Friðrik 7., en hann var á leið norður á bóginn í refsingarskyni fyrir slæma hegðun.⁶¹⁴ Barrow segir af þessu tilefni að enn sem komið er hafi fáir samlandar hans sótt landið heim en þó séu í hópi þeirra „the most intelligent among our countrymen“.⁶¹⁵ Hann átti þá m.a. við ensku hefðarmennina Joseph Banks (1743–1820,

⁶¹¹ Otto Holzapfel, „Das Bild des „Deutschen“ in dänischen Kinderbüchern“, bls. 175–188.

⁶¹² Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland*, bls. 71–72, 85. – Anna Agnarsdóttir, „Iceland in the Eighteenth Century“.

⁶¹³ Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 36–41 og víðar.

⁶¹⁴ Sumarliði R. Ísleifsson, *Ísland, framandi land*, bls. 141–142.

⁶¹⁵ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. xi og áfram.

á Íslandi 1772) og John Thomas Stanley, (1766–1850, á Íslandi 1789); einnig steinafræðinginn George Steuart Mackenzie (1780–1848, á Íslandi 1810), grasafræðinginn William Jackson Hooker (1785–1865, á Íslandi 1809) og trúboðann Ebenezer Henderson (1784–1858, á Íslandi 1814–1815).⁶¹⁶

Á ofanverðri 18. öld voru gefin út rannsóknarit sem áttu eftir að hafa mikil áhrif á ímyndir Íslands. Sum þeirra voru mikil að vöxtum og glæsilegir prentgripir, enda iðulega opinberar stofnanir sem stóðu að baki; önnur voru látlausari. Hvað Ísland varðar má m.a. geta um *Tilforladelige efterretninger om Island* eftir Danann Niels Horrebow (1712–1760) en hann var sendur til Íslands árið 1749 á vegum Danska vísindafélagsins, Videnskabernes Societet (síðar Det Kongelige Videnskabernes Selskab) sem stofnað var 1742 og hafði til fyrirmyndar svipuð félög í helstu höfuðstöðum Evrópu. Félagið starfaði af krafti og hafði t.d. hálfum öðrum áratug fyrir útgáfu *Ferðabókarinnar* gefið út frásögn af för vísindamannsins Frederics L. Norden (1708–1742) til Egyptalands og Súdans, *Voyage d’Egypte et de Nubie*.⁶¹⁷ Niels Horrebow var Kaupmannahafnarbúi af vel metnu menntafólki, lærði lögfræði og komst til mannvirðinga en varð á í messunni og var sendur í framhaldi af því til Borgundarhólms þar sem hann dvaldi um skeið. Í framhaldi af því var hann sendur til Íslands til þess að sinna ýmsum athugunum, en ef til vill einnig í yfirbótaskyni. Þar dvaldi hann í tvö ár, frá 1749–1751, að mestu á Bessastöðum.⁶¹⁸

Rit Horrebows, sem ekki var fyrirferðarmikið, kom út á dönsku (1752) og á næstu árum á ensku, frönsku, hollensku og þýsku. Það fór því víða en hér er stuðst við ensku útgáfuna. Meðal annars varð rit Horrebows ein meginheimilda um Ísland fyrir alfræðirit, *Encyclopédie*, þeirra Denis Diderot (1713–1784), sem var ritstjóri verksins, og samverkamanns hans, Jeans le Rond d’Alembert (1717–1783). Ritið var fyrst gefið út 1751–1752 en kom síðar í fleiri útgáfum.⁶¹⁹

Annað mikilvægt verk á þessu sviði er *Reise igiennem Island* eftir Íslendingana Eggert Ólafsson (1726–1768) og Bjarna Pálsson (1719–1779), mikið og vandað tveggja binda verk, sem er eins konar alfræðirit um Ísland; verkið kom fyrst út á dönsku 1772, á þýsku 1786, *Beschreibung von Island*, á frönsku 1802, *Voyage en Islande* og á ensku 1805, *Travels in Iceland*.⁶²⁰ Rannsóknir þeirra félaga voru einnig styrktar af Danska vísindafélaginu. Markmiðið með útgáfu *Ferðabókarinnar* var að sögn höfundanna að gefa aðra og sannari mynd af landinu en hingað til hefði tíðkast og leiðréttá missagnir um það, enda hefði það verið „ógæfa Íslendinga, að útlendingar þeir, sem helzt hafa skýrt frá landi og þjóð, hafa einungis komið að sjávarsíðunni og

⁶¹⁶ Andrew Wawn hefur víða fjallað um Íslandsáhuga í Bretlandi á ofanverðri 18. öld og á 19. öld og ástæður hans, m.a. „John Thomas Stanley and Iceland“, bls. 53–76.

⁶¹⁷ Egill Snorrason, „Eggert Olafsen’s og Bjarne Povelsen’s rejser gennem Island“, bls. 81. – Einnig Anna Agnarsdóttir, „Iceland in the Eighteenth Century“, bls. 18.

⁶¹⁸ Steindór Steindórsson, „Formáli þýðanda“, bls. 10–12.

⁶¹⁹ Denis Diderot og Jean le Rond d’Alembert, *Encyclopédie*, sjá útgáfu frá 1781, bls. 106 og áfram.

⁶²⁰ Íslensk útgáfa kom fyrst árið 1943 undir titlinum *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*.

í verstöðvarnar, þar sem sóðaskapurinn, sem hér eins og annars staðar í heiminum, fylgir fátæktinni.“⁶²¹ Auk þess að gefa almennt yfirlit um lands- og þjóðarhag notuðu höfundar því tækifærið til að svara eldri höfundum sem höfðu fjallað um Ísland og leiðréttta „rangar frásagnir [sem] hafa verið um bornar víðs vegar um lönd“, frásagnir sem rétt hefur verið um fyrr í þessu verki.⁶²²



Mynd 33. Íslenskur bær af meðalstærð samkvæmt mynd sem birtist í franskrí útgáfu á Ferðabók Eggerts og Bjarna árið 1802. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að hér er fært nokkuð í stílinn og dregin upp afar jákvæð mynd af íslenskum húsakosti. Samhliða eru sýndir atvinnuhættir og einkenni landsins, snarbrött fjöll og logandi jarðeldur.

Þá má geta um *Bref rörande en resa til Island* eftir Svíann Uno von Troil sem var á Íslandi 1772 með rannsóknarleiðangri Josephs Banks en Banks var í hópi áhrifamestu og áhugasömustu landkönnuða Breta um þetta leyti. Hann var auk áhuga síns á norðurslóðum mikill áhugamaður um könnun Afríku og landnám í Ástralíu.⁶²³ Auk dagbókar sinnar studdist von Troil m.a. við rit þeirra Horrebows, Eggerts og Bjarna, Pauls Henri Mallet og *Historia Ecclesiastica Islandiæ* (kirkjusögu) Finns Jónssonar. Von Troil ráðfærði sig

⁶²¹ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* I, bls. 227–228, 243.

⁶²² Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* II, bls. 310, einnig bls. 128–130, 180. – Einnig *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* I, bls. 244.

⁶²³ Anna Agnarsdóttir hefur fjallað ítarlega um leiðangur Banks til Íslands og forsendur leiðangursins í „*This Wonderful Volcano of Water*“. – Einnig Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 67. – Banks birta sjálfur ekkert um Íslandsleiðangurinn en var örlátur á að lána efni sem tengdist honum. Til dæmis fékk William Hooker gögn að láni honum og nýtti sér þau í verk sitt, William Hooker, *Journal of a Tour in Iceland*, bls. vii.

einnig við nokkra Íslendinga þegar hann vann að bókinni og stóð í bréfaskiptum við þá en sænska útgáfan kom út 1777. Árið 1780 komu svo hvorki meira né minna en þrjár útgáfur á ensku undir titlinum *Letters on Iceland*. Auk þess kom hún út á dönsku, frönsku, þýsku og hollensku. Hún varð afar víðlesin og hafði mikil áhrif á hugmyndir um Ísland og Íslendinga. Um höfundinn má geta þess að hann var erkibiskupssonur frá Uppsölum og væsti því ekki um hann í æsku. Hann var hámenntaður, bæði frá heimalandinu, var meðal annars lærisveinn Linnés, en einnig stundaði hann nám í Göttingen í Þýskalandi og í París. Kunnugleiki hans við sænska náttúrufræðinginn Daniel Solander (1735–1782) leiddi von Troil á fund Josephs Banks sem bauð honum með sér í Íslandsförina.⁶²⁴

Hér má einnig geta um franska leiðangra sem komu til Íslands kringum 1770, einkum leiðangur Yves Joseph de Kerguelen–Trémarec (1734–1797) til Íslands árið 1767. Hann gaf út bókina *Relation d'un voyage dans la Mer du Nord, Aux Côtes d'Islande, du Groenland, de Ferro, de Schettland, des Orcades & de Norwége* árið 1771 og fjallar þar nokkuð um Ísland. Annar franskur leiðangur, undir stjórn Verdun de la Crenne, var hér á landi árið 1771.⁶²⁵

Þá má nefna ferðalýsingar eftir þrjá breska höfunda, George Steuart Mackenzie, *Travels in the Island of Iceland* (1811); þar í var langur kafli eftir samferðamann Mackenzies, Henry Holland um íslenskar bókmenntir og menningu; William Jackson Hooker, *Journal of a Tour in Iceland* (1811); og Ebenezer Henderson, *Iceland; or a Journal of a Residence in that Island* (1818). Öll þessi rit höfðu mikil áhrif á hvaða mynd var dregin upp af Íslandi er leið á 19. öld. Franski skurðlæknirinn Joseph Paul Gaimard (1796–1858) stóð fyrir umfangsmiklum rannsóknarleiðöngurum til nyrstu hluta Evrópu; fyrst til Íslands og Grænlands árin 1835–1836 og 1838–1840 til Norður-Noregs og Svalbarða. Í kjölfar fyrri leiðangursins voru gefin út níu textabindi auk tveggja myndabinda í stóru broti og eins í minna broti undir titlinum *Voyage en Islande et au Groënland exécuté pendant les années 1835 et 1836 sur la Corvette la Recherche*.⁶²⁶ „[M]un aldrei verða gert annað eins“ sagði Benedikt Gröndal (1826–1907) síðar og mun

⁶²⁴ Haraldur Sigurðsson, „Inngangur“, bls. 17–21.

⁶²⁵ Höfundurinn, Yves-Joseph de Kerguelen-Trémarec, var leiðangursstjóri á freigátunni *La Folle* sem hafði það hlutverk að aðstoða franska sjómenn sem stunduðu veiðar víða í Norðurhöfum. Umfjöllun hans um Ísland er stutt en hér er stuðst við enska þýðingu á texta hans. Höfundur greinir frá því að hann stýðjist við upplýsingar innlendra heimildamanna og getur um „Mr. Olave, who had dwelt a long time at Patrifjord“; sennilega er hér átt við Eggert Ólafsson, „Relation of a Voyage“, bls. 744. Ljóst er að höfundur byggir mikið á ritum fyrirrennara sinna, einkum þeirra La Peyrère og Horrebows en bætir þó einnig ýmsu við. Hann getur um sögu og náttúru landsins og byggir það að mestu á umræddum verkum og metur iðulega heimildagildi þeirra. Til dæmis segir hann er hann greinir frá gagnrýni Horrebows á Anderson sem fullyrta að ekki yxu neindir skógar á Íslandi: „For my part I never saw any wood“, og má til sanns vegar færa. Sjá bls. 747. – Anna Agnarsdóttir, „Kerguelen-Trémarec og Verdun de la Crenne – Franskar vísindarannsóknir við Íslandsstrendur á seinni hluta 18. aldar“.

⁶²⁶ Eitt þessara binda Gaimard-leiðangursins hefur verið þýtt og gefið út á íslensku árið 2007, Eugène Robert, *Histoire du voyage*; þýtt svo af Guðrúnu Guðmundsdóttur: *Saga Íslandsferðanna í Gaimard-leiðangrinum 1835 og 1836*.

það sönnu nær.⁶²⁷ Fyrirgreind rit urðu hin nýju kanónísku rit um Ísland jafnframt því sem eldri ritum var flestum hafnað sem ótrúverðugum.⁶²⁸ Rétt er þó að leggja áherslu á að því fór fjarri að eldri ímyndir yrðu kveðnar niður í einu veffangi.⁶²⁹ Og myndir sem birtust eftir leiðangra á þessu tímabili urðu grunnur að því hvernig landið var kynnt myndrænt á ofanverðri 19. öld. Um var að ræða einstakar myndir, myndskreytingar í bókum og fyrirgreinda myndaatlasa sem fylgdu ritsafni Gaimards.

Þau rit sem hér hafa verið nefnd höfðu vissulega mikil áhrif á ímyndamótun landsins á þessu tímabili. Ekki er þó unnt að fjalla um nema hluta þeirra. Þannig er ekki rætt sérstaklega um *Ferðabók Eggerts og Bjarna* enda er það verk eftir íslenska höfunda. Ekki er heldur fjallað svo neinu nemi um rit þeirra Hookers, Mackenzies og Hendersons, enda eru þau alþekkt og hefur verið mikið um þau rætt, einkanlega bók Mackenzies. Niðurstaðan varð því sú að taka til athugunar tvær bækur frá 18. öld, frá fyrri hluta tímabilsins, rit þeirra Horrebows og von Troils, en taka síðan til samanburðar þrjú rit frá ofanverðu tímabilinu, frá 1835–1854, verk sem fjalla um Ísland frá ólíku sjónarhorni eftir fólk með ólíkan bakgrunn. Þar af er rit eftir einn Breta, einn Bandaríkjamann og konu frá Austurríki og eru viðhorf þeirra fremur ólík. Á þennan hátt gefst kostur á að kanna vel þær breytingar sem verða á þessu aldarskeiði á ímyndum Íslands og fjalla um þau ólíku viðhorf sem þar birtast. Þessi verk eru ferðalýsing Johns Barrow, *A Visit to Iceland*, frá 1835; *Reise nach dem Skandinavischen Norden und der Insel Island im Jahre 1845* frá 1846 eftir austurrísku ferðakonuna Idu Pfeiffer (á ensku 1852, *A Visit to Iceland and the Scandinavian North*) og loks *Norðurfari, or Rambles in Iceland* eftir bandaríska ferðabókahöfundinn, Pliny Miles (1818–1865) frá 1854.

5.1.1.1 Land og umhverfi í ferðalýsingum 1750–1850

Tilforladelige efterretninger om Island eftir Niels Horrebow kom fyrst út árið 1752 en á ensku árið 1758 undir titlinum *The Natural History of Iceland*. Er stuðst við þá útgáfu hér, enda líklega útbreiddust; tæplega er þó unnt að kalla bókina ferðalýsingu með réttu því að höfundurinn dvaldi á Íslandi um tveggja ára skeið frá 1749. Hún er því ekki eiginleg ferðalýsing heldur frásögn eftir dvöl í landinu. Ritið er sett upp þannig að fjallað er um einstök atriði í hverjum kafla, svipað og í alfræðiriti og er uppsetningin hugsuð þannig í því skyni að svara efnisþáttum í bók Johannis Anderson, lið fyrir lið, og heiti bókarinnar var einnig dregið af dönskum titli bókar Andersons, *Efterretninger om Island*.

⁶²⁷ Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, bls. 50.

⁶²⁸ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. xv–xxii.

⁶²⁹ Þessi umskipti má m.a. sjá í alfræðiritum frá ofanverðri 18. öld þegar þau eru borin saman við eldri rit, sjá t.d. kafla um Ísland í Denis Diderot og Jean le Rond d'Alembert, *Encyclopédie, ou dictionnaire raisonné des sciences* (1781), bls. 106–112. Til samanburðar má líta á *Grosses vollständiges Universal Lexicon* frá 1735.

Niels Horrebow hefur frásögn sína á því að staðhæfa að þessi eyja eigi það skilið að vera

rescued from the obscurity in which it has long drooped; so much the more, as there is scarce a country the world has less knowledge, or has conceived a less genuine idea of, chiefly by reason of the accounts published of it, which are far from being true, or to be depended upon.⁶³⁰

Hrekja þurfi gróusögur um landið, sögur sem Johann Anderson hafi dreift, enda sé frásögn hans „entirely false, and conveys a wrong idea of the country, and every thing belonging to it“.⁶³¹

Horrebow er því greinilega á mörkum tveggja tíma og lítur á sig sem málsvara Íslendinga í uppgjöri við ranghugmyndir og úreltar skoðanir, sannur upplýsingarmaður. Frásögn hans markast mjög af þessu: Hann fullyrðir að landið sé í raun ekki svo ólíkt öðrum löndum heldur gildi þar sömu lögmál: „Two opposite elements will not unite in this country no more than in any other“, sagði Horrebow máli sínu til stuðnings.⁶³²

Sú aðferð sem Horrebow beitir í baráttu sinni fyrir málstað Íslands er gamalkunnug; hann dregur upp mjög jákvæðar myndir af landinu sem svipar til lýsinga á Íslandi sem sælueyju. Hann gengur að vísu ekki eins langt og gert var í sumum eldri lýsingum. Hann rekur þó hversu góðir hagar séu á Íslandi, enda sé fénaður iðulega spikfeitur. Þá sé þar líka afar gott vatn og gnægð fisks. Hveravatnið hafi líka þau áhrif að kýr mjólki mun betur ef þeim er gefið það til drykkjar.⁶³³ Einnig séu þar margs konar önnur gæði, m.a. brennisteinn. Í viðleitni sinni til þess að sýna fram á að landið sé vænlegt til búsetu og ekki heldur sérlega óvenjulegt heldur svipað öðrum Evrópulöndum rekur hann að unnt sé að rækta allt grænmeti á Íslandi. Í raun hafi hann hvergi séð betri matjurtagarð en á Bessastöðum. Ekki sé heldur nokkur vafi á að í landinu megi vel rækta ávaxtatré og berjarunna.⁶³⁴ Horrebow bendir jafnvel á að Anderson hafi rangt fyrir sér í því að snákar geti ekki þrifist á Íslandi og fullyrðir að þeir gætu vel lifað þar; engu að síður séu engir snákar landinu! – Þessi umfjöllun var stytt mjög í ensku útgáfunni: „Concerning Snakes. No snakes of any kind are to be met with throughout the whole island“. Var hent gaman að þessu þar í landi.⁶³⁵ – Horrebow reynir því að sýna fram á að landið sé í raun alveg sambærilegt við nágrannalöndin en gæti þurft framtak og aðstoð utan frá til þess að koma málum í annað horf en þau væru víðast. Hvergi ber á hugmyndum um náttúruferð eða að

⁶³⁰ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. iii.

⁶³¹ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. vii.

⁶³² Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. 16, 20.

⁶³³ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, m.a. bls. 18, 22, 34.

⁶³⁴ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. 37.

⁶³⁵ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. 91. – Niels Horrebow, *Tilforladelige Efterretninger om Island*, bls. 240. – Einnig Anna Agnarsdóttir, „Iceland in the Eighteenth Century“, bls. 17.

eitthvað sé eftirsóknarvert við íslenska náttúru annað en að hana megi vel nýta í ýmsu skyni.

Árið 1772 kom til Íslands leiðangur undir forystu landkönnuðarins og síðar forseta breska vísindafélagsins, Josephs Banks. Svíinn Uno von Troil var munstraður í leiðangurinn skömmu áður en látið var úr höfn en hann var þá nýkominn til Englands eftir dvöl á meginlandinu. Bók von Troils, *Bref rörande en resa til Island*, var hið eina sem var gefið út eftir ferðina; sjálfur fjallaði Banks ekki um för sína á prenti. Stuðst er við enska útgáfu af bók von Troils, *Letters on Iceland* (1780), enda var hún útbreiddust.

Uppbygging ritsins er í anda ýmissa ferðalýsinga frá þessum tíma þar sem áhersla er lögð á að veita miklar upplýsingar. Svo langt gengur von Troil raunar að tæpt er að kalla verk hans ferðalýsingu vegna þess að hann getur lítið um ferðina sjálfa en bindur sig við umfjöllun um einstök efni í bréfformi, ekki ósvipað og Horrebow gerði í sínu verki.⁶³⁶ Uno von Troil er þó ekki á sama hátt upptekinn af því að leiðrétta „missagnir“, líkt og Horrebow; það hlutverk höfðu hann og Eggert og Bjarni tekið að sér.

Við fyrstu sýn virtist honum landið ógnvekjandi sjón og allt annað en hinar viðfældnu strandlengjur Englands og Skotlands:

Imagine to yourself a country, which from one end to the other presents to your view only barren mountains, whose summits are covered with eternal snow, and between them fields divided by vitrified cliffs, whose high and sharp points seem to vie with each other, to deprive you of the sight of a little grass that springs up scantily among them.⁶³⁷

Lýsingum hans á landslagi og náttúru á Íslandi svipar um margt til eldri frásagna af landinu sem skelfingarstað. En markmið von Troils voru önnur en eldri höfunda og ógnirnar höfðu nú önnur áhrif en fyrir eins og von Troil sagði þegar hann velti fyrir sér eiginleikum mikilfenglegrar náttúru: „It is true, beauty is pleasing both to our eyes and our thoughts; but gigantic nature often makes the most lasting impressions.“⁶³⁸ Von Troil útfærði þessar hugmyndir nánar þegar hann fjallaði um hverinn Geysi:

Here a poet would have an opportunity of painting a picture of whatever Nature has of beautiful and terrible united, by delineating one of its most uncommon phenomena: it would be a subject worthy the pen of a Thompson⁶³⁹ to transport the reader, by poetical imagery, to the spot which is here presented to the eye. Represent to yourself a large field, where you see on one side, at a great distance, high mountains covered with ice, whose summits are generally wrapped up in clouds, so that their sharp unequal points become invisible. This loss however is compensated by a certain wind, which causes the clouds to sink, and cover the mountain itself, when its summit appears as it were to rest upon the clouds. On the other side, Heckla is seen, with its three points covered with ice, rising above the clouds, and with the smoke which ascends from it, forming other clouds at some

⁶³⁶ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 1; einnig 38–42 og víðar.

⁶³⁷ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 25.

⁶³⁸ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 4.

⁶³⁹ Hér er væntanlega átt við skoska skáldið James Thomson, 1700–1748.

distance from the real ones: and on another side is a ridge of high rocks, at the foot of which boiling water from time to time gushes forth; and further on extends a marsh of about half a mile in circumference, where are forty or fifty boiling springs, from which a vapour ascends to a prodigious height. In the midst of these is the greatest spring *geyser*, that deserves a more exact and particular account.⁶⁴⁰



Mynd 34. *Geysir eins og hann birtist á mynd í bók von Troils, Letters on Iceland. Von Troil lýsti hvernum sem eftirsóknarverðu og áhrifamiklu fyrirbæri. Til þess var hann fyrstur manna og átti sú lýsing eftir að hafa mikil áhrif á þá sem síðar komu.*

⁶⁴⁰ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 257–258.



Mynd 35. Litað grafískt þrykk sem John Thomas Stanley lét gera eftir olíumálverki að lokinni Íslandsför sinni árið 1789, tæpum tveimur áratugum eftir Íslandsferð Josephs Banks. Fólk sem birtist á myndunum á bæði að sýna stærðarhlutföll og afstöðu gestanna til goshversins. Myndin varð fyrirmynd margra annarra myndskreytinga sem birtust í bókum á 19. öld og þrykkinn virðast hafa farið nokkuð víða.

Von Troil færir hér mjög í stílinn er hann fjallar um umhverfi Geysis; Hekla er ekki í þeirri nánd við Geysi sem hér er lýst. Hann dregur fram skarpar andstæður og lýsir aðstæðum sem yfirþyrmandi. Álit von Troils er því gerólíkt viðhorfum Horrebows sem reynir aðallega að sanna að landið sé lífvænlegt og nýtanlegt. Markmið von Troils er að sýna fram á að íslensk náttúra sé „sublime“, í senn bæði ógnvekjandi og fögur, þó hún sé kannski ekki sérlega viðfelldin. Þannig geti hún vakið upp mikið listfengi og haft áhrif á þá sem fjalla um hana. Þær ímyndir sem von Troil birtir af íslenskri náttúru eru því mjög ólíkar þeim viðhorfum sem höfðu verið ráðandi; hann

er fulltrúi for-rómantískra viðhorfa og leggur grunninn að breyttri afstöðu með texta og myndum sem birtust í bókinni.⁶⁴¹ Von Troil er greinilega vel að sér í ráðandi hugmyndastraumum þegar hann ræðir um íslenska náttúru, enda nýkominn frá Frakklandi, þar sem hann hafði hlýtt á skærustu stjórnur Frakka um þetta leyti, heimspekingana Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) og Denis Diderot.⁶⁴²

Ferðalýsing Johns Barrow, *A Visit to Iceland*, um Íslandsför hans frá 1834, kom út árið 1835. Um höfundinn er það að segja að faðir hans og alnafni var kunnur stjórnmalamaður, aðstoðarráðherra og fræðimaður, og einn helstu hvatamanna að stofnun breska Landfræðifélagsins. Meðal annars var hann áhugamaður um norðurslóðir. Barrow yngri var sjálfur ferðagarpur, fór víða, hafði áhuga á framandi slóðum og gat sinnt slíkum hugðarefnum sem ritari í flotamálaráðuneytinu. Hann varð síðar einn af stofnendum *The Hakluyt Society*. Það þarf því ef til vill ekki að undrast að hann lagði leið sína til Íslands.⁶⁴³

Bók Barrows er á margan hátt mjög ólík umfjöllun von Troils um Ísland, enda skrifuð meira en hálfri öld síðar. Það er því vænlegt að fjalla um hana til samanburðar.⁶⁴⁴ Þegar Barrow kom til Íslands árið 1835 fannst honum fátt benda til þess að hann væri kominn til siðmenntaðs lands, enda í höfuðstaðnum Reykjavík aðeins fáein hús og flest þó aumir kofar. Engin gróður, endalausar mýrar. Og ekki tók betra við utan bæjarins, auðn og vart nokkurt líf.⁶⁴⁵ Leiðinni til Hafnarfjarðar lýsti hann þannig að það væri

quite impossible to picture to the imagination anything more rugged, more forbidding, or more barren of all appearance of vegetable life – animal life being quite out of the question – than the face of the country was here, covered over with immense masses of irregular lava rocks, by which the traveller, at every step he takes, finds himself intercepted, and turned aside out of his direct path.⁶⁴⁶

Barrow leit því að sumu leyti á Ísland sem stað sem á hvíldi bölvun, stað sem væri fjandsamlegur öllu lífi. Hann var þó ekki alfarið neikvæður í afstöðu sinni til umhverfisins á Íslandi. Stöku staðir, Þingvellir t.d., voru „romantically grand“, „though not beautiful“.⁶⁴⁷ Þegar Barrow var við Geysi sinnti hann margs kyns athugunum en sá líka ástæðu til að lofa hverina fyrir mikilfengleika eða fegurð:

⁶⁴¹ Þessi breyttu viðhorf sjást m.a. hjá John Thomas Stanley, *An Account of the Hot Springs in Iceland*, bls. 3–4, 44. Þegar John Stanley kom til Íslands 1789 varð hann fyrir miklum áhrifum er hann sá Geysi; „Nature no where offers objects bearing a resemblance to them; and art, even in constructing the water-works of Versailles, has produced nothing that can at all illustrate the magnificent appearances of the Geyzer.“

⁶⁴² Anna Agnarsdóttir, „*This Wonderful Volcano of Water*“, bls. 7.

⁶⁴³ Haraldur Sigurðsson, „Formáli þýðanda“, bls. 11–13.

⁶⁴⁴ Haraldur Sigurðsson þýddi bókina á íslensku og hún var gefin út árið 1994 undir titlinum *Íslandsheimsókn, ferðasaga frá 1834*.

⁶⁴⁵ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 98–99, 137.

⁶⁴⁶ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 220–221.

⁶⁴⁷ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 147.

While contemplating this grand exhibition of nature, my mind, as if by an involuntary impulse, seemed to carry me back to the period, now more than sixty years ago, when the late Sir Joseph Banks was standing perhaps on the very spot on which I now stood, in wonder and admiration of this grand phenomenon; and from him, by a natural transition, I had in full recollection the splendid print and drawings which Sir John Stanley had the kindness to show me in London previous to my departure.⁶⁴⁸

Hér er athyglisvert að sjá hversu mikilvæg kynning annarra er, í þessu tilviki Josephs Banks og leiðangursmanna hans annars vegar (á Íslandi 1772) og hins vegar Johns Stanley og féлага hans (á Íslandi 1789), á Geysi, og hversu mikil áhrif framsetning í textum og myndum hefur á þá sem eftir koma; „For the most part we do not first see, and then define, we define first and then see“; sagði Walter Lippmann löngu síðar um staðalmyndir, eins og fyrr hefur verið bent á.⁶⁴⁹ Myndin af Geysi sem Stanley lét gera eftir Íslandsferðina er Barrow þannig í fersku minni og hann langar að reyna að fanga svipuð augnablik og þar virtust birtast. Það hefur þó reynst Barrow erfitt. Myndin er ekki raunsæ lýsing heldur rómantísk hughrif.

John Barrow var nytjahyggjumaður og tjáir varla rómantísk viðhorf nema þegar hann vísar til fyrirrennara sinna. Honum fannst því ekki mikið til Íslands koma, það var að hans mati lítið annað en auðnir og órækt. Þó hreifst hann af sumum náttúrfyfirbærum í landinu, eða skrifaði hluta bókar sinnar a.m.k. í þeim anda, enda voru slíkar lýsingar orðnar hluti hinna hefðubundnu Íslandslýsinga um þetta leyti. Barrow skrifaði sig inn í þá hefð og lýsing hans á Geysi er til vitnis um það.

John Barrow ræddi víða um hversu ferðalög um landið væru erfið og mikil raun og hversu mikið þau reyndu á hann. Hann hafði líka ánægju af því að lýsa hversu nýtískulegur ferðabúnaður hans væri (m.a. vaðstígvél, „waterproof *Wellington boots*“). Sú mannafræðingurinn að ríða niður í Almannaþing varð honum að umtalsefni, og hefðu innfæddir undrast dirfsku hans.⁶⁵⁰ Margir aðrir höfundar, nánast eingöngu karlmenn, drógu upp svipaðar myndir: Þeir gátu brennt sig í sjóðheitum leirhverum þar sem brennisteinsgufur stígu til himins, slasað sig á vegleysum, t.d. á leiðinni til Hafnarfjarðar, og villst í eyðimörkum. Barrow – og margir aðrir – fjölluðu því um Ísland sem fjarlægátt á ævintýrastað.

Bandaríski sagnfræðingurinn, Karen Oslund, nefnir einmitt þegar hún talar um ferðamenn sem komu til Íslands um þetta leyti að þeir hafi talið sig vera á mörkum hins þekktu og óþekktu, á landamærum, *the frontier*, óvissir um hvar þeir væru niður komnir og þeir hafi lagt áherslu á að finna mælikvarða sem gætu gefið til kynna hvar þeir væru staddir.⁶⁵¹ *Frontier* er staður þar sem reglur og lög gilda vart eða ekki, staður þar sem karlmenn geta reynt sig og styrk sinn og náð nýjum kröftum. Konur lýsa slíkum stöðum


⁶⁴⁸ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls.195–196.

⁶⁴⁹ Walter Lippmann, *Public Opinion*, bls. 81.

⁶⁵⁰ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 132–133, 135, 137, 139. – Mary Louise Pratt hefur kallað lýsingar af þessu tagi *survival literature*, að lifa af skelfilegar eða mjög erfiðar aðstæður, en þær eru algengar í íslenskum ferðalýsingum á 19. öld. Sjá *Imperial Eyes*, bls. 86.

⁶⁵¹ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 169–170 og víðar.

yfirleitt á allt annan hátt með því að fjalla fremur um daglegt amstur og þá erfiðleika sem við var að glíma við slíkar aðstæður.⁶⁵²



Mynd 36. Á leið yfir Kapelluhraun. Ein algengra ímynda um Ísland á 19. öld var að það væri staður karlmennskunnar þar sem unnt var að takast á við ógnir náttúrunnar, straumharðar ár, úfin hraun og einstigi í snarbröttum hlíðum.

Með því að draga upp mynd af sjálfum sér í þessum umhverfi upphefur ferðalangurinn sig með því að lýsa því hversu djarflega honum hafi tekist að komast yfir erfiðleika. Ísland er því staður til þess að sigrast á, staður til þess að átta sig á eigin styrk, lifa af.⁶⁵³ Ferðalög til Íslands, samkvæmt lýsingu Barrows, voru því aðeins á færi hinna djörfustu karlmanna sem treystu sér til þess að bjóða öllum hættum birginn í norðlægu umhverfi þar sem allt gat gerst. Ein þeirra ímynda af Íslandi sem varð vel þekkt á þessum tíma var því sú að landið væri kjörinn vettvangur til þess að þroska karlmennskuna. Ísland byði upp á ævintýri, erfiðleika og þrautir og væri verðugur vettvangur fyrir þá sem vildu sýna hvað í þeim byggi.

Austurríska ferðakonan, Ida Pfeiffer, var fyrst erlendra kvenna til þess að ferðast um Ísland á eigin spýtur, árið 1845, og gaf út bók um ferð sína og víðar um Norðurlönd árið eftir. Stuðst er við ensku þýðinguna hér, *A Visit to Iceland and the Scandinavian North*. Áður hafði Pfeiffer farið til Palestínu (1842) en árið eftir

⁶⁵² Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *Post-Colonial Studies*, bls. 109.

⁶⁵³ M.a. dæmi hjá Frances Thurtle, *Popular Voyages and Travels*, bls. 133–134.

Íslandsföriðna fór hún í heimsreiðu, hvorki meira né minna, og kom úr þeirri för tveimur árum síðar. Það sem eftir var ævinnar var hún að mestu á faraldsfæti og er nú þekkt sem einn helsti frumkvöðull í ferðum kvenna á 19. öld.⁶⁵⁴

Fyrir Íslandsferðina var Ida Pfeiffer full tilhlökkunar og þekkti greinilega hinar rómantísku hugmyndir um land og þjóð. Hún kvaðst hafa borið þær vonir í brjósti frá barnæsku að komast til þessa sérstaka lands sem sennilega ætti hvergi sinn líka.⁶⁵⁵ Og hún bætti við: „I feel so completely happy, so brought into communion with my Maker, when I contemplate sublime natural phenomena, that in my eyes no degree of toil or difficulty is too great a price at which to purchase such perfect enjoyment.“ Hún var greinilega tilbúin til þess að leggja mikið á sig til þess að sjá og tengjast mikilfenglegri náttúru landsins, sem samkvæmt lýsingu hennar var orðin ráðandi ímynd þess, og beið spennt eftir að komast í land eftir að hún sá það fyrst frá skipinu sem flutti hana þangað.⁶⁵⁶ Mikið vatn hafði því runnið til sjávar á þeirri öld sem liðin var frá því Johann Anderson ræddi um Ísland og lýsti sem skelfingarstað.

Höfundurinn dró ekki dul á að landið væri örðugt yfirferðar. Víða gátu leynst hættur, t.d. í botnlausum mýrum. Bitur vindurinn reyndi líka á, einnig regnið og kulduinn. Aðstæður á Íslandi reyndust henni jafnvel mun erfiðari en „the Oriental heat“ en Ida var iðin við að spegla önnur framandi svæði yfir á Ísland. Sérstaklega varð henni Heklufer þungbær, að klifra yfir hraunið, úfið og beitt: „It was a fearful journey!“, sagði hún.⁶⁵⁷ Samkvæmt Idu Pfeiffer var því vissulega erfitt að ferðast á Íslandi en þó vel mögulegt fyrir konur ef þær voru tilbúnar til þess að leggja á sig nokkuð erfiði og hættur.

Í ritinu eru dregnar upp margvíslegar myndir af íslensku landslagi og náttúru. Litir og litbrigði gátu verið stórkostleg. En landið var líka eyðilegt, dautt og kalt, „nothing but a stony desert, an immeasurable chaos.“⁶⁵⁸ Af Heklutindi kvaðst hún hafa séð „the picture of a petrified creation, dead and motionless, and yet magnificent, – a picture which once seen can never again fade from the memory“. Fyrir þá sjón, ógnfegurðina, þakkaði hún guði sínum en þó ekki síður fyrir að hafa gefið henni kost á að eyða ævinni á vingjarnlegri og glaðlegri stað, þ.e. í heimaborg sinni, Vín. Geysir varð Idu Pfeiffer þó tilefni til jákvæðari hugrenninga en Heklufer eins og hún lýsti: „such a magnificent and overpowering sight can only be seen once in a lifetime.“⁶⁵⁹

Ferðakonan tókst á við margs konar erfiðleika sem reyndu sannarlega á hana. En henni fannst þó einkennilegt hversu mikið fyrirrennarar hennar gerðu úr ýmsum hættum, t.d. á leiðinni frá Reykjavík til Hafnarfjarðar: „Of the much-dreaded dizzy abysses I saw

⁶⁵⁴ Mary Somers Heidhues, „Woman on the Road“, bls. 289.

⁶⁵⁵ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 17.

⁶⁵⁶ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. ix, 62.

⁶⁵⁷ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 82, 92, 162.

⁶⁵⁸ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 120, 162.

⁶⁵⁹ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 150, 166.

nothing“, varð henni að orði.⁶⁶⁰ Annars staðar nefndi hún að sumir „with an over-excited imagination, seem to see, hear, and feel things which do not exist; and how others, again, tell the most unblushing falsehoods.“ Hún tók dæmi þessa af foringja á franskrri freigátu sem hún hitti á Íslandi og ýkjusögum hans af för sinni á Vesúvíus en þar hafði hún sjálf nýlega verið. En skilaboðin til Johns Barrow leyndu sér þó ekki: John Barrow fór ekki upp á Heklu og afsakaði það í löngu máli í bók sinni.⁶⁶¹



Mynd 37. Við Heklu, hjá Selsundi, mynd úr Íslandsleiðangri Gaimards frá 1836; leiðangursmenn á leið til Heklu; lesa má sambland af ógn og eftirvæntingu út úr þessari framsetningu.

Ida Pfeiffer er ágætur fulltrúi rómantískrar náttúrsýnar á Ísland. Hún upplifir mikilfenglega og fagra náttúru sem hún dáist að en einnig ógnir, þrautir og erfiðleika. Allt er þetta í anda rómantískra ferðalýsinga frá þessum tíma. En hún bregst líka við þeim hugmyndum að Ísland sé svo hættulegur staður að þangað geti helst eingöngu farið fullhugar. Hún hæðist að slíkum sögum og vinnur því gegn þeirri ímynd að Ísland sé eingöngu vettvangur fyrir hraustustu karlmenn: Íslandsför sé eins og manndómsvígsla. Að hennar mati er Ísland líka staður fyrir konur en þeirri skoðun deildu fæstir samtímamenn hennar og aðrir Íslandsfarar á þessum tíma eins og síðar verður rakið.

⁶⁶⁰ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 72. Ida er hér ef til vill að vísa til lýsingar Johns Barrow á ferð hans frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, sjá John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 222–226.

⁶⁶¹ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 152–153, 197–198.

Bandaríski ferðabókahöfundurinn, Pliny Miles kom til Íslands árið 1852; Miles var þekktur á sínum tíma fyrir ferðapíslu sem hann skrifaði en líka önnur störf, m.a. rit um minnisþjálfun og hugmyndir um umbætur á póstkerfinu í Bandaríkjunum.⁶⁶² Hann sá ástæðu til, líkt og Niels Horrebow einni öld fyrr, að vísa til fornra hugmynda um landið, að því hefði verið lýst sem „a cold, dreary, and uninteresting region inhabited by a few dwarfish and ignorant people who have little knowledge of the world and of whom little is known.“⁶⁶³ Hinar gömlu hugmyndir um landið voru því enn þekktar en þær ræðir Miles þó lítið að öðru leyti. Áhrif þeirra voru að mestu þorin. Miles notar því þess meira rými í „samræðu“ við þá ferðalanga sem höfðu farið til Íslands, áratugina á undan honum.

Miles lagði áherslu á hið ævintýralega og karlmannlega með því að draga fram allar þær hættur sem fylgdu ferðalagi á Íslandi, svipað og John Barrow. Riðið var yfir straumþungar ár þar sem teflt var á tæpasta vað.⁶⁶⁴ Að ekki sé talað um hryllilegar gjár og brennisteinspytti eins og í sjálfu víti þegar komið var á Heklu:

A more awful scene, or a more dangerous place I hope never to be in. Had it not been for my long staff, I never could have proceeded. The dangers and terrors of the scene were greatly increased by the clouds and cold wind that came up on our left, and the smoke and sulphurous stench that rose from the craters on our right. One moment in danger of falling over the perpendicular side of the mountain on the one hand, and the next of being swallowed up in the burning crater on the other.⁶⁶⁵

Jafnvel hundurinn sem fylgdi Miles vældi ámátlega af hræðslu. Líf ferðalanga var sannarlega í hættu á Íslandi: „It makes my blood boil like the springs of Hecla“ sagði Miles þegar hann lýsti dirfsku sinni og ógnum á Íslandi og vísaði þá til orða Byrons lávarðar úr verki hans Don Juan.⁶⁶⁶ En slík upplifun var sannarlega þess virði að mati höfundarins, enda ævintýralegra að fara um Ísland en nokkur önnur lönd sem höfundurinn hafði lagt leið sína um; Pliny Miles var afar víðförlur og hafði ferðast um flest ríki Bandaríkja og víða í Evrópu, t.d. í Noregi, Skotlandi og Ítalíu.⁶⁶⁷

Frásögn Miles af Hekluþörlunni gaf honum jafnframt tilefni til þess að gagnrýna forvera sína: Bretann John Barrow fyrir að hafa látið smáerfðiðleika hindra sig í að fara á Heklu en það væri skiljanlegt fyrst Englendingur ætti í hlut; þeir færu iðulega á mis við stórkostlega reynslu „just because it would make a dinner-hour a little later or a little

⁶⁶² *New York Times* frá 1865, <http://www.nytimes.com/1865/05/04/news/obituary-death-pliny-miles-american-advocate-cheap-postage-inquest-fort-hamilton.html>

⁶⁶³ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 33.

⁶⁶⁴ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 97.

⁶⁶⁵ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 138–139.

⁶⁶⁶ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 100. – George Gordon Byron, *Byron's Works*, bls. 750.

⁶⁶⁷ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 146. – *Ballou's Pictorial Drawing-Room Companion*, bls. 284.

earlier than common.⁶⁶⁸ Frásögnin gaf því tækifæri til þess að draga fram staðalmyndir af dirfsku Bandaríkjamanna samanborið við formfestu, íhaldsemi og gætni Englendinga. – Miles var þó miklu meira niðri fyrir er hann gagnrýndi Idu Pfeiffer sem hann kallaði „that old Madam Pfeiffer“, einkum lýsingu hennar á Heklugöngu sinni. Miles sakaði hana um að lýsa fjallinu ranglega og fyrir að fara villur vegar í flestum staðhæfingum sínum um Ísland: „Where she does not knowingly tell direct falsehoods, the guesses she makes about those regions that she does not visit – while stating that she does – show her to be bad at guess-work and poorly informed about the country.“⁶⁶⁹ Ida Pfeiffer hafði farið inn á bannsvæði og hlaut sína refsingu fyrir með því að trúverðugleiki hennar var dreginn í efa. Hún var því gerð ómerk og því lýst yfir að hún hefði aldrei farið á staði sem hún sagðist hafa farið á, t.d. Heklu.⁶⁷⁰



Mynd 38. Þessi eldgosamynd sem á að sýna Heklu birtist í Nordisk Penning-Magazin 2. maí 1846 og í fleiri svipuðum tímaritum í Þýskalandi, Bretlandi og víðar; bæði Pliny Miles og Ida Pfeiffer gætu vel hafa séð hana og fleiri slíkar og orðið fyrir áhrifum af þeim.

⁶⁶⁸ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 207.

⁶⁶⁹ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 161 og áfram. – Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls.161.

⁶⁷⁰ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 123.

Miles ber íslenska náttúru og landslag saman við aðstæður sunnar í Evrópu og staðhæfir að á Íslandi sé allt miklu stórkostlegra. Landið sé í raun ein eldstöð. Það sé heldur ekki svo kalt eða snjópungt og sumur séu oft veðurblið. En þrátt fyrir eldvirkni og nánast algert skógleysi er landið aðlaðandi að hans mati, loftið tært, hagar fagurgrænir og fjöllin klædd blárri slikju. Miles lýsir landi þar sem allt er dregið skörpum dráttum, litirnir skýrir, víðsýni mikið og fjöllin eins og á „a perfect Grecian picture“; á margan hátt má segja að lýsingar hans séu *pastoral* þar sem sveitalífið og umhverfi þess er lofað. Miles getur þess einnig að útsýnið sé jafnvel mun fegurra og fjölbreyttara séð frá Heklu en frá eldfjöllum Ítalíu, Etnu og Vesúvísi.⁶⁷¹

Höfundurinn getur þess einnig að í öðrum löndum þurfi að borga fyrir að komast í heitt bað en á Íslandi megi baða sig í heitum uppsprettum með því hitastigi sem þyki þægilegast, eða þá að stinga sér til sunds í köldu vatni og synda að heitum uppsprettum í vatninu. Hverunum í Haukadal er enn líkt við gosbrunna í Versölum, og eru það orðnar gamlar lummur um þetta leyti; hinum síðarnefndu er lýst sem fremur lítilmótlegum samanborið við Geysi.

Að mati Miles var íslensk náttúra og landslag með því stórkostlegasta sem finna mátti í veröldinni og fölnaði flest að hans mati í þeim samanburði. Ísland var land hinnar stórkostlegu náttúru og ævintýranna og þar samlagaðist fólkið náttúru og landslagi með lífsháttum sínum.⁶⁷² – Þess utan virtist Miles landið vera svipað nágrannalöndunum að því leyti að þar væri hægt að rækta flestar matjurtir sem þrífust annars staðar í Norður-Evrópu; tré virtust líka þrífast þökkalega. Þá væru hagar fyrir búfé einstaklega góðir og betri en víðast annars staðar.⁶⁷³

Lýsingar Pliny Miles á Íslandi minna um sumt á lýsingar á ógnum Íslands frá 16. og 17. öld; frásögn af Heklugöngu hans svipar t.d. til umfjöllunar Blefkens tveimur og hálfri öld fyrr. En samhengið er annað, enda lýsti Blefken Íslandi sem djöfullegu; Miles dró upp mynd af Íslandi sem stórkostlegri og ógnfagurri smíð Skaparans, svipað og von Troil og Pfeiffer höfðu gert, eins og títt var í rómantískum lýsingum frá þessum tíma. Munurinn er helst sá að hann gekk mun lengra í þá átt en hin tvö. Samhliða ræðir hann um landið sem sælureit, útópíska eyju, þar sem fegurðin er ráðandi, ævintýraeyju þar sem hægt er að fara í bað í einhverri af hinum mikla fjölda lauga í landinu, hvenær sem hugurinn girnist. Sá staður sem Miles lýsti er því heterótópía, staður án þess að vera staður. – Miles fjallaði líka um landið sem prófraun, svipað og John Barrow. „Samtöl“ við forgöngumenn hans á Íslandi skipta miklu máli í frásögn hans. Í þeim dró hann upp staðalmyndir af ósveigjanlegum, hrokafullum, duglausum og einsýnum Evrópubúum en sjálfur var hann til marks um áræði og fordómaleysi Bandaríkjamannsins.

⁶⁷¹ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 49–50, 70, 142. – Terry Gifford, „Pastoral, Anti-Pastoral and Post-Pastoral as Reading Strategies“.

⁶⁷² Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, m.a. bls. 51, 106.

⁶⁷³ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, m.a. bls. 62, 179, 213.

5.1.1.2 Þjóð og menning

They are not so robust and hardy that nothing can hurt them; for they are human beings, and experience the sensations common to mankind.⁶⁷⁴

Á ofangreindan hátt skilgreindi Niels Horrebow Íslendinga undir miðja 18. öld. Hann taldi þörf á að lýsa því yfir að ekki léki vafi á að þeir væru mannlegar verur en ekki dýr!

Horrebow vann að því, sem fyrr segir, að vekja skilning á því að aðstæður á Íslandi væru líkari því sem tíðkaðist í nágrannalöndunum í suðri og austri en margir héldu: Að í landinu væri lifað siðmenntuðu en kannski óvenjulegu lífi. Þær myndir sem hann dró upp af mannlífi í landinu voru því í þessa veru. Að Íslendingar væru vel að manni, enda vendust þeir erfiðsvinnu frá unglingsárum. Karlar yrðu reyndar ekki gamlir, enda sinntu þeir ekki vel um heilsu sína. Hið sama gildi um konur en margar þeirra létust af barnsförum. Almenn reyndi Horrebow því að sýna fram á að lífið hjá alþýðu manna væri ekki ósvipað því og tíðkaðist í nálægum löndum. Vissulega væri margt erfiðara hjá fólki á Íslandi en víða annars staðar og fólk fátækt en aðstæður þó kannski svipaðar og víða mætti sjá í Danmörku.⁶⁷⁵

Horrebow staðhæfir að Íslendingar séu mikið bókafolk og árlega séu ungir Íslendingar sendir til náms í Kaupmannahöfn þar sem þeir geti látið ljós sitt skína og reynist þeir vel sem náms- og menntamenn. Almennitur sé einnig vel að sér en að vísu hjátrúarfullur. Þá þyki þessu fólki hvergi betra að vera en heima hjá sér og virðist höfundur sem að slíkar kenndir séu ef til vill algengari í norðri en annars staðar.⁶⁷⁶ Samhliða hafnar höfundur því að þetta fólk sé engu betra en villimenn eins og margir hafi haldið fram. Í því samhengi bendir hann á að áfengisneysla sé lítil í landinu og hann vísar á bug staðhæfingum Andersons um ólifnað og drykkjuskap Íslendinga: Að þeir séu algjörlega siðlaust fólk.⁶⁷⁷ Boðskapur Horrebows er því að þeir séu svipaðs útlits og fólk í nágrannalöndunum, iðulega betur menntaðir, reyndar að vísu frekar gamaldags í háttum, en um fram allt frekar venjulegir; skróksögur um þá verði að uppræta. Markmið hans er því að sýna fram á að í stórum dráttum séu Íslendingar „venjulegt“ fólk. –Sporgöngumenn Horrebows á ofanverðri 18. öld, t.d. Frakkinn Yves-Joseph de Kerguelen-Trémarec, lýstu Íslendingum ekki ósvipað.⁶⁷⁸

Uno von Troil brá upp myndum af fátæku fólki, svipað og Horrebow. Hann lýsti aðstæðum þess, fæðu, klæðnaði, húsakynnum og atvinnuháttum. Fólkið væri ekki

⁶⁷⁴ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. 105.

⁶⁷⁵ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, m.a. bls. 103–104, 106, 112, 117.

⁶⁷⁶ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, bls. 24, 119.

⁶⁷⁷ Niels Horrebow, *The Natural History of Iceland*, m.a. bls. 112, 137–138.

⁶⁷⁸ Yves-Joseph de Kerguelen-Trémarec, „Relation of a Voyage“, bls. 751–753. Hann lýsti t.d. Íslendingum þannig að þeir væru „of common size, and robust nature, enjoying their health admirably ... They are mostly nimble and well made, have fine teeth, and generally light hair“. Fæstir næðu þó háum aldri, enda lífsskilyrði erfið og tilbreyting lítil: Þá væri fæðan fábrotin: „A common family make a meal of three or four cod's heads boiled in sea-water“.

sterkbyggt og konur og karlar litu fremur illa út, enda væri fæða þess fábrotin. Húsakynni þeirra væru svo lítil og þröng að þau sæjust varla. Von Troil lýsti því hvernig lífsbarráttan hefði sett mark sitt á þetta fólk, það væri svo alvarlegt og þunglyndislegt og hann ræki ekki minni til að hafa nokkurn tíma séð Íslending hlæja. Von Troil fannst í raun ótrúlegt að nokkur mannvera byggji í þessu landi.⁶⁷⁹ Hann lagði sig hér fram um að lýsa lífi fátæks alþýðufólks eins og það kom yfirstéttarmanni frá evrópskri borg fyrir sjónir án þess að upphefja það á nokkurn hátt – og kannski heldur ekki að gera lítið úr því. Svona líf var honum einfallega framandi og hann lýsti því sem hann sá.

Er kom að því að lýsa siðgæði landsmanna sló von Troil á nokkuð aðra strengi. Hann nefndi að þjófnáður væri óalgengur en gestrisni mikil. Hún væri vissulega ekki eins höfðingleg og fyrrum en landsmenn legðu þó engu að síður mikið á sig til þess að gera vel við gesti sína. Hann ræddi einnig um trúmennsku Íslendinga og tryggð við heimahaga, svipað og Horrebow.⁶⁸⁰ Þegar von Troil fjallaði um siðgæði Íslendinga var hann því vel í takt við tímann; hann ræddi helst einkenni sem áttu skylt við lífshætti *the noble savage* og sér þau í fari Íslendinga.

En von Troil ræddi ekki eingöngu um samfélag samtímans. Hann fjallaði einnig um sögu Íslands, landnám, stofnun Alþingis og hvernig Íslendingar hefðu tapað frelsi sínu eftir innbyrðis átök. Hann ræddi líka um bókmenntir og söguiðkun Íslendinga til forna og hefðu þeir verið rómaðir fyrir menntun sína í lögum, náttúruvísindum, heimspeki og stjórnufræði. Þá gat hann um „the famous Snorre Sturleson“ sem jafnvel Svíar ættu skuld að gjalda vegna framlags hans til sögu þjóðar þeirra. Að mati von Troils höfðu Íslendingar einstaka stöðu meðal þjóða Evrópu og ættu í raun sama heiður skilinn og þekktustu sagnaritarar Rómverja, t.d. Livíus (59 f. Kr. – 17 e. Kr.) og Tacítus.⁶⁸¹ En von Troil gat þess einnig að Íslendingar samtímans stæðu mjög að baki forfeðrum sínum og væri nú fátt eftir af fornri frægð annað en iðkun og lestur á fornum sögum sem væri helsta tómstundagaman landsmanna. Íslendingar væru þó vel fallnir til mennta og því færi fjarri að landið væri sokkið í forheimskun og menningarleysi.⁶⁸² Von Troil var greinilega vel lesinn í ritum er fjölluðu um sögu og bókmenntir Íslendinga. Hann dró þessa þætti skýrt fram í verki sínu og var fyrstur manna til þess að fjalla um þessi efni sem einn meginþátta í ferðalýsingu frá Íslandi.

Þegar lítið er nánar á verk von Troils kemur í ljós að hann lýsir Íslendingum sem „venjulegu“ fólki sem er ekkert sérlega framandi. Samhliða dregur hann fram ýmis einkenni hins göfuga villimanns, sakleysi, ást á heimahögum, nægjusemi og siðsemi. Hann lýsir háttum fólks sem unir sátu við sitt þó það sé fátækt, nýtir sér til framfæriss þáð sem landið hefur upp á að bjóða en óskar sér einskis af munaði annarra landa.

⁶⁷⁹ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 25–30, 94–104, 113–118, 148 og áfram.

⁶⁸⁰ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 87–91.

⁶⁸¹ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 31, 69, 86, 163–164.

⁶⁸² Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 32, 170–171.

Tómstundir sínar nýtir það til þess að mennta sig og sinna um fræði lands síns. Þær ímyndir sem birtast eru því margs konar, enda fjölbreytt veganesti sem von Troil hafði þegar hann setti saman verk sitt; eftir lestur verksins hefur lesandi því verið í nokkrum vafa um það hvers konar fólk þetta væri.

Þegar von Troil fjallar um menningu landsins telur hann í aðra röndina að hún standi klassískri menningu að baki en hyllir jafnframt snilld hennar og fullyrðir að verk Íslendinga til forna standist samanburð við rit fornhöfundanna við Miðjarðarhafið. Hann leggur því grunn að þeirri hugmynd að Ísland gegni sérstöku hlutverki fyrir norrænar þjóðir, svipað og Grikkir og Rómverjar á sínum tíma fyrir Miðjarðarhafspjóðirnar. Athyglisvert er að íslenska miðaldasamfélagið er fyrst og fremst lofað fyrir framlag sitt til menningar og fræða en ekki er dregin upp mynd af herskáum höfðingjum sem buðu hættum birginn og fóru fram með hetjuskap og glæsileik. Sú ímynd sem von Troil dregur fram er því í aðalatriðum sams konar og hugmyndir Saxos um Íslendinga 600 árum fyrr. Munurinn felst aðallega í blæbrigðum. Í lýsingu von Troils er samfélag Íslendinga til forna tilkomumeira og einkennist ekki af *hard primitivism* eins og samfélag það sem Saxo lýsti. – Uno von Troil var réttur maður til þess að leggja grunn að nýjum ímyndum Íslands á gömlum grunni. Hann varð, sem fyrr getur, ein helsta heimild um land og þjóð í marga áratugi.

Þegar John Barrow kom til Íslands um miðjan fjórða áratug 19. aldar leit hann margt með öðrum gleraugum en næstu fyrirrennarar hans, t.d. Ebenezer Henderson, sem áleit Íslendinga að flestu leyti til fyrirmyndar um hófsamt líf, trúrækni, náungakærleik og menntun.⁶⁸³ Barrow sá margt athugavert við lífshætti landsmanna. Honum fannst húsakynni almennings í Reykjavík minna mjög á kofa Íra. Þeir hefðu reyndar verið fyrstir manna til að koma til Íslands en nú minnti ekkert á það lengur nema aumur kofar, fullir af reyk, óreiðu og óþef! Barrow nýtti flest tækifæri til þess að draga fram skoðanir sínar á Írum sem hann hafði ekki háar hugmyndir um.⁶⁸⁴

Barrow setti Íslendinga ítrekað í ákveðið samhengi. Þeir væru afar seinlátir og hefðu verið óratíma að koma sér af stað í ferðalög. Þó var frágangur á farangri hans að hans sögn hvorki erfiður né flókinn. Algengt var að lýsa framandi þjóðum á þennan hátt, t.d. „hottentottum“ í Afríku sem væru bæði latir og seinir.⁶⁸⁵ Barrow setti Íslendinga því fram sem andstæðu við sig, þeir líktust Írum; hann var djarfur, þeir voru kjarklausir, hann var snöggur en þeir seinir.

Söngur fólksins sagði margt um menningarástandið, að mati Barrows. Hann var bæði „harsh and uncouth“.⁶⁸⁶ Lýsingar hans í þeim efnum eru ekki ósvipaðar umfjöllun Dithmars Blefken löngu fyrr. Ekki bætti drykkjuskapurinn úr skák. Raunar þótti Barrow ekki einkennilegt að fólk sem byggi við slíkar aðstæður skyldi hneigjast til neyslu áfengra

⁶⁸³ Ebenezer Henderson, *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island*.

⁶⁸⁴ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 114–117, 133.

⁶⁸⁵ M.a. Mary Louise Pratt, *Imperial Eyes*, bls. 44.

⁶⁸⁶ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 218.

drykkja þegar honum varð hugsað til „the long, cold, and dreary winter nights, and the destitution of almost every article of life that constitutes comfort“.⁶⁸⁷



Mynd 39. Drukknir Íslendingar urðu sumum erlendum ferðamönnum á 19. öld umtals- og hneykslunarefni, t.d. John Barrow. Drykkjuskapur var til marks um siðleysi og að landsmenn kynnu ekki með áfengi að fara.

Barrow sá ástæðu til þess að votta Krieger stiftamtmani (1797–1838), fulltrúa siðmenningarinnar, samúð sína að þurfa að dvelja á slíkum stað en hann kvartaði einmitt sáran yfir því að neyðast til að dvelja í landinu yfir vetrarmánuðina í deyfð og einsemd. Áframhaldandi dvöl í landinu myndi ekki leiða til annars en örvæntingar.⁶⁸⁸ – Afstaða Barrows til Dana á Íslandi var allt önnur en til landsmanna sjálfra. Danir voru „admirable“, „full of humour“, hús þeirra „admirably fitted and furnished“ og maturinn frábær eins og Barrow lýsti.

⁶⁸⁷ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 150–151.

⁶⁸⁸ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 110, 129. – Lorentz Angel Krieger var amtmaður og stiftamtmaður á Íslandi frá 1829–1836.

The supper was such a one as we could scarcely have expected to sit down to in Iceland – well dressed, and the meat of every kind good; among other rarities were some ducks and geese split open and dried, which were very palatable. Every variety of wine was produced, and there was no lack of champagne; in fact, the Danish merchants import every luxury from Copenhagen, and I believe duty free.⁶⁸⁹

Barrow fann því siðmenningu á Íslandi en hún var heima í stofu hjá dönskum kaupmönnum og embættismönnum, ekki meðal innfæddra.

Barrow dregur þó upp fleiri og fjölbreyttar myndir af landinu. Hann er t.d. ekki alveg ósnortinn af hugmyndum um hinn göfuga villimann. Hann lýsir því hvernig þetta frumstæða einkenni, heimþráin, birtist hjá Íslendingum: „he is always sighing and repining after home, and never so happy as when he sees a prospect of returning to it ... so strongly does the love of soil cling to the hearts of this poor people.“ Hann lofar einnig friðsemd þeirra, gott siðferði, guðstrú og sakleysi. Svo fátíðir séu glæpir að dómstólar hafi lítið eða ekkert að gera.⁶⁹⁰ Barrow nefnir þó engin dæmi sérstaklega um hvernig þessir eiginleikar Íslendinga birtast, enda klisjur frá eldri höfundum, t.d. úr verki Ebenezers Henderson.⁶⁹¹

Að öðru leyti minnir kynning Barrows á Íslendingum yfirleitt ekki á göfuga villimenn, enda er hann ekki rómantískur frumstæðishyggjusinni heldur nútímalegur nytjahyggjumaður sem álítur sig hafa yfirburði yfir íslenskt seintæti. Í augum Barrows eru lífshættir Íslendinga því aðallega til vitnis um frumstæða hætti og siðleysi, nánast í anda Blefkens og Andersons, þó að hann gangi ekki eins langt og þeir í lýsingum sínum. Barrow deilir ekki þeim skoðunum með Uno von Troil eða Henderson að ástæða geti verið til að dást að frumstæðu og einföldu lífi þó að hann taki upp þess konar orðræðu, að minnsta kosti að sumu leyti.

John Barrow hafði greinilega kynnt sér umræðu um norrænan menningararf og vitnar í því sambandi m.a. bæði til Mallets og von Troils.⁶⁹² Þá hefur hann þekkt samantekt Henrys Holland, „Preliminary Dissertation on the History and Literature of Iceland“ sem birtist í bók Georges Mackenzie, *Travels in the Island of Iceland* (fyrst 1811); Holland var í fylgdarliði Mackenzies, læknir að mennt, síðar einn af læknum Viktoríu Englandsdrottningar og víðförulli en flestir samtímamanna hans.⁶⁹³ Kaflinn varð lengi mikilvæg uppspretta þekkingar erlendra ferðamanna – og áhugamanna – um Ísland og íslenska menningu, og er sannarlega bæði skáldlegur og áhrifamikill eins og þetta brot sýnir:

⁶⁸⁹ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 219.

⁶⁹⁰ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 240–241, 304–305.

⁶⁹¹ Ebenezer Henderson, *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island I*, m.a. bls. 20–21.

⁶⁹² John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 232–234.

⁶⁹³ Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*, bls. 34. – Andrew Wawn, „Introduction“, bls. 1–67.

Like the Aurora Borealis of their native sky, the poets and historians of Iceland not only illuminated their own country, but flashed the lights of their genius through the night which then hung over the rest of Europe. Commerce was pursued by the inhabitants with ardour and success; and they partook in the maritime adventures of discovery and colonization, which gave so much merited celebrity to the Norwegians of this period. Many of their chiefs and learned men visited the courts of other countries, formed connections with the most eminent personages of the time, and surveying the habits, institutions and arts of different communities, returned home, fraught with the treasures of collected knowledge. Nor was there among the Icelanders of this period an extinction of the elevated spirit, common to their forefathers and to the age. The Sagas, or tales of the country, afford many striking pictures of that high feeling of honour, and of those deeds of personal prowess, which were cherished by the disposition of the northern nations, and which refused not to exist even in this remote and desolate region.⁶⁹⁴

Lýsingar í þessa veru höfðu mikil áhrif og vafalaust einnig á John Barrow; þegar hann ritaði verk sitt voru þessar hugmyndir um eyjuna í norðri orðnar vel þekktar. Barrow hafði eftir fyrri Íslandsförum og dönskum kaupmönnum að það væri alls ekki óvenjulegt „to meet with men labouring in the fields, mowing hay, digging turf, building the walls of their cottages, sheds, cow-houses, and performing every kind of menial labour, who will write Latin, not merely with grammatical accuracy, but even with elegance.“⁶⁹⁵ Skýringar Barrows á þessu óvenjulega atgerfi voru svipaðar og hjá Saxo forðum: Engar lystisemdir glöptu þeim sýn.

Höfundur gat einnig um frelsisþrá Íslendinga til forna.⁶⁹⁶ Hann ræddi líka um þann mikla jöfnuð sem hann taldi sig sjá í landinu: Biskup, fógeti, ljósmóðir, þvottakona, „might all be seen conversing with each other without restraint, and on terms of perfect equality“. Hann nefndi líka ýmis fleiri dæmi þess að Íslendingar gerðu sér ekki mannamun. Þegar Danaprins bauð Þingvallapresti að drekka með sér púns hafnaði hann boðinu og kvaðst bara drekka brandí!⁶⁹⁷ Jafnrétti var því eitt af mikilvægum einkennum samfélagsins á Íslandi að mati Barrows.

Umfjöllun Johns Barrow um mannlíf á Íslandi er á margan hátt athyglisverð. Þegar hann lýsti eigin kynnum af þjóðinni var hann yfirleitt neikvæður; hann greindi frá mannlífi sem var fjarri því að vera eftirsóknarvert. Miklu fremur var það aumkunarvert og fráhrindandi og í hrópandi andstöðu við þau nútímalegu viðhorf sem hann taldi sig standa fyrir; ljósið í myrkrinu voru danskir kaupmenn og embættismenn sem þó voru brjóstumkennanlegir vegna þess að þeir neyddust til að vera þar sem þeir voru. Á hinn bóginn gat hann ekki annað en tekið tillit til ráðandi orðræðu sem hafði birst hjá „the most intelligent among our countrymen“, eins og Barrow orðaði það.⁶⁹⁸ Samkvæmt henni dró hann annars vegar upp mynd af gylltri hetjuöld til forna, hins vegar af lærðu samfélagi samtímans þar sem einfaldir lífshættir og jöfnuður voru í fyrirrúmi.

⁶⁹⁴ Henry Holland, „Dissertation“, bls. 15–16.

⁶⁹⁵ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 237–238.

⁶⁹⁶ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 225.

⁶⁹⁷ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. 122, 150.

⁶⁹⁸ John Barrow, *A Visit to Iceland*, bls. xi.



Mynd 40. Íslensk fjölskylda eins og hún var sýnd í myndaatlas Gaimard leiðangursins, einfalt og hamingjuríkt bændalíf. Ida Pfeiffer hafði kynnst þess háttar hugmyndum um Íslendinga áður en hún lagði upp í Íslandsför sína.

Þegar Ida Pfeiffer kom til Íslands árið 1845 hafði hún, eins og aðrir ferðalangar, kynnt sér eldri rit um Ísland og Íslendinga, t.d. bók Georges Mackenzie, *Travels in the Island of Iceland*, og trúlega fleiri slík verk; ef til vill einnig rit Gaimard-leiðangursins. Eftir þessum verkum rakti hún sögu landsins og ræddi um blómstrandi menningar- og athafnalíf til forna, „the golden age of Iceland“, sem þó hefði fljótt hrakað eftir að landsmenn misstu sjálfstæði sitt; slíkt tal var í góðu samræmi við ráðandi hugmyndir um þjóðir á þessum tíma. Hún þekkti vel til íslenskra fornbókmennta og gat þess að þegar hún kom í Reykholt hefði hún tínt blóm á leiði Snorra Sturlusonar og varðveitt þau sem gjöf handa vinkonum sínum.⁶⁹⁹

⁶⁹⁹ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 63–65, 130.

Lestur í ferðabókum um Ísland er ein skýring þess að Ida Pfeiffer gerði sér háar hugmyndir um land og þjóð, að landsmenn væru einstætt fólk, „the best and most civilised in Europe“. Samkvæmt þessum ritum var menning þeirra einstök, nánast allir kynnu að lesa og skrifa, lífshættir fólksins væru einfaldir og fólkið góðhjartað. Aðstæður byðu heldur ekki upp á „pomp or gaiety, or for the commission of smaller or greater sins“. Ida Pfeiffer kvaðst því hafa gert ráð fyrir að finna „a real Arcadia in regard to its inhabitants“ og hún hefði hlakkað til að sjá „such an Idyllic life realised“, enda væru þar heldur engir útlendingar sem gætu spillt þeim.⁷⁰⁰

Þegar til landsins var komið var margt sem kom ferðakonunni á óvart. Sumt var svipað og hún þekkti: „The internal arrangements are quite European“, sagði hún um híbýli kaupmanna og embættismanna og fólkið jafnvel klætt samkvæmt franskrí tísku. Allt annað ástand var hjá almenningi, þar voru húsakynni yfirleitt „squalid and filthy“. Karlmennt voru yfirleitt fremur ófríðir að hennar mati en konur litu þó betur út. Lífsbaráttan var hörð.⁷⁰¹ Við blasti því að lífi almennings á Íslandi svipaði til lífsbaráttu almúgans annars staðar. Það sem henni fannst jákvæðast var að fólk væri heiðarlegt, nánast allir gætu skrifað og lesið, bækur væru nánast alls staðar til, fólk hefði líka yfirleitt góðan skilning og væri fljótt að átta sig.⁷⁰² Ýmislegt gott mátti því segja um Íslendinga samkvæmt bók Idu Pfeiffer.

Í verki sínu segir Ida að hún hefði tamið sér að greina frá staðreyndum en vildi ekki endurtaka frásagnir annarra ferðabókahöfunda. Hún yrði að greina satt og rétt frá háttum Íslendinga og þar var margt aðfinnsluvert að hennar mati. Húsakynni almennings væru svo ömurleg að aðeins híbýli Grænlandinga og lappa gætu verið verri.⁷⁰³ Óhrelnæti Íslendinga væri svo mikið að eingöngu um það efni hefði hún getað skrifað tveggja binda verk. Að þessu leyti stæðu þeir til dæmis langt að baki bæði bedúinum og aröbum, og jafnvel Grænlandingum sem hún hefur talið vera viðmið um lægsta stig grófrar villimennsku; sjálf hafði hún ekki komið til Grænlands. Ekki líkaði henni heldur við kveðjusiði landsmanna og fannst ógeðfellt að allir kysstust, „when one considers their ugly, dirty faces, the snuffy noses of the old people, and the filthy little children.“ Hún lýsti því að hún hefði misst lyst á þeim mat sem henni var boðinn sökum sóðaskaparins. Hún kvartaði jafnvel undan matnum hjá bakarafurinni í Reykjavík, enda hefði hann verið eldaður samkvæmt dönskum venjum og ólíkur matnum sem hún hefði verið vön. Kaffið hefði þó verið afbragð; út til sveita hefði hún oft fremur sleppt því að borða heldur en að snæða þann mat sem í boði var.⁷⁰⁴ Þær hugmyndir sem Ida Pfeiffer hafði gert sér um Íslendinga stóðust því ekki við nánari skoðun.

⁷⁰⁰ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 174–175.

⁷⁰¹ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 68–69, 78–79, 90.

⁷⁰² Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 176–177.

⁷⁰³ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 93, 124, 175.

⁷⁰⁴ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 86, 136, 140, 153, 159.

Idu Pfeiffer fannst Íslendingar ágjarnir og mætti segja það sama um þá og Svisslendinga: „No money, no Swiss“. Þá væri drykkjuskapur algengur og væri „dreadful to see what deep root this vice has taken.“ Óstundvísí þeirra væri líka nánast óbærileg, jafnvel samanborið við hvernig þessu væri farið í Sýrlandi! Hið sama mætti segja um leti leiðsögumanna og sofandahátt sem henni sýndist að ætti jafnvel við allt samfélagið.⁷⁰⁵ Þá hefur hún borið aðstæður á Íslandi saman við það agaða borgarsamfélag sem hún þekkti, samfélag þar sem einnig voru skýrar reglur um samgang fólks af ólíkum stéttum. Það var því ekki nema von að henni fyndist sá jöfnuður sem virtist ríkja meðal fólks óviðurkvæmilegur þar sem háir og lágir umgengust án vandkvæða. Úr texta hennar má lesa að þar með væri gert lítið úr þeim mikla vanda sem hún taldi siðleysi meðal almennings á Íslandi vera. Eftir nánari kynni treysti Ida Pfeiffer sér því ekki til þess að lýsa Íslendingum sem þeim fyrirmyndum sem hún hefði vonast til þess að finna, að minnsta kosti í sveitum landsins.⁷⁰⁶

Ida Pfeiffer kvartaði undan móttökum Íslendinga og kaldlyndi þeirra, það virtist aukast eftir því sem norðar drægi í Evrópu og ná hámarki á Íslandi að hennar sögn.⁷⁰⁷ Það viðmót sem hún lýsti var vafalaust sprottið að einhverju leyti af sérstöðu hennar, samanborið við aðra ferðalanga fyrir miðja 19. öld. Pfeiffer var í hlutverki sem hún átti venjum samkvæmt ekki að vera í: Kona í karlmannshlutverki. Það hafði áhrif á þá sem umgengust hana. Hún kvartaði einmitt yfir því að landsmenn gerðu ráð fyrir að hún hefði stöðu karlmanns og að flestir teldu að hún væri kunnug málefnum sem væru „generally studied only by men“. Sérstaða hennar hefur þó verið henni hugleikin og hún lýsti konu sem var leiðsögumaður hennar um tíma með aðdáun. Sú klæddist karlmannsfötum og var körlum í flestu fremri, skjótari, nákvæmari, kraftmikil og ódrukin.⁷⁰⁸ Fólki var líka vant því að hingað til lands kæmi nánast eingöngu auðugt fólk til að ferðast eða opinberir leiðangrar sem ekki skorti fé. Það átti ekki við um Idu Pfeiffer. Hún hafði takmarkað skotsilfur og naut því minni virðingar en margir þeirra sem komu á undan henni.⁷⁰⁹

Frásögn Idu Pfeiffer af Íslandsför sinni er gott dæmi um það þegar veruleiki og ímyndir rekast á. Hún álítur sig vera á leið til draumaveraldar þar sem forn saga, gullöldin, lifir enn góðu lífi. En í stað fólks í arkadíu hittir hún vitaskuld aðeins fyrir venjulegar manneskjur; sumir, hinir betur settu, voru nærri eins og fólk heima hjá henni en aðrir bjuggu í sóðalegustu hreysum sem hún hafði séð. Vonbrigði hennar leiða til þess að hún fer ómjúkum höndum um gestgjafa sína og lýsir þeim í stórum dráttum sem siðlausum villimönnum í stað þess göfuga fólks sem hún taldi sig vera á leið til. Í þeirri umfjöllun má rekast á mörg kunnugleg stef: framtaksleysi landsmanna

⁷⁰⁵ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 75, 96, 109, 121, 153, 175, 179.

⁷⁰⁶ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 90, 159, 176.

⁷⁰⁷ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 73, 75.

⁷⁰⁸ Ida Pfeiffer, *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 71, 136.

⁷⁰⁹ Annegret Pelz, *Reisen durch die eigene Fremde*, m.a. bls. 226–227.

er algengt umræðuefni; líka virðingarleysi við guðstrú, drykkjuskapur og óhreinlæti. Allt eru þetta þættir sem algengt er að ræða þegar siðleysi framandi samfélaga er til umræðu. Til þess að skýra hvað hún á við ber hún Íslendinga saman við fólk utan hins vestur-evópska menningarheims og var talið á lágu menningarstigi: Araba, Sýrlendinga, sama og Grænlandinga; að mati Idu Pfeiffer tilheyrðu Íslendingar aðallega þessum hópi.



Mynd 41. Upplstur á íslensku heimili. Þessi mynd, sem var gerð eftir leiðangur Gaimards til Íslands árið 1836, var til vitnis um fróðleiksfýsn Íslendinga. Hún átti síðar eftir að birtast margoft í ritum um Ísland sem vitnisburður um menningu landsmanna.

Samhliða því að höfundurinn sér margt raunsæri augum en sumir fyrirrennarar hennar og neitar að ganga gagnrýnislaust inn í ráðandi orðræðu má einnig sjá að hún er full af fordómum. Pfeiffer reynist ófær um að breyta út af venjum sínum, ófær um að aðlagast aðstæðum, og finnst flest eða allt sem er öðruvísi en það sem hún á að venjast slæmt, óviðeigandi eða ósiðað. Viðhorf hennar eru því í svipuðum dúr og skoðanir Barrows, enda eru lýsingar þeirra á margan hátt líkar og skiptast í tvö horn: Annars vegar daðra þau við hugmyndir um sældarlíf frumstæðs fólks en hins vegar eru þau sannfærð um ágæti sitt og yfirburði sem nútímaleg, *modern*, samanborðið við skítuga og hægláta Íslendinga.

Þegar Pliny Miles kom til Íslands árið 1852 var landið orðið þekkt sem sögueyjan og í ferðabókum um miðja 19. öld var orðinn fastur liður að rekja meginrætti menningar og samfélagshátta þjóðveldisins í anda þeirra hugmynda sem þá voru ráðandi. Ekki væri vafi á að bókmenntaarfur Íslendinga væri á margan hátt sambærilegur við það besta sem unnt væri að finna. Fyrir utan blómstrandir menningu

varpaði fundur íslenskra sáfara á Ameríku langt á undan Kólumbusi einnig skýru ljósi á hversu stórkostlegt íslenska miðaldasamfélagið hefði verið.⁷¹⁰ Eftir að það varð ljóst hefðu lærðir menn, sem fram til þessa hefðu sýnt Íslandi sáralítinn áhuga, skipt um skoðun og lagt sig fram um að læra „the entire history of this energetic and intellectual race“ sem enn talaði hið forna tungumál sitt nánast óbreytt og virtist um margt skylt ensku. Að sögn Miles byggði hann umfjöllun sína um þessi efni á ritum Mallets, eða réttara sagt á þýðingu Percys á ritum hans.⁷¹¹ – Orðræðu af þessu tagi má vel kalla víkingaorðræðu og hún varð ráðandi um Ísland – og Norðurlönd – þegar leið á 19. öld.⁷¹²

Miles fjallar líka um Ísland samtímans og lýsir Íslendingum sem menningarlega sinnuðu, vel menntuðu, trúræknu og frelsisunnandi fólki. Þannig sé sjálfur myndhöggvarinn Thorvaldsen sonur þjóðarinnar og þeir hafi átt mörg afburða skáld og fræðimenn. Þá hafi helstu öndvegishöfundar enskrar tungu verið þýddir á íslensku og árlega sé gefinn út ótrúlegur fjöldi bóka.⁷¹³ Miles tengir menningarástand þjóðarinnar við það að stöðugt sé unnið að því að mennta fólk á heimilunum, með lestri á sögulegu efni eða jafnvel Biblíunni, samhliða því að unnið sé að hannyrðum, enda kunni allir að lesa og skrifa, yfirleitt frábærlega vel. Fyrir þessu sé löng hefð, allt frá upphafsdögum byggðar á Íslandi en að öðru leyti séu nú breyttir tímar og alls ekki sami hetjubragur og taumleysi og fyrrum, enda séu Íslendingar nú „a simple pastoral people“.⁷¹⁴

Höfundur var ekki í vafa um hvernig ætti að flokka Íslendinga og líktust þeir „the Anglo Saxon race, often having florid and handsome countenances.“ Oft væru þeir hávaxnir og yfirleitt ljóshærðir og sumir væru „equal to the finest specimens of the Caucasian race in any part of the world.“ Sumar stúlkurnar væru einstaklega glæsilegar og stæðust hvað mannkosti varðar samjöfnuð eða væru jafnvel fremri stúlkum hans eigin lands.⁷¹⁵ Höfundurinn dró ekki dul á að Íslendingar lifðu einföldu lífi en þeir flyttu þó til landsins flestar þær neysluvörur sem almenningur í nálægum löndum einnig neytti. Þá fannst honum lífshættir í Reykjavík og útlit bæjarins aðlaðandi, kunnuglegt og mun betra en hann átti von á, og kirkjan var bara myndarleg. Svipaða umfjöllun fengu fleiri staðir.⁷¹⁶ Á þennan hátt gaf Miles því greinilega til kynna að Íslendingar lifðu siðmenntuðu og nútímalegu lífi.

Miles bauð því upp á ýmiss konar ímyndir af Íslendingum og þóttist einnig sjá mörg skýr merki um eðliskosti hins göfuga villimanns. Glæpir væru fátíðir og

⁷¹⁰ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 42, 50, 52, 81, 292, 296.

⁷¹¹ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 270, 272, 275.

⁷¹² Heidi Hansson, „Between Nostalgia and Modernity“, bls. 259 og víðar. – Einnig Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians*.

⁷¹³ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 52–53, 294–296.

⁷¹⁴ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 58–59, 293.

⁷¹⁵ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 59, 271, 292, 311, 317.

⁷¹⁶ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 56, 61–62, 64, 178.

Íslendingar sýndu „greater hospitality and kindness to strangers, than any other people the sun shines upon.“⁷¹⁷ Sem dæmi um einlægni landsmanna ræddi hann kveðjur þeirra, fyrst heilsuðust þeir með handabandi en föðmuðust síðan og kysstust á munninn; „I have sometimes fancied when they took their faces apart, that I could hear a slight *clicking* sound“. Sjálfur sagðist Miles stundum hafa tíðkað þessa kveðjusiði, „especially if there have been one or two pretty girls in the family“.⁷¹⁸

Í riti Miles koma fram áhyggjur af því að danskir kaupmenn spilltu þjóðinni, einkum þeim sem byggju í Reykjavík. Þeir ættu sök á lakri kirkjusókn í bænum, enda gerðu þeir „nothing but traffic, make money, gamble and drink“. Slík framkoma „cannot improve the morals of a simple, pious and intellectual people“, sagði Pliny Miles.⁷¹⁹ Í samræmi við þetta gat Miles þess að „brandy“ væri full vinsælt en hann sagðist þó aldrei hafa séð drukkinn mann. Þó neytti fátækt alþýðufólk of mikils af sterku áfengi. Það hlyti þó að teljast skiljanlegt þegar hafðar væru í huga þær erfiðu aðstæður sem þetta fólk byggdi iðulega við.⁷²⁰

Höfundur sá því ástæðu til þess gagnrýna einstök atriði í fari Íslendinga en beindi þó spjótum sínum fyrst og fremst að þeim sem höfðu fjallað um þá á neikvæðan hátt, einkum Idu Pfeiffer. Hann sakaði hana um að hafa verið „so haughty that the simple and hospitable Icelanders could not approach her near enough to show her any attentions.“ Yfirleitt hefði hún farið með ósatt mál og búið til „false and libelous stories of the most kind, hospitable, unoffending race of people that the sun shines upon.“⁷²¹ Hann dró því enn sem fyrr upp mynd af sér sem víðsýnum og umburðarlyndum Ameríkumanni, ólíkt hinum hrokafullu evrópsku ferðalöngum.

Ímyndasmíð Pliny Miles um Íslendinga er ærið fjölbreytt. Hann ræðir um menntað samfélag víkinga til forna, eins konar Hellas norðursins þó svo að hann noti ekki það hugtak.⁷²² Í samtímanum megi hins vegar sjá fólk lifa í eins konar arkadíu, frumstæðu lífi en þó sé fólkið vel menntað: eins konar göfugir, menntaðir villimenn! Hann ber ótta í brjósti yfir því að áhrif frá siðmenningunni geti spillt þessu hjartahreina og góða fólki en lýsir Íslendingum þó einnig sem nútímalegum. Miles er kynþáttahygga töm á tungu og þekkir vel til hvernig „hvítu“ fólki hefur verið skipt niður í kynstofna. Hann er ekki í vafa um hvernig eigi að flokka Íslendinga í því samhengi, meðal þess besta og best gerða. Miles blandar sér einnig inn í umræðu fyrri

⁷¹⁷ Daniel Vetter nefnir nákvæmlega þetta atriði snemma á 17. öld og er trúlegt að þessi staðhæfing sé frá honum komin, sennilega um milliliði, Daniel Vetter, *Ísland. Ferðasaga frá 17. öld*, bls. 117.

⁷¹⁸ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 156–157.

⁷¹⁹ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 306–307. – Ebenezer Henderson deildi áhyggjum með Pliny Miles um þessi efni, Ebenezer Henderson, *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island*, I, bls. 290.

⁷²⁰ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 180 og víðar.

⁷²¹ Pliny Miles, *Norðurfari: Or, Rambles in Iceland*, bls. 123.

⁷²² Nánar um þetta efni, Sumarliði R. Ísleifsson, „Icelandic National Images in the 19th and 20th Centuries“, bls. 149–158.

Íslandsfara og -höfunda og vitnar víða í eldri rit sem hann styðst við. Hann fordæmir harðlega þær skoðanir sem draga í efa þær hugmyndir að Ísland sé eins konar sælueyja frumstæðs og menntaðs fólks, afkomenda þess fólks sem hann telur vera kjarna mannkyns, hins germanska kynstofns.

5.1.2 Ísland í yfirlitsritum

Í *A New Geographical and Historical Grammar* frá 1772 eftir Thomas Salmon er fjallað um aðstæður Íslendinga, lífshætti þeirra og náttúru landsins. Höfundur lýsir aðstæðum svo:

... scarce anything thriving there besides juniper shrubs, birch, and willow; the bread used here is made of dried fish ground to a powder; and the flesh eaten, beside mutton, is of bears, wolves, and foxes; but fish, with their roots and herbs, are their greatest dainties.⁷²³

Þessi umfjöllun virðist ekki vera mjög frábrugðin lýsingum Andrews Borde á Íslandi frá miðri 16. öld, hér eru kynnt gamalkunn viðhorf sem höfðu verið ráðandi um aldir um nyrstu svæði Evrópu. En hvernig skyldu frásagnir af Íslandi yfirleitt hafa verið í yfirlitsritum frá 1750–1850? Lifðu gömlu klisjurnar góðu lífi eða náðu önnur viðhorf yfirhöndinni? Könnum nánar ímyndir um Ísland í yfirlitsritum frá þessum tíma, hvers eðlis þær eru og á hverju þær eru byggðar.

5.1.2.1 Fólkið og menning þess

Ímyndir um Ísland og Íslendinga voru fjölbreyttar í yfirlitsritum frá þessum tíma. Ein sú fyrirferðarmesta er leið á 19. öld var gullöld Íslendinga. Þegar John Williams fjallaði um Ísland í bók sinni *The Rise, Progress, and Present State of the Northern Governments* frá 1777 lýsti hann tilurð samfélagsins þar m.a. svo:

Towards the end of the ninth century, a colony of the Norwegians, driven out of their country by the tyranny of one of their kings, established themselves in Iceland ... The situation in which these Icelanders found themselves is in many respects very remarkable: the genius of this people, their natural good sense, and their love of liberty, are here particularly explained. Nothing has hindered or obstructed them from following their natural inclination; they are separated, by a great extent of sea, from all parts of the world: we see nothing in all their institutions but the pure expression of their sentiments and of their taste ...⁷²⁴

Hér er lögð áhersla á andúð þessa norræna fólks á kúgun. Frekar en að láta bugast yfirgefur það föðurlandið og sest að í nýju landi. Sökum einangrunar þess hefur það ekkert við að styðjast nema eigin hæfileika, óskir og frelsisþrá og mótar á grunni þess stjórnarform sitt. Þannig orðar Williams mýtuna um tilurð íslensk samfélags, það er að hans mati bein afleiðing af uppruna landsmanna, eðli þeirra og aðstæðum. Þessi

⁷²³Thomas Salmon, *A New Geographical and Historical Grammar*, bls. 256–257.

⁷²⁴John Williams, *The Rise, Progress, and Present State of the Northern Governments*, bls. 175. Ekki hefur tekist að finna með vissu nánari upplýsingar um John Williams.

framsetning Williams er í góðu samræmi við þær hugmyndir um norðrið sem öðluðust stöðugt meiri vinsældir á þessum tíma. Margir fleiri höfundar lýsa þjóðinni líka á þennan hátt og þegar komið er fram um miðja 19. öld eru þessi viðhorf orðin skýrari og mótaðri. Þá er Íslendingum miðalda lýst sem ættgöfugu yfirburðafólki sem hafi verið haldið ævintýraþrá, bardagaástríðu og hafi haft ríkulega skáldgáfu, svo aðeins nokkrir þættir séu nefndir.⁷²⁵

En það var fleira athyglisvert við miðaldasamfélagið en frelsisást Íslendinga, líkamlegt atgervi og samfélagsuppygging þeirra. Það átti ekki síst við um mennta- og fræðastörf þeirra til forna eins og sagnfræðingurinn William Coxe (1747–1828) benti á í bók sinni *Travels into Poland, Russia, Sweden, and Denmark* frá 1784. Hann gat þess hversu undrandi hann hefði orðið þegar hann komst að því að

Iceland, which was considered by the antients as the *Ultima Thule*, or the extremity of the world, and by us as scarcely habitable, abounded in learning and science, at a time when Europe was involved in darkness. ... The Icelanders are known to have possessed several historians, long before a single annalist appeared among any of the nations from whom they were descended.⁷²⁶

Á sama tíma og óreiða hefði ráðið ríkjum víða í Evrópu hefði Ísland því orðið skjól bókmennta og haldið uppi þjóðskipulagi sem á margan hátt hefði verið til fyrirmyndar. Coxe dregur hér vel fram þá breytingu sem hann hefur sjálfur kynnst á viðhorfum til Íslands: eyja á heimsenda sem vart var talin byggileg, nema þá af hálfmenskum verum, breyttist í að verða eyja hinna menntuðu, staður þar sem fólk stundaði fræði og vísindi.⁷²⁷ Margir fleiri höfundar drógu fram færni Íslendinga á þessu sviði og hikuðu ekki við að bera fornrit Íslendinga saman við það sem best þótti á þessum tíma, forn rit Grikkja og Rómverja, svipað og Uno von Troil hafði gert. Hér urðu því mikil umskipti: Djöflaeyju Johanns Anderson frá því undir miðja 18. öld var rúmum aldarfjórðungi síðar lýst sem fyrirmyndarsamfélagi sem bæri að líta upp til.⁷²⁸

⁷²⁵ Henry Wheaton, *History of the Northmen*, bls. 49, 54–55.

⁷²⁶ William Coxe, *Travels into Poland, Russia, Sweden, and Denmark*, bls. 377 og 380.

⁷²⁷ Sjá einnig Anton Friedrich Büsching, *Neue Erdbeschreibung*, bls. 249–250. Höfundur segir m.a.: „Es mangelt den Isländern nicht an Witz und Verstand, denn sie können Künstler und Gelehrte werden, welches durch viel Beyspiele bestätigt und ausser allen Zweifel gesetzt wird. Diese Nation hat alles, was zur nordischen Geschichte gehört, mit grossem Fleisse und vieler Sorgfalt beschrieben; und ihre Nachrichten kommen den Dänen und Normännern zur Verbesserung ihrer Landesgeschichte sehr zu Nuße.“ – Einnig Karl Hammerdörfer og Christian T. Kosche, *Europa, ein geographisch-historisches Lesebuch*, bls. 601–602.

⁷²⁸ Uno von Troil, *Letters on Iceland*, bls. 163–164. – John Trusler, *The Habitable World Described*, bls. 142. – Einnig Karl Hammerdörfer og Christian T. Kosche, *Europa, ein geographisch-historisches Lesebuch*, bls. 598–600. – Philipp Christian Wernher, *Handbuch der neuesten Erd- und Völkerkunde*, bls. 449. Þar segir m.a.: „In den mittlern Zeiten legten sich die Isländer so stark auf die Wissenschaften, daß man seit dem J. 1130 viele berühmte Geschichtschreiber, und feurige Dichter unter ihnen zählet.“

Mynd 42. Allmörg dæmi eru um að Ísland og/eda Íslendingar hafi verið í aðalhlutverki í skáldsögum



erlendra höfunda á 19. öld. Ein þeirra var eftir þýska baróninn Friedrich de la Motte Fouqué (1777–1843), *Die Fahrten Thiodolfs des Isländers sem kom fyrst út árið 1815*. Þessi mynd er úr enskri útgáfu bókarinnar, *Thiodolf the Iclander*, frá 1874. Þar sést íslenski víkingurinn Þjóðólfur í Konstantínópel.

Þegar litið er á hvernig þessi mál þróuðust fram eftir 19. öld má taka sem dæmi verk eftir þekktan bandarískan lögræðing, sendiherra (m.a. í Kaupmannahöfn) og fræðimann að nafni Henry Wheaton (1785–1848). Hann lýsti þessum viðhorfum vel í fræðiriti sínu, *History of the Northmen* frá 1831. Hann dró samhliða fram hin andklassísku viðhorf:

The early dawn of literature in Europe was almost everywhere else marked by an awkward attempt to copy the classical models of Greece and Rome. In Iceland an independent literature grew up, flourished, and was brought to a certain degree of perfection, before the revival of learning in the South of Europe.

Sem sjá má eru viðhorfin orðin mun skýrari en þau voru ofarlega á 18. öld. Samkvæmt Wheaton voru Íslendingar frumlegir og fullir af sköpunarkrafti á meðan

aðrar þjóðir sunnar í álfunni höfðu ekki þroskað slíkar gáfur og sinntu vart öðru í bókmenntum en að líkja eftir Forngríkkjum og Rómverjum.

Hlutverk íslenskrar miðaldamenningar sem andstæðu eða valkosti við suðrið varð stöðugt mikilvægara eftir því sem leið á 19. öld. En þetta álit, þessa breytingu, varð að gera skiljanlega með samanburði. Höfundur *The European Delineator* birti enska þýðingu á kafla úr *Eddu* um sköpun heimsins, eftir þýðingu Percys í *Northern Antiquities*. Hann kvað höfundinn, Snorra Sturluson, hafa fengið nafnbótina Heródotos norðursins. Gildi Snorra varð því að mæla á hina klassísku kvarða.⁷²⁹

Lítum nú nánar á hvernig Henry Wheaton kynnti íslenska miðaldamenningu:

... the flowers of poetry sprung up and bloomed amidst eternal ice and snows. The arts of peace were successfully cultivated by the free and independent Icelanders. Their Arctic isle was not warmed by a Grecian sun, but their hearts glowed with the fire of freedom. The natural divisions of the country by ice-bergs and lava streams, insulated the people from each other, and the inhabitants of each valley and each hamlet formed, as it were, an independent community. These were again reunited in the general national assembly of the Al-thing, which might not be unaptly likened to the Amphyctionic council⁷³⁰ or Olympic games, where all the tribes of the nation convened to offer the common rites of their religion, to decide their mutual differences, and to listen to the lays of the Skald, which commemorated the exploits of their ancestors. Their pastoral life was diversified by the occupation of fishing. Like the Greeks, too, the sea was their element, but even their shortest voyages bore them much farther from their native shores than the boasted expedition of the Argonauts. Their familiarity with the perils of the ocean, and with the diversified manners and customs of foreign lands, stamped their national character with bold and original features, which distinguished them from every other people.⁷³¹

Svo sem sjá má af þessari tilvitnun eru afrek Íslendinga sífellt borin saman við menningu Grikkja og hetjuöld þeirra. Þannig er íslensk miðaldamenning gerð skiljanleg og gert mögulegt að afla henni viðurkenningar með því að fá lesanda til að sjá að þarna sé margt svipað, t.d. Alþingi og Ólympíuleikar. Á hinn bóginn er einnig lögð áhersla á hversu margt Íslendingar í norðrinu hafi fram yfir Grikki í suðrinu, ekki síst meiri dirfsku, frelsisást og sköpunarkraft.

Mikilvægur hluti þessarar umræðu varðaði tungumálið. Samkvæmt hugmyndum þjóðernishyggjunnar var það álitid vera órjúfanlega tengt þjóðinni og eðli hennar. Í tungumálinu birtist andi hennar og sál og það var forsenda fyrir tilveru hvernar þjóðar, eins og Johann Gottfried Herder staðhæfði.⁷³² Þeir sem um þetta fjölluðu, t.d. ónefndur höfundur *The European Delineator* frá 1815, staðhæfðu að íslenskan væri

⁷²⁹ *The European Delineator*, bls. 137.

⁷³⁰ Hugtak um bandalag eða ráð grískra ættbálka, fyrir tilkomu grísku borgríkjanna; hér er því líkt við Alþingi.

⁷³¹ Henry Wheaton, *History of the Northmen*, bls. 54–55.

⁷³² M.a. Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*, bls. 18–21. – Einnig Bernd Henningsen, „Johann Gottfried Herder and the North“, bls. 98–100.

the most ancient and venerable of any [language] spoken throughout Scandinavia, and, being esteemed the most pure dialect of the Gothic, has engaged the attention of many profound scholars, who have considered it as the parent of the Norwegian, the Danish, and the Swedish, and in a great degree of the English ...⁷³³

Tungumál Íslendinga væri í raun æðst tungumála í Norður-Evrópu vegna þess að önnur norræn og germönsk mál væru frá því komin. Það fólk, þessi fámenna þjóð, sem talaði þetta tungumál, íslenskuna, var því í mjög eftirsóknarverðri stöðu: það var gæslumenn ómetanlegra verðmæta.

Mannfræðingurinn Brian Dolan benti á í rannsókn sinni, sem getið var um fyrr í þessu verki, að þeir sem fjölluðu um Grikkland á 19. öld hefðu skoðað og fjallað um allt sem varðaði landið með ákveðnum augum. Það hefði verið gert á þann hátt að samtími Grikklands hefði verið nánast ósýnilegur, enda hefði markmiðið fyrst og fremst verið að upphefja eigið sjálf með því að staðhæfa að svo og svo mikil líkindi væru með eigin landi og menningu Forn-Grikkja.⁷³⁴ Hvernig var þessu varið með Ísland og Íslendinga í þeim yfirlitsritum sem hér eru til umfjöllunar?

Íslendinga samtímans var vitaskuld oft getið í tengslum við umræðu um afrek fortíðarinnar. Iðulega var bent á hversu mjög öllu hefði farið aftur á síðari tímum: „The inhabitants must have sadly degenerated“, var gjarnan viðkvæðið.⁷³⁵ En þekkingarþráin væri samt söm við sig. Þegar William Guthrie ræddi um Íslendinga í bók sinni, *A New System of Modern Geography*, frá 1792 staðhæfði hann að kunnugir hefðu orðið varir við meiri þekkingu „among the lower class in Iceland, than is to be met with in most other places“.⁷³⁶ Er komið var nokkuð fram á 19. öld var gjarnan frá því greint að á kvöldin kæmi fjölskyldan saman. Þá væri lesið úr *Sögunum* eða jafnvel nýjum þýðingum á Milton og Klopstock:⁷³⁷

They are extremely fond of the study of history, and in their social meetings, the master of the house begins, and when he is tired another continues the reading. They also play chess remarkably well, and one of their pastimes consists in reciting verses.⁷³⁸

Þannig lýsti skoski rithöfundurinn Frances Thurtle (1782–1870) menningarástandi á Íslandi árið 1820. Bækur væri að finna á nánast öllum heimilum, hversu fátækleg sem þau væru. Þar sem bækur vantaði væri fenginn sögumaður sem kynni þær utan að.⁷³⁹ – Með þessum frásögnum var dregin upp sú mynd af Íslendingum að þeir væru mikil

⁷³³ *The European Delineator*, bls. 137.

⁷³⁴ Brian Dolan, *Exploring European Frontiers*, bls. 126, 179.

⁷³⁵ Alfred Elwes, *The Richmonds' Tour in Europe*, án síðutals.

⁷³⁶ William Guthrie, *A New System of Modern Geography*, bls. 60.

⁷³⁷ Jón Þorláksson frá Bægisá (1744–1819) þýddi m.a. *Paradísarmissi* Johns Milton og *Klopstock's Messías* (Messíasarkviðu) Friedrichs Klopstock.

⁷³⁸ Frances Thurtle, *Popular Voyages and Travels*, bls. 103.

⁷³⁹ Einnig Henry Wheaton, *History of the Northmen*, bls. 59. – *Domestic Scenes in Greenland and Iceland*, bls. 105.

bókmenningarþjóð og menningariðkun þeirra væri hluti af daglegu lífi landsmanna, hárra sem lágra. Slíkt var álitid mjög óvenjulegt, enda var bókmennning yfirleitt talin hluti af lífi hástéttanna og hinna lærðu en ekki hluti af lífi alþýðufólks.



Mynd 43. Fábrotid líf Íslendinga í skauti náttúrunnar. Ekki þarf annað en að setja pottinn yfir heitan hver til þess að elda matinn. Goshver og eldfjall í baksýn.

Svo vikið sé að staðhæfingu Dolans hér að framan má ljóst vera að Íslendingar samtímans komu vissulega til umræðu í almennum yfirlitsritum. En sú umræða var oft eða oftast á forsendum fortíðarinnar: Bornir voru saman eiginleikar og útlit fólks þá og nú og stöðugt reynt að finna samsvörun með lífsháttum fólks í samtímanum og ætluðum háttum fólks til forna. Umræðan um Ísland og Grikkland virðist því vera svipuð hvað þetta varðar og markmiðin einnig: „national claims to superiority“ með því að benda á líkindin með eigin landi og Grikklandi – eða Íslandi – hinu forna.⁷⁴⁰

Hugmyndir um Íslendinga sem göfuga villimenn voru einnig algengar í yfirlitsritum á ofanverðri 18. öld og fram eftir 19. öld. John Trusler kynnti m.a. slík viðhorf. Hann benti fyrst á að vitaskuld væru þeir frumstæðir í háttum sínum eins og kæmi í ljós þegar þeir væru gestkomandi hjá kaupmönum:

They have, indeed, no idea of dancing; the merchants, sometimes, at the factories, will, for their diversion, get a fiddle, and set them to dancing; but this is merely hopping and jumping about. When they have been treated and made merry, they will sing a variety of heroic songs ... but having no skill in harmony, they roar out in a very harsh and uncouth manner.⁷⁴¹

Þetta fólk virtist því vera villimannlegt en það var hjartahreint samkvæmt Trusler: „Vices are, indeed, much less common among them than in other parts, where riches

⁷⁴⁰ Brian Dolan, *Exploring European Frontiers*, bls. 179.

⁷⁴¹ John Trusler, *The Habitable World Described*, bls. 136–137.

and luxury have corrupted the morals of the people. Theft is seldom heard of; nor are they inclined to incontinence.”⁷⁴²

Samkvæmt þeim ímyndum sem hér birtast og í öðrum skyldum lýsingum voru Íslendingar af sama bergi og aðrir Vestur-Evrópubúar en voru þó ekki fullgildur hluti hins siðmenntaða heims. Þeir höfðu það „fram yfir“ annað framandi fólk í nýlendum að líta svipað út og Evrópubúar og að vera kristnir. Þeir höfðu einnig varðveitt marga kosti sem hinir siðmenntuðu höfðu glatað, voru á vissan hátt frumstæðir og grófir, jafnvel barnslegir og þeir áttu því erfitt með að varast hættur siðmenningarinnar. Því hefðu sumir íbúar Reykjavíkur spillt vegna samneytis við danska kaupmenn. Íslendingar líktust því fólki í Evrópu eins og það hefði verið í fjarlægri fortíð og talið var að þar mætti enn finna ýmis verðmæt gildi sem nútímafólk í Evrópu hefði kastað á glæ.

Hugmyndir um hinn göfuga villimann á Íslandi birtust einnig, jafnvel í tærari mynd, í ritum sem voru ætluð börnum og unglingum. Snemma á 19. öld fjallaði t.d. ónafngreindur höfundur *The European Delineator* (1815) um Íslendinga á þann hátt í bók sinni sem var alþýðlegt fræðirit, einkum ætlað unglingum. Hann fullyrta að þeir lifðu fjarri heimsins glaumi, auði og óhófi. Góðhjartaðir væru þeir og gestrisnir umfram aðra, þó að vissulega gætu þeir ekki veitt gestum sínum af sömu rausn og nafntogaðir forfeður þeirra. Og svo alvarlegir væru þeir að þeir sæjust vart nokkurn tíma hlæja. Höfundur líkti þeim við „lappa“ og samoyeda. Hann nefndi sérstaklega

that irradicable love of one's country which makes the Laplander and Samoiede prefer their ragged tent and wretched fare to the stove-warmed mansion and the plenteous board, exists in all its force in the inhabitant of Iceland, who rarely settles at Copenhagen, but, his business done, seeks again his native soil.⁷⁴³

Svipuð mynd var dregin upp af Íslendingum í bókinni *Scenes in Europe, for the Amusement and Instruction of Little Tarry-at-Home Travellers* eftir Isaac Taylor sem kom út í mörgum útgáfum á öndverðri 19. öld. Eins og fram kemur í titli bókarinnar var hún ætluð yngri lesendum. Þar birtust frumstæðir eyjaskeggjar sem lifðu í skauti náttúrunnar og elduðu mat sinn í katli yfir einum hinna fjölmörgu hvera í landinu.⁷⁴⁴ Eftirfarandi vísukorn átti að lýsa lífi Íslendinga:

No bellows to blow, no fuel to find,
No fire to see, nor poker to mind;
I yet boil my dinner, and feed all my party;
Come taste if you doubt it, you're welcome right hearty.

⁷⁴² John Trusler, *The Habitable World Described*, bls. 125.

⁷⁴³ *The European Delineator*, bls. 126.

⁷⁴⁴ Isaac Taylor, *Scenes in Europe*, bls. 10.

Vísan á að gefa til kynna hvernig lífi Íslendingar lifi og hversu einfalt það í rauninni sé: engar áhyggjur af eldsneyti, samt er unnt að elda á þægilegan hátt. Gestrisni Íslendinga er einnig dregin fram, öllu aðkomufólki er boðið til snæðings. Það er paradísarblær á þessari lýsingu: Lífið er auðvelt, lítið þarf fyrir því að hafa og fólkið er hjartahlýtt.

Nærtækt er að tengja þessar lýsingar við eldri ímyndir af Íslendingum, allt frá tímum Adams frá Brimum. Það sem er ekki síst athyglisvert við þessar lýsingar er að hér eru Íslendingar samtvinnaðir öðrum þjóðum á jaðri Evrópu, t.d. sömum, en ekki reynt að tengja þá hinu „siðmenntaða“ germanska norðri í Skandinavíu og Danmörku. Sú ímynd var því einnig til á þessum tíma að líta á Íslendinga sem hóp sem stæði utan „siðmenningarinnar“ en hefði engu að síður margvíslega jákvæða eiginleika.

Í sumum ritum frá þessu tímabili var lögð áhersla á að kynna Ísland og Íslendinga sem „venjulega“, að minnsta kosti að sumu leyti, þó að þar gæti vissulega verið margt sérkennilegt að finna. Samkvæmt þessum boðskap var rætt um Íslendinga sem ósköp venjulegt fólk: „Die Isländer sind wohl gewachsen, von mittlerer höhe, die Männer ohne besondere Stärke, so wie die Weiber ohne sonderliche Schönheit“. Líf þeirra væri erfitt og þeir næðu ekki háum aldri.⁷⁴⁵ Þannig fjallaði Anton Friderich Büsching, um Íslendinga um miðja 18. öld og byggði þessa lýsingu örugglega á frásögn Horrebows. Hann lýsti fátæku og friðsömu samfélagi, sem gat verið nánast hvar sem var í Evrópu, utan borganna.

Enski höfundurinn Salmon, sem vitnað var til hér að framan, gat að sumu leyti tekið undir með Büsching en gekk þó skrefi lengra. Hann lýsti Íslendingum þannig að þeir væru „Christians, and an honest, industrious, and hardy people; amusing themselves in singing, playing at chess, and other innocent amusements; they differ very little from the Danes and Norwegians from whom ... probably they were descended.“⁷⁴⁶ Athyglisvert er að sjá hvernig höfundurinn lýsti þeim sem hann ber Íslendinga saman við, Norðmönnum: „The people of Norway are, in general, comely; the men strong, robust, brave, and industrious, the women handsome and affable ... and, in their manners, are not much unlike the people in many parts of England.“⁷⁴⁷ Norðmenn fengu því heldur betri einkunn en Íslendingar, karlarnir voru hraustir og konurnar álitlegar en aðalatriðið var að þeir „líktust“ Engendingum. Og það gerðu Íslendingar þá líka samkvæmt Salmon, þó um einn millilið, Norðmenn. Samanburðurinn var því notaður til þess að sýna fram á að á Íslandi byggi „eðlilegt“ fólk. Það var þessi boðskapur sem tók að birtast í mörgum yfirlitsritum á ofanverðri 18. öld.

⁷⁴⁵ Anton Friedrich Büsching, *Neue Erdbeschreibung*, bls. 246–247. – Einnig Johann Daniel Friedrich Rumpf, *Neue Bilder Gallerie für junge Söhne und Töchter*, bls. 221. – Philipp Christian Wernher, *Handbuch der neuesten Erd- und Völkerkunde*, bls. 450.

⁷⁴⁶ Thomas Salmon, *A New Geographical and Historical Grammar*, bls. 255.

⁷⁴⁷ Thomas Salmon, *A New Geographical and Historical Grammar*, bls. 259.

Þessi viðleitni, að draga fram hversu svipaðir Íslendingar væru öðrum íbúum Vestur-Evrópu og lífshættir þeirra og umhverfi líkt því sem þar tíðkaðist, var að festa sig í sessi eftir að komið var fram á 19. öld. Samkvæmt lýsingum frá þeim tíma var lögð áhersla á hversu upplýstir Íslendingar væru. Rætt var um dugnað þeirra og iðni. Jafnvel húsakynnum þeirra var stundum lýst sem þægilegum, með gleri í gluggum, tákni nútímans, og sérstökum svefnherbergjum fyrir fjölskylduna. Þá væru sveitir landsins búsældarlegar þar sem hjarðir nautgripa og sauðfjár væru á beit og sláttumenn gengju að störfum undir kjarri vöxnum hlíðum.⁷⁴⁸ Sú ímynd, að Íslendingar væru venjulegt fólk sem lifði á svipaðan hátt og fólk víða annars staðar í Vestur-Evrópu var því kunn á ofanverðri 18. öld og á 19. öld, að þar byggi duglegt, heiðarlegt og jafnvel vel menntað bændafólk sem lifði einföldu lífi og jafnvel nútímalegu að vissu leyti.

Í upphafi þessa undirkafla var vitnað í *A New Geographical and Historical Grammar* eftir Thomas Salmon frá 1772 þar sem aðstæðum á Íslandi var lýst á fremur neikvæðan hátt og spurt hvernig ímyndir landsins hefðu þróast á tímabilinu 1750–1850. Sem sjá má af umfjöllun í yfirlitsritum breyttist hún mikið á þessi tímasteiði og sá neikvæði tónn sem hafði verið svo algengur hvarf að mestu þó að hans gætti reyndar töluvert í ferðabókum á sama tíma eins og áður hefur verið vikið að.

5.1.2.2 Náttúra og umhverfi

Lýsingar á náttúru Íslands í yfirlitsritum frá öndverðu þessu tímabili voru ekki sérlega aðlaðandi. Fullyrt var að landið væri „uneven, covered with rocks and rugged mountains, and continually cloathed with ice and snow, with barren fields between them, destitute of wood, and encrusted with lava for many miles.“⁷⁴⁹ Hér birtast hin hefðbundnu viðhorf sem lengi höfðu verið ráðandi um Ísland: Kalt land og illt sem vart bauð upp á nokkur skilyrði fyrir mannlíf, hvað þá menningarlíf.

Samhliða þessum textum má greina viðhorf upplýsingarinnar þar sem fjallað er um Ísland sem kjörinn vettvang rannsókna, enda bjóði landið upp á umhverfi sem flestum sé afar framandi. Slík viðhorf voru áhrifamikil allt til loka þessa tímabils.⁷⁵⁰ Þau birtust t.d. í ritinu *The European Delineator* frá árinu 1815:

Iceland, where the elements in one or other part of it seem in a perpetual state of warfare, and strongly impress the mind with an idea of the chaotic state of the universe prior to Nature's great architect speaking matter into order, and impressing upon it laws which it invariably obeys.⁷⁵¹

Hér er því lýst að landið og umhverfi þess virðist vera ein óreiða, þó eiginlega eins og áminning þess að öll náttúran lúti lögmálum. En í sama texta má einnig sjá

⁷⁴⁸ Frances Thurtel, *Popular Voyages and Travels*, bls. 123–124.

⁷⁴⁹ John Trusler, *The Habitable World Described*, bls. 104.

⁷⁵⁰ M.a. Karl Hammerdörfer og Christian T. Kosche, *Europa, ein geographisch-historisches Lesebuch*, bls. 586.

⁷⁵¹ *The European Delineator*, bls. 114.

rómantíska náttúrusýn. Höfundurinn býður upp á myndræna lýsingu á íslensku landslagi með gjósandi hverum og eldfjallið Heklu í baksýn. Þar megi sjá

the theater of the contending elements, [it] affords no pleasing prospect to the eye of the traveller, it yet presents him with a spectacle at once grand and awful, and makes up, by the sublimity of the conceptions to which it gives birth, for its deficiency of those scenes, common in other countries, which spread a calm around them, and fill the mind with placid joy.⁷⁵²

Margir höfundar staðhæfðu því að landið væri vissulega eyðilegt og ófrjósamt og þar fátt að finna sem gleddi augað í öðrum löndum, svo sem akra eða skóga. En þar væri engu að síður að finna fegurð sem ekki birtist annars staðar, háleita, ógnþrungna fegurð þar sem skýrt kæmu fram spor sköpunar og eyðingar.⁷⁵³

Hið íslenska norður gat vissulega ekki keppt við sælu suðrænni staða en það hafði upp á annað að bjóða, stórkostleg náttúrufrýrbæri, sem fyllilega komu í stað þess munaðar sem suðrið hefði fram að færa, að því er sumir höfundar töldu. Þetta var sú ímynd sem varð ráðandi af íslenskri náttúru undir lok 18. aldar og á öndverðri 19. öld; eiginlega var farið að líta á íslenska náttúru sem eins konar leiktjöld í „leikritinu“ um Hellas norðursins: Hin ógnfagra náttúra og landslag væri viðeigandi bakgrunnur fyrir svo stórbrotið mannlíf og mikilfenglega menningu sem þar hefði einu sinni verið. Það var því ekki einungis mannlíf samtímans sem stöðugt var skoðað í ljósi fornra tíma heldur einnig náttúra og umhverfi landsins.

5.2 Grænland 1750–1850

Hafi hallast á Grænland samanborið við Ísland, hvað varðar útgáfu rita um löndin tvö fram á 18. öld, má hiklaust fullyrða að á tímabilinu frá 1750 til 1850 var mun minni munur en verið hafði. Mikill áhugi var á Grænlandi og útgáfa um landið var veruleg. Miðluninni má skipta í nokkra flokka. Lítum fyrst á ferðalýsingar og frásagnir af dvöl í landinu. Þar skipta mestu umfjallanir trúboða og landkönnuða. *History of Greenland* eftir þýska trúboðann David Crantz sem kom út á ensku árið 1767 en hafði áður birst

⁷⁵² *The European Delineator*, bls. 118. – Einnig *Domestic Scenes in Greenland and Iceland*, bls. 84 og 86; umfjöllun þar er ekki ósvipuð og hjá höfundu *The European Delineator*; náttúran geti verið hræðileg og skelfileg en eldgos geti líka verið stórkostleg sýn. „It is a very grand sight to see this“, segir höfundur. Hið sama á einnig við um ýmis önnur náttúrufrýrbæri á Íslandi: Íshellarnir eru eins og „precious stones – diamonds, and emeralds, and rubies, and topazes, and amethysts. You would not soon be tired of looking at them“, staðhæfir höfundurinn, bls. 118.

⁷⁵³ Johann Daniel Friedrich Rumpf, *Neue Bilder Gallerie für junge Söhne und Töchter*, bls. 210. Í textanum segir m.a.: „Der erste Anblick dieses Landes zeigt nichts von der schönen Natur, die den Reisenden in mildern Gegenden anlächelt ... aber er zeigt die Natur in einer furchtbaren Erhabenheit. Spuren gewaltiger Verwüstung, Ueberbleibsel oder Schöpfungen eines vielleicht seit Jahrtausenden tobenden Feuers.“

á þýsku er meðal mikilvægustu rita tímabilsins um Grænland.⁷⁵⁴ Crantz var kennari, trúboði og rithöfundur sem gekk ungur að aldri til liðs við Bræðrasöfnuðinn, trúarhreyfingu mótmælenda sem átti upptök á Mæri í Tékklandi en hafði aðalaðsetur í Saxlandi frá fyrri hluta 18. aldar, einkum í Herrnhut. Árið 1759 var Crantz falið að skrifa um trúboð reglunnar á Grænlandi.⁷⁵⁵

Verk sitt byggði Crantz á ársdvöl sinni á Grænlandi árin 1761–1762 annars vegar en hins vegar á eldri ritum, aðallega eftir Hans Egede, en líka á ýmsum yfirlitsritum, t.d. umfjöllun Johannis Anderson um Grænland. Síðar komu útgáfur á fleiri tungumálum, m.a. á sænsku, frönsku, hollensku og ungversku. Ritið fjallaði um trúboð Bræðrasafnaðarins á Grænlandi á 18. öld en greindi líka ítarlega frá landsháttum og mannlífi þar. *History of Greenland* varð lengi síðan grundvallarrit um Grænland ásamt öðrum eldri ritum, ekki síst bókum Hans Egede og Johannis Anderson.⁷⁵⁶

Auk bókar Crantz verður hér fjallað um rit nokkurra Grænlands- og heimskautaleiðangra. Á ofanverðri 18. öld og fram eftir 19. öld kom á ný fram áhugi á því að reyna að finna siglingaleið í norðvestri eða norðaustri til Austur-Asíu. Yfirleitt var reynt að fara eftir hinni svonefndu norðvesturleið. Helst voru það Bretar sem stóðu fyrir þessum leiðöngrum vestanmegin en Rússar austanmegin; nefna má að á árabílinu 1818 til 1837 sendu bresk stjórnvöld hvorki meira né minna en tólf leiðangra á norðurskautssvæðið.⁷⁵⁷

Fyrst er að geta um rit eftir Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North West Passage to the Pacific Ocean, Illustrated in a Voyage to Davis's Strait, during the Summer of 1817*. Lítið er um höfundinn vitað; hann var írskur, líklega læknir, hafði að minnsta kosti stöðu læknis um borð í hvalveiðiskipi því sem flutti hann á norðlægar slóðir sem hann hafði mikinn áhuga á að rannsaka nánar. O'Reilly var síðar sakaður um tilbúning og falsanir en síðari tíma athuganir benda til að þær ásakanir eigi ekki við rök að styðjast.⁷⁵⁸

⁷⁵⁴ *Historie von Grönland enthaltend die Beschreibung des Landes und der Einwohner etc. insbesondere die Geschichte der dortigen Mission der Evangelischen Brüder zu Neu-Herrnhut und Lichtenfels*, 1765.

⁷⁵⁵ Mark Nuttall (ritstj.), *Encyclopedia of the Arctic* I, bls. 451.

⁷⁵⁶ Þess má geta að nokkrir íslenskir trúboðar störfuðu á Grænlandi á ofanverðri 18. öld og Íslendingar voru hvattir til þess að flytja þangað, sjá Hannes Þorsteinsson, „Grænlandsþættir m. fl.“, bls. 196–240. – Kristján Sveinsson, „Viðhorf Íslendinga til Grænlands“, bls. 167 og áfram.

⁷⁵⁷ Richard Vaughan, *The Arctic. A History*, bls. 142–143, 147–148.

⁷⁵⁸ James P. O'Connor, „Bernard O'Reilly – Genius or Rogue?“, bls. 379–384.



Mynd 44. Borgarís, stemningsmynd úr leiðangri Johns Ross.

Rit breska landkönnuðarins Johns Ross (1777–1856) um Grænland voru víðlesin og höfðu mikil áhrif á viðhorf fólks til Grænlands; höfundurinn var fæddur í Skotlandi og gekk snemma í sjóherinn. Árið 1817 var hann kallaður til þess að stjórna leiðangri sem skyldi sigla vestan Grænlands í leit að færri norðvesturleið til Austurlanda. Næsti leiðangur stóð síðan í fjögur ár, frá 1829–1833, einnig með það að markmiði að finna umrædda norðvesturleið. Sá leiðangur varð mun lengri en til stóð enda festist skip leiðangursmanna í ís og varð ekki losað. Það þótti þekvirki að flestir þeirra skyldu komast af. Loks hélt Ross enn norður á bóginn 1850 í leit að hinum horfna könnunarleiðangri hins þekhta enska landkönnuðar Sir Johns Franklin (1786–1847). –John Franklin fór í sinn lokaleiðangur með norðausturströnd Kanada árin 1845–1846, einnig í leit að títtnefndri norðvesturleið. Skip þeirra festust í ísnum. Leiðangursmenn fórust allir en mikil leit var gerð að þeim og upplýstist þá smám saman um örlög þeirra.⁷⁵⁹ – Bók Johns Ross um lengstu ferðina, 1829–1833, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage, and of a Residence in the Arctic Regions* sem kom út árið 1835 er til umfjöllunar hér. Einn leiðangursmanna í þeirri ferð, William Light, fjallaði einnig um leiðangurinn í samvinnu við rithöfundinn Robert Huish (1777–1850) í bókinni *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*. Er einnig stuðst við hana en í því verki birtust nokkuð önnur

⁷⁵⁹ Sjá t.d. <http://www.biographi.ca/en/bio.php?BioId=37516>.

Einnig http://www.biographi.ca/en/bio/ross_john_8E.html

sjónarmið en hjá Ross.⁷⁶⁰ – Loks er tekin til athugunar bók frá lokum tímabilsins, *An Arctic Boat Journey in the Autumn of 1854*, eftir bandaríska könnuðinn Isaac I. Hayes (1832–1881); Hayes var læknir að mennt, skipslæknir í leiðangri Elisha Kent Kane sem sigldi norður með vesturströnd Grænlands í leit að leiðangri Johns Franklin á árunum 1853–1855; síðar leiddi hann leiðangur á sömu slóðir á árunum 1860–1861. – Einnig verður stuðst við fjölda yfirlitsrita um Grænland sem ekki er getið sérstaklega um hér en verða nefnd þar sem við á síðar í textanum.

5.2.1 Trúboð og landkönnun, Grænland 1750–1850

David Crantz fjallaði í verki sínu frá sjöunda áratug 18. aldar ítarlega um náttúru Grænlands, eins og sannur upplýsingarmaður, um loftslag, hafís, plöntur, land- og sjávardýr, nánast eins og hann væri að skrifa alfræðirit. Hann var ekki viss um hvort Grænland væri eyja eða ekki enda væru nyrstu hlutar landsins ókannaðir.⁷⁶¹ Crantz varð tíðrætt um hversu kalt væri í landinu og mætti það furðu gegna hversu mikill kuldinn væri.⁷⁶² Frostharka var skiljanlega mörgum í huga sem voru langtímum saman á Grænlandi.

John Ross gat tekið undir þessar skoðanir um landið um hálfri öld síðar. Að vetrinum væri þar ekkert nema hvít auðnin, ekkert sem gleddi augað eða vakti áhuga eða sem gæti orðið listamanni að yrkisefni eins og Ross lýsti samt á skáldlegan hátt: Enginn gróður, engin tré, allt kæft í helgreipum íssins, enginn skil á milli vatns og lands. Allt frosið.⁷⁶³ En Ross var í takt við tímann. Hann lýsti því á rómantískan hátt hvernig ísinn gat tekið á sig margvíslegar myndir, í senn mikilfenglegar og ógnvekjandi. Ísinn vakti í senn óhug og aðdáun, hatur og fegurðartilfinningu eins og Ross lýsti honum.⁷⁶⁴

En náttúra Grænlands gat sýnt af sér fleiri myndir eins og Ross lýsti. Hann undraðist t.d. er hann kom til Suður-Grænlands að sjá hversu gróið landið var, allt var í blóma en ekki eingöngu úfnir klettur og kaldur snjór eins og leiðangursmenn höfðu búist við. Ross kvaðst því ekki lengur undrast að landið hefði fengið nafnið Grænland, en þeirri nafngift hefðu þeir einmitt gert gys að áður en leiðangursmenn komu þangað. Jafnvel loftslagið gæti verið ágætt.⁷⁶⁵ Að sumu leyti svipaði Grænlandi því til aðstæðna sem leiðangursmenn þekktu. Ross hafði auga fyrir því hvaða kosti Grænland gæti boðið upp á.

Á ferðum sínum um Grænland merktu leiðangursmenn sér landið. Þeir gáfu stöðum, sem sjálfsagt höfðu heiti fyrir, ný nöfn – eins konar skírn – og lögðu það

⁷⁶⁰ Ekki er vitað um fæðingar- og dánarár Williams Light.

⁷⁶¹ David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 1.

⁷⁶² David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 42.

⁷⁶³ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 168, 426–428.

⁷⁶⁴ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 429–430.

⁷⁶⁵ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 43, 58.

þannig undir sig. Staðirnir fengu heiti, að minnsta kosti tímabundið, sem voru t.d. kennd við Francis Beaufort en hann var breskur aðmírall og könnuður (1774–1857), heimskautakönnuðinn William Parry (1790–1855) eða einhverja aðra könnuði.⁷⁶⁶

Í lýsingum höfunda á þessu tímabili er því fólki sem kemur við sögu skipt grófllega í tvo hópa: Annars vegar íbúa Grænlands af stofni inuíta sem eru álitnir villimenn af ýmsu tagi en hins vegar „siðmenntað fólk“. Það fólk var úr ýmsum áttum: Leiðangursmenn sjálfir, danskir íbúar Grænlands og loks fornir norrænir íbúar landsins. Hinir síðastnefndu koma þó skiljanlega ekki mikið við sögu í þessum verkum að undanskildu því að saga norrænna manna á Grænlandi var oft rædd og fram eftir 19. öld voru enn bundnar vonir við að finna mætti slíkt fólk í landinu, ekki síst í Austur-Grænlandi, að minnsta kosti skýr merki um veru þess þar. Þess má geta að enski heimskautakönnuðurinn, William Scoresby (1789–1857), fór um þær slóðir snemma á öldinni og taldi sig finna mannvistarleifar sem tengdust norrænum mönnum. Hann velti fyrir sér hvort enn mætti finna norræna menn þarna eða hvort þeir hefðu blandast inuítum.⁷⁶⁷ Árið 1828 var gerður út sérstakur leiðangur á vegum danskra stjórnvalda til þess að komast helst endanlega að hinu sanna undir forystu danska sjóliðsforingjans Wilhelms August Graah (1793–1863); Graah ferðaðist víða um Austur-Grænland í þessu skyni en fann hvergi fólk af norrænum uppruna.⁷⁶⁸ Að öðru leyti er þetta efni lítið rætt; vonin um að finna samfélag „siðmenntaðra“ manna einhvers staðar langt í norðri virtist brostin. – Bandaríski fræðimaðurinn Karen Oslund hefur kannað hversu mikil áhrif vitundin um norræna menn á Grænlandi og sögu þeirra hafi haft á afstöðu fólks til Grænlands. Hún telur að þær hafi leitt til hugmynda um endurreisn Grænlands, *restoration*, endurreisn kristinnar menningar og lífshátta. Þetta hafi hins vegar breyst þegar leið á 19. öld vegna þess að þá hafi flestum verið orðið ljóst að ekkert norrænt fólk væri að finna á Grænlandi sem héldi í gamla siði og menningu heldur væru þar aðeins inuítar.⁷⁶⁹ – Umfjöllun könnuða um Dani á Grænlandi var yfirleitt jákvæð. Þeir voru sagðir vera bæði „educated and intelligent“ og trúboð þeirra hefði skilað góðum árangri við erfiðar aðstæður. Danir voru því vafalaust fulltrúar siðmenningarinnar á Grænlandi.⁷⁷⁰

⁷⁶⁶ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 289–290. – John Leslie, Robert Jameson og Hugh Murray, *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions*, bls. 275. – Anne McClintock, *Imperial Leather*, bls. 29.

⁷⁶⁷ William Scoresby, *Journal of a Voyage to the Northern Whale Fishery*, bls. 337–338.

⁷⁶⁸ Wilhelm August Graah, *Narrative of an Expedition to the East Coast of Greenland*, bls. x–xi, xiv–xvi, 2–3, 115–116.

⁷⁶⁹ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 90, 98–99, 103, 108.

⁷⁷⁰ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 43–44, 46–49.

Þegar David Crantz fjallaði um Grænlandinga lýsti hann því svo að lífshættir þeirra væru líklega svipaðir og tíðkast hefði hjá mannfólkinu fyrir syndaflóðið. Þeir væru óspilltir af öllu því sem hefði mengað líf fólks í siðmenntuðum löndum, „*extra civitatem*“. Crantz kvaðst því taka undir með Johann Anderson um að lífshættir Grænlandinga og siðferði ættu sér miklu fremur rætur í hvötum þeirra, svipað og hjá dýrum, en í skilningi og grundvallarreglum.⁷⁷¹ Grænlandingar voru því staddir á eins konar frumstigi mannlífsins, að mati Crantz, á milli dýra og manna. Þeir höfðu varðveitt hið bernska og saklausa í lífsháttum sínum og gátu því orðið þeim fyrirmynd sem menningin hefði spillt. Crantz vildi varðveita hið bernska í fari Grænlandinga en siðmennta þá um leið og fjarlægja hið villta og siðlausa í fari þeirra. Það taldi hann fyllilega mögulegt, enda ekki í vafa um að þeir væru mennskir.



Mynd 45. Áhyggjulaust og hamingjuríkt líf inúíta í Grænlandi, samkvæmt þessari mynd úr leiðangi Gaimards frá 1836.

Margir aðrir höfundar en Crantz tóku undir þessar skoðanir síðar og veltu fyrir sér stöðu og lífsgildum Grænlandinga. Þeir spurðu sig að því hvort Grænlandingar lifðu kannski hamingjuríkara lífi en þeir sjálfir. Bernard O'Reilly (1818) fjallaði t.d. um það efni á eftirfarandi hátt:

The poor Greenlander, feasting on his raw food, is as truly happy in such luxury as the citizen of a more indulgent climate who is uneasy in his armed chair until he has the delight of gloting [svo] over his pudding a seventh dish at his usual dinner. In the humble, yet happy, people that are found in the high northern latitudes, and are generally known by the name of the Esquimeaux, more of that spirit of contentment, which is the genuine

⁷⁷¹ David Crantz, *The History of Greenland* I, bls. 183–184, 187.

offspring of necessity, is discernible than probably in any other class of mankind whatsoever.⁷⁷²

Að mati sumra höfunda mátti því vel segja að inúítar hefðu jafnvel margt fram yfir hina „siðmenntuðu“ og þurfti engan „Jean Jacques [Rousseau] to show us the relative superiority of the two characters“, að mati Roberts Huish.⁷⁷³ Bernard O'Reilly taldi jafnvel að Grænlandingar hefðu sérstöðu meðal villimanna vegna þeirra kosta sem þeir væru búnir, andstætt t.d. hefnigjörnum og þjóföttum Afríkubúum. Í samræmi við þá skoðun var staðhæft að Grænlandingar væru heiðarlegir, gestrisnir, friðsamir og mildir í skapi.⁷⁷⁴ Þeir sýndu hverjir öðrum góðsemi og sinntu vel um börn sín.⁷⁷⁵ Þá deildu Grænlandingar afar sjaldan. Deilur sínar leystu þeir að mestu með því að syngjast á. Þeir lifðu því í friði og öryggi, „in perfect harmony“, án deilna og illyrða sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar.⁷⁷⁶ Að mati Johns Ross voru Grænlandingar „among the most worthy of all the rude tribes yet known to our voyagers, in whatever part of the world“. ⁷⁷⁷ – Í verunni var þetta vitaskuld ekki svona heldur svipaði samfélagi inúíta til annarra samfélaga fólks þar sem öll litbrigði mannlífsins komu fram.⁷⁷⁸

Frumstæðir hættir Grænlandinga voru mjög til umfjöllunar en ekki var síður rætt um þá á þann hátt að þeir væru viðfangsefni fyrir siðmenningu, hvort og hvernig unnt væri að koma að koma þeim til nútímans, í anda hugmynda upplýsingarmanna. David Crantz sagði t.d. í þessu samhengi að Grænlandingar væru ekki eins

foolish and stupid as the savages are commonly thought to be, for in their ways and employments they are wise and sharp enough. But yet they are not so ingenious and polished neither as many report them to be. ... Therefore we may attribute to them a simplicity without silliness, and good sense without the art of reasoning.⁷⁷⁹

⁷⁷² Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North-West Passage*, bls. 52.

⁷⁷³ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 286.

⁷⁷⁴ Bernard O'Reilly, *Greenland, the Adjacent Seas, and the North-West Passage*, bls. 57. – John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, m.a. bls. 49, 300–301, 389. – Einnig Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 240.


⁷⁷⁵ David Crantz, *The History of Greenland I*, m.a. bls. 162–163.

⁷⁷⁶ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 309, 411.

⁷⁷⁷ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 51, 345. – Einnig David Crantz, *The History of Greenland I*, m.a. bls. 178–179, 183–185. – Lýsing Sigurðar Breiðfjörð frá 1835 er mjög í þeim anda sem hér hefur verið lýst, sjá Kristján Sveinsson, „Viðhorf Íslendinga til Grænlands“, bls. 192–193.

⁷⁷⁸ Mörg dæmi voru um átök og ofbeldi á Grænlandi, bæði innbyrðis meðal inúíta og á milli þeirra og innflytjenda. Umfjöllun um það er m.a. í Finn Gad, *Grønlands historie II*, bls. 363, 423 og víðar. – Einnig Erik Erngaard, *Grønland i tusinde år*, bls. 67.

⁷⁷⁹ David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 135.



Mynd 46. Hæfni inúíta við veiðar og sjósókn var algengt umræðuefni.

Grænlandingar höfðu því ýmsa hæfileika, þeir gátu m.a. vel lært ýmsar iðnir, t.d. væri Grænlandingur rakari fyrir Evrópumennina sagði Crantz.⁷⁸⁰ Hann lýsti líka búnaði og verkfærum Grænlandinga sem væri vissulega fábrotinn en margt leystu þeir þó snilldarlega af hendi, t.d. smíði báta sinna. Einnig væru þeir afbragðs sjómenn og væru yfirleitt vel á sig komnir líkamlega.⁷⁸¹ Ratvísi þeirra var einnig viðbrugðið og hversu vel þeir áttuðu sig á aðstæðum.⁷⁸² Í þessu samhengi skipti máli hvernig Grænlandingum tókst að tileinka sér menningu Evrópumanna. David Crantz gat þess t.d. að vel væri hægt að kenna grænenskum börnum að lesa og skrifa.⁷⁸³ John Ross komst að svipaðri niðurstöðu. Hann kvaðst t.d. hafa undrast hversu vel grænenskar konur gætu sungið og hversu auðveldlega þær lærðu að syngja „even the more refined sacred music of the German school“. Af fyrri kynnum hefði hann einmitt álitnið að þetta fólk hefði ekki tónlistarhæfileika.⁷⁸⁴

Líka koma fyrir „játningar“ frá leiðangursmönnum þess efnis að þeir gætu vissulega ekki hafa lifað af án aðstoðar heimamanna en í því fólst viðurkenning á því að heimamenn væru aðkomumönnum fremri í að komast af, þrátt fyrir tæknilega yfirburði

⁷⁸⁰ David Crantz, *The History of Greenland I*, m.a. bls. 135.

⁷⁸¹ David Crantz, *The History of Greenland I*, m.a. bls. 150–151. – Einnig John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 170–171. – Árni Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar*, bls. 32.

⁷⁸² John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 182. – Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 208.

⁷⁸³ David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 135.

⁷⁸⁴ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 52.

aðkomumannanna á vissum sviðum.⁷⁸⁵ Þrátt fyrir „their seclusion from all civilized society, they are still an ingenious people“, sagði Robert Huis.⁷⁸⁶ Samskipti gátu því einkennst af gagnkvæmri virðingu og gestir og heimamenn náðu stundum að kynna venjum, siðum og neysluháttum hvors annars, án þess að fordómar byrgðu þeim sýn.⁷⁸⁷

Segja má að sumir leiðangursmenn og höfundar hafi litið á Grænlinga sem vænlega nemendur í að siðvæðast, verða eins og „nútímalegir“ Evrópumenn. Rómantísk frumstæðishyggjuviðhorf voru þó einnig tíð: Að sjá frumstætt líf í hillungum. Neikvæður tónn var líka algengur, enda voru Grænlingar að margra mati „an indescribable mixture of wildness and ignorance“.⁷⁸⁸

Lýsingar á útliti og atgervi Grænlinga voru oft í þessa veru. Yfirleitt væru þeir afar smávaxnir, vart nema ríflega fimm fet á hæð og því tæplega fullskapaðir, nema kannski þeir sem hefðu blandast Dönum. Á litinn væru þeir ólífubrúnir og því andstæða þeirra „hvítu“. Þá væru þeir svo illa gefnir að yfirleitt væri ekki unnt að kenna þeim að telja nema upp í fimm og engum upp í meira en tíu. Jafnvel þeir sem væru skást útlítandi væru þó í raun viðbjóðslegir.⁷⁸⁹ Og þegar þeir spjölluðu saman tjáðu þeir sig „unintelligibly, and many times as fast as a poll parrot“. Börnum var stundum lýst þannig að þau litu út „exactly like a monkey“.⁷⁹⁰ Skilningur þeirra og útlit ætti því meira skylt við dýr en fólk.

Óhrelnæti Grænlinga og mataræði þeirra voru vinsæl umræðuefni í þessu samhengi og er ekki að sjá að þar verði mikil breyting á tímabilinu. John Ross ræddi um „their dirty diet and villainous smells“.⁷⁹¹ Isaac I. Hayes lýsti aðstæðum Grænlinga á svipaðan hátt og ræddi um sóðaskap þeirra, daun í hífýlum og töttralegan klæðnað. Helst ætu þeir hálfrosið eða hálfrotið selkjöt eins og aðrar þjóðir snæddu pylsur og teldu það hnossgæti. Sumir ætu jafnvel af slíkri græðgi að þeir köstuðu upp en vildu samt halda áfram átinu.⁷⁹² Hýenur virtust fremur kunna sér magamál en Grænlingar. Þeir ætu jafnvel eigin lýt eða byðu gestkomandi þær sem lostæti. Þá vildu þeir ekki líta við því sem leiðangursmenn hefðu upp á að bjóða, „our brandy was as odious as our pudding“ sagði

⁷⁸⁵ Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, bls. 170. – Viðurkenning á færni og tækni Grænlinga, samanborið við búnað landkönnuða, til að komast af við erfiðar aðstæður birtist í ýmsum ritum Evrópumanna sem komu til eða fjölluðu um Grænland. Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 24.

⁷⁸⁶ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 186.

⁷⁸⁷ Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, m.a. bls. 121.

⁷⁸⁸ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 186.

⁷⁸⁹ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 247. – Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, bls. 104; þar lýsir hann heimamanni svo: „Notwithstanding his greasy face, matted hair, ragged dress, and disgusting propensity to drink oil, he was the most decent-looking native I had yet seen.“

⁷⁹⁰ Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, bls. 44. – Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 524.

⁷⁹¹ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 172.

⁷⁹² Isaac I. Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, bls. 44, 128–129 og víðar. – Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 505.

John Ross. Hann fullyrti þó að þessir hættir væru ekki bundir við Grænlandinga. Svipaðar fregnir væri að hafa af búskmönnum í sunnanverðri Afríku.⁷⁹³ Hér eru „eiginleikar“ Grænlandinga því gerðir skiljanlegir með því að líka þeim við hýenur, búskmenn eða þá páfagauka og apa, allt verur sem var að finna í Afríku þar sem talið var að villimennskan réði ríkjum.

Sumar lýsingar fjölluðu um illsku og grimmd heimamanna, svo sem miskunnarleysi gagnvart öldruðum og hjálparlausum, grimmd gagnvart vandalausum og þjófnað frá útlendingum. Sögur um þjófnað voru algengar en þó var á það bent að sumir frumbyggjar annars staðar í heiminum, t.d. á eyjum í Kyrrahafi, væru enn ver haldnir af þessum lesti.⁷⁹⁴ Töluvert var einnig rætt um að grænlenkar konur reyndu að tæla leiðangurmenn eða þá að þær seldu sig; í ljós hefði komið „that their favours were to be purchased at a very cheap rate, or by a very trifling present, but nevertheless the consent of the husband was previously asked and on the condition of receiving part of the presents, it was never refused.“⁷⁹⁵ – Undirferli og svik heimamanna komu líka við sögu. Isaac I. Hayes fullyrti t.d. að hópur inúíta hefði sóst eftir lífi þeirra. Hefði það einungis verið fyrir snarræði þeirra sjálfra að heimamenn komu fyrirætlunum sínum ekki í framkvæmd. Markmið inúítanna hefði þá verið að komast yfir búnað leiðangursmanna án þess að greiða fyrir hann.⁷⁹⁶

Robert Huis áleit því að líta yrdi á „eskimóa“ og samfélag þeirra

as one of the lowest stages of human society, just one degree removed from animal existence, and in which the gratification of the sensual appetites appears to be the sole object of their life. Immersed in the profoundest ignorance, they have not a single pursuit, which has not an immediate reference to their animal wants, which on being satiated, the human brute throws himself down by the side of his dogs, and bloated with the effects of his gluttony passes away the dreary hours of his life in sleep and inanity.⁷⁹⁷

„Eskimóar“ gætu því vart staðið neðar hvað varðar siðmenningu. Þeir stæðu t.d. frumbyggjum Ameríku langt að baki en væru þó Afríkumönnum fremri; „in an intellectual sense however, he may be said to stand on the lowest scale of human nature, exhibiting a strange mixture of intellect and dullness, of cunning and

⁷⁹³ John Ross, *Narrative of a Second Voyage in a Search of a North-West Passage*, bls. 179, 249–250, 313–314. – Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 249.

⁷⁹⁴ David Crantz, *The History of Greenland I*, bls. 188–195. – Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 238. – Að mati Árna Magnússonar, sem var á Grænlandi laust eftir miðja 18. öld höfðu Grænlandingar lært af aðkomumönnum að ljúga, stela, drýgja hór og drekka brennivín; að stela frá útlendingum teldu Grænlandingar ekki synd því að þeir blekktu Grænlandinga í viðskiptum. Hann áleit því að aðkomufólkið hefði spillt heimamönnum, sjá Árni Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar*, bls. 33.

⁷⁹⁵ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 192, einnig bls. 244 og 524.

⁷⁹⁶ Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, bls. 167; einnig 169, 231. Hayes staðhæfði að inúítar hefðu ætlað að láta hunda sína drepa hann en hann hefði bjargað sér með snarræði.

⁷⁹⁷ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 352.

simplicity, of ingenuity and stupidity“.⁷⁹⁸ Eins og lesandi sér er hér drepið á svipuð efni og títt var að ræða um þegar þegar fulltrúar nýlenduvelda fjölluðu um fólk á framandi slóðum: Vændi, þjófnad, grimmd, heimsku og svik.

Sem dæmi um afstöðu gestanna til heimamanna og hvaða vald þeir töldu sig hafa má taka atburð sem gerðist í öðrum leiðangri John Ross. Aldraður inúítí, Illictu að nafni, sem hafði verið leiðandi í hópi heimamanna féll frá. Hópurinn sem Illictu hafði tilheyrt skildi líkið af honum einfaldlega eftir í þeim húsakynnum þar sem fólkíð hafði hafst við. Forsvarsmenn leiðangurs Ross vildu fá höfuðið af líkinu „as a subject of comparative anatomy“ og læknir leiðangursins fór á staðinn ásamt trésmiðnum. Höfuðið var tekið af líkinu og trésmiðurinn hirti af því stígvélin, enda vantaði hann góða skó. Við nánari skoðun á höfðinu taldi John Ross sig geta séð að viðkomandi hefði verið „one of the most stupid of his race“. Að skoðun lokinni var ákveðið að láta höfuðið síga í sjóinn og láta rækjuna hreinsa holdið af því og líka af ísbjarnarhaus sem leiðangursmenn áttu. Þessi kostulega meðferð hafði m.a. það í för með sér að leiðangursmenn misstu alveg lyst á því að borða rækju.⁷⁹⁹ – Ross hefur greinilega þekkt til nýjustu „rannsóknna“ sem tengdust athugunum á höfuðkúpu og heila fólks með tilliti til uppruna þess en slíkar athuganir voru nátengdar kynþáttahyggju 19. og 20. aldar. Svo sem fyrr hefur verið getið staðhæfðu sumir fræðimenn á 19. öld að heili hvíttra manna væri áberandi stærri en heili fólks af öðrum „kynþáttum“ og þarna hefur Ross talið sig fá staðfestingu á þessum skoðunum.⁸⁰⁰

Heimamenn áttuðu sig vitaskuld á því að leiðangursmenn höfðu tekið höfuðið af líkinu og fjarlægðu það sem eftir var af því. Það undruðust leiðangursmenn.⁸⁰¹ Vel má ímynda sér hvernig leiðangursmenn Ross hefðu fjallað um það ef heimamenn hefðu komist yfir lík af einhverjum leiðangursmanna og rænt hluta þess: Því hefði verið lýst með mikilli hneykslan sem líkráni og ef til vill sett í það samhengi að þeir væru mannætur. En þessi atburður lýsir líka vel þeim afstæðum sem voru á milli þessara tveggja hópa. Gestirnir voru greinilega sannfærðir um að þeim væri flest eða allt heimilt, vegna þess hversu heimamenn stæðu þeim langt að baki, og það hlaut að leiða til árekstra á milli hópanna tveggja.

Samhliða þessum frásögnum var einnig mikilvægur þáttur í þessum verkum að greina frá karlmennsku og þrautseigju leiðangursmanna á þessum hættulegu slóðum, ekki síst að yfirvinna erfiðleika sem nánast voru ómannlegir að takast á við. Eða þá

⁷⁹⁸ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 246.

⁷⁹⁹ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 272, 276, 278.

⁸⁰⁰ Bandaríski fræðimaðurinn og læknirinn, Samuel George Morton (1799–1851), var víðkunnur fyrir athuganir sínar á þessu sviði og átti mikið safn af hauskúpum. Hann setti skoðanir sínar m.a fram í riti sínu *Crania Americana* árið 1839. Þar tengdi hann það sem hann taldi vera eðliseinkenni saman við stærð á heila fólks af ólíkum kynþáttum. Í verki sínu ræddi hann m.a. um inúítí í þessu samhengi. Sjá Stephen Jay Gould, *The Mismeasure of Man*, bls. 88–89 og víðar.

⁸⁰¹ Robert Huis, *The Last Voyage of Capt. Sir John Ross*, bls. 281.

að laga sig að aðstæðum sem fólki var þvert um geð, t.d. að leggja sér hálfsoðinn ref til munns eða hrafn þegar ekki var annað í boði.⁸⁰² Slíkar lýsingar höfðu lengi fylgt frásögnum af ævintýrum landkönnuða, eins og reifað hefur verið í tengslum við ferðalýsingar frá Íslandi.

5.2.2 Almenn yfirlitsrit um Grænland

Í lýsingum á Grænlandi í almennum yfirlitsritum á öndverðu tímabilinu er lögð áhersla á hversu kuldalegt og fráhrindandi Grænland sé. Er líða tekur á tímabilið breytast áherslur, ógnfegurð landsins verður viðfangsefni. Samhliða er gerð grein fyrir þeim miklu hættum sem séu fólgnar í því að sækja þessar slóðir heim. Það sé helst fært óttalausum hetjum, enda megi greina frá margvíslegum ævintýrum slíkra sæfarenda, ekki síst breskra, sem hafi lagt þar mest af mörkum. Þetta er sú mynd sem John Leslie og félagar drógu upp af Grænlandi á fyrri hluta 19. aldar í bókinni *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions: With Illustrations of Their Climate, Geology and Natural History* frá 1833.⁸⁰³ Þegar litið er til túlkana á náttúru og landslagi á Grænlandi í yfirlitsritum, a.m.k. eftir að komið er fram á 19. öld, og þau borin saman við rit könnunarleiðangra, kemur í ljós að meiri áhersla er lögð á rómantískar lýsingar á landinu í fyrrnefndu ritunum. Í hinum síðarnefndu er það hin daglega barátta að komast af, lífsháskinn, sem verður fyrirferðarmeiri þó að þar komi líka fyrir rómantískar lýsingar.

Þegar fjallað er um Grænland í yfirlitsritum er gjarnan rakin eldri umfjöllun um landið og könnunarsaga þess. Um þetta leyti er enn litið á kort og texta Zeno-bræðra sem trúverðuga heimild og frásögnin gjarnan rædd, ekki síst með hliðsjón af ætluðu sæðarlífi fólks á Grænlandi sem Zeno hafði lýst.⁸⁰⁴ Eitt af því sem aðgreinir yfirlitsritin frá frásögnum könnunarleiðangra frá sama tíma er því að í þeim er fremur litið til fortíðar og að þar virðast gamlar mýtur lifa góðu lífi mun lengur en í ferðalýsingunum.

Meiri áhersla er lögð á að kynna Grænlandinga á jákvæðan hátt, sem göfuga villimenn, í almennu yfirlitsritunum en í frásögnum könnunarleiðangra eins og skýrt kemur fram í frásögn Johns Trusler. Hann ræðir um „many lovely and laudable qualities in them; qualities, that must often put Christians to the blush.“ Trusler, sem byggir mikið á frásögn David Crantz, kynnir Grænlandinga því sem hina fullkomnu fulltrúa *the noble savage*, villimannlega og barnslega í senn, og að margt mætti af þeim læra.⁸⁰⁵

⁸⁰² Isaac Israel Hayes, *An Arctic Boat-Journey in the Autumn of 1854*, m.a. bls. 36, 103, 158–159, 284.

⁸⁰³ John Leslie, Robert Jameson og Hugh Murray, *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions*, bls. 5. Ekki hefur tekist af afla nánari upplýsinga um John Leslie.

⁸⁰⁴ John Leslie, Robert Jameson og Hugh Murray, *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions*, bls. 88–89.

⁸⁰⁵ John Trusler, *The Habitable World Described*, bls. 52–53, 60–61, 67–69, 70–71 og víðar.



Mynd 47. Ungir inúttar búa til kajaka og sækja sjóinn.

Samhliða þessum lýsingum eru líka frásagnir af Grænlandingum þar sem þeir eru tengdir lífi „venjulegs“ fólks, þ.e. Evrópumanna og viðmiðunum þeirra. Jehoshaphat Aspin fjallaði t.d. um Grænlandinga á þann hátt í bók sinni, *Cosmorama: the Manners, Customs, and Costumes of All Nations of the World*.⁸⁰⁶ Aspin tók undir að lífshættir Grænlandinga væru vissulega einfaldir og fólkið frumstætt. Til dæmis væru íverustaðir þeirra afar fábrottnir en þó svo hlýir að fólk gengi þar um nærri nakið. Land sitt teldu þeir hið besta í heimi, sjálfa sig hamingjusamasta allra og óskuðu einskis annars en að snúa aftur á heimaslóðir, væru þeir staddir í öðrum löndum. – Sem sjá má er hér mikið samræmi með lýsingum á lífsháttum Grænlandinga og a.m.k. sumum frásögnum af háttum Íslendinga.

En þrátt fyrir að vera frumstæðir sýndu íbúarnir mikla snilli í að komast af í erfiðu landi að sögn Aspins en Grænlandinga taldi hann vera iðjusama, hæfileikaríka, hrausta, og sterka. Farið væri að þjálfra drengi við veiðar frá ungum aldri. Þeir fengu boga, örvar og hníf snemma og eigin kajak um 10 ára aldur. Um fimmtán ára aldur yrðu þeir að fara að veiða sjálfir. Þeir nýttu sér feng sinn frábærlega vel, til matar, sem klæðnað og til húsagerðar. Samhliða var Grænlandingum lýst sem hugsandi, hjálpsömu og hreinlátu fólki sem hefði áhyggjur af afkomunni en gleddist að loknu verki. Kristni hefði verið boðuð þar. Lengi vel

⁸⁰⁶ Upplýsingar um Aspin (starfandi á fyrri hluta 19. aldar) er ekki að hafa, nafnið er trúlega dulnefni, ef til vill kona sem tók upp annað nafn til þess að geta látið að sér kveða í heimi karla; http://www.geographicus.com/mm5/merchant.mvc?Screen=CAD&Product_Code=aspin; sótt í mars 2013.

hefði það verið með litlum árangri en Grænlandingar tryðu þó á ódauðleika sálarinnar og álitu hina dauðu fara til lands andanna þar sem þeir stunduðu veiðar.⁸⁰⁷

Sem sjá má er hér borið lofsorð á einfaldleikann en aðrir eiginleikar þó ekki síður taldir mikilsverðir, iðjusemi, dugnaður, mildi og trúrækni, þó ekki sé hún kristin. Grænlandingar Aspíns hafa því stigið skref fram á við, miðað við margar aðrar lýsingar. Þeir eru vissulega frumstæðir en þó líka siðmenntaðir. Iðni og framsýni eru sannarlega ekki eiginleikar sem eru tileinkaðir hinum göfuga villimanni. Þess utan er skýr áhersla á hversu lífið á þessum slóðum sé ævintýralegt, drengjum sé kennt að veiða frá unga aldri. Grænland verður hér því einnig vettvangur ævintýra stráka, enda koma konur lítið við sögu í frásögninni. Þessa breytingu í áherslum má að einhverju leyti rekja til breyttra hugmynda um norðrið. Samkvæmt þeim einkenndu þættir eins og kraftur, frelsi og framtaksemi lífið í norðri en bækur landkönnuða og myndir af ævintýrum í norðri hafa líka ýtt mjög undir að fjallað væri um Grænland á þennan hátt.

Fleiri höfundar draga fram svipaðar áherslur og Aspin; samhliða því að geta um það hversu frumstæðir Grænlandingar séu og frábitnir lærdómi er fólkið lofað fyrir hugrekki og fyrir að vera opinskátt, glaðlegt, frábærlega gestrisið og heimilislífið innilegt. Í sumum lýsingum er jafnvel gengið enn lengra í að lýsa Grænlandingum sem „venjulegu“ Evrópufólki.⁸⁰⁸

Hiklaust má staðhæfa um almenn yfirlitsrit að jákvæðar ímyndir um Grænland hafi verið algengari en neikvæðar á tímabilinu 1750–1850 og verður hér því sama þróun og sjá má varðandi Ísland. Hinar neikvæðu voru einnig áberandi en þær runnu þó oft saman við lýsingar úr öðrum áttum. Útlit, þrifnaður og aðrar aðstæður í nánasta umhverfi fólks voru algengustu stefin sem komu við sögu í því samhengi. Iðulega var nefnt að Grænlandingar væru skelfilegir útlits. Litarafitið væri yfirleitt dökkleitt. Sumir virtust vera „the most hideous objects that mortal eye had ever beheld; inflamed eyes, wrinkled skin, black teeth, and deformed features, rendered them scarcely human.“ Og þó að börnin gætu verið ásjáleg líktust þau samt mest villidýrum.⁸⁰⁹

⁸⁰⁷ Jehoshaphat Aspin, *Cosmorama*, bls. 195–199. – Einnig *Domestic Scenes in Greenland and Iceland*, bls. 5–7, 18–20, 28–29 og víðar. Höfundur *Domestic Scenes* segir m.a. að fólkið komist vel af þó að líf þess sé vissulega frumstætt og fólkið óhreinlegt. En fólkið sýni mikla hæfni í að bjarga sér við erfiðarar aðstæður og flestar nauðpurftir sínar fái það af veiðidýrum sínum. Yfir allri lýsingunni er hamingjublaer. Fólkið er ánægt, börnin eru glöð og fjáls. Grænlandingar eru duglegir og hjálpsamir. Höfundur lætur þess getið að konur séu svipað búnar og karlar sem sé ólíkt því sem tíðkist í Bretlandi: „Women do not dress at all like men in this country, but in Greenland they dress very much like men“.

⁸⁰⁸ John Leslie, Robert Jameson og Hugh Murray, *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions*, bls. 246–247.

⁸⁰⁹ John Leslie, Robert Jameson og Hugh Murray, *Narrative of Discovery and Adventure in the Polar Seas and Regions*, bls. 224–225. – Carl Heinrich Hertwig, *Reise nach dem Nordpol*, bls. 39. Sumar íslenskar heimildir frá ofanverðri 18. öld kynna Grænlandinga á þennan hátt, Kristján Sveinsson, „Viðhorf Íslendinga til Grænlands“, bls. 174.

Þessar lýsingar voru nátengdar kynþáttahyggju sem varð æ öflugri á þessum tíma; samkvæmt þeim höfðu Grænendingar ýmist staðnað á þróunarbrautinni eða úrkynjast og að margra mati hlaut slíkt fólk að hverfa smám saman. Það var vegna þess að það væri einfaldlega ekki mögulegt að siðvæða það, auk þess sem það hlyti að líta í lægra haldi fyrir fólki sem væri lengra komið á þróunarbrautinni og hverfa.⁸¹⁰



Mynd 48. Gert að fengnum eftir vel heppnaða veiðiferð; mynd úr Grænlandsleiðangri Gaimards frá 1836.

Þrátt fyrir að slíkar ímyndir væru á kreiki var samt algengara að fjalla á jákvæðan hátt um íbúa Grænlands í yfirlitsritum en í ritum könnunarleiðangra. Hafa þarf í huga þann mun sem er á þessum ritum. Í þeim síðarnefndu er fjallað um dagleg samskipti, viðskipti af ýmsu tagi, útvegum lífsnaúðsynja, ágreining af ýmsu tagi og samkeppni. Því má búast við að áherslur á neikvæðar staðalmyndir séu algengari þar en í yfirlitsritunum, einfaldlega vegna þess að neikvæðar staðalmyndir hafa þann eiginleika að birtast einmitt við slík skilyrði. Höfundar yfirlitsrita gátu leyft sér að líta fram hjá öllu slíku en leggja þess í stað áherslu á ævintýralegt líf fólks sem býr á nyrstu svæðum jarðar og hæfileika þess til þess að komast af.

Þannig var hin viðurkennda „þekking“ um Grænland og Grænendinga á þessu tímabili sem almenn samstaða var um í hinum vestræna heimi. Ekki lék vafi á því að íbúarnir voru afar framandi, svipað og fólk í öðrum fjarlægum heimshlutum. Þeir voru á öðru stigi en þeir sem um þá fjölluðu, miklu skemmra komnir, ýmist villtir og grófir eða eins og börn. Hér birtist því einnig sú tvíhyggja sem greina má í mörgum verkum

⁸¹⁰ Patrick Brantlinger, *Dark Vanishings*, bls. 3–5 og víðar.

sem fjalla um framandi svæði: hið góða og illa, villta og tamda, siðlausa og óspillta, fagra og ljóta, svo nokkur hugtök séu nefnd.

5.2.3 Samanburður ímynda Grænlands og Íslands: *An Historical and Descriptive Account of Iceland, Greenland, and the Faroe Islands* eftir James Nicol.

Hér í lokin verður tekið til athugunar eitt rit frá lokum þess tímaskeiðs sem um er fjallað í þessu verki. Þar birtast lýsingar, bæði frá Íslandi og Grænlandi og reyndar líka Færeyjum. Þetta rit er *An Historical and Descriptive Account of Iceland, Greenland, and the Faroe Islands* eftir James Nicol frá 1840. Höfundurinn var þekktur skoskur jarðfræðingur sem fyrr segir, prófessor í þeirri grein í breskum háskólum og höfundur bóka og greina um þau efni. Verk hans er yfirlitsrit, sjálfur fór hann ekki á þessar slóðir. Bókin varð víðlesin og kom út í fjölda útgáfa í Bretlandi og Bandaríkjunum, m.a. í ódýrum sérútgáfum í báðum löndum.⁸¹¹

Þegar Nicol fjallaði almennt um eyjar í Norðurhöfum, Ísland, Færeyjar og Grænland lýsti hann því svo að þær væru staðsettar „in the stormy ocean of the north, and far from the modern seats of civilisation“.⁸¹² Ekki virtust þessi lönd vera vænleg til búsetu: „Their soil is thin and barren, their climate cold and stormy; whilst, instead of gentle and refreshing showers, the atmosphere deposits [svo] its superabundant moisture in snow or ice, withering the tender leaf and crushing the opening flower.“⁸¹³ Hvernig átti líf að geta þroskast og þrífist á slíkum stöðum? Lítum nú nánar á hvernig þessi höfundur fjallaði um löndin tvö, Ísland og Grænland.

Höfundurinn lýsti Grænlandi sem afar köldu, hálendu og eyðilegu svæði. Það væri lítið eða ekkert gróið.⁸¹⁴ En hann fjallaði þó einnig um landið á annan hátt. Birtingarmyndir íssins væru ótrúlegar og líktust helst fullkomnustu meistaraverkum Grikkja hinna fornu, bæði að formi og litbrigðum: „Their colours are also extremely beautiful, some brilliant as burnished silver, others reflecting all the various hues of the rainbow, bright green, blue, and orange being the prevailing tints.“ Þessa væri hægt að njóta í hæfilegri fjarlægð en í nálægð yfirgnæfðu ótti og hryllingur aðrar tilfinningar.⁸¹⁵ – Íslandi lýsti Nicol á svipaðan hátt og kvað það „distinguished ... by its remarkable scenery and the frequency of the most awful and majestic phenomena“. Náttúra landsins einkenndist líka af „magnificent chains of snowy jokuls, its volcanoes with their appalling eruptions, its hot springs and jets of boiling water, its lakes, rivers, and fiords, its singular climate and curious meteorological appearances“.⁸¹⁶ Náttúra landanna beggja er því allt í

⁸¹¹ Haraldur Sigurðsson, *Ísland í skrifum erlendra manna um þjóðlíf og náttúru landsins*, bls. 107.

⁸¹² James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 5.

⁸¹³ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 376.

⁸¹⁴ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. m.a. 226.

⁸¹⁵ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 232.

⁸¹⁶ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 5–6; einnig m.a. bls. 33, 42.

senn kuldaleg, skelfileg og aðdáunarverð í rómantískri túlkun James Nicol; þessa framsetningu hefur hann eftir ýmsum öðrum höfundum sem lýst höfðu löndunum tveimur.

Þegar íbúar Grænlands komu til umræðu var nefnt, eins og oft var gert í yfirlitsritum, að mest væri vitað um vesturströnd Grænlands en mikill áhugi væri einnig á að kanna austurströndina með það að markmiði að finna merki um búsetu norræna manna þar. Samhliða ræddi Nicol um sögu norrænna manna á Grænlandi og ferðir þeirra í vestur þaðan.⁸¹⁷ Vonir um að finna afkomendur norrænna manna á Grænlandi voru því ekki enn brostnar undir miðja 19. öld.

Nicol var upptekinn af vist norrænna manna á Grænlandi en ræddi þó líka ítarlega um inúítana í landinu og hvort þetta fólk hefði haft samneyti. Þá umfjöllun tengdi hann kynþáttum: Af hvaða uppruna eru Grænendingar, spurði hann? Að hans mati líktust sumir mongólum, eða blöndu af þeim og amerískum stofnum, eða þá að þeir væru jafnvel „a degenerate offset from the Caucasian stock“. Rökin fyrir því voru þá þau að þeir væru hvítari á hörund en mongólar en tungumál þeirra líktist þó helst tungumálum þjóða í Ameríku.⁸¹⁸ Höfundurinn var greinilega beggja blands þegar hann velti þessu fyrir sér. En við nánari athugun virtist hann þó hafa ákveðið sig og lýsti þeim þannig að þeir væru yfirleitt ólíkir Evrópumönnum með „a round contracted mouth with thick under lip and a profusion of coarse coal-black hair hanging in long elfin locks about their reddish-brown countenances.“ En fólkíð á suður- og austurströndinni virtist þó af öðrum toga að hans mati. Þar mætti jafnvel finna fólk með rauðleitt eða ljóst hár sem gæti bent til tengsla við „the lost Norwegians“ eða þá að þetta fólk væri af kákasískum kynstofni en ekki mongólskum.⁸¹⁹

Þegar Nicol velti því fyrir sér hvernig mætti flokka þetta fólk komst hann varla að óyggjandi niðurstöðu. En umfjöllun hans um hagi þess og háttu tók af allan vafa um hvar hann taldi að bæri að setja það í flokk. Hann fullyrði að ef neyðin ræki landsmenn ekki af stað lægju þeir bara og svæfu eða sætu og horfðu á himinn eða haf. Þetta væri vegna þess að þeir væru ekki vel gefnir, framtaklausir og hugsuðu aðeins til dagsins. Það eina sem Grænendingar væru færir í væri að smíða báta og stýra þeim.⁸²⁰

James Nicol var einnig upptekinn af sögunni þegar hann fjallaði um Ísland. Hann hafði eftir Arngrími Jónssyni að forsjónin hefði leitt þjóðina „like the Israelites of old, from Norwegian slavery, through the immense and raging ocean, to this Canaan of the north“.⁸²¹ Höfundur gaf því í skyn að Íslendingar væru útvaldir á vissan hátt, gegndu sérstöku hlutverki. Þá skoðun rökstuddi hann svo í verki sínu. Mikilvæg skýring var

⁸¹⁷ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 226, 251–252, 258 og áfram.

⁸¹⁸ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 287.

⁸¹⁹ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 287–288.

⁸²⁰ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 288–289, 296.

⁸²¹ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 97. – Arngrímur notar reyndar ekki þessa samlíkingu þegar hann fjallar um „ofríki Haralds“, Arngrímur Jónsson, *Crymogæa*, bls. 89–91.

uppruni landsmanna. Þeir væru „men of noble birth, famed not only for their own deeds, but for those of their ancestors.“⁸²² Þegar þeir fluttu til Íslands hættu þeir ránum og siglingum, fóru að sinna friðsamlegum störfum og byggðu upp fyrirmyndarsamfélag sem varð skjól skálda og sagnaritara þar sem rausn og gestrisni var nánast takmarkalaus. En minningar um fyrri frægðardaga fölnuðu ekki, gagnstætt við Noreg þar sem þær gleymdust. Skáld Íslendinga gegndu því einstöku hlutverki og voru mikils metnir gestir konunga.⁸²³

Í verkinu er rakið að eftir að Íslendingar glötuðu frelsi sínu hefði öllu farið aftur þar sem „freedom no longer led men to perform gallant deeds, or inspired the poet’s soul to sing their praise.“ Frelsisviptingin hefði „crushed the spirit of the nation“; Nicol var trúr samtíma sínum þegar hann kvað frelsið vera forsendu velgengi. Til marks um hnignunina gat hann þess að Skálholt, „[t]his ancient capital of Iceland, the Athens of the North in the middle ages, is now a miserable village“.⁸²⁴

Þegar rétt var um íslenskan samtíma var það gert í ljósi fortíðarinnar. Fullyrt var að Íslendingar hefðu „many of the peculiar attributes of their Scandinavian ancestors so well known“. Og höfundur vitnaði til Walters Scott (þó að hann tæki það ekki fram) um það hvernig slíkt fólk liti út: „By the blue eye, tall form, proportion fair./ The limbs athletic and the long light hair.“⁸²⁵ En nú hefði öllu farið aftur og væru Íslendingar yfirleitt fremur veikbyggðir vegna slæmrar fæðu. Þá væru þeir þunglyndislegir, m.a. vegna þess að þeir minnstust liðinnar gullaldar með söknuði. En innra með þeim ólguðu þó miklar ástríður eins og fyrrum.⁸²⁶ Það rann því enn víkingablóð í æðum Íslendinga að mati Nicols þrátt fyrir að vissulega hefði margt breyst en þessi umfjöllun er til marks um að samtíminn á Íslandi á 19. öld var oft eða oftast skoðaður í ljósi liðinnar gullaldar.

Þegar hann ræddi um menningu þjóðarinnar í samtímanum var fortíðin líka yfirleitt nærri og umhverfið, enda stæðu Íslendingar í nánum tengslum við fortíðina, „preserving accurate genealogical registers, and realizing to themselves shame or glory in the deeds of their ancestors“. Það væri því ekki að furða að þetta fólk væri kallað „the historians of Europe“.⁸²⁷ Ísland væri því sönnun þess að menning gæti þróast og þroskast hvar sem væri. Til marks um þetta nefndi höfundur að allir væru

⁸²² James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 140.

⁸²³ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 105, 119–122, 140–141, 146.

⁸²⁴ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 6, 77, 158.

⁸²⁵ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 188. – Walter Scott, *The Poetical Works of Walter Scott*, bls. 642.

⁸²⁶ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 188–189; lýsing hans hljómar m.a. svo: „Whilst the most powerful passions are raging within their breasts they stand like statues, but once roused into action they prove that the blood of the Vikingr still flows in their veins. Firm, patient, and enduring, they occasionally remain on the water in their fishing-boats thirty-six hours without tasting food, it being a disgrace to take even a piece of bread along with them. The same character manifests itself in all their undertakings, – difficult to be set in motion, they persevere with the utmost energy, and never desist so long as there remains the smallest probability of success.“

⁸²⁷ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 218.

læsir og skrifandi, margir töluðu latínu og önnur klassísk tungumál og skrifuðu líka á latínu. Þá lifðu landsmenn yfirleitt mjög siðsömu lífi, skemmtu sér við tafl og lestur, fremur en tónlist og dans. Glæpir væru fátíðir eða óþekktir nema í Reykjavík þar sem Danir hefðu spillt þeim með drykkjuskap, „the besetting sin of cold climates“.⁸²⁸ – Hér glittir því í ímyndir af ýmsum gerðum: Hina menntuðu og hetjulegu útópíu eða Hellas norðursins, göfuga villimenn og eins konar arkadíu í norðri þar sem fólkið unir glatt við sitt þrátt fyrir fábrotið líf án nokkurs munaðar.

Þessir textar um Ísland og Grænland birta skýrar ímyndir um löndin tvö, bæði líkar og ólíkar. Náttúran er hvort tveggja í senn, stórfengleg og skelfileg. Fólkið er frumstætt en þó á mjög mismunandi hátt og þegar Nicol ber saman íbúa landanna þriggja í norðri, Íslands, Færeyja og Grænlands er hann ekki í vafa um að íbúar síðastnefnda landsins séu ólíkir þeim sem búa í hinum fyrstnefndu; þegar Grænland á í hlut ræðir hann um „the degraded condition of its native population, contrasted with the inhabitants of the two others“.⁸²⁹ Grænlandingar eru sögulausir að því er virðist, hafa alltaf lifað sams konar lífi, í einfaldleika á veiðidýrum sínum. Þeir kunna hvorki að lesa né skrifa og eru frumstæðir; hvatir ráða gerðum þeirra en ekki skynsemi og þeir eru af öðrum kynþætti en Evrópumenn. Íslendingar hafa á hinn bóginn sögu, ólíkt Grænlandingum, og komu sér forðum upp einstöku samfélagi; það einkenndist af nægjusemi og einfaldleika en líka menntun og bóklegri iðkan. Í raun fékk þjóðin sérstakt hlutverk. Hún varð verndari norrænnar menningar, varðveitti sögur um uppruna, hetjuskap, skáldskap og menntun. Í verki Nicols fer þó lítið fyrir umræðu um sigursæla víkinga; sú umræða varð meira áberandi eftir miðja 19. öld. – Í þessum lýsingum birtast því ólíkar samfélagslýsingar. Á Íslandi ríkir menntuð arkadíu, nánast eins og Saxo lýsti henni 600 árum fyrr, en á Grænlandi lifir fólkið enn á svipaðan hátt og fólk gerði í árdaga, fyrir tilkomu syndarinnar.

5.3 Yfirlit yfir tímabilið 1750–1850

Miklar breytingar urðu á ímyndum Íslands og Grænlands á lokatímabili þessa verks, árabílinu 1750–1850, sérstaklega fyrrnefnda landsins. Fram yfir miðja 18. öld voru ímyndir landanna tveggja um margt svipaðar en það breyttist á þessu tímabili.

Margs konar ímyndir eru sýnilegar um bæði löndin á þessu skeiði. Lítum fyrst til Íslands. Hugmyndin um hinn göfuga og góða villimann var enn algeng. Samkvæmt henni var staðhæft að Íslendingar væru frumstæðir og hjartahreinir og væru stöðugt haldnir heimþrá færur þeir til annarra landa. Helst líktust þeir öðru fólki á jöðrum Evrópu í sumum háttum sínum, t.d. sömum. Þessi umræða fór líka í þær skorður að Íslendingar væru á öðru stigi en hin nútímalega Evrópa og þar mætti því sjá hvernig lífið var forðum víða í Evrópu; Ísland varð því einnig skjól þeirra sem óttuðust afleiðingar

⁸²⁸ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 191, 212, 216, 221.

⁸²⁹ James Nicol, *An Historical and Descriptive Account*, bls. 5.

nútímavæðingar á 19. öld og töldu að þar í landi væru varðveitt margvísleg gildi sem hin nútímalega Evrópa, sem óðum var að iðnvæðast, hefði glatað.⁸³⁰ – Samhliða þessum viðhorfum þekktist þó einnig að fjalla um Íslendinga sem grófa villimenn þar sem vart nokkuð síðað mannlíf fengi þrífist, svipað og lengi hafði verið algengt að lýsa t.d. Írum. Siðmenningu var þá helst talið að væri að finna hjá Dönnum sem væru búsettir á Íslandi. Þessi viðhorf voru þó mjög á undanhaldi á tímabilinu; þau höfðu náð hámarki í lýsingu Johanns Anderson á Íslendingum undir miðja 18. öld.

Eftir miðja 18. öld varð æ algengara að farið var að kynna Íslendinga sem síðað fólk eða hálf síðað sem ætti margt sameiginlegt með öðrum Evrópumönnum; rit, skrifuð í anda upplýsingar, áttu sinn þátt í að breyta viðhorfum til landsins. Samkvæmt þeim voru land og þjóð oftast en ekki kynnt þannig að þeim svipaði til aðstæðna í nágrannalöndunum. Niels Horrebow lagði grunninn að þessum breyttu viðhorfum og vildi sanna að Íslendingar væru svipaðir nágrannaþjóðunum, þeir væru „eðlilegt“ fólk, en ekki gerólíkir þeim að útliti og menningu.

Á þessu tímabili, á ofanverðri 18. öld og á næstu áratugum þar á eftir, varð umræða um íslenska miðaldasamfélagið miðlæg, um fyrirmyndasamfélag sem hvergi hefði átt sinn líka. Umræða um það var gerð skiljanleg með því að bera það saman við Grikkland hið forna og væri Ísland miðalda eins konar Hellas norðursins.⁸³¹ Það hefði vart átt sinn líka hvað varðar menningarlíf og á Íslandi hefðu bókleg fræði náð einna hæstu stigi í Evrópu á miðöldum. Og enn sinnu landsmenn bóklegum iðkunum af einhverju tagi þegar tími gæfist til þess frá öðrum störfum, enda væri íslenskur almenningur betur menntaður en víðast væru dæmi um. Ástæðurnar fyrir glæsileik miðaldasamfélagsins voru ekki síst sagðar vera frumkvæði og frelsisást fólksins sem svo aftur mætti rekja til göfugs uppruna þeirra landnámsmanna sem komu frá Noregi. Í landinu væri því að finna kjarna germanskrar menningar, það væri jafnvel eins konar vaggja hennar. Þar væri því enn að finna rætur menningar margra landa í Norður- og Mið-Evrópu; rómantísk viðhorf og þjóðernishyggjan, sem lögðu Evrópu undir sig á 19. öld, tóku að sér að upphefja Ísland. Þessar hugmyndir áttu þó eftir að verða enn skýrari síðar á 19. öld og á 20. öld. En sú þróun fellur utan ramma þessa verks.

Samhliða varð algengt að lýsa einstöku líkamlegu atgervi fólks í íslenska miðaldasamfélaginu og hefðu Íslendingar því borið af öðru fólki, bæði líkamlega og andlega. Kynþáttahyggja fór að einkenna lýsingar á Íslandi í vaxandi mæli eftir því sem leið á 19. öld og varð þó enn meira áberandi síðar. Eftir að þessar ímyndir voru orðnar ráðandi voru land og þjóð samtímans oft skoðuð í þessu ljósi, og má vel segja að samtíminn hafi oft orðið nánast ósýnilegur þegar fjallað var um Ísland og Íslendinga í þessu samhengi.

⁸³⁰ Karen Oslund, *Iceland Imagined*, bls. 98.

⁸³¹ Julia Zernach hefur fjallað um hvernig hugmyndin um Ísland sem Hellas norðursins varð til í Þýskalandi á 19. öld, Julia Zernach, *Geschichten aus Thule*, bls. 1 og víðar í verki hennar.

Afstaða til landsins breyttist líka mikið. Svo sem oft hefur verið dregið á voru neikvæðar hugmyndir um Ísland og eðli þess ráðandi fyrir 1750 þó að tvíhyggja varðandi landið hafi einnig verið greinileg allt frá miðöldum. Þetta breyttist á 18. öld. Upplýsingarmenn lögðu áherslu á að landið væri ekki geróflíkt öðrum löndum, eins og lengi hafði verið haldið fram. Og með rómantískum hugmyndum síðla á 18. öld og síðar var farið að upphefja það. Hið stórbrotna landslag Íslands og náttúruvar var talið til marks um guðlegan kraft og sköpun almættisins: Ógnfegurðin birtist hvergi betur en í landi þar sem voru goshverir, fossar, jöklar, eyðimerkur, norðurljós og himinhá fjöll. Það rímaði vel við þessar áherslur að á tímasteiðinu komu einnig fram hugmyndir þess efnis að Ísland væri besti vettvangur til þess að kanna og rannsaka þá náttúrukrafta sem mestu réðu um útlit jarðarinnar. Ísland varð því vettvangur þeirra sem vildu kanna hvernig hún leit út í árdaga, leita hins upprunalega; það átti því bæði við um land og menningu að mati margra á þessum tíma að á Íslandi væri hið upprunalega að finna. Um leið var landinu lýst sem ævintýralandi á mörkum siðmenningar og óbyggða, *the frontier*, sem væri vænlegur vettvangur karlmennsku og þrautseigju; það var svæði á mörkum þess að þar væri unnt að komast af og því heppileg prófraun þeirra sem vildu láta reyna á styrk sinn, fyrst og fremst karla. – Samhliða þessum áherslum mátti þó einnig greina svipuð viðhorf og á eldri tímabilum, viðhorf í anda nytjahyggju, þar sem landinu var einkum lýst sem ófrjósómu, skóglausu og óræktuðu þar sem ekki væri búandi fyrir síðað fólk.

Viðhorf til Grænlands á tímabilinu 1750–1850 breyttust minna en viðhorf til Íslands. Sem fyrr sýndu ímyndir landsins Grænlandinga bæði sem skelfilega villimenn og göfuga villimenn. Sem göfugir villimenn voru Grænlandingar barnslegir, nánast eins og heimilisdyr og aðallega á valdi kennda sinna. Sem siðlausir villimenn voru þeir eins og villidyr og líkir íbúum Afríku, dökkir ásýndum og smávarnir pygmear, daunillir, sóðalegir, þjófóttir, heimskir og siðlausir í kynferðismálum. Einhvers konar blanda af þessu tvennu var einnig algeng, ef til vill algengust.

Einnig mátti þó sjá frásagnir um Grænland þar sem inúítar nutu viðurkenningar og virðingar fyrir snilld sína í að ferðast og veiða. Jafnvel voru til lýsingar á Grænlandingum sem fulltrúum hins frjálsa, kraftmikla og hreinláta norðurs þó að fólkíð væri vissulega einnig talið frumstætt. – Almennt má segja að dystópískar lýsingar hafi smám saman orðið fágætari um Grænland en verið hafði en útópískar lýsingar af arkadískri gerð algengari, að minnsta kosti ef litið er til yfirlitsrita um landið. Báðar þessar hefðir lifðu þó hlið við hlið á tímabilinu.

Útópískar frásagnir af velsæld á Grænlandi sem tengdust veru norrænna manna þar og lýsingum sem Zeno-bræður komu á flot á sínum tíma, hurfu því að mestu á þessu tímabili, þó ekki alveg; þær höfðu verið algengar í eldri frásögnum. Enn var leitað samfélags norrænna manna á þessum slóðum, einhvers staðar í fjarskanum í norðaustur Grænlandi á 19. öld. – Umfjöllun um náttúru og umhverfi á Grænlandi tók svipuðum breytingum og umfjöllun um náttúru Íslands. Samhliða lýsingum á hinni

hörðu náttúru landsins var farið að útlista hana sem mikilfenglega og ógnfagra og því einnig eftirsóknarverða.

6 Niðurstöður

6.1 Heimildir

Í upphafi verksins var greint frá því að meginheimildir yrðu tveir flokkar verka, annars vegar ferðabækur og hins vegar almenn yfirlitsrit, einkum um sögu og landafræði. Myndefni af ýmsu tagi yrði auk þess nýtt eftir föngum. Þegar kannaður er hlutur þessara heimildaflokka í rannsókninni kemur í ljós að framlag þeirra er nokkuð ólíkt, hvað varðar löndin tvö. Þegar Ísland á í hlut gegna ferðabækur ekki miklu hlutverki lengi vel, enda eru slík verk fágæt fram á síðari hluta 18. aldar. Ekki verður þó fram hjá því litið að ferðalýsing Gories Peerse um Ísland frá miðri 16. öld hafði veruleg áhrif. En staðhæfa má að allt fram á 18. öld hafi ímyndamótun um Ísland aðallega farið fram í yfirlitsritum um landið. Þetta breytist ofarlega á 18. öld og á 19. öld. Þá verða ferðasögur mun mikilvægari fyrir ímyndamótun Íslands en verið hafði og höfundar yfirlitsrita leita mikið til þeirra. Hér eru því umskipti og á ofanverðu tímabilinu verða ferðabækur mikilvægustu heimildir um landið.

Fátt var ritað um Grænland fram á 16. öld; um miðja þá öld olli rit Zeno-bræðra, sem var ferðaskróksaga, þó straumhvörfum. Rit landkönnuða kringum 1600 höfðu umtalsverð áhrif og einnig verk trúboðanna Hans Egede og Davids Crantz á 18. öld. Þá voru landkönnuðir og sæfarar iðnir við að skrifa um landið undir lok 18. aldar og á 19. öld. Höfundar yfirlitsrita leituðu til þessara verka og mótuðu ímyndir landsins eftir þeim þó að vissulega kæmu eldri yfirlitsrit og fornar hugmyndir þar einnig við sögu. Ferðalýsingar í víðum skilningi höfðu því meira að segja um mótun ímynda Grænlands en Íslands þegar litið er á tímabilið sem heild.

Spyrja má hvort þær breytilegu áherslur sem hér hafa verið nefndar hafi skipt einhverju máli? Svarið er bæði jákvætt og neikvætt. Höfundar beggja heimildaflokka rita oft eða oftast samkvæmt ákveðnum hefðum og ráðandi þekkingu sem hafa áhrif á umfjöllun, efnisval og mat. Sameiginlegur eða svipaður hugmyndagrunnur leiðir því til þess að orðræðan er oft svipuð, hvort sem um er að ræða ferðabók eða yfirlitsrit. Þetta er önnur meginniðurstaðan sem dregin er af samanburði á heimildaflokkunum tveimur. – Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að framlag ferðabókanna getur verið annað og meira en framlag yfirlitsritanna. Þau geta breytt ráðandi ímyndum og í þeim koma, eðli málsins samkvæmt, fremur fram nýjungar. Það á t.d. við um bækur Gories Peerse og Unos von Troil um Ísland, einnig rit landkönnuðanna sem fjölluðu um Grænland í kringum 1600 og verk Hans Egede á 18. öld, svo dæmi séu tekin. Öll þessi rit höfðu mikil áhrif og áttu þátt í að breyta ráðandi ímyndum um löndin tvö.

Í stuttu máli er hlutverk yfirlitsritanna því einkum að miðla hugmyndum sem þegar eru þekktar. Það er líka hlutverk ferðalýsinganna en þær bjóða einnig upp á tækifæri til

Þess að miðla nýjum sjónarhornum. Þetta er vegna þess að ferðalýsingarnar eru yfirleitt fjölbreyttari verk en yfirlitsritin, nýtt efni kemur til sögu, efnisleg umfjöllun er oftast meiri, dæmi eru fjölbreyttari. Skemmtanagildi skiptir máli í þessu samhengi og vitaskuld persóna höfundarins og upplifanir hans. Höfundar ferðalýsinga hafa auk þess iðulega önnur markmið en höfundar yfirlitsritanna. Sala gat t.d. skipt þá verulegu máli eða þá einfaldlega að vekja athygli. Niðurstaðan er því sú að mikilvægt hafi verið að greina á milli þessara heimildaflokka og kanna framlag hvors þeirra um sig til ímyndasögu Íslands og Grænlands.

Myndefni sem birtist um Ísland á þessu tímasteiði er að stórum hluta myndskreytingar í bókum og á landakortum, hinar fyrstu frá miðri 16. öld. Myndefni þess tíma er sá brunnur sem margir útgefendur leita lengi til þó að útfærslur séu með ýmsum hætti. Eiginlega er bara til ein mynd allt fram um 1770 sem lýsir persónulegri reynslu frá Íslandi, úr bók Zorgragers, frá því snemma á 18. öld. Myndefnið er heldur ekki mikið að vöxtum, aðeins nokkrir tugir mynda. Á síðari hluta 18. aldar breytist þetta og þá fer að koma fram mun meira og fjölbreyttara myndefni í kjölfar fyrstu rannsóknarleiðangra til landsins, og enn frekar er leið á 19. öld. – Svipað má segja um Grænland, myndir tengdar landinu og íbúum þess eru ekki margar, mest myndskreytingar. Nokkuð er til í almennum yfirlitsritum og svo eru myndir sem tengjast könnunarleiðöngurum til Grænlands, og síðar trúboði og dvöl erlendra veiðimanna í og við landið.

Boðskapur myndanna er yfirleitt nátengdur algengum staðalmyndum um löndin tvö og þar kemur ekki fram önnur sýn en í rituðum heimildum. Gildi þeirra er þó verulegt vegna þess að í þeim birtast iðulega samanþjappaðar hugmyndir um það land sem er til umræðu. Því eru þær gagnlegar heimildir. Þegar líður á tímabilið fá myndir smám saman meiri útbreiðslu, í bókum, tímaritum og blöðum fyrir almenning á 19. öld. Áhrif þeirra á sýn fólks á þessi lönd og það fólk sem þar býr eru því mjög vaxandi undir lok tímabilsins.

6.2 Ímyndir og annarleiki

Í þessu verki er fjallað um ytri ímyndir Íslands og Grænlands, frá því um 1100 og fram um 1850. Svo sem fyrr hefur verið nefnt fjalla ímyndafræðin ekki síst um það hvernig ímyndir landa og þjóða verða til, hverjir eru helstu áhrifavaldar við þróun þeirra, hvernig framanleikinn hefur birst og hvaða áhrif þættir eins og vald, miðja og jaðar, eyjar, útópíur og norðrið hafa haft á þróun og birtingarform ímyndanna, með öðrum orðum hvernig orðræðan hefur mótast.

Nefnum fyrst að þau svæði sem hér eru til umfjöllunar hafa oft verið kynnt sem annarleg, furðueyjar. Á Íslandi átti að vera unnt að brenna ísinn, tíðrætt varð um eldgos, jökla, undarlegar uppsprettur eða brunna, sæskrímsli, einkennileg samfélög og fólk. Þar voru villimannlegir hættir, galdur, draugar, siðleysi; jafnvel voru þar risar eða dvergar, skil á milli manna og dýra og milli kynja voru óglögg. En þar var líka eftirbreytnivert líf, frumstætt og einfalt, konur voru íðilfagar og fólk varð mörg

hundrað ára. Sumir gátu um menntað fólk og svo bókelskt að það hugsaði ekki um annað en fræði, voru bestu fræðimenn Evrópu. Þegar fram í sótti voru það einkum eldsumbrot og hverir sem urðu fulltrúar hins annarlega og eksótíska auk þess mannlífið sem væri ólíkt því sem annars staðar þekktist; á 19. öld varð Ísland fulltrúi mikilfenglegrar náttúru sem ferðalangar álfunnar sóttu í: Eldfjöllin, hverirnir, öræfi og auðnir drógu til sín fyrstu túristana á 19. öld, ævintýramenn sem voru orðnir þreyttir á örtröð ferðamanna í Ölpunum.

Svipað mátti segja um Grænland að mörgu leyti. Þar var nefnd óskapleg náttúra þar sem ekkert manlegt fékk þrífist, ólýsanlegur kuldi og helgreipar íssins en líka svo gjöful náttúra að berin voru á stærð við epli, þar var gull, silfur og marmari; þar voru einnig risar og pygmear, sæskrímsli og sírenur, undraborgin Alba, sumir jafnvel kristnir og siðmenntaðir; aðallega samt villimannlegt fólk, siðlaust og dýrlegt en líka svo göfugt, hjartahlýtt og nægjusamt að undrum sætti. Ísland og Grænland voru sannarlega annarleg svæði, heterótópíur.

Undur eru mikilvægt einkenni framandleikans og voru iðulega forsenda þess að umfjallanir um fjarlæg svæði væru teknar trúanlegar; undur voru hluti algengrar orðræðu um framandi svæði til forna og á miðöldum og sú hefð var einnig vel þekkt eftir að komið var fram á nýöld; við getum kallað þá orðræðu eksótíska. Hún tengdist líka orðræðunni um eyjuna; eitt einkenni hennar var að eyjan var oftast talin afar ólík meginlandi og vettvangur fyrir einkennileg fyrirbæri. Mikilvægt er að komi fram að þessi orðræða er fjarri því að vera bundin eingöngu við Ísland og Grænland; hún er sem fyrr segir hluti orðræðunnar um framandleika jaðarsvæða og fjarlæggra heimshluta – oft nýlendna. Þessi orðræða er andstæða sjálfsmýndar hins „eðlilega“ sem voru hin siðmenntuðu samfélög í Vestur-Evrópu.

6.3 Frumstæð dystópía í norðri

Íslendingar síðustu áratuga eru vanir því að umræða um land og þjóð sé oftast jákvæð, jafnvel afar jákvæð, landið fagurt og fólkið framúrskarandi. En því fór fjarri að lýsingar á Íslandi og Grænlandi væru aðallega jákvæðar á því tímasteiði sem til umfjöllunar er, þvert á móti. Algengt, jafnvel algengast, var að ræða um þessi svæði sem lönd grófra villimanna þar sem vart væri búandi.

Íslendingum og Grænlandingum var iðulega lýst þannig að þeir væru afar ólíkir „venjulegu“ fólki, og gætu t.d. verið afar smávaxnir eða á hinn bóginn risastórir. Jafnvel að þeir virtust vera blanda af dýrum og mönnum. Þetta fólk leit einnig út eins og dýr vegna þess hvernig það klæddist, iðulega í loðfeldi að því er talið var. Þá var litaraft fólks einnig tekið til marks um mun, t.d. að það væri svartleitt, gulleitt eða mjög hvítt, eins og snjórinn. Á fyrri hluta tímabilsins gat þetta fólk birst sem skrímsli, og raunar einnig á síðari hluta þess sökum útlits þess. Lýsingar í þessa veru eiga bæði við um frásagnir frá Íslandi og Grænlandi á öllu tímabilinu en dregur þó úr þeim er líður á.

Einföldustu þættir daglegs lífs komu oft við sögu þegar fjallað var um villimannlega hætti fólks á þessum framandi eyjum, svo sem matur og húsakynni. Algengt var að fjalla um mat og mataræði þannig að það líktist áti dýra. Fólkið æti matinn oft hráan eins og dýrin gerðu, helst kjöt af villidýrum, björnum, refum og úlfum; það væri jafnvel hræætur. Svipað mátti segja um drykki. Sumar sagnir, frá því snemma á tímabilinu, gerðu ráð fyrir að fólk á þessum slóðum drykki jafnvel sjó og þætti slíkt ekki tiltökumál. Önnur ták um villimennsku sem komu síðar fram og tengdust drykkjum var taumlaus áfengisdrykkja. Slíka orðræðu varðandi Ísland mátti rekja frá 16. öld til loka þess tímabils sem hér er til umræðu. Þessar hugmyndir voru í góðu samræmi við viðhorf tímans um hið drykkfellða og taumlausa norður.

Dystópískar lýsingar vörðuðu einnig menningu þessa fólks að öðru leyti, eða öllu heldur menningarleysi: Ef það söng urraði það, ef það talaði hljómaði það einnig eins og hljóð dýra, ef það dansaði hreyfði það sig eins og dýr. Þá væru húsakynni fólksins eins og bæli dýra, í hellum eða jarðhýsum, eða þá hreysi úr beinum; sem sjá má er hér skammt á milli háttá dýra og manna. Enn má nefna að samkvæmt sumum lýsingum var munur á útliti karla og kvenna lítill vegna þess að fólk klæddist svipuðum klæðnaði. Út úr þessum umfjöllunum mátti því lesa að lítill greinarmunur væri á kynjunum sem var vitaskuld andstætt öllu því sem taldist eðlilegt og kristilegt. Fólk á þessum slóðum var því blendið á fleiri en einn veg, hvorki né eða bæði og. Lýsingar af þessu tagi mátti sjá frá stórum hluta tímabilsins, einnig frá síðasta hluta þess í ritum höfunda eins og Johns Barrow, Johns Ross og Idu Pfeiffer.

Samfara þessum umfjöllunum varð mörgum höfundum á 17. og 18. öld tíðrætt um óskírlífi og vændi fólks á framandi slóðum, það væri lauslált, konurnar legðust með hverjum sem væri og fjölkvæni væri algengt. Einnig gerði það sig oft sekt um lygar og undirferli, svik og pretti, kulda og miskunnarleysi. Enn má geta um virðingarleysi við guðstrú en samkvæmt þessum viðhorfum trúði fólk á eyjunum lengst í norðri ekki á guð heldur á skurðgoð eða anda. Þá var vinsælt að ræða um galdra fólks á þessum slóðum og tengsl þess við framliðna, bæði á þann hátt að á meðal þess færur draugar um ljósum logum og ættu í samskiptum við fólk en einnig á þann máta að fólk gerði samkomulag við myrkraöflin og gæti þannig fengið djöfla eða púka í þjónustu sína; þessi viðhorf höfðu þó látið undan síga á ofanverðu tímabilinu. Fólk á þessum slóðum var því bæði *grotesque* í útliti og háttum.

Enn má nefna að Íslendingum og Grænlandingum var iðulega lýst svo að þeir væru illa gefnir og tornæmir. Þetta fólk væri að auki afar seinclált og jafnvel ófært um að læra og framkvæma einföldustu hluti. Þessi málefni voru oft tínd til í ritum á 18. og 19. öld þegar þessi fjarlægú svæði voru borin saman við hina nútímalegu Evrópu. Loks var iðulega fjallað um þetta fólk á þann hátt að það væri sögulaust, hefði alltaf verið eins, auk þess sem lítill munur væri á „frumstæðu“ fólki, hvar sem væri í heiminum. Það hefði í stórum dráttum svipaða siði, án tillits til þess hvar það byggði, í Ameríku, Afríku eða jafnvel á útjöðrum Evrópu í norðri, siði sem lítt eða ekki hefðu breyst frá í árdaga. Þessi

viðhorf áttu þó fremur við Grænlinga en Íslendinga þó að þau megi einnig merkja hvað varðar síðarnefndu þjóðina. – Svo sem sjá má voru það aðallega ákveðnir þættir sem voru teknir til viðmiðunar þegar framandi fólki var lýst, hvort sem um var að ræða jákvæða eða neikvæða umfjöllun. Algengast var að ræða um útlit, klæðnað, mataræði, húsakynni, siðleysi í kynferðismálum eða gott siðferði, galdur, illsku og sviksemi eða ljúflyndi og hreinlyndi, heimsku eða gáfur, ljótleika eða fegurð, svo nokkur dæmi og hugtakapör séu nefnd.

Þessari orðræðu, sem segja má að hafi verið algengust um Ísland og Grænland og íbúa þessara landa fram um miðja 18. öld, svipar mjög til ríkjandi orðræðu í evrópskum menningarheimi til annarra framandi svæða, bæða svæða á „jörðrum“ álfunnar, t.d. Írlands og landa sama í norðri, og orðræðunnar um aðra heimshluta. Hún er þekkt frá fornu fari en varð síðar einn þáttur í orðræðu nýlenduhyggunnar. Kynþáttahyggi var hluti hennar og áhrif hennar mjög vaxandi eftir því sem leið á umfjöllunartímabilið, einkanlega um Grænland, en tók einnig til Íslands, enda var algengt að staðhæfa að íbúar Íslands og Grænlands væru mjög líkir.

Athyglisvert er að kanna í þessu samhengi hvaða samlíkingar voru algengastar þegar Íslendingar og Grænlingar voru til umræðu; samlíking er vænleg og algeng leið til þess að gera fyrirbæri skiljanleg, þýða þau ef svo má segja. Nefnum hér fyrst að ekki var ótítt að líkja Íslendingum við Grænlinga; iðulega var þeim einnig líkt við aðrar þjóðir lengst í norðri, einkum sama, oft í neikvæðu skyni. Oft var Íslendingum líkt við Íra. Slík samlíking var oftast neikvæð. Vel þekkt var einnig að líkja Íslendingum við Afríkubúa. Svipaða sögu er að segja um Grænland og íbúa af stofni inúíta. Þeim var einnig oft líkt við fólk í Afríku, t.d. hottentotta, eða frumbyggja Ameríku, og sömuleiðis við aðra íbúa á nyrstu svæðum jarðar, t.d. sama og samoyeda. Eftir að komið var fram á 16. og 17. öld var orðræðan um eyjarnar tvær því gjarnan svipuð og um fjarlæga heimshluta og nýlendir stórvelda Evrópu. Sérstaklega átti þetta við um Grænland en í mörgum tilvikum einnig um Ísland þó að orðræðan um síðarnefnda landið hafi verið flóknari.

Orðræðan um löndin tvö hefur þó sín sérkenni. Þau einkenni tengjast norðrinu. Ráðandi afstaða til norðursins lengst af því tímabili sem hér kemur til sögu var sú að norðrið væri neikvætt, illt og hættulegt, svo sem greint hefur verið frá í þessu verki. Sökum kulda, íss, myrkurs sem stæði svo mánuðum skipti og gróðurleysis fengi vart nokkurt líf þrifist á þessum slóðum. Þar ríkti skortur og eynd og lífið var eins fráhrindandi og unnt var að hugsa sér, samanborið við suðlægari lönd. Þar gæti ekki þrifist siðað líf og aðstæður og umhverfi á þeim slóðum væru þannig að lífshættir fólks yrðu svipaðir og hjá dýrum. Í bæði ísi og eldi fólust tengsl við myrkaöflin, þar voru syndugar sálir pínar og á Íslandi var talið að mætti finna op til vítis. Þessar hugmyndir voru sannarlega í samræmi við viðhorf um hið illa norður. Þrátt fyrir að afstaða til norðursins og landanna yst í norðri hafi breyst mikið, einkum á ofanverðri 18. öld og á 19. öld, mátti áfram sjá afar neikvæð viðhorf til þessara landa allt til loka

tímabilsins; þessi viðhorf voru hluti bórealismans sem einkenndi umræðuna um þessi svæði. – Ráðandi hugmyndir um norðrið höfðu því mikil áhrif á hvernig Íslandi og Grænlandi og íbúum þeirra var lýst.

6.4 Frumstæð útópía í norðri – sælueyja

Einn meginþátta í ímyndasköpun á eyjunum tveimur í norðri getum við kallað frumstæða útópíu. Svo lítið sé til Íslands þá voru lýsingar Adams frá Brimum og að hluta til Saxos á Íslandi og Íslendingum frá 12. og 13. öld í þessum anda. Þar var lofað fábrotið líf óspillts fólks á fjarlægum slóðum sem deildi jafnvel húsakosti með skepnum sínum. Allir áttu allt saman, hjálpuðust að og þetta fólk hegðaði sér jafnvel betur en hinir kristnu, siðmenntuðu, áður en það varð kristið. Einfaldleikinn var vitnisburður um líf sem hinir ríku og siðmenntuðu á suðlægari slóðum gátu lært af.

Þessi þráður, hugmyndin um frumstæða útópíu, var spunninn áfram á næstu öldum og hvað Ísland varðar er hann greinanlegur allt til loka þess tímabils sem hér er til umfjöllunar. Á 17. og 18. öld og tengdist hann hugmyndum um hinn göfuga villimann sem voru nátengdar orðræðu nýlenduhyggunnar. Lögð var áhersla á gestrisni þessa fólks, heiðarleika, hjartahlýju, hreinlífi, sannleiksást og trúmennsku. Einfaldleiki lífsins væri hvergi meiri. Það sæist á híbýlum fólks sem væru iðulega bara hellar eða jarðholur, matnum sem vart gæti verið fábrotnari og drykknum sem væri aðeins vatn. Bent var á að einfalt líf leiddi til þess að fólk yrði afar heilsuhraust og einnig ótrúlega gamalt, jafnvel mörg hundruð ára. Þá var einnig rætt um fegurð íslenskra kvenna í þessu samhengi en hana mátti greina í ritum um Ísland allt frá upphafi 17. aldar.

Hér má sjá nokkurn mun að því er varðar Ísland og Grænland. Umfjöllun um Grænland í þessum anda er einkum greinanleg frá fyrri hluta 18. aldar. Þá „blómstrar“ Grænland sem hin góða, frumstæða eyja í norðri; þar má skýrt sjá áhrif trúboða og hugmynda um *the noble savage*: Grænlandingum er lýst sem nægjusömum, góðhjörtuðum, óspilltum og hjartahreinum. Þær hugmyndir eru síðan áhrifamiklar, allt til loka tímabilsins. Í þessu samhengi eru bæði Íslendingar og Grænlandingar kynntir sem andstæða siðleysis og óhófs sem siðmenntað fólk geti lært mikið af.

Viðhorf í þá veru að lofa hið frumstæða og setja það fram sem andstæðu spilltrar siðmenningar voru engin nýlunda á þessum tíma. Þau höfðu verið þekkt frá í öndverðu og voru hluti þeirrar þekkingar sem var byggt á, klassískum fræðum og miðaldabókmenntum. Þessi viðhorf tengdust líka orðræðu um eyjar en samkvæmt henni höfðu þær oft verið kynntar sem staðir þar sem fólk lifði í nægjusemi fjarri heimsins glaumi. Hér má einnig nefna að þess voru dæmi að norðrið væri kynnt sem jákvætt fyrirbæri þó ekki væri sú ímynd norðursins ráðandi; vafalaust er að fornar frásagnir af hinum áhyggjulausu Hyperboreum eða svipaðar lýsingar eru að einhverju leyti fyrirmyndir elstu frásagna af Íslendingum sem frumstæðu fólki. Slíkar frásagnir runnu síðar saman við lýsingar á nýöld um fólk á fjarlægum slóðum og urðu einnig

uppistaða í bórealisma hins ysta norðurs; af framansögðu má ráða að eitt af einkennum ímynda er mikið langlífi.

Af framangreindu má sjá að tvíhyggja er mikilvægt einkenni á lýsingum á Íslandi og Grænlandi en hún er einmitt skýrt kennileiti í ímyndafræðum og umfjöllunum um framandleika. Hér að framan hefur iðulega verið nefnt að ímyndir birtast oft í andstæðum, sem jákvæðar eða neikvæðar umfjallanir; vitaskuld er mikill munur á þessum hliðum en þær eiga líka margt sameiginlegt. Miklar eða mestar líkur eru til þess að framandleikinn sem þær birta sé mjög fjarri sjálfsmyndum þess samfélags sem þær eiga að lýsa. Á þann hátt eru þessar andstæðu hliðar af sama meiddi og gegna því svipuðu hlutverki þó að þær virðist ólíkar.

Orðræða um Ísland og Grænland sem sælueyjar var vel þekkt. Að hluta til tengdist hún íbúunum, eins og nefnt var hér að framan og síðar verður dregið á. En slík stef voru einnig vel þekkt að því er varðar löndin tvö, náttúru og umhverfi.

Allt frá upphafi tímabilsins mátti sjá hugmyndir sem lýstu löndunum tveimur sem sælueyjum, a.m.k. á vissan hátt. Þær komu t.d. skýrt fram í *Konungs skuggsjá* að því er Grænland varðaði á 13. öld og enn skýrar í texta Ívars Bárðarsonar. Einnig komu fram slíkar hugmyndir um Ísland, einkum hjá Adam frá Brimum sem kynnti Ísland sem sælueyju í vestri. Þessi viðhorf fengu þó ekki verulegan byr fyrr en á 16. og 17. öld. Þá voru bæði löndin kynnt sem allsnægtaeyjar þar sem væru miklar smjörkistur, gnægð af fiski, jafnvel kornforðabúr, dýrir málmar, sjaldgæfir steinar, brennisteinn og svo góðir hagar að reka varð búfénað þaðan til þess að hann sprengdi sig ekki úr ofáti. Loftið væri heilnæmt og þar væru uppsprettur eða brunnar sem bættu heilsu fólks, hituðu hífýli og hefðu lækningamátt. – Þessar hugmyndir, um hinar ríku, útópísku eyjar í norðri, breyttust á 18. öld. Eftir það var aðaláhersla á þá auðlegð sem væri að finna í hafinu, enda var mikil eftirspurn eftir fiski og lýsi í Evrópu.

Þegar litið er nánar á þessa umræðu um sælueyjar í norðri verður enn að nefna að hugmyndir um eyjar koma hér til sögu; allsnægtaeyjar – fjársjóðseyjar – eru vel þekkt fyrirbæri og sú hefð var að nokkru leyti yfirfærð á Ísland og Grænland. Jafnvel má einnig tengja hugmyndir um norðrið við þessi efni en frá fornu fari hafði verið litið svo á að í norðri gætu verið mikil auðævi. Væntingar í þessum anda fylgdu sannarlega líka landafundum og nýlendustefnu þar sem gullþorsti og hagnaðarvon var mikilvægur drifkraftur. – En svo var vissulega líka mikill auður í norðri og dýrmætar vörur að fá frá þessum löndum. Það vissu þeir sem höfðu átt þar viðskipti, einhyrningshorn, rostungstennur, valir ágætir, fiskur og sjávarspendýr. Um það voru Evrópumenn vel meðvitaðir frá 17. öld og allt til loka tímabilsins. Hin auðuga velsældareyja var því ein þeirra ímynda sem einkenndu umfjöllun um Ísland og Grænland, þó einkum á 16. og 17. öld. – Á 18. og 19. öld urðu löndin í norðri einnig eftirsóknarverð vegna breyttrar afstöðu til norðursins og rómantískra hugmynda um þessi svæði. Sýnin á náttúru og landslag á þessum slóðum umhverfðist jafnvel; það sem áður var talið illt og jafnvel djöfullegt varð nú eftirsóknarvert. Hugmyndir um hið háleita, ógnfagra norður sem tæki fram öllu því

sem væri tilbúið og tamið höfðu því mikil áhrif á lýsingar á þessum svæðum og hvernig þær þróuðust á 19. öld.

6.5 Siðmenning hins ysta norðurs – Fyrirmyndasamfélög og venjulegt fólk

Margar eða flestar lýsingar á Íslandi og Grænlandi gerðu ráð fyrir að eyjarnar tvær væru jaðarsvæði þar sem lítið rými væri fyrir menntun og menningu. Frá þessu voru þó mikilvægar undantekningar, einkum að því er varðaði Ísland. Slíkar áherslur mátti þegar greina í riti Saxos frá 13. öld og sú lýsing átti eftir að hafa mikil áhrif um aldir. Saxo vissi sem var að á Íslandi var blómleg sagnaritun en það er ekki eina skýringin á staðhæfingum hans. Það hentaði honum einfaldlega vel að draga upp mynd af fólki sem lifði einföldu lífi og sinni fræðum á fjarlægri eyju en sú hugmynd líktist hugmyndinni um klaustursamfélagið. Það voru þau viðhorf sem Saxo vildi kynna og lagði áherslu á, sem andstæðu við spillt borgarlíf: Menntaða útópíu einfaldleikans í norðri.

Þessi umfjöllun varð áhrifamikil á 16. öld með frásögnum Olausar Magnus og fleiri höfunda, enda byggðu þeir á Saxo. Hún eflidist jafnvel á 17. öld vegna rita Arngríms Jónssonar og mikils áhuga meðal sumra erlendra fræðimanna á norrænum fræðum á 17. og á 18. öld. Eftir það jukust vinsældir þessara viðhorfa mjög samfara vaxandi andklassísisma og þjóðernishyggju á 18. og 19. öld. Ísland miðalda varð um tíma fyrirmynd um menntun, andlegan kraft, sköpun, líkamlegt atgervi og fegurð. Landið varð jafnvel eins konar vagma norrænnar og germanskra menningar og lítið var svo á að þar væri rætur þeirra menningarstrauma að finna. Ísland varð að sögueyju. Hún geymdi frásagnir af glæsilegu fólki sem skapaði og naut menningar, framdi hetjudáðir og gerði víðreist um nálæg lönd; samlíkingar við Grikkland hið forna og Hellena urðu býsna algengar. Þessi orðræða varð hluti hinnar þjóðernissinnuðu og kynþáttatengdu orðræðu. Þegar lítið væri til uppruna Íslendinga kæmi í ljós að þeir væru af úrvalsfólki komnir; ekki einungis af hinum kákasíska stofni heldur því besta af úrvalinu, hinum norræna stofni, sem bæri af öðrum kynstofnum, bæði andlega og líkamlega. Samkvæmt þessum skoðunum tilheyrðu Íslendingar yfirburðakynþætti germana. Einn þáttur orðræðunnar var því að staðsetja Íslendinga í miðju siðmenningar, að lýsa landinu sem útópíu yfirburðanna, andlegra og líkamlegra; það sem gerðist hér var að þjóðernisstefnan sem ólgaði í Norður-Evrópu tók Ísland í þjónustu sína og mótaði þessar útópísku hugmyndir. Jafnframt hafði kynþáttahyggja mikil áhrif á það hvernig þessar hugmyndir mótuðust.

Hvað samtímamann á 19. öld varðaði birtust þessar hugmyndir á þann hátt að vissulega væri fólkíð vel að sér og menntað en stæði þó langt að baki því sem var á gullöldinni til forna, eins og upplýstir ferðalangar og rithöfundar þreyttust ekki á að lýsa. Sú tilhneiging var því rík að skoða Ísland samtímans í þessu samhengi með fortíðarsjónauka, líta hann með augum löngu liðinnar gullaldar. Þessar sagnir urðu jafnframt grunnur hugmynda um endurreisn til fornra háttá, að Ísland gæti að nýju

orðið það fyrirmyndasamfélag sem það einu sinni var. En þó að þetta frumstæða en vel menntuða samfélag væri iðulega ausið lofi kom samt yfirleitt skýrt fram að það stæði að baki samfélagi þess sem lýsti. Það var því líkast að ferðalangurinn sem sagði frá væri staddur á safni um forna samfélagshætti.

Hugmyndir þessarar ættar mátti einnig greina um Grænland. Þær birtust þegar í *Konungs skuggsjá* á 13. öld um líf norrænna manna á Grænlandi og gengu í endurnýjun lífdaga með umfjöllunum Zeno-bræðra um Grænland á 16. öld. Síðar áttu þessar sagnir eftir að renna saman og verða grunnur hugmynda um hina menntuða útópíu í borginni Alba í Norðaustur-Grænlandi þar sem talið var að fólk af norrænum uppruna hefði lifað/lifði sældarlífi. Þessar hugmyndir voru vel þekktar fram á 18. öld. Þær tengdust vonum um að finna afkomendur norrænna manna á Grænlandi og hugmyndum um mögulega endurreisn Grænlands til fornar velsældar. Á 19. öld hurfu þær samhliða því að vonir um að finna mætti norræna menn á Grænlandi dvínuðu; rétt er að draga fram að þessi umræða var bundin við norræna menn og mögulega afkomendur þeirra á Grænlandi.

Hér má nefna að á öllu tímaskeiðinu voru einnig þekktar hugmyndir um að fólk á eyjunum í norðri væri „venjulegt“, svipaði til fólks í heimalandi höfunda; slíkar áherslur má t.d. heimfæra upp á umfjöllun *Konungs skuggsjár* um norræna menn í Grænlandi; einnig birtust sömu áherslur í ýmsum ritum um Ísland frá 16. öld og fram á þá 18. Frásagnir og andsvör íslenskra höfunda á 17. og 18. öld áttu einnig þátt í að Ísland var kynnt á þennan hátt. Með framlagi upplýsingarmanna um miðja 18. öld varð samstaða um að Íslendingar væru Evrópumenn og svipaði til þeirra í lífsháttum sínum. Eftir að almennt var orðið viðurkennt að Íslendingar væru af norrænu bergi brotnir á 18. öld var algengt að líkja þeim við aðra Norðurlandabúa, og var það þá til staðfestingar á því að þeir væru að einhverju leyti siðmenntaðir og af svipuðum uppruna og flest Evrópufólk.

Einnig má greina svipaða umfjöllun um inúíta, samhliða öðrum áherslum. Á 17., 18. og 19. öld voru einnig þekktar lýsingar á Grænlandingum af stofni inúíta á þann veg að þeir væru greint, snjallt og dugmikið fólk sem leysti afburða vel úr þeim vanda sem við væri að glíma í heimalandi þeirra. Í þessu samhengi var inúítum á Grænlandi stundum líkt við Evrópumenn en þá tengdist það gjarnan því að verið var að skyggjast eftir því hvort meðal þeirra gætu ef til vill leynst tengsl við hina horfnu norrænu íbúa landsins. Þeir reyndust ótrúlega „lífseigir“ á Grænlandi eða öllu heldur sagnir um þá.

Hér hefur verið dregið fram að vel þekktist að fjalla um eyjarnar í norðri sem siðmenntaðar, Ísland var jafnvel kynnt sem eyja yfirburða. Einnig komu fram þau viðhorf að á þessum slóðum byggji fólk sem svipaði til þess sem höfundar þekktu til í heimalöndum sínum, „venjulegt“ fólk. Einkanlega átti þetta við um Ísland eftir miðja 18. öld.

6.6 Lokaorð

Hefðin um það hvernig bæri að lýsa Íslandi og Grænlandi var full af andstæðum, svo mótsagnakennd að margir textar virtust vera furðulega samsettur grauttur, sambland af dystópiu, útópiu og ef til vill einnig „venjulegum“ aðstæðum. Þau voru frumstæð, siðlaus, bernsk, eksótísk, villt, grimm, blíð og svo má áfram telja. Þannig var stór hluti lýsinga um bæði löndin á þessu tímasteiði. Þegar greitt hefur verið úr þeirri flækju má þó sjá skýra drætti, eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Af þeirri umfjöllun má sjá að vel eru greinanlegir svipaðir þættir í lýsingum á löndunum tveimur á öllu tímabilinu.

En umfjallanir um Ísland og Grænland beindust þó smám saman í ólíkar áttir eftir því sem tímar liðu, einkum á síðari hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar. Mestu skipti þar til aðgreiningar hugmyndin um hið menntaða Ísland, mikilvægi miðaldaarfsins og hugmyndin um Hellas norðursins. Síðar áttu ímyndir landanna tveggja þó eftir að aðgreinast enn frekar þegar leið á 19. og 20. öld og Ísland og Íslendingar urðu miðlægt efni í menningarumræðu í Evrópu; ein helsta skýringin þar er þjóðernishyggja og kynþáttahyggja. Það átti alls ekki við um Grænland. Það var áfram fjarlægt jaðarsvæði svo að þarna skildi á milli. Það er önnur saga sem ef til vill gefst tækifæri til að fjalla um síðar. En þrátt fyrir breytingar var báðum eyjum einnig lýst áfram sem framandi og annarlegum stöðum, sem heterótópíum: Þær voru staðir án þess að vera staðir.

Lýsingar á Íslandi og Grænlandi eru oft birtingarmyndir mikils framandleika, gagnstæð hlið eða bakhlið ráðandi sjálfsmynda í helstu ríkjum í Vestur-Evrópu. Við getum kallað þennan framandleika bórealisma, óríentalisma með einkennum hins ysta norðurs. Þær byggja oft á fornum grunni, fornri þekkingu á jaðarsvæðum; þær byggja líka á yfirburðum miðjunnar yfir jaðrinum, bæði innan Evrópu en líka á tengslum Evrópu við aðra heimshluta, oft nýlendur undir þeirra yfirráðum. Full ástæða er því til þess að ræða ímyndir landanna tveggja í ljósi orðræðu nýlenduhyggjunnar. Sú „þekking“ var sannarlega yfirfærð á Ísland og Grænland; Ísland hefur þó aðra stöðu en Grænland vegna þess að meiri vafi lék á því hvers konar land það væri. Það gat einnig verið siðmenntað, var hvorki né eða bæði og.

Ísland og Grænland gegndu þess vegna því hlutverki, eins og mörg önnur „framandi“ lönd, að vera eins konar speglar fyrir siðmenninguna, hin nútímalegu samfélög, speglar sem gátu sýnt bæði grófa villimennsku og eftirbreytnisvert líf, allt eftir því eftir hverju var verið að sækjast. Samhliða fylgdi iðulega áminning til eigin samfélags eða þá upphafning þess sem lýsti eigin sjálfi og samfélagi. Jafnframt gátu þessar lýsingar verið réttlætning fyrir hvers konar yfirburðum, yfirráðum og valdatöku á viðkomandi svæðum eins og margar umfjallanir um Írland voru gott dæmi um og einnig textar um Grænland og Ísland.

Hér er einnig mikilvægt að geta um orðræðuna um eyjar og norðrið; hugmyndir tengdar þeim hugtökum hafa haft mikil áhrif á ímyndamótun landanna tveggja. Svo sem

fyr er getið hafa hugmyndir um eyjar oft verið jákvæðar, þó að hugmyndir um hina illu eyju væru einnig vel þekktar. Lengst af því tímabili sem hér er til umræðu voru hugmyndir um norðrið á hinn bóginn neikvæðar. Jafnvel má líta á hugmyndir um eyjar og norðrið sem eins konar segul þar sem norðrið var annars vegar en eyjan hins vegar og kraftarnir verkuðu í andstæðar áttir, neikvæðir og jákvæðir. Þetta leiddi m.a. til þess að oft lék vafi á því hvers konar svæði Ísland og Grænland væru. Voru þessi lönd ill eða góð? Svörin voru ekki einhlít. Neikvæð umræða var lengi algengari en þegar tímar liðu, undir lok tímabilsins, voru jákvæðar ímyndir orðnar algengar.

Í inngangi og hér og þar í verkinu hefur verið nefnt að erlendar lýsingar á Íslandi hafi oft vakið viðbrögð hér á landi, t.d. hjá Arngrími Jónssyni og Eggert Ólafssyni. Þær hafa oft verið afgreiddar sem „óhróður“, „bábiljur“ eða „argasti þvættingur“ eins og Þorvaldur Thoroddsen fjallaði m.a. um. Slíkar einkunnir eru skiljanlegar og eru til marks um reiði vegna umfjallana sem landsmenn hafa með réttu talið rangar, fullar af yfirburðahyggju, ósannindum og jafnvel illvilja.

Á hinn bóginn eru þess háttar einkunnir ekki heppilegar í fræðilegri umræðu um efnið vegna þess að þær draga athygli frá raunverulegu eðli þessara hugmynda og inntaki: Að þessar lýsingar eru ímyndir, staðalmyndir sem eru byggðar upp í samræmi við þá orðræðu, þekkingu, sem talið var að ætti við um þetta svæði, hið ysta norður. Orðræðan um það var lengi í öllum meginráttum svipuð og orðræðan um áhrifasvæði helstu ríkja Vestur-Evrópu utan álfunnar. Þess vegna er brýnt að hætta að slíta umfjallanir um Ísland – og líka Grænland – úr samhengi og fara að fjalla um þær sem hluta af miklu stærri heild. Á þann hátt fæst skilningur á því hvers eðlis þær eru. Þetta rit er hugsað sem liður í því verkefni.

7 Summary

7.1 Images and otherness

This work has examined external images of Iceland and Greenland from around 1100 until around 1850. As has been shown, the study of these images concerns not least how such images of the countries and nations originated, the main influences on their development, the nature of their otherness, and what effect factors and concepts such as power, centre and periphery, islands, utopias, and the North have had on their evolution and depiction, or in other words how the discourse on the two islands has been shaped.

It should first be said that the regions under consideration here have often been presented as strange, peculiar islands. In Iceland it was claimed, for instance, that it was possible to burn the ice. Volcanoes, wondrous springs, sea monsters, and unusual people and societies were often spoken of. There were savage customs, witchcraft, ghosts, amorality; there were even giants or dwarves, and the boundaries both between humans and animals and between the sexes were unclear. But there was also an exemplary way of life, primitive and simple; the women were a paragon of beauty and people could live to be many hundreds of years old. Some mentioned educated people who were so learned and cultured that they were among the best scholars in Europe. Later on, volcanic eruptions and hot springs became particularly emblematic of the peculiar and exotic, and in addition, there were ways of life unlike those known elsewhere.

Much of the same could be said of Greenland. There was mention of a terrible natural environment in which no human life could thrive, indescribable cold and hellish ice, but also such bountiful nature that the berries were the size of apples; there was gold, silver, and marble; there were also giants and pygmies, sea monsters and sirens, the wonderful city of Alba, even some Christian and civilized people; still, mostly the people were savage, amoral, and animalistic but also so noble, warm-hearted, and modest that it was astounding. Iceland and Greenland were truly foreign lands, heterotopias.

Wonders are an important characteristic of otherness and were frequently a prerequisite for discussions of distant lands to be considered credible. They were part of the general discourse on exotic lands in antiquity and the Middle Ages, and this convention was also widespread in modern times; we can call this the discourse of exoticism. This is also connected to the discourse on the island, one feature of which was that the island was often thought to be different from the mainland and a setting for peculiar phenomena. It is important to note that this discourse is far from confined to Iceland and Greenland alone; it is part of the discourse of the otherness of peripheral regions and remote parts of the world.

7.2 Primitive dystopia in the north

In recent decades, Icelanders have grown accustomed to discussions of their land and nation usually being positive, even extremely so: the landscape sublime and the people first-rate. But descriptions of Iceland and Greenland were far from predominantly positive during the time period in question. On the contrary, it was common or even routine to discuss these regions as no-man's lands of crude barbarians.

Icelanders and Greenlanders were frequently described as being quite unlike “regular” people; they could, for instance, be dwarfs or, on the other hand, giants. It was even said that they appeared to be a cross between human and animal. Their complexion was also regarded as a point of difference: for example, they were blackish, yellowish, or as white as snow. Thus these people were often portrayed as monsters, and descriptions of this sort appear in the narratives of both Iceland and Greenland.

Fundamental aspects of daily life such as food and shelter often arose in discussions of the barbaric customs of people from these exotic islands. The people ate like animals, consuming mostly the flesh of wild beasts such as bears, foxes, and wolves, and they were scavengers. They even drank seawater; later, unrestrained consumption of alcohol was a popular topic of discussion. When these people sang, they growled, and when they spoke, it sounded like the noises of animals. If they danced, they also moved like animals. Their houses were like dens, in caves or holes in the ground, or hovels made of bones. As can be seen, there is scarcely a difference here between the behaviours of animals and humans. Furthermore, according to some descriptions, the difference in appearance of the men and women was negligible; it can be inferred that there was little distinction between the sexes. People from these regions were thus hybrids in more than one way, neither/nor or both/and. Alongside these discussions, many authors in the 17th and 18th centuries often wrote of the promiscuity and prostitution of people from distant lands. Moreover, their subjects were frequently considered guilty of lies and schemes, treachery and trickery, coldness and cruelty. They were not Christian, practiced witchcraft, and had connections with the dead and the evil forces. People in these parts were grotesque both in appearance and in manner. Descriptions of this sort can be found during most of this period.

Furthermore, Icelanders and Greenlanders were frequently described as badly bred and ignorant. They were also quite dimwitted and unable to learn or to perform even the simplest tasks. This theme was often touched upon in publications until the 19th century when comparing these distant regions with the rest of modern Europe. Finally, these people were frequently discussed in a manner suggesting they were ahistorical, they had always been the same, and furthermore that there was little difference between “primitive” peoples, wherever they were in the world. The discourse that can be said to have been most common concerning Iceland, Greenland, and their inhabitants throughout the mid-18th century thus closely resembles the dominant discourse of the European cultural world regarding both regions on the

“edges” of the continent—for example, Ireland and the northern regions inhabited by the Sami—and in other parts of the world, such as America and Africa. At the same time, it was common to compare Iceland and Greenland with these countries and regions. This discourse extended from ancient times and was later incorporated into the discourse of colonialism. Racism was a part of it, and its influence greatly increased over the course of the period under discussion, especially in regard to Greenland, but also to Iceland as it was typical to maintain that the inhabitants of Iceland and Greenland were very similar.

The discourse on the two countries does have its own attributes, however. Those elements pertain to the North. A popular stance on the North for the majority of the time period in question was that it was negative, evil, and dangerous, and that hardly any civilized life and conditions could thrive there. Scarcity and wretchedness prevailed, and compared with countries to the south, life was as repulsive as it was possible to imagine. These ideas were certainly consistent with views on the Evil North and were part of the borealism that characterized the debate about these regions. Dominant ideas about the North thus had considerable influence on how Iceland, Greenland, and their inhabitants were described.

7.3 Primitive utopia in the north – Island paradise

One of the dominant themes in the otherness of these two northern islands is one we can call primitive utopia. Certain descriptions of Iceland and Icelanders from the 12th and 13th centuries are in this vein. They commended the modest lives of unspoiled people in distant lands who even shared their homes with their livestock. These people conducted themselves even better than Christians, were civilized before becoming Christianized; their simplicity was a testament to a way of life that the rich and civilized to the south could learn from. This motif of the primitive utopia continued to appear in the centuries that followed. In the 17th and 18th centuries the idea was connected to that of the noble savage, which in turn was closely linked to the discourse of colonialism. Emphasis was placed on the hospitality of these people, their honesty, kindheartedness, chastity, faithfulness, and piety. Nowhere could one find a simpler way of life. This was evidenced by the houses that were usually just caves or holes in the ground, the food that could scarcely be more modest, and the drinks that were only water. It was noted that as a result of this simple way of life, the people were quite healthy and also grew incredibly old, even many hundreds of years. Here some differences concerning Iceland and Greenland can be seen. Discussions of Greenland in this vein are particularly evident from the first part of the 18th century and reveal the clear influence of missionaries and ideas of the noble savage: Greenlanders are described as modest, kind, unspoiled, and pure of heart. These ideas are influential through the end of the time period. In this context, both Icelanders and Greenlanders are represented as the opposite of amorality and excess that civilized people could learn a great deal from.

Perspectives of this kind—applauding the most primitive and contrasting it with the corruption of civilization—were not new at the time. These age-old views were part of the knowledge that was based on classical fields of study and medieval literature; ancient accounts of the carefree Hyperborea or similar descriptions are in some way templates for the oldest stories of Icelanders as primitive people. Descriptions of this kind were also connected to the discourse that had often depicted islands as places where people lived in frugality, far from the world of excess.

From the above one can see that dualism is an important feature of descriptions of Iceland and Greenland, as the images often appear as opposites, positive or negative discussions. Naturally, there is considerable difference between them, but they also have much in common. Most likely the otherness each reveals is very far from the self-perception of the societies they describe. In this way they are opposite sides of the same coin and thus play a similar role: to evoke an image that is quite exotic and unlike the society describing it.

Discourse on Iceland and Greenland as islands of paradise was widespread throughout the period, emerging in 13th-century texts on Greenland. This view did not have considerable influence, however, until the 16th or 17th century. Both countries were then presented as isles of plenty dripping in butter, with an abundance of fish, even granaries, precious metals, rare gems, sulphur, and such rich pastures that cattle had to be herded away so as not to burst from overeating. The air was healthy, and there were springs or wells that improved people's health, heated homes, and had medicinal properties. These beliefs about rich, utopian islands in the north changed in the 18th century, at which point the main emphasis was on the wealth to be found in the sea, as there was a high demand for fish and fish oil in Europe.

Looking closer at this discussion of the island paradise in the north, it must still be mentioned that ideas about islands come into play; isles of plenty—treasure islands—are a well-known phenomenon, and this trope was to some extent applied to Iceland and Greenland. The rich, prosperous island was thus one of the images that characterized the discussion of Iceland and Greenland, especially in the 16th and 17th centuries. Ideas about the North could even be connected with this subject, and since ancient times it had been observed that the northern regions might harbour great wealth. Expectations in this vein did in fact follow exploration and colonization, where hunger for gold and hope for profit were powerful driving forces.

7.4 Civilization of the farthest north – Model communities and ordinary folk

Many, if not most, of the descriptions of Iceland and Greenland assumed the two islands to be marginal lands with little room for education or culture. There were, however, important exceptions, especially with regard to Iceland. Such emphasis may be found upon analysis of 13th-century discussions of Iceland which spoke of the

nation's flourishing literary tradition. This discourse became influential in the 16th and 17th centuries due in part to the initiative of Olaus Magnus and other authors. It grew even stronger with publications by Arngrímur Jónsson in the 17th century and studies by Scandinavian scholars in the 17th and 18th centuries; it grew ever more popular with the rise of anti-classicism and nationalism in the 18th and 19th centuries. Over time, medieval Iceland became a model of education, spiritual power, creativity, physical prowess, and beauty. The country even became a sort of cradle of Nordic and Germanic culture, as it was observed that roots of such cultural currents could be found there. As Iceland became an island of history, comparisons with Ancient Greece and the Greeks became common. According to these views, Icelanders belonged to the superior Germanic race. One aspect of the discourse on Iceland was thus to locate Icelanders at the centre of civilization, to describe the country as a model utopia, mentally and physically; this resulted as the nationalism fermenting in northern Europe called Iceland to its service and formulated its utopian ideals. Furthermore, racism had a major impact on how these ideas took shape. There was therefore a strong tendency in this context to regard contemporary Iceland through lenses of the past, to see it with eyes of a bygone golden age. It was as if the traveller giving his account had been visiting a folk museum.

Ideas of this type may also be observed about Greenland. They appeared in the 13th century in the *King's Mirror* (*Konungs skuggsjá*) about the life of Norsemen in Greenland and were brought back to life with the Zeno brothers' discussion of Greenland in the 16th century. Later these stories began to merge and laid the foundation for visions of an educated utopian city called Alba in northeastern Greenland, where it was said that people of Scandinavian origin had lived or were still living in prosperity. This notion of Alba was popular through the 18th century but began to dwindle in the 19th century as hopes of finding people of Scandinavian origin in Greenland were steadily declining; it should be noted that this discussion was confined to Scandinavians with respect to their possible descendants in Greenland.

Here it can be mentioned that throughout the time period, we also find ideas about the residents of the northern islands being "normal," similar to people in the authors' homelands. A discussion in the *King's Mirror* of Scandinavians in Greenland, for example, falls under this category; the same emphasis also appears in various publications on Iceland from the 16th through 18th centuries. Reports and counter responses from Icelandic authors in the 17th and 18th centuries also played a role in Iceland being presented in this manner. With contributions from Enlightenment authors from around the mid-18th century, a consensus was gradually reached that Icelanders were Europeans.

A similar discussion on the "normalcy" of the Inuit may also be observed, alongside other emphases. In the 17th, 18th, and 19th centuries descriptions are found of Greenlanders of Inuit origin portraying them as intelligent, clever, and determined people

adept at solving the problems they faced in their native land. In this context, the Inuit in Greenland were sometimes compared to Europeans, but this was usually linked to conjectures about whether they might harbour an obscure connection with the country's vanished Scandinavian residents. The latter turned out to be incredibly persevering in Greenland—or at least, the stories about them were.

Here we have seen that the islands in the north are also known to have been considered civilized, with Iceland even presented as a model island. A view was also maintained that the people who lived in these places were similar to those the authors knew in their homelands, “regular” people. This was particularly true of Iceland after the mid-18th century.

7.5 Final words

The tradition of how one should describe Iceland and Greenland was full of disparities, so contradictory that many texts appear to be strangely amalgamated, fusions of utopias, dystopias, and perhaps “ordinary” conditions as well. Upon analysis it can be seen that similar themes are discernable in descriptions of the two countries throughout the period.

But these discussions of Iceland and Greenland gradually drifted apart as time passed, especially in the late 18th and early 19th centuries. Most critical to this distinction were ideas of an educated Iceland, the importance of medieval heritage, and the notion of the Hellas of the North. Later, images of the two countries grew even more distinct during the course of the 19th and 20th centuries as Iceland and Icelanders became a central topic in cultural debates in Europe, nationalism and racism being among the main reasons. This did not apply to Greenland, which continued to be distinguished as a marginalized land—a subject worthy of analysis on another occasion. But despite these changes, both islands also continued to be described as strange and exotic places, as heterotopias: they were places without being places.

Descriptions of Iceland and Greenland are often illustrations of great exoticism, an opposite side or backside of the dominant self-perception of the major Western European states. We can call this otherness borealism—orientalism with characteristics of the farthest north. These descriptions are often based on ancient premises, ancient knowledge of peripheral regions; they are also built on the superiority of the centre over the periphery, within Europe but also as regards Europe in relation to other parts of the world, often colonies under its control. There is therefore every reason to discuss images of the two countries in light of colonialist discourse, the “knowledge” of which was indeed transferred to Iceland and Greenland. Iceland had a different status than Greenland, however, because there was more ambivalence about what kind of place it was: it could also be civilized, was neither/nor or both/and.

Iceland and Greenland, like many other “exotic” countries, thus each played a role as a kind of mirror for civilization, a mirror that could reflect either coarse barbarism or an impeccable way of life, depending on what was being looked for. Correspondingly, their descriptions often contained reminders of the authors’ own community, or glorification that served the authors and their society. Furthermore, these descriptions could serve as justifications for any sense of superiority and for dominance and seizure of power of the regions in question; in addition to texts on Greenland and Iceland, many discussions of Ireland were also good examples of this.

It is also important to mention here the discourses on islands and the North, which have had a major impact on the production of images of the two countries. As mentioned above, ideas about islands have often been positive, though notions of the “evil island” were also well known. On the other hand, for most of the period under discussion here, conceptions of the North were negative. Ideas about islands and the North may even be seen as a kind of magnet with the North on one side and the island on the other, their forces pulling in opposite directions, positive and negative. Among other things, this often led to doubts about what sort of places Iceland and Greenland were. Were these countries good or evil? The answers were not unanimous. Negative discussion long predominated but as time passed, by the end of the time period, positive images had become common.

In the introduction and at various places throughout this work, it has been mentioned that foreign descriptions of Iceland have often elicited reactions within the country itself, for example, those of Arngrímur Jónsson in the 17th century and Eggert Ólafsson in the 18th. They have often been dismissed as “slander,” “fabrications,” or “vulgar rubbish,” as Þorvaldur Thoroddsen among others stated at the end of the 19th century. Such assessments are unsurprising and are a sign of anger over discussions that Icelanders have rightly considered inaccurate, full of condescension and falsehoods.

